marie oc sancte²) thorlaks j huamme j norðurárdal sette. ix.
instædu kugilldi.

Jtem sagde hann ad þar hefde fa[lit] optliga hundrad
j porcionem a einu dre. stundum meira enn stundum minna.
þa hafde³) hann bued þar xij ar eða x[iij]⁴).

223.

[um 1492 eða síðar].

SKRÁ um peningaskipti þeirra Björns Guðnasonar í Ögri
og Guðna Jónasonar föður hans.

AM. Fasc. LXIV, 81, skinnrolla með hendi Björns Guðnasonar. Á
sömu rollunni með hendi Björns er ákæra Þorbjörns Flóventssonar til
Björns Arnasonar, sem virðist vera frá c. 1492 (Nr. 224).

Svodan peningaskipte hafv vid fader mian haft sidan
ec giptvntz [og adur⁵] sem hier seiger.

j fystv [fleck ec honum lavgbok með riettarbotum og
kristinriett og hirdaidum. huer adh keypt war og sold firir.
w. c. þar næst fleck hann mic þria avra brotasilfura. þa
þar og næst fleck hann mic litla mynnl(a)vg fam arum
seinna⁶). bitaladi ec hans vegna v̄m sumarit j hafnarfirdi.
xv. vætter skreidar. enn hann fleck mic niv usetter smiors
þa v̄m havsted. þar næst fleck eg honum ravdan hest. war

1) [B2; m^o. d^o. 143. 2) sancti, B2. 3) hefur, B2. 4) eyða fyrir líj
af fúa í 148; þrettán, B2. 5) [ritað inn seinna með dekkra bleki, en
þó sömu hendi. 6) [ritað inn síðar og með blárra bleki, en sömu hendi,
ofar á rolluna og hér gert merki í skrána sjálfa, að hér sigi þetta
heima.

kalladr gralær. og niv stíkr með ravtt þrívngaklæði. þá fleck hann mic. xij. flordvnga smiors j gleraskogum. þar næst fleck ec honum statshnappa w með viravirkis giord og adr havfdu geingit firir w. c. þá hefi (ec) oc feingit honum wavnd er ec keypta j avatflordvm firir. w. c. þá fleck hann nel þriar vætter smiors ec war j wazfirde. þá fleck ec. vj. vætter með fisk og ákling þá jon bardarson for þadan. annan tid fleck ec honum þadan. iij. vætter. þridia tima fleck ec honum þadan niv vætter þá þolleifr war þar. hafdi hann feinged mic adr þar firir iiij pañzara með havttum og worv hattarner miog lasner. enn panzar(ar)ner holotter. þá fleck ec honum ravdan hest. var kalladr helgafell. vm vetrinn ec war j avgri þá fleck hann mic. xij. flordunga smiors jnn a kirkivoli vñ word ec for þangad. so fleck ec honum a medan eg war j vazfirdi tolla af skipvm sinvm hvad hann hafdi eitt attarings skip vppa. ij. ar. enn segxahring og attahring vppa þriv ar.

Reiknatz skreidin avll sv ec hefi honum feingit ij. vætter og. lx. og alla¹⁾ j kavptid vtan atian vætter. so fleck hann mic vm vetrin j avgri gylltta eirskal og hal(f)s annars eyris silfurskeid. j fyrra havst fleck hann og mic ij navt gavmvl og. wi. vætter smiors svdr j sidvmvla eð cetera.

224.

[1492 eða síðar].

ÁKÆRUR Þorbjarnar Flóventssonar til Bjarnar Árnasonar.

AM. Fasc. LXIV, 31, skinnrolla með hendi Björns Guðnasonar í Ögri.

Þetta er akæra þorbiarnar flóvenñssonar til biarnar arnasonar ad hann hafi haft firir honum og andresi brodr hans iij kyr. einn vaxa þrevetran. einn kalf. eina sa með lambi.

1) heldr en: atta.

Jtem j ofridv xxx fiordunga keralld. hvd af gavmlv navte. werk til wodar. iiii. trog. w keravlld. eitt villaeklædi. einn lindvk. ein reip. einn flavskvlas. þessa alla peninga tok greindr biorn æ kvennabreckv j breidafiardardavlvv epter sera magnvs heitenn biornsson mvdrfavdr þeirra og þeim hafdi adr til erfda falled. epter greindañ sera magnva heiten biornsson¹⁾ mvdrfavdur þeirra enn þetta hafde adur til erfda fallit epter greindan sera magnva. hafa þesser fyr greinder brædvv þorbiörn og andres opt allra þessara peninga beitt og kraft og fullar saker æ gefid. adtekt. hallð og medferd og allðri aptur feingit. Enn þa þorbiorn hefr beizt²⁾ þeirra þa hefur hann ecki feingit. nema hotun og heitingar til havgga og aunara skemda sem ravn kom æ einn tima j þyckvaskoge. at hann heimte þa slo biorn þorbiorn med hende sinne og byllte³⁾ til höfvd(s)ins og baksins. for ofan æ hann med kniam og hvvum. war opt greindur þorbiorn. xii. vetra gamall þa þesser peningar woro tekn-er enn nv hefvv hann fióra vm fertavgt⁴⁾.

225.

8. Janúar 1493.

á Helgafelli.

EINAR Þórólfsson gefr klaustrinu á Helgafelli jarðirnar Oddastaði og Ölvískross í Hnaþpad I í prófentu með sér og Katrínu konu sinni Halldórsdóttur.

Eptir skjalabók úr safni Jóns háyfirdómara Pétrssonar í 4to., nú í Landeskjalasafni, bl. 125b—126a, með hendi Jóns lögmanns Sigurðssonar c. 1600. — Ágríp af þessu bréfi með ártali 1493 er í AM. 252. 4to. bls. 45; AM. 430. 4to. bls. 4; AM. Apogr. 1591; Landabókafafni 108. 4to. bls. 38.

profenttu Brieff vñ Olverskross og Oddastade.
Jn Nomine Domini Amen

1) Séra Magnús var prestur á Kvennabrekku 1410—1460, og mun hafa dáið um það leyti eða litlu síðar. 2) bist, frumritið. 3) blite, frbr. (= brólti?); 4) þ. e. c. 1492 eða litlu síðar.

var so ordinn kaupskapur millum Herra Halldorz abota a Helgafelli og Einarz Þoralfssonar og Katrijnar konu hanz Halldorzdottur med rade og samþycke allra conventtubrædra. Broderz Oddz Magnussonar. B(rodur) Eirekz Val(e)rianussonar. Broder Jons Þordarsonar. B(rodur) Biarna Jvarssonar. B(rodur) Arna Jonssonar. B(rodur) Olaffz pieturssonar. B(rodur) Þorleifz Jonssonar. B(rodur) Thumasar Olaffssonar. B(rodur) Helga pieturssonar og B(rodur) Einarz Þorvalldssonar ad greindur (Einar) giefur klaustrinu og abotatum a Helgafelli med sier og konu sinne j profenttu ij Jardir. er so heita Oddastader xxiiij^e og Olverskross xi^e er liggia j hnappadal j kolbeinzstada kirkiusokn. med ollum þeim gognum og giædum sem greindum jordum fylger og fylggt hefur ad fornu og nyiu. og greindur Einar vard fremst eigandi ad og þar med xiiij malnytu kugildi og ij. iii^e j giædfe. ad haustlægie. x^e j ollum þarfligum peningum. Lofade adurgreindur Einar ad suara laga xiftingum a firgreindum jordum. enn durnefndur aboti Halldor halldi til laga. Hier j mot skilia fyrrgreind hion Einar og katrijn sier æfnligan kost af klaustrino og sæmeligtt bordhalld so sem þeir sem best ero halldner næst brædrunum. mældrickiu þa betre menn hafa. skulu þau hafa ij voder sier til klæda a huorinum xij manudum og skiædi sem þeim vel þarnast og sæng j profenttuskala. skulu þau hafa eina kistu og eina sæng og hallda henne færri. skulu þau og mega lata giora sier vpp hws vppa sinn kostnad. skulu þau og hafa eitt sitt barn j profenttu framan til þess þau koma a hana alvarliga. eiga þau og skilid ad hafa mann a klaustrinu edur konu vppa sinn kost. skal klaustrid eignast kistuna. hwsid og sængina epter þeirra dag. skulu fyrrnefnd hion koma a profenttuna þa þau vilia.

for þessi giorningur fram a Helgafelli j Helgafellz sveit þridiudaginn næstañ eptir þrettanda j jolum Anno 1493.

og til sanninda hier vñ et cetera.

226.

17. Janúar 1493.

á Hólum.

VITNISBURÐAR um viðtal Eiríks prests Einarssonar og Ólafs biskups á Hólum um sakir þær, er biskup taldi til hans.

AM. Fasc. XXXII, 5, framritið á skinni. Af 6 innsiglium eru nú 8 meira og minna brákuð fyrir bréðnu. — Apogr. 3351.

Saker Biskups Olafs til sira Eiríkjz Einarssonar¹⁾.

Þath giorum ver gudmundur kollason kirkivprestur. gudulfur magnusson. eiríkur sigmundssen. halldor ormasson. ion ionsson ok gothskalk niculasson prestar holabiskupsdæmis godum monnum viturligt med þessu uorv opno breff at þa lidit nar fra hingatburd vors herra iesu christi. M. cd. xc ok iij. ar pridiadagin næstan eptir octauas epiphanie²⁾ i storstofunne at domkirkiynne a holum vorum ver i hia ok heyrðum a ord ok uidtal virduligs herra olafss med gudz nad biskups a holum af einne alfu ok sira eireckss einarssonar af annare vm þan askilnad sem þeim hafdi ordit i millum vm stadin greniadarstad sem sira eiríkur for j fra vt af landit vtan biskupssins orlof ok vilia. hafandi med sier presten sira jon gislason j sama ohlyðne. las sira eiríkur þar breff erkibiskupssins vm greindan stad at han hefði skipat houum han igen. en biskupin let lesa annat breff erchibiskupsins mote er seinna var skrifat er svo var latanda at þat breff er erchibiskupin hafði gefit sira eiríke vpp a greindan stad greniadarstad kunne hann nu ei tilstaa medan hann kom ei i tífd sem hann þeinkt hafði þo svo framt at biskup olaf hafui sett þangat godan man vppa erchibiskupssins vegna. let ok biskupin lesa þar sira eiríks lofuna(r)breff at hann skýlði alla sina hlyðne hallda vid biskupin. en biskupin suaradi at hann hefði þar ecke af halldit. sagði biskupin honum at hann mætti ecki greniadarstad hafa þui hann hefði eytt hans peningum ok þar med uæri hann oferdugar at hann mætti ecki messa ok giæte ecki cvram haft sem honum ber ok gaf biskupin honum margar adrar saker at hann mætti ecki beneficium hafa. baud bisk-

¹⁾ Utan á bréðnu með hendi frá 17. öld. ²⁾ þ. e. 15. Janúar.

up elaf sira eiriki epter erchibiskupans skipan vader dom-
biskup(s) steffans ok annara danemanna vm oll þeirra Mal.
en sira eirikar sagdizt helldur vilia settazt en leggja til
laga. biskupin samþykkti at sset(t)azt. nema greniadarstad
feingi sira eirikur ecki þuiat biskupin sagdizt ecki giora j
mete erchibiskupasina skipan. var þa ecke sira eirike vm
setteña. band biskupin sira eiriki einhveria kirkiv at hafa
mat af ef hann væri messufær en þa diakusvist þar sem
hann villdi i biskupadæmeno en at þridia kosti at ganga til
hore at domkirkivnae ok hafa þar mat ok fædu ef hann
væri eigi messufær. en optnefndur sira eirikur neitadi
þessu ollu ok þa sagdi sira eirikur at ef ei geingi biskupes-
ins makt til at hann skylldi hafa greniadarstad hver
prestvr honum hielldi i biskupadæmeno en at þessv toludu
reid sira eirikr j burt at okvaddum biskupinum. Ok til
sannenda hief vm settum vær fyrnefnder prestar uor ju-
cigle fyrir þetta bref er giorst var a holvna j hialltadal
lantudagin næstan epter octauas epiphanie a sama are sem
fyr segir.

227.

27. Janúar 1498. á Neðri-Brekku.

Arnors Gudmundsson gefr Andréasi syni sinum jörðina alla
Saurbæ á Randasandi með atridisorðum þeim, er bréfið
greinir.

AM. Apogr. 1855, eptir frumriti. „Eitt innsigle hefr vered fyrir
bréfið er nu burta“ (AM). — Apogr. 1165 (líklega epter transkripti).

Þat giorj ec andres gudmunnsson godum monnum kun-
egt med þessu minu optnu. brefue at ec medkennunst at
ec hefer gefit ogh golldit ogh skipad epter minn dag gud-
munde andreasyns syna minum jordena saurbæ alla a
randasandi med samþycke þorbiargar olafsdottur eigenkvinnu
minnar. Med aullum þeim gangnum ogh gædum sem greindre
jordu fylger ogh fylgt hefer at fornu ogh njiu ogh ec
vard fremast eigandj at. Skal greindur gudmundr eignast

þessa adurnefnda jord j sinn hluta. mosz uid sin sysken. Enn ef eg kann at giora annan sama a vid þa sem hallda gudmundarpeninga. þa skipa ec þrattnefdum gudmunde andressayne af þeim peningum et beszta haufutbol þar¹⁾ ut af er ec æ þa. ogh æ minn hluta kemur eda hans lauglegum²⁾ skilgetnum erbingium til æfuenligrar eignar epter mic. Ogh til sannenda hier vm set ec mitt jnsigle fyrir þetta bref er skrifad var æ nedre brecku j saurbæ j huols kirkiu sokn sunnudægenn næsta fyrir kyndelmessu um neturenn. þa er lidit var fra hingadburdj uors herra ihesu christi ☉. cccc. hundrud nietigier ogh iij ær.

228.

28. Janúar 1493.

á Heggstöðum.

Dóma sex manna útnefndr af Runólfi Höskuldssyni, er þá hafði kongsins sýslu millum Botnsár og Hvitár í Borgarfirði, um ákæru Sigurðar Helgasonar til Guðmundar Þórðarsonar út af jörðunni Máhlið í Lundarreykjadal.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, skr. c. 1608. — AM. 211c. 4to. bls. 94—95 dómabók skr. c. 1700.

Domur vm Máhlið³⁾.

Þat giorum vier Einar Biarnarson. Biorn Hafidason. Jon Hrafnsson. [Stephan Þorarinsson. Jon Hrafnsson⁴⁾ og Ari Magnússon. godum monnum kunnigt med þessu voru opnu breff. þa ed lidit var fra [Gudz Burd⁵⁾ ☉. cccc. lxxx og iij ar. manudæginn næstan eptir palsmessu⁶⁾ a hegstaudum j andakijl dā þingstad aiettum vorvm vier j dom nefndir af ærligvm manni Rynolfi Hauskuldssyni. Er þa hafdi mins herra kongsins sýslu og vmbod æ millum huitar og Botnsar j Borgarfirði. ad skoda og dæma þa ákæru er Sigvrður helgason hafdi þangad [stefnt Guðmundi Þórðarsyni⁷⁾ fyrir

¹⁾ 1165; þat 1355; ²⁾ 1165; laugum 1355; ³⁾ Maawahljíd 211; ⁴⁾ [fellt úr 211; ⁵⁾ [hijngadburd vors herra Jesu Christi 211; ⁶⁾ Peturs messu og Páls 211; ⁷⁾ [til Guðmundar Þórðarsonar 211.

Jördina halfa Múhlijd¹⁾ er liggur j sydra Reykiadal j
 Þadar kirkiu sokn. Medkiendist nefndur Sigurdur fyrir
 oss adur nefndum domsmönnum ad hann hefði sellt birni
 Araasyni fyrrnefnda jord alla múhlijd²⁾ og tekid uid x^o j
 jördunni Hamrendum j Breidafjardardolum. Enn ef honum
 létist ecki³⁾ fyrrnefndur jardar partur þa skyldi fyrrnefnd-
 ur Biorn leysa aptur þennañ sama jardarpart fyrir xiiijc.
 Enn það sem meira var⁴⁾ enn þessi jardarpartur skyldi⁵⁾
 greiddast j lausafie fyrir jordina alla.

Nu sakir þess ad Sigurdur Helgason Bar þar ecki
 fram fyrir oss nema saugusaun sina eina vm þessa akjæru.
 Enn vær vitum ad þok uor seigir suo. Ef jord hefur saul-
 um farid ad huor eigi vid sinn heimildarmann. Og þui
 dæmdum vier þessa akjæru Sigurdar Helgasonar onyta og
 ecki af hafa vid Gudmund Þordarson. Enn Sigurdi aura
 sýna af Birni arnaasyni. og til sanninda hier vm sötium
 vier fyrr nefndir domsmenn vor jnsigli fyrir þetta doms-
 bref. Er skrifad var á Borg j Borgarfirði midvikudæginu
 næstan fyrir vrbani þaf⁶⁾ á sama ari sem fyrr seigir.

229.

30. Janúar 1498.

á Hólum.

HALLR Ásgrímason fær Ólafi biskupi og heilagri Hólakirkju
 til æfinlegrar eignar jördina Stedja í Hörgárdal og lausafé
 ad auk upp í sakir við biskupinn bæði fyrir kirknarán og
 barnahvarf.

AM. Fasc. XXXII, 7, frumritið á skinni með öllum (6) innsiglium.
 — Apegr. 8358.

Um jordena Stedia j Horgardal⁵⁾.

Þath giorum uær andres jonsson radzmann heilagrar
 holadomkirkfu. jon þorvaldzsson. gunnar ionsson. gudmund-
 ur ionsson. gothaka(1)k niculasson ok tumas sueinason prest-

¹⁾ Múvahlíjd 211; ²⁾ sl. 211; ³⁾ þá b. v. 211; ⁴⁾ gjaldast og b. v.
 211; ⁵⁾ Svo = pape; þ. e. 22. Mat; ⁶⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17.
 22.

ar holabiskupsdæmiss godum monnum uiturligt med þessu uoro opno brefi at uær uorum þar j hia saum ok heyrðum aa ord ok handaband uors uirduligs herra ok andaligs faudurs olafs med guds nad biskups a holum af einne alfu en hallz asgrimasonar af annare at suo firir skildu at greindur hallur fleck biskupinum ok heilagri holakirkju til æfuinligrar eignar undan sier ok sinum erfingivm jordina stedia j haugardal er liggur j laugalandz kirkju sokn med ollum þeim gangnum ok giædum er greindre jordu fylger ok fylgt hefer at forno ok nyo ok nefndur hallur uard fremzt eigandi at firir. xx. hundrut ok þar med flogur malnytu kugilldi ok. vi. hundrut j andrum fullgilldis peningum at næstum fardogum firir þær saker er han uard brotligur at hann hefði vt borit ok at verit at gripa peninga vr kirkivnne j kristnese ok fleirum kirkium. svo ok um þat barnet er huarf ok forzt firir honum ok honum bar at abyrgiazt ok skal optnefndur hallur suara laga rifting firir iordina en biskupin hallda til laga. for þesse giorningur fram j storostofvnne a holum a midvikudagin næstan firir purificationem beate marie uirginis. anno domini 00^o cd^o xc^o tercio. Ok til sannenda hier um settum uær fyrnefnder prestar uor jncigle firir þetta bref er giort var j sama stad dag ok are sem fyr seger.

230.

31. Janúar 1493.

í Belgsholti.

VITNISBUÐÐR um fénað þann, er Melakirkja í Melasveit átti undir Oddi heitnum Þorkelssyni.

Bisk. Skalh. Faec. XII, 3, frumrit á skinni. Brot af innsigliu var fyrir bréfinu á dögum Árna Magnússonar, og svo er enn. — AM. Apogr. 2444, accuratissimé“.

vm peninga kirkiunar a melum.

Þat giore ek uigfus snorrason godum monnum kunigt med þessu minu opnu brefi. at eg uissa at oddur heitin þorkelsson sem gud hans sal nade liet saka fra melum.

þæði fé ok naut ok kapla. j þann sama tid sem siera
 þannakaolldur¹⁾ tok uid mela stad. upp til deilidartungu. war
 þæt og²⁾ til uista sidan hia greindum oddi heitnum ok uissa
 sig³⁾ eigi at nefnder peningar hefði apptur gollidizt stadnum
 æ melum og⁴⁾ eigi hefði ek heyrtt getid at þar fyrir hafi
 þæckrir peningar stadnum æ melum apptur gollidizt sidan.
 þeyrða eg odd heitin oppt þui lya fyrir mier at hann sætti
 greindum stad peninga sæt giallda ok þad oppt til guds at
 hann akylldi eigi fyr deya en hann hefði greindum stad æ
 melum apptur gollidit allæ þæ peninga er hann uære hon-
 um skyllidugur so ek heyrða. uil eg hier epter sueria ef
 þurfa þiker. Ok⁵⁾ til sannenda hier um setta eg mitt in-
 sigle fyrir þetta bref skrifad j belgaholti j melaæneit.
 firtudagin næsta fyrer purificationem sancte marie wirginia.
 anno domini. M^o cd^o xc^o. tercio.

231.

4. Febrúar 1493.

á Hólum.

Solveig Hrafnadóttir gefr sig til systralags í klaustrið á
 Stað í Reynisnesi og gefr klaustrinu með sér jörðina Skarð
 í Fnjóskadal með samþykki Margrétar Eyjólfadóttur móður
 sinnar.

AM. Fasc. XXXII, 10, framritið á skinni götugt og grautíú. Af
 6 inniglum eru nú 8 fyrir bréfinu. — Apogr. 2977.

abbadis Solveig gaf skard j hnioskardal
 med sier j klaustur⁴⁾

Þath giorum uier andres jonsson. gudmundr jonsson.
 gothakalk nichulason. gudmundr kollason. eirekr sigmundz-
 son⁵⁾. gadolfur magnusson prestar holabiskupsdæmis godum
 monnum uiturligt med þessu uoro opno brefi ath uier uor-
 um þar j hia saum ok heyrðum æ ord ok handaband uirdu-

¹⁾ Svo. ²⁾ Svo. ³⁾ Svo hér fullum stöfum. ⁴⁾ Utan á bréfinu með
 hendi frá 16. öld. ⁵⁾ krassað og skemt í frbr. Apogr. les: augmundzson,
 og er það rangt.

líga herra olaf(s) med guds næd biskup(s) æ holum af einne halfu enn af annari solueigar hrafnsdottr ath suo firir skildo ath fyrnefnd solueig gaf sig thil systur j. klaustrid æ stad j reynenesi under reglu sancti benedicti. gaf fyrnefnd solueig med sier til klanstrains jordina skard j hnioskadale er liggæ j laufæsa kirkiusokn med ollom þeim gognum ok¹⁾ gædum sem greindri jordo fylger ok fylgt hefer ath forno ok nyio ok jordin hefer fremtz eigandi ath ordit ath ollo jtaulolausa. samþykkti þenna giorning margret eyiolfsdotter moder greindrar solueigar. for þessa giorningr frañ j storostofunni ath holum j hialltadal. Ok til saninda hier um settum uier fyrnefnder prestar uor jncigli firir þetta bref er skrifad var æ stad j reynenesi manudagin næstan efter purificacionem sancte marie uirginis. anno domine. M^o cd lxxxx tercio.

282.

11. Febrúar 1493.

á Hrafnagili.

VITNISBURÐUR um lýsing Magnúsar Magnússonar, að landeignarítala fyrir austan Mánalæk hefði ekki verið seld með Jódíðarstöðum.

MSteph. 27. 4to., bls. 471—472, skr. c. 1780.

Vitnisburður fyrir landeign Jodíðastada.

Það giorum vier Stijgur prestur Ingemundarson. Grijmur Jndridason. Eyolfur Þorkielsson og Einar Eigelsson godum mönnum vitanlegt med þessu voru opnu briefe. at þar vorum vier j hið sdum og hejrdum æ ath Magnus Magnusson handlagde Magnuse Þorkielssyne so felldann vitnisburd ath Hrafn Brandsson hefde alldrej selldt Tumase Sveinbiarnarsyne landeignar jðlu fyrir austann Mánalæk med Jodíðarstöðum j Skriduhverfe.

hier efter sagdest fyrr nefndur Magnus Magnusson fullan bokareid skilde sveria nær sem adur nefndur Magnus Þorkielsson villde.

¹⁾ tvíakrifad í frbr.

Og til sanninda hier um settum vier fyrr nefnder menn vor jansigle fyrer þetta vitnesburdar bref. skrifad a Hrafna-gle j Eyafyrde mánudagenn næstann fyrer festum Valentini martyris þa ed lided var frá hingadburde vors herra Jesu Christi þusund cccc. lxl. og iij dr.

233.

6. Apríl 1493. undir Stadarfelli.

VITNESBURÐAR um landamerki Arnarbælis og Dögurdarnes á Fellaströnd.

Eptir afskrift Magnúsar Einarssonar á Jörva (c. 1730—40) af Dögurdarnes og Dimonarklakka skjölum (há mér), og er þetta ritað eptir transkripti á pappír gerðu í Haga á Barðaströnd 16. Nóv. 1662 af Dorleifi Magnússyni og Jóhanni Jónssyni.

Þad giore (eg) Jon Palsson godum monnum kunugt med þessu minu opnu briefe. at eg adur nefndur Jon palsson medkennunst ad eg hefe selltt Biarna Biarnasyne tju hundrada partt j arnarbæle er liggur i Stadarfells kirkin sokn. er eg tok epter fodur minn og modur. greindu þau mier landamerke Marklæk fyrir ofaþ. enn Raudalæk er fellur vr Alltatiorn j millum Dogurdarnes og arnarbælia. og hefe eg þessu halldid halfaþ þridia taug vetra og leingur. medkennist eg adur nefndur jon ad eg hefe fulla penninga uppborid sem mier vel anæger. þui giore eg þráttnefndur jon palsson adurnefndaþ Biarna öldlungis kvittaþ og akizrulansan fyrir mier og ollum minum lauglegum epterkomendum.

Og til sanninda hier um setta eg mitt jncigle fyrir þetta qvittunarbrief er giortt var undir Stadarfelle laugar-daginn næstaþ fyrir paska þa er lidit var fra hingadburde vors herra Jesu Christi þusund. cccc nifutjger ara og þriu.

234.

10. Apríl 1493.

á Hólum.

STEPHÁN Ögmundsson selr heilagri Hólakirkju fjórðunginn úr jörðunni Skálá í Sléttahlíð fyrir lausafé.

AM. Fasc. XXXII, 9, frumritið & skinni. Af 5 innsiglium eru ná fjögur fyrir bréðnu. — Apogr. 3855.

akaala 1493¹⁾).

Þath giorum ver gudmund: jonsson. gudulfur magnuson. eirikur sigmundsson ok halldor ormsson prestar hola-biskups dæmis. bauduar finzsson ok einar halldorsson leikmenn godum monnum viturligt med þessu uoro opno brefe at þar vorum uer j hia saum ok heyrðum æ ord ok handaband þessara manna sira andres jonssonar er þa var radz-madr holakirkiv af einne alfu ok steffans ögmundssonar af annare med samþýcke ok upplagi margretar magnusdottur eiginkono hans. at nefndur steffan selde heilagri holakirkio fiordungin j skalaa j sleittarhlíð²⁾ er liggur j fellz kirkiv sokn med ollum þeim gognum ok giædum sem greindum jardarparte fylger ok fylgt hefer at forno ok njo ok han vard fremzt eigandi at. vndan seer ok sinum erfingivm firir. xc. voro þat. vij. malnyt v kugilldi ok. iiij. vetra gamallt naut. fritt hundrat ok. xij. fiordungar smiors. skýlldu þesser peningar lukazt at næstum fardogum. for þesse giorningur fram heima a holum med vilia. radi ok samþýcke vors virduligs herra ok andaligs fodurs olafs med guds nad biskups þess sama stadar. Ok til sannenda hier vm settvm vær fyr nefnder prestar ok leikmenn vor jncigle firir þetta kaupbref er giort var a holum j hialltadal fiorda dag j paschum anno domini m^o. cd^o. xc^o. terció.

235.

15. Apríl 1493.

á Helgafelli.

7. September 1509.

á Helgafelli.

EINAR Þórólfsson vottar, að hann hafi verið við og sagt

¹⁾ Utan á bréðnu með fornri hendi. ²⁾ Svo.

Þeir handabandi því, er Ingvaldr Helgadóttir fékk Birni Þorleifssyni syni sínum til eignar jörðina Stærri-Akra í Skagafrði, og að Björn hafi feingið jörðina í sama „vettfangi“ Eyjólfí Gíslasyni mági sínum.

AM. Apogr. 8698 „Ex originali accuratissime. Innsigled er burtu Originalenn af þessu brefi sende eg til Islandz 1728 og gaf hann sonum Eggerts Jonssonar á Ökrum“ (AM.)

Þat gíore ek Gínar Þorleifsson godum monnum kunnigt með þessu mínv opno brefi á helgafelli j helgafellzveit manadagin næsta epter paschavíku þa er lidit var fra hingad-
bvrð vors herra jehsu christi þusund fiðgr hundrvt nívtiger ek þriu sar var ec hía ok heyrda ec á ok fyrir sagdi ord ok handaband þessara mauna. yngvilldar helgadóttur af einne alfu ok biarnar Þorleifssonar sonar hennar af annari at suo firir skildu at greind yngvilldvr meðkendiz at hon hefði feingit adrnefndvm Birne syne sínum jordina alla stærri akra er liggj j skagafrde j mycklabæiar kirkiu sökñ með ollum þeim gögnum ok gædum sem greindri jordu fylger ok fylgt hefir at fornu ok nygiu ok hon vard fremat eigandi at.

j sama stad ok sama vettfangi feck adr greindr Biörn Þorleifsson eyjólfí gíslasyné mági sínum vegna helgu konu sínar þessa adr greinda jord stærri akra j hennar fðdrarf. vorv þau aull j einv handabandi fyrr nefnder menn. yng-
velldr. Biörn ok eyjólfur at þessi þeirra gíqrniugr skyllði standa obrígdeligur vm alldr ok æfi. Medkendizt ok tyrnefnd yngvilldr at adrgreind helga dotter sín hefði hellzt firir skacka vordit af sínum þornum.

Ok til sanynda hie vm setta ec mitt jnnscigli firir þetta vitniassburðarbref skrifad á helgafelli j helgafellzveit langadaginn næsta firir mariu Messo sidare þa er lidit var fra hingadbvrð vors herra jehsu christi M. v. hundrut ok ix ádr.

236.

17. Apríl 1493.

í Viðvík.

Dóms seyrtján klerka útnefndr af Ólafi biskupi á Hólum um ákærur biskups til Þorsteins Þorleifssonar um töku á Húsa-
vikratað og fleirum kirkjunnar eignum.

AM. Fasc. XXXII, 2, frumritið & skinni. Af 18 innseiglum eru nú
11 fyrir bréfinu. — Apogr. 8850.

Akæra herra olafs vppa þorstein þorleifsson¹⁾.

Þath giorum ver andress ionsson radsmadur heilagrar
holakirkiv. olafur jngemundarson. gunnar jonsson. biorn
þorsteinsson. gudmundur jonsson. gudmundur kollason. got-
skalk nicolasson. magnus halldorsson. gudulfur magnusson.
erikur sigmundzsson. halldor ormsson. olafur jonsson. tomas
sueinsson. olafur jonsson. jon ionason. jon þorkelsson. ok
oddur jonsson. prestar holabiskupadæmiss. godum monnum
viturligt med þessv voro breff. at þa er lidet var frá hingat-
burd vors herra iesu christi. M cd xc ok. iij. ar j vidvik j
vidvikarsveit midvikudagin næstan epter pascha viku vor-
um ver j dom nefnder af vorum virduligum herra og anda-
ligum faundur olafue med guds nad biskupi a holum j hiallta-
dal at dæma vm þa akiærv er biskupin kiærde til þorsteins
þorleifsonar ok j stefnonne stodv. dæmdvm ver stefnavna
logliga þui at hun var svarin af prestenum sira nicolase
vilhialmsyni. ok nefndan þorstein retliga fyrir kalladan
hier j dag. j fýstv grein kiærde biskupin til greindz þor-
steins at hann hefdi sett sig jn i kirkivnnar eign. gripit ok
tekit at sler stadin j husavíjk ok hans peninga alla j sitt
valld lavsa ok fasta. kuika ok dauda vtan biskupssins vilia
ok skipan. Nu af þui at kristinrettur seger suo at biskup
skal kirkivm rada ok ollvm eignum þeirra ok ollum kristn-
vm dome. þui at leikmenn mega ecke valld a slikum hlut-
um eiga. vtan biskups skipan. þui at til kalladre guds nad
ok myskunn dæmdum ver fyrnefnder prestar adurnefndan
þorstein fyrir olaugliga attekiv stadarins ok burtflutning
peninganna adur en rett skipte geingi æ kirkivnnar vegna
fallin j ban ok skylldugan at taka lavsn ok skript af bisk-

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

þinum eða hans vmbodsmanni nema hann suere þan sett-
 areid at han hafi avngua stadarins peninga j burtu flut(t) fyrir
 þa kirkian j husavíkj hafdi fyllt en fellzt honum þesse eid-
 ur þa skal hann þo skyllvgur at leg(g)ia aptur til rett(s)
 skiptis allt þat hann burt flutti vnder sin eid ok skyll-
 dug- en at luka heilagri holakirkiv xxx marka j sitt fullrette.
 en vñ þa liostolla er þorsteinn medkendizt at hann hefði j
 burt haft vr kirkivne j husavíkj dæmdum ver adur nefnd-
 an þorstein skylldugan at tvigiallda aftur hvern liostoll
 kirkivne j husavíkj ok luka husavíkar kirkiv. xij. merkur
 ok heilagri holakirkiv. lx. marka ef hann hefer tekít þa vr
 kirkivne. en. xxx. marka ef hann hefver þa ecke vr kirki-
 vne haft ok sanne þat med xijar eide jnnan. xiiij. natta
 at heyrðvm domenvm. fyrir biskupinvm eða hans vmbods-
 manni. ok fallin j bann af sialfu verkeno ok skylldugan at
 taka lavsn ok skript af biskupinvm eða hans vmbodsmanni.
 j annare grein kiazdi biskupin til optnefnðz þorsteins þor-
 leifssonar at hann hefði gripit ok haft holadomkirkiv jard-
 er er suo heita brecka. vikingstader. holtakot er ligia i
 greniadarstadar kirkivsokn sier til nytta ok bata vtan bisk-
 upisins samþýcke ok hans vmbodsmanna logliga bygging
 vppa morg ar. Nv saker þess at tittnefndur þorsteinn med-
 kendizt fyrir oss hier j vidvikarkirkiv j dag at hann hafði
 þessar jarder haft vpp a. xl. ar ok. vij. betvr. þvi dæmdum
 ver honum tylftareid at hann hafi fullt lagafrelsi epter bok-
 arinnar ordum fyrir greindum jordum vppa allan þenna
 tima. fellzt honum eidurinn þa dæmdum ver hann fallin j
 ban af sialfv verkino ok skylldugan at taka lavsn ok skript
 af biskupinum eða hans vmbodsmanni ok lvka þar til hei-
 lagri holakirkiv. lx. marka vppa huert ar er hann kann
 ecki logligt frelse fyrir at syna. skal þesse eidur vnnen
 jnnan manadar at heyrðvm domenvm. skulu þessar pening-
 ar halfer lukazt at næstum fardogum at heyrðvm domen-
 um en allra seinazt at audrum fardugvm¹⁾.

Samþýckte þennan vorn dom vor virduligur herra ok

¹⁾ Svo.

andaligur fader olafur med guds nad biskup a holvm. var þesse vor domur jn skriptiss fram boren ok vpp sagdr j sama stad. dag ok are sem fyr seger. Ok til sannenda hier vm settvm ver fyrnefnder prestar vor jncigle fyrir þetta domsbref er skrifat var a holum j hialltadal degi sidar en fyr seger¹).

237. 19. Apríl 1493. undir Staðarfelli.

VITNISBURÐUR um landamerki milli Dögurðarness og Arnarbælis á Fellaströnd.

Eptir afskript Magnúsar Einarssonar á Jörva (c. 1780—40) af Dögurðarness og Dimonarklakka skjölum (hjá mér), og er þetta ritad eptir transskripti á pappír gerðu í Haga á Barðaströnd 16. Nóv. 1662 af Þorleifi Magnússyni og Jóhanni Jónssyni.

Þad giore eg olafur þalldorsson godum mönnum kunnugt med þessu minu opnu brefe at eg hefi hefrtt enu ellstu menn greina þesse landamerki j millum dogurdarness og arnarbælis. Raudalæk er fellur ur altatiörn til sioar. og fenit er geingur eptir midre myrinne ur alftatiörn upp í damminn. hafa þessi halldiñ verid landamerke j millum adur greindra jarda Dogurdarness og Arnarbælis um mina æfe og er eg nu vel halfimtugur. hefe eg og alldrei beyrd akiærd þraunföll j arnarbælis jordu af þeim er Dogurdarnes hafa att fyrr enn nu. og þennañ sama eid tok eg sera Oddur Sveinsson j umbode sera Þorbiarnar Jónssonar er þa var profastur i millum gilsfiardar og gliufurdr.

Og til sanninda hier um setta eg sera Oddur Sueinsson mitt jncigle fyrir þetta eidzbref er giort var undir Stadarfelle faustudæginn næsta fyrer Jonsmessu þolabiskups. þa er lidit var fra hijngadburde vors herra Jesu Christi þusund cccc njutijger ara og þriu.

¹) D. e. 18. Apr.

N^o 238.

23. Apríl 1493.

[í Skálholti].

Stephan biskup í Skálholti tekr alt heimalandið á Lundi í Lundareykjadal og kirkju sancti Laurentii undir vernd og helmi heilagrar Skálholtskirkju æfinlega og gefr og gerir að bænd (beneficium) um aldr og æfl.

Bisk. Skalh. Fasc. VIII, 19, frumritið á skinni. Sex innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en þau eru nú öll dottin frá. — AM. Apogr. 2599, eftir Skálholtsfrumritinu. — AM. Apogr. 1693 „Ex originali Lundensí Lundareykjadal.“, sem var transskript frá 21. Maí 1498, og eru hér þrjú afskriftir bréfsins, ein með hendi Árna Magnússonar, önnur staðfest í Skálholti 5. Maí 1708 af Árna Magnússyni, og hin þriðja gerð eftir staðfestu afskriftinni Árna og staðfest 2. Okt. 1712 í Skálholti af Dorleif Arasyni, Dorgillsi Sigurðssyni og Páli Hákonarsyni.

actus beneficiandi predium lund¹⁾

Wær stephan med guds nad biskup j skalholtti giorum godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi ad jordin a lunde j lundareykiadal half sem er kaupahlutinn. hefer fallit af reikningskap vnder vora forsia og heilagrar skalholtz kirkiu sem vm langan tíma hefer forsuniadr²⁾ verit af hennar eignarmonnum suo sem doimr tolf presta þar vm dæmdir vt visar. suo og það vpplagabref og samþycktar sem hennar seinste eignarmadur ari magnússon gaf og giordi med handabande anno domini Mædxcij vid oss a jons Mæssu hola biskups vm vorit morgum godum monnum nær veröndum. Hu med þui at oss er skipat þo omakleger se stjorn og geymsla yfir erfd ens krossfesta og vær kennum oss skulldbundna vera med vakrlegri ahvgiu hennar ad geyma af grimd og ognuð hennar ovina þui af fornre hefð og lofsamlegri veniu med radi og samþycki vorra presta og prelata hofvm vier fyr greinda kirkiu sancti laurencij og heimalandit allt med öllu þui sem þar fylger og fylgt hefer ad fornu og nyiu til hinna yztu endimarka vid adrar jarder tekit³⁾ vndir vernd og frelse heilagrar skalholtz kirkiu hier epter æfinlega og gefum hana og giorum

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ²⁾ „forsymadur“ eða „forsynidur“ 1698. ³⁾ vantar bæði í frumritið og transskr., en Árne bestir því inn, og þarf þess.

til beneficium vñ alldr og æfi og stadfestum med priuilegijs þeim öllum og aungum fra skildum sem rettu beneficium til heyrer og romuersker biskupar hafa fremzt med sinum villa vt gefit med þeim skilmala og forordi ad prestr sa er eignazt fyr sagt beneficium luke arlega kirkiune j skalholtti. x. aura frida æfnlega. og þurfamanna tiund af sextigi hundrada. þar j heimalandinu.

Samþycktu þenna vorn giörning med oss sira arne snæbiarnarson officialis heilagrar skalholttz kirkiu j austfirðinga fiordungi. sira narfi jonsson officialis sömuleidis j sunnlendinga fiordungi. sira jon gislason radzmann sama stadar. sira hakon jonsson. kollgrimr kodransson og marger adrer goder menn bædi lærdir og leikir.

Og til sannenda hier vñ settum vier vort jnsigli med vorra prelata og presta jnsiglum firir þetta bref skrifat j skalholtti¹⁾ jnfra octauas ascencionis domini. æ sama are sem fyr segir.

239.

27. Apríl 1493.

á Bessastöðum.

AMBROSIUS hirðstjóri Illiquad kvittar Jón Oddsson um þegn-gildi fyrir Árna Hallkelsson, er Jón hafði ófyrirsynju í helalegið.

AM. Fasc. XXXII, 3, frumritið á skiini, og er innsiglið fyrir bréfinu.

bref jons oddzsonar²⁾.

Þat giorer eg ambrosins illiquad hirdstiore og hofudsmann yfer ollu jslande godum monnum viturligt med þessu minu opnu brefi ad eg hefi kvittan gefid ion oddzson vñ þann þegn er hann vard mer skylldugur firir þat manslag er hann ofyrersyniu³⁾ jhel slo arna heitin hallkelsson firer⁴⁾

¹⁾ Svo stendr bæði í frumritinu og í transkriptinu og hefir dagsetningin aldrei verið hér önnur; hefir hér gleymst að tilfæra *feriam*, hver dagrinn væri. Hvort það hafi átt að vera *feria tertia* (Þriðjud. 21. Maí), læt eg ósagt. ²⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi. ³⁾ Svo fallum stöfum. ⁴⁾ Svo.

og ollum minum epterkomendum kongs vmbodsmönnum
 (1). Oedkenumzt ec adr greindur ambrosius ad ec
 falla peninga og alla upp borid suo mier vel anæger
 adr nefndum jone. Og til saninda her vm sette (ec)
 (1) firer¹) þetta kuittanarbréf skrifad a bessastod-
 laugardaginn næsta firer¹) cross Oessu vñ vorid þa er
 þit nar fra hingadburdd¹) vors herra ihesu christe¹) þusund
 þegar hundruvd niutiger og iij ar.

240.

27. Apríl 1498.

á Hólum.

Magnús prestur Haldórsson kvittar Ólaf biskup á Hólum um
 andvirði jarðarinnar Skútustaða, er hann hafði selt Hóla-
 domskirkju.

AM. Fasc. XXXII, 6, framrit á skinni. Af 7 innsiglium eru nú 2
 fyrir bréfinu. — Apogr. 3862.

vm skútustader [sellder herra Olafe og
 domkirkiune²).

Þath giorum vær jon med guds nad abote æ munk-
 þæra gudmundr kollason. gudmundr jonsson. gudulfur
 magnusson. eirikur sigmundsson. halldor ormsöon. ok jon
 jonsöon prestar. godum mönnum viturligt med þessu noro
 bræfe. ath vær uorum j hia savm ok heyrðum æ ord ok
 handabañd vors andaligs fodurs olafs med guds nad biskups
 æ holum af einne alfu. en magnusar prestz halldorssonar af
 annare. ath greindr sira magnus halldorsson medkendizst
 ath hann hefði fulla ok alla peninga upp borit af biskup
 olafe firir jordina skútustadi er liggr nid myuatn sem hann
 selldi biskupinum ok heilagre holakirkju suo honum uel æ
 nægdi. gaf greindur sira magnus biskupin kuittan med
 handabandi um þa alla peninga sem hann hafði honum lof-
 ath firir greinda jord skútustadi firir sier ok aullum sinum
 erfingium. for þessi giorningur fram oss hia ueröndum j

¹) Svo. ²) Utan á bréfinu [með hendi frá 17. öld; hitt með
 hendi hendi.

domkirkju(nn)e æ holum laugardagen¹⁾ næstan firir festum apostolorum philippi et iacobi. Ok til sanenda hier vm settum nær fyrnefnder prelate ok prestar uor iucigle firir þetta bref er skrifath uar æ sama stad ok deige sem fyr seiger. anno domini M^o cd^o xc^o tercio.

241. 29. Apríl 1493. í Hvammi í Hvammssveit. Dóma útnefndr af Birni Guðinasyni, kongsumboðsmanni milli Skraumu og Gilsfjarðar, um framfærslumál Þóru Tumadóttur, milli Sturlu Þórðarsonar og Arnórs Finnssonar, og dæma þeir Þóru á framfæri Sturlu.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni, skr. c. 1608. — AM. 211c. 4to. bls. 128—180, skr. c. 1700 (nokkuð afbakað).

Domur Þóru²⁾.

Þad gíaurum vier Jngimundur Finnsson. Gudmundur Finnsson. Ormur jllugason. Jon Sueinsson. Bardur pallsøn og Jon Sigmundzson. Godum monnum viturligt. med þessu voru opnu brefi. ad ðí manudæginu næstañ fyrir Tueggia postula messo Filijppi og Jacobe³⁾ vm vorid þa er lidit uar fra hingadburd nors herra Jhesu christi M^o cccc ix tigi og þriu ar. j huami j huamssueit. vorum vier j dom nefndir af ærligum dandismanni Birni bonda Guðinasyni. Er þa hafdi mins herra kongsins systlu og vmbod. a millum Skraumu og Gilsfiardar. ad dæma. skoda og alijta og jnnvirdulega med skynsemd ad Ransaka eptir laugum og vorri samuisku. huort afl eda fullkomna magt ad hafa skyllidi eptir laugum su akiæra og lagastefna med laugfullu lagabodi. sem arnor finnsson hafdi bodit Stulla Þordarsyne. til framfæralu [omaga vanfæran honum skyllidan⁴⁾ Þóru Tumadottur. og band honum ad telia fie sitt og omaga. Enn greindur Stalli villdi eigi. var stefnan suarin og med fleirum gaugnum audrum

¹⁾ Hér eptir þetta orð stendr „ða“ í frbr., sem er ofskrifað. ²⁾ Domur vm þann Omaga Þóru Tumadottur 211. ³⁾ Jacobi 211. ⁴⁾ [á vanfærum omaga honum skyllidum 211.

unftutt. Og þui dæmdvm nær stefnuna langliga og greind-
 alla langliga fyrir kalladañ. J annari grein tiadi
 Stulla fyrir oss ad honum þætti þessi omagi sier eigi med
 langum bodinn vera. sakir þess þar stædi adrir nær til
 framfæralu. sakir nanari frændsemi og flareignar. huorn
 hann helst akuad og anefndi Guttorm Olafsson. er þar uar
 þa j greindum stad og dag og vorri naueru. Jtem dæmd-
 um vier greindañ Guttorm skylldugañ ad telia fle sitt og
 frændsemi j milli sijn og sagdrar Þoru. suo eigi sijdur
 þarlagseyri fyrir sig og omaga sijna. og vinna þar til eyd
 ad eptir langum sem hann giordi. sor og syniadi þar þegar
 huad oss leyst eptir hans Eydi og af Reiknudum skulldum
 hann j aungri vænd vera greindañ omaga ad annast eda
 fram ad færa. þui hann hafdi xujc minna eñ framfærslu-
 tami¹⁾ ber ad hafa. Eptir frændseminni. sannri þeirra ðu
 milli og þui dæmdum vier hann vid skilinn. J annari grein
 dæmdum vier Arnor finnsón skylldugan ad leida tuo lang-
 lig vitni fyrir Birni Gudinasyni sem fyrst hann kann af
 stad ad koma. ad su hin sama ættartala og frændsemi sem
 stod i stefnunni væri saunn þeirra i milli Stulla Þordar-
 sonar og Þoru Tumadottur. huad þar þegar var synt og
 sarrid epter vorum domi. af Guttormi Tumásyni og Jone
 Sveinásyni. ad þau væri þrimenningar fra syskinum ad
 telia taldur Stulli og tittnefnd Þora ad eigi vissu þeir
 annad sannara nie tuimæli ðu hafa heyrt af sier elldri
 monnum. Og fyrir þessar allar adur nefndar greiner atkuædi.
 atuk ordgagn og vmydna Eydana. fienogt Stulla og
 sarna frændsemi þeirra ðu millum hans og greindrar Þoru
 Tumadottur. sem nu er þrotin j husum og hybylum Arnors
 finnsónar. þurfandi nu fullrar framfærslu. Þui dæmdum
 vær med fullu doms atkuædi þennan greindañ omaga Þoru
 Tumadottur til fædis og framflutnings vpp ðu fle og fram-
 færalu Stulla Þordarsonar heim til Stadarfellz. og hann
 skylldugan ad annast hana edur annast lata sem honum
 ber sem langbodinn dæmdan omaga. Hier med dæmdvm

¹⁾ 211; framfæranni, a.

vier med fullri alygt vors doms atkuædis arnor mega med Riettu flýtia og heim færa. greindañ omaga vndir Stadarfell. og alla þa er honum veita lid til edur foruneyti til greindrar heimferdar og Stulla skyldugañ ad lata veita henni fostur og framfærslu til jafnadar vid adra frændur og framfærslumenn nefndrar Poru þa sem suo nær standa honum ad frændsemi edur fiemunum eptir laugligre skipan nema einhuor finnist nanari eptir fyrra skilordi. Enn arnor uidskildan greindañ omaga ad henni heimfluttri. sem adur seigir.

Samþykkti med oss þennañ vorn dom greindur Biorn Gudinson kongs soknari j sagdri sýalu.

Og til meiri audsyningar og sannrar medkenningar hier vm þa setti hann sitt jnnsigli med vorum jnnsiglum fyrir þetta domsbref er giort var j liaskogum i Laxardal a sama ari sem fyrr seigir deigi sýdar¹⁾ enn fyrr greinir.

242.

7. Maí 1493.

í Hruna.

KAUFBRÉF um þrjú hundruð og fjörtíu álnir í jörðunni Hellisholtum í Hrunamannahreppi fyrir lausafé.

AM. Fasc. XXXII, 12, frumrit á skinni „fra Dorbiorgu Sigurdardóttur á Kulu“. Bæði innsigliin eru dottin frá.

D[at] giorum wid jngialldr sigurdzson og magnus biornson godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe at þa er lidit war fra hingatburd wors herra jhesu christi þusund fiogur hundruth. ix [t]ig[er] og iij ær sunudaginn næsta epter krossmessu wñ worit²⁾ j hankholtum j ytra-hrepp j reykiadals kirkiv sokn worum wid j hia saum og heyrdum æ ord og handabañd þessara mana bryniolfs eirekssonar af eine alfu enn nichulass magnussonar af anare. skil(dizt) þat og falzt wnder þeirra handabañdø at greindr nicholas selde adr nefndum bryniolfe. iij. hundrut og xl

¹⁾ D. e. 30. April. ²⁾ þ. e. 5. Maí.

þær betur j iordunne hellisholltum er ligger j hrunamanna-
 repp j hruna¹⁾ kirkiu sokn til æfinligrar eignar og frials
 arædis með ollum þeim gognum og gædum sem greindum
 iardarparte fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og fyr-
 nefndr nicholas hafdi fremzt eigande at wordit með logum
 þarf efter sigride heitna modr sina til yztu wmmerkia wid
 þessar iarder. hier j mote skyllde adr nefndr bryniolfur gefa
 og giallda tittnefndum nicholase. ij. malnytukgilldi. halfs
 manars hundrads hest og þar til. x. aura. lofode fyrr nefndr
 nicholase²⁾ at selia greindum bryniolfi fyrstum suo micit
 enn hann mætte með logum seinna eigande werda j fyrr
 nefndri iordu hellisholltum at auk þessa. suo lofode bryn-
 iolfur somuleidis at selia greindum nicholase fyrstum þena
 sama iardarpart ef hann wille sellt hafa. skyllde optnefndr
 nicholas suara lagaríptingu æ fyrr greindum iardar parte
 ena titt nefndr bryniolfur hallda til laga. enn ef optnefndr
 iardar þa(r)tur gienge af með logum. þa skyllde þrat nefndr
 bryniolfur ganga domlaust aptur at sinum peningum með
 suo wordnum fridleika sem jnn kuomu. Og til sanninda hier
 wu settum wid fyrr nefnder menn ockur jusigle fyrir þetta
 kaupbref skrifat j hruna j hrunamannahrepp æ sama are.
 ij. dogum sidar enn fyrr segir.

243.

13. Maí 1493.

á Munkaþverá.

Jón ábóti á Munkaþverá krefr af Stigi Einarssyni alla þá
 peninga, sem hann hefir burtu haft frá klaustrinu eptir
 Einar heitinn ábóta Íaleifsson, og lýsir Illugastaði í Fnjóska-
 dal æfinlega eign klaustrains.

AM. Fasc. XXXII, 11, frumritið & skinni. Öll (8) ianseglin eru
 settin frá. — Apogr. 3028.

bref wu beialu ok krofu jons abota a munka-
 þvera af stige einarssyne wu klausturs
 peninga ok illugastade 1493³⁾

¹⁾ Á spámtu og vísað inn. ²⁾ Svo. ³⁾ Utan á bréfinu með gamalli
 handi.

Þat giorvm ver stefan ingimvndarson. gudmvrdr jons-
son ok gvdlavgur jonsson godvm monnum viturligt med þessv
voro oppnv breff. ath æ manadaghin næsta fyrir jons messu
holabiskups a vorit¹⁾ eptir paska. þa er lidit var fra burd
krist(s) þushvndrud cccc ix tiger ok þriv ðr. æ illavgastavd-
vm j fnioskaddl. vorum ver j hia ok heyrdvm æ ath herra
jon med gvd(s) nðd aboti a mvkapvera talade suo felld ord
med stig einarsson Ek jon aboti beidi þig stigr einarsson
ok svo krefur ek þik einn tíð annan tíð og þridia tíð ath
þv leger aptur alla þa peninga sem þv hefer j brutu haft
fra mvkapverærklaustri epter einar heiten abota isleifsson
ok þv getur eigi sýnt lavghliga heimilld fyrir j hveriv sem
þat er. breffvm. skilrikivm og serliga þeim sem liggj fyrir
jordvne illavghastavdum ok ollvm avdrum þeim sem klaustr-
inv ok mer til heyra. bokum. klæde ok klædnade. bord-
bvnadr. kavnnur. skak. pottar. grytur. mvnlavg. vazkall.
sængarklædi. kistur ok busgavgn sma ok stor. Ok svo j
annare grein allt þat er þu hefer ath þier tekít. her æ
illavgastavdvm. epter einar abota andaðaþ ok þu gettur
eigi sýnt lavghliga heimilld fyrir sem fyr skrifat stendr.
vnder þinn eid innan halfs manadar mer j havnd odr min-
vm umbodsmanni. vnder fvllt forbod ok bann suo framar-
liga sem ek mæ þat fremst med lavgum giora. Svo ok
lýser ek jon aboti fyrir þeim dandimonnum sem her erv.
jordina illavgastadi j fnioskadal. æfnliga eing²⁾ jvngfru
Marie ok klaustur(s)ens æ mvkapvera. sidan martein heit-
en gamlason gaf hana med ser ok konv sinne ranveigu
heitenne stilladottur j proventu ok framfærslv til æfnlig-
ar eignar fyr greindv klavstri. þui fyrirþydr ek þer stigr
einarsson er sagdur er. ath byggia odr bæla leingur enn
til næstu fardagha greinda jord illavgastadi j fnioskadal.
nema þu vilir suara slikum savkum ok alavgum sem lavg-
en vtt uisa. Ok til sann(in)da her vm settum ver fyr
nefnder menn nor incigle fyrir þetta bref skrifat a mvka-
þvera j eyiafirdi manadaghin j gagndagha vikv a sama
ðre sem fyr seiger.

¹⁾ D. e. 22. April. ²⁾ Svo = eign.

244.

19. Maí 1493.

í Skálholti.

Stephan biskup í Skálholti tekur Þórunni Gísladóttur, konu hans Jónssonar, „sem kallaðr er hjálmr“, í prófentu á staðna í Skálholti gegn þrem tígum hundraða í lausafé.

Bisk. Skalb. XVII, 28 a. frumrit á skinni nokkuð fúð.—AM. Apogr. 171 eftir Skálholtsfrumritinn „accuratissime“. Það, sem fúð var úr sönnu og hér er í hornklofa sett, fylti Árni eftir eldri afskrift með nafni síra Bjarna Hallgrímssonar í Odda. (Sbr. Nr. 251).

Profentubref þórunnar gísladóttur.

Vær stephan með guds náð biskup j skalholti giorum þóðum monnum kunnigt¹⁾ með þessu voru opnu brefi að með náði og samþycke síra arna snæbiarnarsonar officialis heilagrar skalholltz kirkiu j austfirdingafjordungi síra [na]rfa Jónssonar officialis sómuleidiss j sunlendinga fiordungi og kirkiuprest(s) sama stadar síra jons gíslasonar radzmannz j skalholti og margra annara dandimanna bæði lærðra og laikra hófum vær giort þetta kaup og skilmala vid jon Jónsson sem kalladr er hjálmr og þóruni gísladóttur hans oginkonu að greind hion jon og þórunn skylldu fa kirkiunna stadnum j skalholti og oss. xxx. hundrada j prouentu aðr nefndrar þórunar j kugilldum. nautum. saudum. kauplam. vadmalum og odrum þarflegum peningum. þui skal optæfnd þórunn hier j mot hafa æfinlegan kost og prouentu a stadnum j skalholti. skal hun hafa þar með af stadnum tuituga vod til klæda sier og þriar stíkr lereptz æ huerium talf manóðum æ medan hun lifer. hun skal hafa [til] stadarens sæng og kistu og skal stadrinn halda þa sómv sæng epter þui sem hun hefer hana til stadarens enn eignazt huortt tueggia epter hennar dag. skal hun hafa sæng j skala æ kistu j kirkiu. Og til sanenda hier vm settum vær vort jnsigle með vorra fyr greindra prelata [og] presta jnsiglum firir þetta prouentubref Skrifat j skalholti feria secunda jn diebus rogacionum. anno domini Mcdxciiij.

¹⁾ Svo.

245.

20. Maí 1493.

á Þorkelshóli.

17. Maí 1494.

á Hoff í Vatnsdal.

Dómr sex manna útnefndr af Jóni Sigmundssyni, er þá hafði kongsins sýslu á milli Hrauns á Skaga og Hrutafjarðarár, um arf eptir Guðnýju Þorvaldsdóttur.

AM. Fasc. XXXII, 17 frumritið á skinni. Fyrir bréfið hefir aldrei komið nema fyrsta innsiglið, sem nú er dottið frá. Frumritið var á Bessastöðum meðal þeirra bréfa, sem voru „eingum klaustrum viðkomande“. — Apogr. 2168.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia eda heyra senda einar oddzson. Þorbjörn Þormodsson. Þoralldur oddzson. Philipus Philipusson. Bergur Iorundzson og Sigurdr Þorsteinsson qvediu gvds ok sína kunnigt giorandi at þa lidit var fra gvds burd. M. cccc. lxxx. og ij dr manudaginn næsta fyrir huitasunnu a Þorkelshuole j uididal uoru uær j dom nefnder af ærlegvm manni jone sigmundssyni er þa hafdi sýslu ok kongsins umbod millum hrauns a skaga ok hrutafjarðaróur at dæma millum þessara manna þorarens jónssonar ok þoralfs gizurarsonar. kærði þorarin til þoralfs at hann helldi fyrir sier arfi gudnyiar Þorualldottur er þorarin reiknadi til erfda hafa fallit ingibiorgu Þorualldottur konu sinni eftir fyrnefnda gudnyiu systur hennar konu þoralfs. hafdi þorarin oft heimt at þoralfi þenna sama arf og all dri feingit og hann hefði þa stadi einn uetur og xx. enn þoralfur sagdi litla peninga eda auñgua uerit hafa efter gudnyiu konu sína nema þa sem lagzt hefði j kostnad fyrir þau bædi. Nu saker þess at þoralfur var þangat stefndr og stefnan suarin af ij skilvisum vitnvm. þui j fyrstv grein dæmdum uær stefnuna laugliga og þoralf þar rettlega fyrir kalladañ ok skylldugan at telia fram fe og sveria at fullañ bokareid og ij skilniser menn med honum huersu mikit uerit hefði. huern er hann sor þa þegar þar æ þinginu efter uorum dome. Reiknudu uier þat þa fullgilldis ij hundrut uerit hafa er honum bar at afgreida fyrnefndum þorarni. Jtem j annarri grein dæmdum uær adr nefndañ þoralf skylldugan at giallda fyrnefndum þorarni ij hundrut

fullvæn aurum og þar til xij alna abata eptir huort hund-
 et á hverja ari so leingi sem stadiit hafdi. Reiknadizt
 et og annar. cc. og vij alnum betur. og hier til dæmdum
 þar nefndum þorariæ halfa fiordu mork j fullrietti sitt af
 sptæfndum þoralfi. skylldu þesser peningar gialldazt aller
 et seinsta j næstum fardögvm at heimili þorarins honum j
 þad eda hans lögligum umbodsmanni nema hann uildi
 salfur inndella um giora. So og ei sidr usendizt þoralfur
 þai at gudny kona sin hefði gefit sier fiordungsgjöld enn
 hafdi þar eingi uitni til nema saugn sina. þui dæmdum uær
 þat so framt lang uera sem hann leiddi ij lauglig uitni fyr-
 ir michaelsmessu næstkomandi. enn elligar ecki afl hafa
 eiga. Og til sanninnda hier vm settum uær fyr nefnder
 menn uor insigli fyrir þetta domsbref er giort nar a hofi
 j uardal laugardaginn næsta fyrir huitasunnv ari sidar enn
 fyrr seiger.

246.

21. Maí 1493.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti samþykkir, að Brynjólfur Sigurðs-
 son sé ráðsmaður á Reynivöllum í Kjós um næstu tvö eda
 þrjá ár fyrir Ásbjörn prest Sigurðsson, skólameistara í Skál-
 holti, með því skilorði, er bréfið greinir.

Bisk. Skalh. Fasc. XII, 2, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið
 frá. — AM. Apogr. 2448 „accuratissimé“.

licencia super procuratorem domini esberni.
 vm radzmann til reynevalla.

Vær Stephan med guds nad biskup j Scalholhti giorum
 godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefe ad
 uær hofum gefit gott orlof til sira asbirne sigurdzayne vor-
 um skolameistara ad taka bryniolf posteinsson sier til radz-
 mannz fyrer stadnum ok stadarins peningum a reyneuollum
 j kios ad hann ueite þar forstodu fyrer vm tuo ar eda þriu
 eptter þui sem þeim kemtur saman a medan greindur sira
 asbiorn er j vorre vernd ok embætte heilagrar scalholtzts
 kirku. med þui moti ad hann leggi þar jnn sína peninga

obrigdeligrar eignar, með þeim skilmaala þess er gdf at þan skjilde huorcke gefast nie seliazt vndañ nefndu klaustre. þotte oss hun huorke mega seliazt nie giefast vndañ klaustrinn til nauckra arfaaskipta edur æviñligrar eignar. þui dæmdum uier greindir prestar nefndañ einar abota riettliga hafua at sier, tekit, iordina illugastade ok hana friaalsliga ok rietteliga mega hafua ok halda a klaustrains vegna suo leinge ok þar til sem riettr ok langligr holabiskup giorir þar¹⁾ fasta lagaaskipan vpp aa med lærdra manna raade²⁾ ok samþycke i biskupsdæminu. Ok til sanninda hier vñ settum uier fyrr nefnder prestar vorr incigle firir þetta bref skrifat a munkabuera i eyafirde fimtudaginn næstan firir festum translacionis sancti johannis holensis episcopi et confessoria dðre sýdar en fyr seiger.

396.

24. Oktober 1497.

á Þingeyrum.

KVITTUNARBREF Sigurðar Ívarssonar til handa Jóni prestá Þorvaldssyni um lúkning á andvirði tíu hundraða í jörðunni Mánaskál.

AM, Fasc. XXXIII, 10, frumrit á skinni. Bæði innsiglin eru fyrir. Bréðið er með sömu hendi og XXXIII, 4, og mun það vera hönd séra Jóns Þorvaldssonar. — Apogr. 8870.

bref um manaskál.³⁾

Þath giorum vit steingrífmur prestr steinmodzson. oddr jónson godvm monnum uiturligt med þessu ockro opno brefi æ þridiodagin fyrir festum apostolorum simonis et iude æ þingeyrum uorum uier j hia saum ok heyrdum upp æ ord ok handaband sira jons þornalldzsonar af einni halfu enn af annari sigrðar juarsonar at nefndr sigrðr medkendiz ath hann hefði wt tekit ok uppborit af sira jone full(a) ok alla peninga fyrir x hundrod j jordanni manaskál er sira jon

¹⁾ tvískr. ²⁾ raada XXXIII, 9. ³⁾ Utan á bréfinu með forrari hendi.

hafði keyft ath nefndvm sírgdi. meðkændiz oftnefndur sigrdr ath hann hefði lukt sier enn mesta pening ok minzeta efter þar¹⁾ sem j kaup þeirra hafði komit. gaf þrattnefndr sigrdr greindan ion prestz¹⁾ með handabandi ollvngis kuittan ok akærulausan lidvgan ok frialsan fyrir sier ok ollom síjnum erfingium ok efterkomendum um adr greint jardar uerd. Ok til sanni(n)da hier um settvm uith fyrr nefnder (menn) oekr inöcgli fyrir þetta kuittuñarbref er skrifad uar a þungeyrum æ sama deige ok fyrr seiger ærvm efter guds burd þusund cccc ix tiger og víj ær.

397. 18. December 1497. í Lundúnum.

RAIMONDO de Raimondi di Soncino sendiherra hertogans af Milano ritar hertoganum bréf um fyrri ferð John's Cabot's til norðrhluta Vestrheims, og getr um íslenzka fiskiverzlan.

Henry Harrisse: The Discovery of North America: Paris 1892, bla. 9. Ekki kemr annað í bréfi þessu Íslandi við en þetta.

.....
 Quello mare e coperto de pessi li quali se prendenno non solo cum la rete ma cum le ciste, essendoli alligato. uno saxo ad cio che la cista se imposi in laqua . .

.....
 Dicono che portaranno tanti pessi che questo regno non haveva piu bisogno de Islanda, del quale vene una grandissima merantia de pessi che si chiamanno stoch-fissi²⁾

¹⁾ Svo. ²⁾ Þetta haf (þ. e. við Newfoundland) er fult af fiski, sem veiðist ekki einungis í net, heldr og með háf (kórfa), er steinn er bundinn við, svo að háfrinn (karfan) sökkvi í vatnið Deir segja, að þaðan muni flytjast svo mikið af fiski, að þetta ríki (þ: England) þarf ekki lengr Íslands við, en þar er afarmikil verzlun af fiski, sem þeir kalla stökkfisk.

398. 1497.

MÁLDAGI Hvammakirkju í Kjóa.

AM. 267. 4te, skb. samtíða. — AM. Apogr. 2668 með hendi Árna.

Anno domini [10^o. 10⁹¹] xcviij.

Kirkia hins heilaga luce ewangeliste í huammi í kjos
a huamsæy.

iiij. kyr og iiij. asaadar kugilldi og v^o at auk í fridum
peningum.

399. 1497.

REKINGINGUM UM nokkrar fjárheimtur Skálholtstæðar, að mestu
um Rangárvöllu.

AM. Fasc. LXIV, 24, akitnblað með minnisupptalgunum Stepháns
biskups.

jehsu christi anno et cetera xc oc viij.

Ju primis lofadi einar eyiolffson^o) að giallda biskup
steffane j gamla skulld jordina hraun austur j krok aa
landi. ef þorlakur augmvinðzson villdi hafa hana ellegar.
xx^o j fullvirdiss avrvum honum þorlaci j havnd oc þar til
x. malnytvkugilldi j afgangi.

Jtem lofadi magnus magnusson biskupinvm. xvj. hundr-
advm j jordunni breckum oc vj avrvum betur er liggur j
gunnarsholtz kirkiu sokn oc þar til florum hundradz hest-
vm j þær seekter sem biskupinn atti vppa hann. Enn ef
biskupinum eda hans vmbodsmanni litizt icki^o) jordin þa
skyldde hann fa biskupinum. xx^o. j fullvirdiss avrvum fyrir
jordina oc bestana oc þar til tuav navt gaumul j haust oc
ii. kvigilldi að vore. gieck adrnefndr einar eyiolffson j borg-
un vm þessa peninga vid biskupin vegna fyr nefndz magnus
magnussonar brodur sina.

o) [et cetera, skb. o) í Dal undir Eyjaþöllum. o) Svo.

Jtem gallt torfe bondi¹⁾ j sin afgiöld jordena alla mykines er reiknadizt. xij. hundrvdum ok þar til gaf hann kuitta alla þa tola sem gialldazt hefði att. til hans kirkna eda jarda af stadarins jordum j skalholtti til þeirrar stvndar er þa var komid.

Jtem lofadi eirekr bondi j sin afgiöld. viij. hundrvdvm j kvgilldvm oc fullvirdis þarflegvm peningvm.

jtem stendr hia honum hestur fyrir reyneskirkiu j mydal.

jtem stendr til hia sira joni j holvm olukt.

jtem hia gvnari askelasyni oc þorarni olukt.

jtem hia gvnlaugi a huoli olukt.

jtem hia rvnolfi þorsteinssyni. vj. fiordunga smiors oc atti ad skilazt til odda.

jtem thumas jonsson asaudar kugilldi fyrir vtan þiosaa.

brædurin a leirubacka atta ad skila. ij.²⁾ fiordungum smiors til sira oddz a hofi.

jtem gvðbrandur j kialardal a akrane[se] málnytukvgilldi ad vore.

olukt af fitium j skoradal.

stendur sallttari j ase hia hrafni.

400.

1497.

SKRÁ um nokkrar fjárheimtur Skálholtsstaðar um Rang-
árvöllu.

AM. Fasc. LXIV, 24, skinnblað óinnsiglað úr bréfabók Stepháns
hiskupa. Sumt í þessum reikningi er hér um bil hið sama og í næsta
reikningi hér á undan.

jehsu christi anno et cetera xcviij.

Jn primis. lofadi tumas jonsson j gvnarahlotti tueimr
kvm oc asavdar kvgilldi ad vore oc giallda fyrir vtan þiosaa
j hreppvm.

¹⁾ = Torfi Jónsson í Klofa. ²⁾ máð, og er óvist.

Jtem runolfur þórsteinsson sex fiordungum smíora oc skila til odda j havst.

Jtem sigurdur askelsson. iijj. sáði gamla j haust oc vj. fiordunga smíora.

Jtem vt tekinn hestur af sira joni j holvm. stendur til hia honum flogurra vétra gamallt naut j haust.

Jtem vt tekinn hestur af þorarni askelssyni.

Jtem a einar bondi j dal ad giallda þorlaki augmvdzsyni xx^e jord at vore eda xx^e kugillda vird oc þar til tíu hundrét j afgjöld!

Jtem gállt magnus magnusson. xvjc. j jordvnni breckv. j Ganarsholtz kirkinsokn oc vj avra betur oc þar til atti hann ad giallda flora hundradz hesta. Enn ef biskupinum litizt icki jordin oc villdi hana icki hafa þa gieck [einar eylofs]son j borgan ad giallda biskvpinvm. xvjc. j fridvirdvm [gia]llda gamalltt naut j ¹⁾

401.

[1497].

SKRÁ um nokkurn útlendan varnað, er sira Einar Snorrason afhenti Stepháni biskupi Jónssyni.

AM. Fasc. LXIV, 24, skinnblað úr minnisbók Stepháns biskups, og er það, sem hinumegin stendur á blaðinu frá 1497, og mun þetta vera frá sama tíma, nema það sé frá 1502. Prentað áðr (að mesta leyti) í Sunnanfara IV, 1895 bls. 70.

Þessa hlute afhente sira einar snorrason biskvpinvm.

Jn primis eina pipar mork fyrir viij. fiska.

Jtem. iij. hufur tvibýrdar fyrir xvij. fiska.

Jtem. iij. einbýrdar hufur fyrir ix. fiska.

Jtem adrar þriar einbyrdar hufur fyrir. vj. fiska.

Jtem. iij. hattar. fyrir. xvj. fiska.

Jtem þrenn skisere fyrir. vj. fiska.

¹⁾ skorið neðan af blaðinu á ská.

Jtem fim þar svarta sko fyrir xix. fiska.

Jtem þrir lasar fyrir ix. fiska.

Jtem tveir lasar fyrir sinn fisk huor.

Jtem xxv stik[u]r striga fyrir xxxvij fiska.

Jtem fikiur oc rusin oc hveitebræð fyrir xij. fiska.

Jtem xij merkur sæmgarn fyrir xxvj [fiska].

402.

24. Febrúar 1498. í Kaupmannahöfn.

HANS Danakonungr staðfestir hin fyrri bréf, páfa og konungs, um hjúskaparleyfi Þorleifs Björnssonar og Ingvildar Helgadóttur, og lýsir börn þeirra arfgeing eptir þau.

AM. Apogr. 737 með hendi Jóns Magnússonar bróður Áraa „Ex originali“, sem var „á pergament“ — AM. Fasc. LXXII, 2, A2, transskript á skinni frá c. 1528 (ekki gott).

Wij þans med gudz nade Danmarckis Suergis Norgis Vendes oc gotis koningh hertug vdi Slesuiigh holtzsten Stormarnn og Ditmersken greffue j Oldenborg oc Delmenhorst gere alle vitterligt at thenne breffuisere Biörn Torlaffson haffuer varet her fore oss met eth wor helligste faders pawens legates breff og eth annet wor kære herre faders stadfestelssebreff hwess siæll gud nade ludendis at for^{ne} Biörn Torlaffsons fader oc moder mue bliffue sammen i ectteskab æn doch the sammen høre paa sleth effter som forskreffne breff ythermere jnne holder oc vduiser. Oc sammeledis fordraget oc tillgiffuet them hwess ret þans nade paa kronnen(s) vegnne [haffde till them oc theris barn oc gotz ther fore j alle made hvilke breff wij aff wor sonnerlig gunst oc nade¹) haffue stadfestet oc fuldbiurdet oc met thette wort obne breff stadfeste oc fuldburde ved alle theris ord oc articke som the jnneholde oc vdwise Oc for^{ne} biörn torlafson oc hans søskenne ætte oc ectte arffwinger at vare effther theris fader oc moder och erffwe fader oc moder

¹) [felt år=LXXII, 2 (!)]

oc all anden arff som hanum eller hanss søsskinne kan tillfalde met lagen. Thij forbiude wii alle ehwo the helst ere eller ware kunne och serdeles wore fogede oc embitzmen som nu er eller her effter kommende worde paa vort land ysslandh forskreffne biorn torlaffson eller hanss søsskinne her emod at hindre eller hindre lade møde quellie vmage eller i nogre mathe at vforrette vnnder wor konni(n)glige heffndh oc vrede. giffuet paa wort slot Kopnehaffn löffuerdagen nest effter Dominicam septuagesime aar effther gudz burd m cd xc paa tett ottende aar.

vnder wort konni(n)glige secret.

Dominus Rex per se.

408.

31. Marts 1498.

i Bøndsberg.

Bæf Hans Danakonunga, að Björn Guðnason og samarfar hans megí erfa og skipta með sér öllum arfi eptir Einar heitinn Björnsson gegn lúkningu rétttra skulda bæði við konung og aðra.

AM. Fasc. XXXIII, 25, frumritið & ákinni. Innsiglið er glatað.

Bref kong hans vm skipun á gozum epter
(Einar bionsson og þolleif við biorn gudunason¹⁾)

Vij Hans met gudz nadæ Danmarckis Suerigis Norigis Vendis oc Gottis Koning Hertug vðj alesuig Holsten stormarn oc i Dytmersken Greffuæ vðj Oldenborgh oc Delmenhorst Giðræ allæ wittherligt at wij Haffuæ vnth oc tilladet oc met thettæ wort obnæ breff vnnæ oc tilladæ at thennæ breffuisere bjorn gwnesson oc hanss medarffwingæ mwæ oc skullæ arffuæ oc them allæ emellom skyftæ efftir theris landzlagh pa wort land ysslandt alth thet arffgotz som hannom oc them tilfallen er efftir eyner björnsson huess siell gudh haffuæ dog i swo mathe ath fornæ biorn gwnesson oc hanss metarffwingæ skullæ giffuæ oc till godæ redæ

¹⁾ Utan & bréfinu með hendi Eggerts Hannessonar.

betala all þen geld oc skyld som foræ eyner byðrasón, oss oc andre aff retta skyldigh oc plichtug bleff at betala. Thif forbywðæ wij allæ ehæo the helst eræ: eller wære: kwinnæ oc serdeles wor foget oc embitzman pa forsakreffnæ wort land yslandt hannom eller hans metarfwingæ her emod at hindræ hindræ ladæ mōdæ qwellæ vinnage eller vðj noget mathe vforrettæ eller forfangh at göræ vnder wort hyllest oc nadæ. Giffuit paa wort slot rendsbergh löffuerdage: næst efftir söndagen letare aar effther gudz byrdh med. S. viij. vnder wort signet.

404.

26. Apríl 1498.

í Garðsvík.

4. Maí 1499.

Vinnuþessæ, að Þorvarðr Steinmóðsson hefði lofað að selja Magnúsi Þorkelssyni fjórðunginn í Svalbarði á Svalbarðsströnd fyrir fimm hundruð í góðum peningum, með fleira skilorði, er bréfið greinir.

AM. Apogr. 186 „Ex originali Svalbardensi accurate“ (AM).

Það giorum uid stefan jngimundarson ok jon sygurdson godum monnum kunnogt med þessu ockru opnu brefi at þa er lidit uan fra guds burd þasund flogr hundrut nintier ok uiii ar æ firtudagin næstan fyrir kross Þessu [um] uor it j gardznik æ sualbara strond uorum uid j hia saum ok heyrdum æ ord ok handaband þessara mana magnus þorkelssonar ok þornuardar steinmodzsonar at þornuardur lofati at selia magnuai þorkelssyne med handabande fiordungin j jordune svalbarde med samþycke rognu arnadottar konu sinnar. skyllde magnus fa þornuarde u. c. j godum peningum þar med skillde þornuarðr sier at nera knyttur um þat sem þa magnus a greinde. hier til med lofati magnus at byg(gi)a honum jord ok kugillde þa hann uillde. lysti þornuarðr þui fyrir ockr at þena part hefði hann alldreie þa selt ne feingit jone þorsteinssyne. hier efter uilium uid sueria ef þurfa þike(r). Ok til sanenda hier uan setium uid

fyr nefnd(e)r men ockr jnsigli fyrir þetta bref er skrifat var j gardzulk æ sualbardzstrond laugardagiu næstan fyrir þon(s)messu ante portam latinam einu ari sidar en fyr seiger.

405.

19. Maí 1498.

á Tindum.

Dómr sex presta útnefndr af Jóni Þorvaldassyni officialis heilagrar Hólakirkju um Erlend Magnússon, sem gripdi hafði með ráni fimtán geldinga gamla fyrir Hólakirkju og einga peninga goldið fyrir.

AM. Apogr. 5517. „Efter troenudum original komnum til min frá Hlidarenda. Originallenn er under lok lidenn“. (AM). Sjó iansigli höfðu verið fyrir bréfinu, og lýsir Árni þeim, sem þá voru enn, þegar hann hafði frumritið í höndum. Það, sem hér stendr í hoznklofum, var fúð úr frumritinu, og hefir Árni fyllt það út.

Þeim godum monnum sem þetta bref sia edr heyra senda gudmundur prestur skulason. olafur klængson. þorsteinn gudmundzson. halluardr biarnason. gunar þordarson og steingrimur steinmodzson prestar holabiskupsdæmis Quediu guds og miná kunigt giorande at þa er Hdit war fra hngathburd wörs heræ jehsu christi þasund i[iij] hundr[ut]. ix. tiger og. viij. sa æ fostudagiu næstan epter halluardzmessu wm worith¹) æ suinasatn[e a] a[s]u[m] worum wer j dom nefnder æf ærligum manni sira jone þortualldzsýne officialis heilagrar holakirkju. ath skoda. alita. með skynseme [at]h Ransackæ og fullnadar dom æ ath legia epter wore samuizku og logum huert æfl edæ fullkomnæ magth ath h[a][f]æ skylde [su] stefna er þar war böekut birth og fram þorit ei sidur sýnd suaren og satt giör med tuegia skluissra mana utne ei sidr æynd og sannsockut ath [le]ngd og tímæ ordæ og athkuedæ suo latandæ. ath ællindr magnússon war stefndur j fyr sagdann stad og dag fyrer þa sock ath grefndur ællindr hefði bænth og gripith

¹) p. a. 18. Maí.

fyrer heilagri holakirkju. xii. gellinga gamla og sungva peninga fyrer lagt. hell[dr] ha[l]dit med fullu ofurnalldi og wondum annuorum og þui j gudz nafne amen. war þath j fyrstu wor domur at wer dæmdum stefnuna logliga og ellind magnusson ættliga fyrer kalladan. enn sacker þess ath só kom þar eingin uegna ellintz magnussonar ath logsuare hellt fyrer [hann] er birte fyrer oss nockur þau skilrike eda leidde uitne þau. heimillder synde fyrer sogdum saudum enn greindur ellindur hafde oppt medkenzt ath hann hefde tekit greinda gellinga. Og þui dæmdum wer med fullu doms attkuæde ellind magnusson j fyrstu grein skyldugan ath lukæ mork j stefnufall. nema hann syne loglig forfohl med tægja mana suordu uitne hann matte ei koma. eda hans logligur umbodsmadur j sagdan stefnudag. Enn um þæ ækiseru er sira jon kiærde til ellindz holakirkju uegna. ath hann hafi gripid og tekit nefnda saude suo farit sem fyrr segir og uæntz heimilld ath sira jons jonssonar. huer sig kalladi Radaman holakirkju. Nu seigia suo log wor. ath huar sem menn skiptazt uid skipum edr gripum og fyrer huert. w. hundrata kaup. þa skal giora firir bref med uitordi skiluisra mana og at sier at taka med heimildartokum og þui dæmdum wer fyrr nefnder prestar tittnefndan ellind skyldugan ath leida ij loglig uitne med suordum eidum at greindur sira jon hafe feingit ellinde magnussyne og afennt med logligum hansolum þessæ greinda saude semm ellindur war ækiserdur¹⁾ vm. hier med dæmdum wer opptnefndan ellind skyldugan ath leida onur. ij. uitne ath hann hafe fulla og alla peninga fyrer þessæ sandi aptur golldit heilagri kirkju. Skulu þess-er aller eidar og uitne leidd og unnen jnan halfs manadar. ath heyrdum dominum. firir sira jone þornalldzsyne. heimæ æ þingeyrum edr hans umbodsmanni. Enn ef hann fellz ath þessum uitnum þæ dæmdum ver tittnefndan ellind skyldugan ath luka holakirkju jafnmarga saude og jafngamla og suo goda. sem hann hefer haft firir domkirkjuene. Enn fyrir ran og grip æ saudunum dæmdum ver ellind

¹⁾ aakræddr, stóð i frb.

skylddugan ath luka domkirkiunne sextiger marcka j sinn rett. skulu þessar peningar og sekter gjalldaz inan manadar ath heyrðum dominum heima ath holum sira jone þorualzsyne edr hans umbodszmanni og ellind fallin j bann og skylddugan at taka lausn og skript af sira jone.

Og til meire stadfestu og auðsýningar hier vm þæ samþykkti sira jon officialis og setti sitt jncigli med vorum inciglum fyrer þetta domsbref er gjort var æ tindum æ asum æ sama aBe deigi sidæ en fyr greiner.

406.

1. Júní 1498.

á Mosvöllum.

Dóma útnefndr af Guðna Jónssyni, kongains sýalumanni milli Geirhólms og Langaness, um bréf þau, er Einar Ólafsson fram bar vegna Ólafs Jónssonar föður síns um jarðkaup þeirra Guðmundar bónda Arasonar og Þóris Steinólfssonar, hvort Ólafr skyldi heldr aðgang eiga að Meðaldal og Hólum í Dýrafirði eða Dufansdal í Arnarfjarðardölum, og dæma þeir Ólafi Dufansdal.

AM. 211B 4to, bls. 99—100, skr. c. 1700.

Vm brygdi Domur á Jordunni Dugansdal.

Öllum mönnum er þetta Brief síð edur Heýra senda biorn gudnason. Jndride Jo(n)sson. Sigurdur biörnson. þorleifur aurnolfsson. Jon Briniolfsson. Jon Jonsson. quediu gudz og sijna. godum monnum kunnigt giorandi¹⁾. med þessu voru opnu brieffe. föstudaginn næstañ fyrer festum Medardi og Gillardi. þá ehr lided var frá hijngadburd vors herra Jesu Christi 1498 ar. ad Mosvöllum j Öundurafyrde. á almennelegu heradspijnge. vorum vær j Dom nefnder aff ærlegum Dugandi manne Guðna bonda Jonsaine. ehr þá hæfði kongains sýlu millum geirholms og Langaness ad Rañsaka. skoda og dæma. huad oss þætte Riettlekast vñ þang brieff og skylrijke ehr Einar Olafsson þar fram bar.

¹⁾ bestt við; vantar í handritið.

og Domz á heiddist j lögliku vmböde Olafs Jonasonar faundur sijns. huör ed vottudu vm þang jardakaup. er fram höfðu fared millum gudmundar bonda Arasonar og Þóris Stejnolfssonar. og þar þá byrttust fyrer oss. med godra manna jnsiglum. huört affi ad haffa skyldi. og ad huörum greijndur Olaffur skyldi helldur atgdng Eiga. ad Medaldal og hoolum i Dyrafyrde. edur Dufansdal i Arnarfiardar¹⁾ Dolum. effter þui sem i kaup haffdi komed fyrgreijndra manna j mille. enn oftneffndur Olaffur var. nu ordinn Riettur soknare og so Eignarmadur þessa mðls. sem hane brief þar vm giör vtvijsa. og nu aff þui ad vier höffum sied og yfferlesed oped kaupbrieff oftneffndra manna j mille vm ádurskriffadar jarder. ad greijndur gudmundur arason sellde fyrneffndum Þorer ádurgreijnda jörd Duffansdal j arnarfiardardöllum fyrer Medaldal og hoola og þetta þeirra kaup var löglegt dæmdt aff 6 Lögriettumónnum á alþjinge. Effter þui sem sá Domur þar vm giör vtvijsar. so og ej sijdur kom þar fram fyrer oss brieff vnder godra manna jnsiglum so hliodanda. ad þeijr voru þa heijmamenn i Duffansdal. ad oftneffndur gudmundur arason tok ad sier oftneffnda jörd Dufansdal og oftneffndur Þorer miste hana fyrer utan sinn vilia. og fyrer þessar grejner. og adrar flejre þær ed oss þotte þar ad luta. ad so proffudu og fyrer oss komnu. þa dænum vier oftneffnda jörd Duffansdal vera og vered haffa eijgn Olafs Jonasonar og hana fridlslega meijga ad sier taka oftneffnda jörd Duffansdal nær hann villdi. Enn vm langan flemissair og fyrer Rángligt áhald á tíjttneffndre jördu Duffansdal. Dænum vier ad sækiaast skule med Riettum saksoknum heijma i heradi þar sem jörðin liggur.

Og thil sanninda hier vm setta eg gudne Jonason kongligrar maistets vmbödsman mitt jnsigle med fyrgreijndra manna jnsiglum fyrer þannan Dom. skriffad j breijdadal á sama Deijge og áre sem fyr seijger.

¹⁾ -fyrdar, hdr.

407.

4. Júní 1498.

á Biðum.

VITNISBURÐUR, að Eiðakirkja eigi verleigur og skipsátr á Fiskabjargi í Borgarfirði og svo hefði verið hæft og haldið, þá er þeim systur Ingibjörgu Páladóttur og Ragnhildi var skipt erfðinni eftir Pál föður þeirra andaðan (1403).

AM. Apogr. 2005 „Ex originali fra Kristinu Eiríksdóttur á Eidum eckia Pals Marteinsonar. Eidakirkju viðkomande. Þetta bref er nú havgjafalaust“ (AM.).

Þat giore ec eyiolfur ketelason godum monnum kunn-
egt at ec nar til uistar a eidum þa ion heiten narfason
var þar razsmadur ok nar ec formadur a fiska biatge firir
eidaakipe i borgarfirde ok all dri heyrda eg annat þa enn
eidaastadur ette þar skipsatur ok svo luktuz allar verleigur
af þui skipe suo ok uisse eg at uigfus ingiallzon var þar
radsmadur laungu fyrir þat ok nar þa lika haft ok halld-
et at allar verleigur af þui skipe uoru goldnar til eida.
suo heyrda eg þa ellztetu menn seigia er þa uoru ok til
vissu at skiptt nar erfdene med þeim systur ingibiorgu
paladottur ok ragnhilde eptter faundur sinn a[ndadan¹] ok
uar þa lika haft ok halldet [um²] þetta skipsatur ok skip-
leigur at eida stadur ette þat. ok hier eptter nil eg sveria
ef þurfa þiker. Ok til sannenda hier um sette eg mit inn-
sigle firir þetta uitnesburdarbref mitt er giortt uer a eidum
[i] utmannasueit manudagenn næsta eptter huitasunn þa
er lidit nar fra hingatburdd uora herra jhesu christi þus-
und. 3333. hundrut niu tiger ok uiij. ar.

408.

23. Júní 1498.

á Reynistað.

STEPHÁN biskup í Skálholti úrskurðar statt og stöðugt hjóna-
band Ólafs Filippussonar og Vigdísar Jónsdóttur.

AM. Apogr. 797 „ur stori transkriptarbreffe Sia presta eg Sia leik-

¹) [b. v. af útg.; þetta a getr valla þýtt annað en þetta. ²) [vant-
að í frumritið, en Ární bestir því inn.

manns 1515" (AM.) 20. April. — JSig. 66. 8vo með hendi Grunnavikr-Jóns eptir sama transkripti.

Hier er vrskurdur Biskups Steffans¹⁾

Ver steffan með Gudz nad biskup í skalholtti et cetera. giorum godum monnum kunnigt með þessu uoru opnu brefi. ad sub anno gracie M. cd°. nonagesimo octano. æ laugar-daginn infra octauas festi corporis christi æ Reynnesstad j skagafirde. kom olafur philippusson firir oss. og beidde og krafdi at uær giordum endiligann ueg æ huort þat hionabannð væri logligt edur eigi. er hann hafdi giort vid viggise jonsdottur. tedi greindur olafur oss in primis. sin bref og skilþike vm undanfærslu er hann hafdi giort firir sira jone þorualldzsyni officiali heilagrar holakirkriu at hann hefði ecki saurgat kirkiugardinn i videdalstungu i moti þui sem biskup olaf godrar minningar hafði honum saker til lagt. jtem birte hann firir oss bref og inncigle skiluiara manna at hia hofdu verit er hann festi fyrrnefnda uigdgise sier til logligrar eiginkonu epter logbokarinnar ordum. þui at heilags anda nad tilkalladri at so profudu og firir oss komnu. sogdum vier með fullu doms atkuædi og laga vrskurdi greint hionaband statt og stodugt og i allann mata Rett og logligt uera og þeirra barn edur born skilgetin.

Og til sanninda hier um festum uær uort incigli firir þetta domsbref skrifuat i sama stad deigi og ari sem fyrr seiger.

409.

27. Júní 1498. á Grenjaðarstöðum.

Eirike prestur Einarsson fær Birni Einarssyni bróður sínum til fullrar eignar í sin þjónustulaun jörðina Vað í Helga-staðakirkjusókn.

Blak. Hol. Fasc. V, 3, frumrit á skinni, og er brot af innsiglium fyrir bréðna. — AM. Apogr. 8697.

¹⁾ 66.

(Vm) jordina väd.

Þaht giore eg eirekvr prestvr einarson godvm monnvm vitvrlight med þessv minv oppnv brefi aht eg hefe feinged birne einarsýne brodr minvm jordena vad ed liggvr j helgastada kirkiv sokn til fullrar eignar j sín þionvstvlavn vndan mier og mínum erfingum efter því sem eg uard fremst eigande aht med avllvm þeim gavgunvm oc gædvum sem greindre jordv fylger oc fylkht hefer aht fornv oc nýv. Og til sanninda hier vm setta ec mitt insigle firir þetta bref sem skrifad var æ greniadarstodum j reykiadal miduikudagen næstan firir petri ed¹⁾ pavli. þa lided uar fra gvds bvrð þvsund. cccc h(undrud) nívtiger oc viij ar.

410.

28. Júní 1498.

í Skálholti.

BRANDE prestr Hrafnsson fær Grími presti Þorsteinsseyni til fullrar eignar jörðina á Vífilsmýrum í Önundarfirði og kvittar um andvirðið.

AM. Fæc. XXXIII, 27, frumritið & skinni. Innsiglið er ean heilt fyrir bréfinu.

Brief fyrir [vífilz myram.²⁾

Þat giori ek sira Brandr Rafnsson. Godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi at ek medkennumzt at ek hefi feingit sira grími þorsteinsseyni til fullrar eignar ok frials forrædis jordina uivifils³⁾ mýri er liggur j hollzkirkissockn j aunundarfirði med ollum þeim gognum ok gædum. sem greindri jordu fylgir ok fylgt hefir at fornu ok nýiu ok ek ok minn fadir Rafn brandzson urdum fremst eigandi ad. sem gud hans sal nadi. vndan mier ok mínum erfingium. en undir adrgreindan grim prest ok hans erfingia. Suo ok medkennumzt ek fyrskrifadur sira brandur at ec hefi falla ok alla peninga upp borit af fyrskrifudum grími presti

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu med allgamalli hendi; frá „wppaa vieldsmýrar“, á öðrum stað með sömu hendi. ³⁾ Svo.

fyrir adur greinda jord sem mior uel ónæger. skal þratt nefndr grimr prestr greinda jord mega at sier taka ok alla sockn á eiga á þrattnefndri jordu. ef hun uæri eda hefði uerid orettiliga halldin ýrkt eda unnið at jafnfullu sem ek sialfur. Ok til sannþnda hier um setta ek sira brandr rafnsson mitt insigli fyrir þetta bref skrifat j skalholtti. quarto kalendas dag julij. arum eftir gudz þurd þusund flogur hundrut niutigir ok atta ær.

411. 30. Júní 1498. á Öxarárþingi.

Dóma tólf manna útnefndr á alþingi af Finnboga lögmanni Jónssyni um vígsbætr eptir Pál Jónsson, sem Eiríkr Halldórsson aló í hel á Öndverðareyri í Eyrarsveit, þær er fylgjarar Eiríks áttu að gjalda.

ÍBfél. Kh. 309. 8vo, bl. 186 b—188 a (Öxnafellsbók) með hendi Ara Magnússonar í Ógri c. 1620. — Landsbókasafn 812. 4to bls. 81—83 (J. P.) skr. c. 1622. — MSteph. 61. 4to, bls. 149—151, skr. c. 1660. — ÍBfél. Kh. 815 B. 4to, bl. 165—167, skr. c. 1680. — Landsbókasafn 69. 4to bl. 261—262, skr. c. 1640.

Domur um víg Páls Jónssonar.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda Oddur Sygurdsson. Jon Sigmundsson. tinnas Jónsson. Þorleifur aurnolfsson. Eyuindur¹⁾ Gudmundason²⁾, Biarne andriesson. [Stephan Ketilsson.³⁾ [Gudmundur⁴⁾ Þorleifsson.⁵⁾ Sygurdur⁶⁾ yuarsson. Halldor Sygurdsson. Einar Einarsson. arnor finnsson Quediu Gudz og sijna kunnugt giorande ad [þa lidit var fra hingadburde vorz herra Jesu Christi⁷⁾ 1498 ar⁸⁾ laugardaginn næstann epter pieturz messo og páls [a almennelegu Öxarárþynge⁹⁾ vorum vær j dom nefndir af ærligum manne finnboga [Jonassyni¹⁰⁾ laugmanne nord-

¹⁾ Sigmundur 69. ²⁾ Guondsson 61. ³⁾ [sl. 69. ⁴⁾ Guondur 61. ⁵⁾ [sl. 812. ⁶⁾ Signardur 61. ⁷⁾ [annr 815, 61, 812. ⁸⁾ b. v. 69. ⁹⁾ [b. v. 69. ¹⁰⁾ b. v.; vantaþ. i. handritin.

an og vestan á Júlände að skoda og dæma vmi þá sauk¹⁾ og akiseru er Guðni Jonsson og Ormur Jonsson kiærði²⁾ til þeirra manna sem Eirike Halldorssyne veitte [lid. fylgi³⁾ og foruneyti til onduerdu⁴⁾ eyrar j eyrarsneit þá greindur Eyríkur Halldorsson⁵⁾ oforsyniu j hel slo þeirra broður Pál bónda Jonsson. [guð hanz sal nade.⁶⁾ beiddu og kraufðu greindir brædur [Guðni og Ormur⁷⁾ finnþoga laugmann nefna hler dom yfir huorra suara edur⁸⁾ segta þessir menn yrde þeim skylduger fyrer greinda sok og so kongdominum.

J frstu kom þar fram fyrir oss að allir þeir menn sem Eirike Halldorssyne veitte⁹⁾ lid og fylgi til aftanku þalz heitinz Jonssonar voru þá þangat dæmdir til andsuarz¹⁰⁾ og afsaukunar og þetta þeirra mal vndir þann dom sem finnþogi laugmadur þar yfir þeim¹¹⁾ nefndi. J fyrstu dæmdum vier þá menn¹²⁾ þar¹³⁾ rietteliga fyrir kallada um sagt mál bæði kongdomsinz vëgna og so fyrr¹⁴⁾ greindra brædra Guðna og Orms. nu af því að laugin [so avijsa¹⁵⁾ at þeir menn sem veita lid til eða fauruneyte. hilla¹⁶⁾ og¹⁷⁾ samþickia með þeim þann hug at taka menn af þá¹⁸⁾ suare slijku fyrir kongdomenum og erfingium hinz danda sem rettarinn kongdomsinz¹⁹⁾ og skinsamer menn dæma með þeim²⁰⁾ epter laugum og atukum. enn landzvist þeirra se vndir kongz miskunn. og þvi dæmdum vier þessa alla adur greinda menn sem foru með Eyríke Halldorssyne þá Pall heitinn Jonsson var j hel sleiginn eirn²¹⁾ og sierhuorn fyrir sig sekann. x. morkum við kong. og þá skylduga að [fara edur²²⁾ fð mann fyrir sig að fa sijna landzvist jnnan næstu. [ilj. ðr.²³⁾ Enn huor af adur²⁴⁾ greindum monnum sem þá hefur ecki feingit sijna landzuist [j sogd-

¹⁾ seckt 812. ²⁾ kiærðu 69, 812. ³⁾ [lidfylgi 809, 812; lid filge 69; Lidfylgie 61. ⁴⁾ onduerðar 69. ⁵⁾ j, b. v. 812. ⁶⁾ [sl. 315, 61, 812. ⁷⁾ [sl. 61. ⁸⁾ og 812. ⁹⁾ veittu 69, 812. ¹⁰⁾ andsuara 61. ¹¹⁾ b. v. 69. ¹²⁾ b. v. 61. ¹³⁾ sl. 61. ¹⁴⁾ sl. 61. ¹⁵⁾ vtijsa 61; [avijsa so 812. ¹⁶⁾ 61, 815; hilla 809, 812. ¹⁷⁾ edur 61, 69. ¹⁸⁾ b. v. 69. ¹⁹⁾ sl. 61. ²⁰⁾ konnum 69; ²¹⁾ b. v. 69. ²²⁾ [sl. 812. ²³⁾ [þriggja aara 315, 69, 812. ²⁴⁾ 69; sl. 61; audrum(!) 309, 315, 812.

um tíjma¹⁾ þa²⁾ dæmdum vier vtlægann til kongz nada huoria miskunn hann vill a giora a hans [male og³⁾ skilldu þessir menn allir [þau næstu iij ar⁴⁾ mega med riettu [vera⁵⁾ hier j landit⁶⁾ ef þeir hafa endeliga bedit vm sijna landzuist. [Enn gíftumal skulu þeir eingiñ ad lögum giöra meiga fyrr enn þeir hafa feingid sijna landsvist⁷⁾ fyrir sagt brot. enn þeir skulu mega hafa sialfir sitt vmbod sagdann tíjma so og kaupa og selia sem adrir menn so og sækia sijnar sakir ef þeir eiga vid adra menn. So og skulu þeir sækiaast med laugum af audrum ef þeir verda⁸⁾ brotligir.

Jtem j annare grein dæmdum vær alla þa menn eirn⁹⁾ og sierhuorn sem med greindum Eirike fora til aftoku palz heitins Jonssonar¹⁰⁾ og ad þui verda sannir at þeir hafi sokt at [pale heitnum Jonssyne¹¹⁾ edur at þeirre litlu stofu. sem hann la j. junan edur vtan þa hann var j hel sleiginn. roft hana edur brotit¹²⁾ grytt edur nockurt¹³⁾ lid [þar til¹⁴⁾ veitt. huorn þeirra sekann fyrir sig .xv. hundrudum vid greinda brædur Gudna og Orm med somum solum og fridleika sem hanz bætur voro dæmdar¹⁵⁾ og [giallda á¹⁶⁾ sijnu heimile. Enn allir þeir j skalana geingu [edur stadinn¹⁷⁾ med vopnum¹⁸⁾ eða¹⁹⁾ nockud giordu at. dæmdum vier huorn þann²⁰⁾ sekann²¹⁾ fyrir sig²²⁾ xvij²³⁾ hundrudum vid sagda brædur [Gudna og Orm²⁴⁾ [med somum solum og frijtleika sem²⁵⁾ [vm hin fyrre greiner.²⁶⁾ Enn allir þeir menn sem j sagdri fór voru med Eirike heitnum²⁷⁾ þa pall heitinn²⁸⁾ Jonsson var [af honum²⁹⁾ j hel sleiginn³⁰⁾ og þar hafa onguann hlut at giort. annat enn ridit til og frð med Eirike. dæmdum vær þann huorn

1) [sl. 61. 2) b. v. 61. 3) [malnum 69. 4) [69; þessu næst vera 309. 5) [iij. ar 309. 6) landi 815, 69, 812. 7) [b. v. 69. 8) 815; ero 309. 9) b. v. 69. 10) sl. 812. 11) Jonssyne sl. 812; [honum 69. 12) griote 69. 13) 69; nockud 309. 14) [sl. 812. 15) Sbr. alþingisdóm 30. Júní 1497. 16) [giallde ad 69. 17) 69; skarir(!) 309. 18) [med vopnum 61. 19) 69; og 309. 20) þeirra 69. 21) sl. 812. 22) skyldngan b.v. 812. 23) 69; xij, 309; x, 812. 24) [sl. 61. 25) [b. v. 61, 69, 812. 26) [69; þíner fyrgreinder 61; sl. 812. 27) 309; „h“ 61. 28) b. v. 69. 29) [sl. hér 812. 30) af honum b. v. 812.

fyrir sig sekann v. hundrudum við sagða brædur [Gudna og Orm¹⁾] með somum solum og fridleika sem adur greinder²⁾ vm hina fyrri. [Nu ef nockur af þessum adur greindum monnum seigist³⁾].

Jtem j þridiu grein dæmdum vier [sierhuoriam af ollum þessum adur⁴⁾] greindum monnum sem j sagðri faur voru með Eirike heitnum⁵⁾ siettareid huad huor þeirra hefur giort og hafa hann vnuid jnnan halfz mduadar [særra daga⁶⁾] fra þui honum er til sagt af Gudna og Ormi og vinne⁷⁾ þennann Eid fyrir þeim⁸⁾ kongz vmbodsmanne sem nu j sumar hefur syslu j Þornezþjinge so gudne sie hia og Ormur ef þeir vilia. Enn huor ed fellst⁹⁾ af þessum eidi giallde sem adur er skrifad optir þeirre sok sem honum verður gefn af optnefnudum brædrum og at þessum peningum gollðnum dæmdum vier þessa menn kuitta og satta uid þrattnefnada brædur Gudna oc Orm vm adurakrifada sauk.

Jtem dæmdum vier alla þa menn sem satt hafa giort uid Gudna og Orm vm þa sauk kuitta og þa með þui fle giallde sem þeir hafa vndir einz [a satter¹⁰⁾] orðid og það langliga satt þeirra a millum so [huorir tueggia mege eige¹¹⁾] rifa. enn alijku sekir uid kongdominn sem skrifad stendur.

[Og til sanninda hier vm et cetera.¹²⁾

412.

30. Júní 1498.

á Öxarárþingi.

1499.

á Víðimýri.

ÁLYKTAN sex manna á alþingi, útnefndra af Finnþoga lögmanni Jónssyni, að Guðni Jónsson og Ormur bróðir hans megi vel láta laust við Björn Þorleifsson, samkvæmt bréfi

¹⁾ [sl. 61. ²⁾ greindi 69. ³⁾ [sl. 69. Hér dettr og botnainn úr setningunni í 809, 815, 61, 812, og er hér eyða fyrir því, sem vantar, í 809 og 812. ⁴⁾ [69; allopt(1) 809; opt 61. ⁵⁾ 809; „h“. 61. ⁶⁾ [b. v. 812. ⁷⁾ 69; vinna 809. ⁸⁾ al. 61. ⁹⁾ fellur 69, 812. ¹⁰⁾ [b. v. 69. ¹¹⁾ [huorager mege 69. ¹²⁾ [al. 61; 69 sl. et cetera.

Hans konungs frá 24. Febr. 1498 (Nr. 402), alt það góð, er þeir héldu: eptir Þorleif Björnsson.

AM. Fasc. XXXIII, 20, framrit á skinni; af 7 innsiglium eru nú tvö fyrir bréfinu.

Þeim godum¹⁾ monnum sem þetta bref síðu edr heyra senda sírekur Þorsteinsson. loptur eyjólfson. jngimundr finson. jon Þorgrímsson. gisli filipsson. og jon sigmundsson. kuediu gudr og sina kunnigt giorande at þæ er lidit war fra hingatburd uors herra jhesu christi 0 iij hundrud ix tuger og satta sár a laugardagin næstañ epter petursmessu og pás um sumarid: æ almenniligu auxararþingi woru nea til nefnder af finboga jonsayni logmanni nordañ og uestan æ jalande at skoda ransacka og yfer ath lita med honum alalfum suo eigi sidr med samþycki. uilia og uitardi gadina jonssonar og ormas brodur hans huerer þæ hofdu nad og negeran yfer þat goztt er fallid hafdi epter þorleif biornson jarder og lausafe en biorn thoreifsson reiknadi sier til arfs og eignar nu uera til sagt epter þui sem uors nadug herra kong hans bref birter og jne helldur og utt uisar þat biorn tedi þar firir oss um sina skilgetning edur adra skickan sem med fylger og þat kongsins bref jue helldur og þui uirtiz oss og fulkomliga leizt med logmanzius samþycki eppter kongsins brefi sem þeir fyr greind- er menn ormur og gudne mætte nel sleppa og lausa(!) lata uid biorn þorleifsson þat gozt þeir helldu og honum til heyrer epter sinn faudr epter þui fyrr nefnt bref til uisar.

Samþyckti þetta uart samtal. ælit og yfersyn fyr greindr finbogi jonsson logman og setti sitt jncigle med uorum jnciglum fyrir þetta samþycktarbref er giorð var æ uideomyri j skagafirdi ari sidar adr greiner.

¹⁾ tvískr.

418. 1. og 2. Júlí 1498. á Hvalsnesi.

JARÐASKIPTABRÉF milli þeirra Narfa priors á Skríðu og Grims bónda Pálssonar.

AM. Apogr. 4485 „Efter Transscripto 14. gamallra Skríðuklaustursbrefa gjördu þann 26. Septembris Anno 1697 (= a). Samanlesed vid annat Transscriptum XL Skríðuklausturs pergamentsbrefa, giört þann 17. Septembris 1697 (= b)“ (AM.) „Framanskriðad bref er med gamla skrift á kalfakinn svart og skorped, med florum Jnnsigla tiglum, enn engu Jnnsigle“.

Þad gjörum vier Þorvardur Gudmundsson. Gudlaugur Gudmundsson. Gíale Peturason. Jon Magnusson. Sigurdur Jonsson og Gíale Jngemundarson godum monnum vitarligt med þessu voru opnu brefe. at sub anno gratiæ M. [cd.¹⁾ xcviii. a Hvalsnesæ ð Rosmhvalanese sunnudagenu næstann²⁾ epter Petursmessu og Páls um sumared voram vier j hid. sðum og heyrðum ð³⁾ ord og handaband þessara manna priors Narfa af einne alfu klaustursens vegna ð Skríðu. enn af annarre Grims bónda Pálssonar vegna sona sinna Þorleifs og Benedicts. ad svo firir skildu: ad prior Narfe sellde til fullrar eignar og fríðls forrædis ðdurgreindum Grime bónda Pálssyne svo heitande jarder: Arskog j Arskogs kirkiusokn firir .xxx⁴⁾ og Pálmholt er liggur j Móðruvalla kirkiusokn firir .xv⁵⁾ med öllum þeim gögnum og giædum. hlutum og hlunnendum. sem fyrrgreindar jarder urdu fremst⁶⁾ eigande ad og klanstred. ad fornu og nyiu. til fjalls og fiöru og allra laudzgiæda þeira er þessum jörðum eiga ad fylgia at rettu. Hier ð mot gaf og gallt fyrrskrifadur Grimur bonde Pálsson svo heitande jarder j austfiörðum priorum og klanstrinu ð⁷⁾ Skríðu til æfönligrer eignar og fríals forrædia. med öllum þeim gögnum og giædum er þeim fylger og fylgt hefur ad fornu og nyiu til fjalls og til⁸⁾ fiöru. fyrst Brimnes firir. xvj⁹⁾ er liggur j Dvergasteins kirkiusokn. og Austdal firir. viij⁹⁾ er liggur j sömu kirkiu sokn. Kross

¹⁾ [D., a, sem er rangt; ²⁾ sl. b; ³⁾ sl. b; ⁴⁾ XXc, a; ⁵⁾ XXXc, a, ⁶⁾ framast, b; ⁷⁾ ad, a; ⁸⁾ sl. a.

firir. xij^o. er liggur j fiardar kirkiusokn j Mioafirde og. xj^o. i Nese. er liggur j Desiarmyrar stadar¹⁾ kirkiusokn. Skyllde hver firir sig halda til laga greindar eigner og svara laga-riptingum. afhente hver óðrum fyrrgreindra manna sagdar jarder j þessu sama handabande.

Og til sannenda hier um setium²⁾ vier vor junsigle firir þetta jardakaupsbref er skrifat var j sama stad [og ðre³⁾ dege aidar enn fyrr seger.

414.

5. Júlí 1498.

í Viðey.

KVITTUNARBREF til handa Árna ábóta í Viðey um eptirstöðvar af andvirði Stærrivoga.

AM. 288. 4^{te} bl. 5, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref enn fyrir Stærrí vogvm.

Þat giorvm vier Sveinn Magnvsson. Helligi Ormsson. Olafur Jonsson. Jon Ormsson oc Hallkiel Þorkielsson godvm monnvm kvnnigt med þessv vorv. opnv brefi at svb anno gracie M^o. cd^o. xc^o. viii fimtvdeigin næsta fyrir festvm sanct-orvm in Selio heima æ klavstrinv j Viðey vorvm vier j hia savm oc heyrðvm æ at herra Arne med gvdz nad abote j Viðey galltt oc vtlvckti Þorgrime Jonsyne er þa hafdi riettligt vmbod konv sinnar dottvr Gvdmvndar Magnvssonar þav iiij^o er epter stodv fyrir jordina Stærrí voga. voro þar lvcktar j ij tvnnvr miols oc ij tvnnvr maltz. c jarns. kietil nyr. viii stikvr lereps oc tvibyrd hvfa. þvi gaf oc giordi adr greindr Þorgrimr Jonsson fyrnefndan herra Arna ollvngis kvittann oc akærvlausan fyrir sier oc konv sinne og avllvm sinvm epterkomendvm.

Oc til sanninda hier vm settvm vier fyrnefnder menn vor insigle fyrir þetta vtlvkningsbref oc kvittanar skrifad j sama stad deige oc ari sem fyr seigir.

¹⁾ al. a; ²⁾ settum, a; ³⁾ [al. b.

415. 9. Júlí 1498. á Hvoll í Hvolhrepp.

GUNNLAUGR Teitsson selr Narfa prior á Skridu og klaustrinu þar jörðina Hrafnkelstaði í Fljótaldal fyrir þrjátígi hundraða í ganganda fé og lausafé.

AM. Apogr. 4486 „Epter Transcripto 14. gamallra Skriduklaustursbrefa, giördu þann 28. Septembris, Anno 1697“. „Detta bref er á kálfskiinn með afgamla skrift, hvar á eru tveir tigar, enn eckert innsigle“,

Það giörum við Þorvardur prestur Jvarsson og Þorvardur Gudmundsson godum monnum kunnigt með þessu ockru brefe ad sub anno gracie M. CD. xc. viij. octavo dag visitacionis Marie & Storolfshvole j Hvolhrepp. vorum vid j hid. sðum og heyrðum ord og handaband þessara manna. af einne ðlfu herra Narfa prioris af Skridu. enn af annarre Gunnlaugs Teitzsonar. ad svo firir skildu. ad nefndur Gunnlaugur selde fyrrnefndum prior Narfa jörðena alla Hrafnkelstade er liggur j Fljotzdal j Valþiofstadar kirkiusokn. med ðllum þeim gögnum og giæðum sem greindre jördu fylger og fylgt hefur ad fornu og nyiu klaustrenu á Skridu til æfenligrar eignar. og þess formönnum til fridls forrædis. Hier æ mot gaf titnefndur prior Narfe optnefndum Gunnlauge Teitssyne xxx. j soddan peningum. v. naut gömul og v. saude og xx. j flortan hundrut nu j haust er kiemur. þar til. xij. malnytukugillde ad næstum fardögum og þar til liij hundrud j fullvirðis peningum. Skyllði Gunnlögur Teitason svara lagariftingum á fyrrgreindre jördu Hrafnkelstöðum. enn klaustursins formadur æ Skridu hallda til laga. enn ef af kynne ad ganga jorden med lögum skyllde Gunnlögur edur hans epterkomendur lögliger gjalda jafngoda peninga aptur klaustrinu á Skridu. hvert honum bihagade betur j austflördum eda á Rangdrvöllum.

Og til sannenda hier um setium vid fyrrnefnder menn ockur junsigle firir þetta jardarkaupsbref. er skrifad var j sama stad. dege og áre sem fyrr sger.

416. 9. August 1498. á Hrauni á Bakka.

UMBOÐSBRETF Þórðar prests Guðmundssonar til handa Þórði presti Jónssyni að taka út staðinn í Hólum í Hrunamannahreppi í hendr Péttri Sveinssyni eða umboðsmanni hans.

Bisk. Skalh. Fasc. XI, 9. Frumrit á skinni, og er innsiglið dottið frá. — AM. Apogr. 2486 „accuraté“.

Vmbodsbref sira Þordar.

Þat giore eg þordur prestur gvdmyndzson godvm monnv vitvrligt med þessv minv opnv brefi at eg hefi feingit sira þordi jonsseyne fullt vmbod til vt at taka stadin hola j hrvnamannahrepp og alla þa peninga sem þar standa saman kvika og davda frida og ofrida j næstvm fardögvm og allan æikningskap vt af úrna jonsseyne at jafnvllv sem eg sialfur og afhenda petre sveinssyne eða þeim sem hann setur til sinna vegna med at taka sögdvm peningvm stadarins og minvm. Og til sannenda hier vm setta eg mitt insigle firir þetta vmbodsbref skrifat æ hraune á backa fimta dagin næsta firir laurencivsmesso arvm epter gvds burd 00. cd. xc. og atta úr.

417. 19. August 1498. í Keldudal.

VITNISBURÐAR, að Bjarni Þórarinsson hefði feingið Vigfúsi Guðmundssyni til fullrar eignar Hnífsdal hinn nedra í Skutulsfirði.

AM. Fasc. XXXIII, 26, frumrit á skinni. Öll (3) innsiglin eru dottið frá.

Þat giorum uær sira jón gislason. sira olafur teizsson. gisla indridason godum monnum kunnigt med þessu uoro opav briefe ath uier uorum j hia i badstofunni uestur j hrauni j keldudal j dýrafirði ath biarne þorarinsson lysti þui firir oss ath hann hefði feingit uigfuse gudmunzseyne iordena hnífsdal hinn nedra til fullrar eignar er liggur j skutulafirði j eyrar kirkiu sokn med radi. samþykke og upplagi solueigar gudmandardottur konu sinnar honum til fullr-

ar eignar og frials forrædis ok hun uære hans æfenleg eign hedan j fra. Enn undan mier og solueigu konu minnar(!) og ockrum erfingium enn under uigfus og hans erfingia. Var þetta vitniaburðarbrief og hans lysing adur greinz biarna þorarinssonar skrifat og samsett j kirkiune j kelledudal. næsta sunnudag firir bartolomei apostoli þa lidit var fra hingatburd vors herra iesu christi. M^o. cccc^o. lxxxx^o. viii. ar.

418.

20. August 1498. í Ási í Óxarfirði.

FINNBOGI Högmaðr Jónason úrskurðar löglegan og svarlegan og óbrigðanlega haldandi Bólstaðarhlífardóm frá 21. Júní 1497 (Nr. 383).

AM. Apogr. 798 „ur stóru transkriptarbræfe 8^{ia} presta og 8^{ia} leikmanna 1515“ (AM.), sem gert var 20. Apríl. — JSig. 66. 8^{vo} með hendi Grunnavíkr-Jóns eftir sama transkripti. — Af bréfi þessu eru afskriftir allvíða í skjalabókum frá síðari tímum (t. a. m. ÍBfl. 67. 4^{te} bl. 59—60).

Hier er vrakurður fímboga logmañz.¹⁾

Ég fínbogi jónsson logman nordan og uestan á jslandi giori þat godum monnum uiturligt með þessu minu opnu bréfi at þa lidit var fra hingatburd vors herra iesu christi. M. cd. ix tiger og atta sár manudaginn næsta fyrir bartolomeusmessu j ase í Óxarfirde kom fyrir mic ærligur dandi mann einar oddzson tedi og birte fyrir mier i logliga umbodi olafs philippussonar. þann sama dom sem dæmdr uar i bolstaðarhlid j hunauazþingi. miduikudaginn næstañ fyrir ionsmessu baptiste asum epter gudz burd. M. cd. ix tiger og víj.²⁾ ar huer so inne hellt at einare olafs-yni uar dæmdr til fullrar eignar allr arfur epter solneigu biorazdottur modurmodur sina. enn olafi fandr hans til halldz og umbods með þeim fleirum greinum. sem þar inn i standa. beiddi og krafði fyrr nefndur einar oddzson mic

¹⁾ 66. ²⁾ þ. e. 21. Júní 1497.

hier lagaurskurd á leggja þenna sama dom huort hann skyldi at logum standa mega eda eigi. Nu saker þess at ec hefi sed og yferlesit skodat og rannsakat þenna sama dom med sinum greinum og artikulis. lizt mier hann dæmdur uera suarlīga og lögliga epter þeim profum og nitnum sem þar ut i standa. þui j gudz nafni amen. at so profudu mali sem fyrir mig hefer komit og med þeirra bezta manna nadi og samþycki er þa uoru nær mier. sagda ec fyrr greindr finnbogi jonsson logmann med fullum laga urakardi og doms atkædi adur skrifuadañ dom logligañ og suarlīgañ. og obrigidiliga halldazt eiga epter þui sem landzins laga settur ut uisar. Og til sanninda hier vm setta ec mitt inncigle fyrir þetta urskurdarþref skrifat i sama stad og dag sem fyrr seiger.

419.

7. September 1498.

i Viðey.

HALDÓRA Guðmundardóttir gefr guði, jungfrú Maríu, klaustrinu i Viðey og kirkjunni til fullrar eignar jörðina Hest i Borgarfirði gegu bænahaldi fyrir sál foreldra hennar og bænda, en Steinþórsstaðir i Reykholtadal standi fyrir brigð á Hesti.

AM. 288. 4^{to}, bl. 12—13, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref fyrir Hesti.

Þat giorvm vier Jon Gellisson. Þollakr Hreimsson. Jon Sigvrðzson. Gissvr Þolleifsson. Jon Marteinson ok Olafr Joneson godvm monnum kvnngitt med þessv vorv opnv brefi ad svb anno gracie. M^o cd^o xc ok viijar æ fostvdeiginn in nativitate beate Marie virginis heima æ klaustrinv j Viðey vorvm vier j hia savm ok heyrdvm æ ord ok handaband þessara manna herra Arnna med gvdz nad abota j Viðey af einne alfv en Jons Sigurðzsonar ok Halldoro Gvdmvndardottvr af annari. skildizt þat ok faldizt vndir þeirra handabandi at greind Halldora Gvdmvndardottir gaf gvdi jvngfrv

Mariv klavstrin v j Videy ok kirkivonne jordena alla er heitir æ Hesti lx^o at dyrleika j Borgarfirdi j Lvndar kirkiv sokn med samþykki Jons bonda sins ok fyllv jayrde ok handabandi ok samþykki Þorridar Jonsdottvr modvr sinnar er þa var hennar logligre rfinge til æfnligrar eignar ok frials forrædis vndan sier ok sinvm erfingivm med todvm ok eingivm hvsvm ok haga rekvm ok skogvm ok med jtokvm j adrar jarder ok aullum þeim giædum ok landznytivm sem greindre jordv Hesti fyllger ok fyllgtt hefir at fornv ok nyiv ok hvn vard fremst eigandi at med logvm til ytzstv vmerkia motz vid adrar jarder. Hier j mot skylldu þrattnefnd Halldora sier ok sinvm fodvr Gvdmvnde Hramssyni ok sinni modvr Þvrride Jonsdottvr ok sinvm bændvm Oddi Polleikssyni. Eyolfi Hialtasyni er þa voro fram farnar af heiminv. sem gvd þeirra sal haf. ok Joni Sigurdzayni er þa lifde. ad vera vnder bænahaldi klavstrzens æfnlega ok ollv sinv folki sier til eilifrar salvhialpar ok ollvm kristnvm salvm med þeim skillmala at klavstrid skylldu hallda hennar artid æfnliga þan dag sem gud kalladi hana edr færa hana sem navdsyn stendr til en eitt sinn æ arinv. þangat til skipadi hvn . x^o . kirkivnni þar æ Hesti þar j jordinne fyrir gamla instædv utan klavstvrzens formenn villdv leyaa til sin jardar partinn. skylldu titt nefnd Halldora Gudmvndardotter sværa laga riptingum æ adr greindre jordv Hesti. en klavstrzins formenn j Videy hallda til laga en ef jordin geingi af klavstrinv med logvm þa gaf hvn ok skipadi aptr j stadin gvdi ok ivngfrv Marie ok klavstrenv j Videy jordena Steinþorsstæde er liggr j Borgarfirde i Reykholtz kirkiv sokn xxiiij^o at dyrleika ok þar til x malnytv kvgilde til æfnligrar eignar med ollvm þeim skillmala epter því sem fyr skrifad stendr.

Ok til sannenda hier vm settvm vier fyrnefnir menn vor insigle fyrir þetta giornings bref ok hennar testamentvm skrifad j sama stad deige ok are sem fyr seigir.

420. 10. September 1498. á Skriðu í Fljótadal.

NARFI prior á Skriðu selr Einari ábóta á Munkapverá og klanstrinu þar jarðirnar Lækjardal og Flautafell í Þingeyjarþingi og nokkurt lausafé fyrir þau fimtán hundruð, er Narfí prior hafði upp borið af peningum Guðrúnar Bárðardóttur vegna Einars ábóta.

AM. Fasc. XXXIII, 28, frumritið á skinni. Af 4 innsiglium eru nú tvö fyrir bréfinu. — Apogr. 8027.

kaupbref fyrir lækiardal og flautafelle 1498.¹⁾

Þath giorum vier halli magnusson. steffan helgasen og þodr þorsteinsson godum monnum kvnnigt med þessv vorv brefi at sub anno gracie Mcd xc viij^o a manudaginn næsta epter Mariv Messo sidari vm havatid á klavstrinv á skridv j fliotzdal voro vier j hia savm og heyrðvm æ ord og handaband þessara manna abota einars fra mvnkapveræ af einne halfv og priors narfa af annari at sva fyrir skildv at prior narfi selldi þa þar med handabandi med samþycki brodr jons abota einari og hans klavstri mvnkapverðu til fullrar eignar og frials forrædis sva heitandi jardir lækiardal er liggr j skinnastadakirknu soken og flautafell er liggr j svalbardz þingum med ollvm þeim gognum og giæðvm eigvm og jtokvm sem þessum greindum jordvm fyllgdi og fylgt hefði at fornv og nyiu og hann og hans klavstr hafdi fremzt eigandi at ordit og þar til flogr hvndrvd j smiori og navtvm. hier j mot gaf greindr aboti einar. xv. hvndrvd þav somv sem prior narfi medkendizt at hann hefde vtt tekit og vppborid af peningvm gydrvnr bardardottr æ vegna abota einars j malnyta og fridam peningum. skylldi prior narfi svara laga riptingum æ fyrr greindvm jordvm en abote einar hallda til laga. Og til sanninda hier vm setti asgrimr hallzson hver er forsagnarvottr var at þessv fýrgreindu kavpi og skildaga sitt jnnscigli med vorvm jnnsciglvn fyrir þetta jardakaups bref akrifad j sama stad degie og are sem fyr segir.

¹⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi.

421. 16. September 1498. á Hallsteinsnesi.

Bróæw jungkæri Þorleifsson gefr og aptr leggtr Andrésal bónda Guðmundssyni og sonum hans, Guðmundi, Ara og Bjarna, garðinn Saurbæ á Raudásandi með þeim jörðum, er þar fylgja, Núp í Dýrafirði, Hest í Önundarfirði og aðrar fleiri jarðir, er átt hafði Guðmundur Arason og Helga Þorleifsdóttir, en Andrés gefr og uppleggr í mót Reykhóla og aðrar fleiri jarðir.

AM. Fasc. XXXIII, 23, frumritið á skinni, dálítið skemt af fúa. — AM. Fasc. XXXIII, 24, transskript á skinni frá 80. Apríl 1512 (fyllir skörð frumritsins). — Apogr. 5715.

Giorningsbref andres Guðmundssonar og sona hans og biarnar þorleifssonar af audrvum partte.¹⁾

Þat giorum vær pall Bondj jonsson. helligi giasalon. Þorbiorn jonsson. pall aronsson. [jon jonsson. pall arúson²⁾ Guðmundr eyuindzson ok³⁾ Einar jonsson godum monnum uiturligt med þessu voru optnu brefi. at þú er lidit var fra hingadburd uora herra jesu christi þusund. cccc. niutig-er ok attð. ðr. Sunnvdaginn næsta epter exalltacio sancte crucis æ hallsteinsnesi j gufvdals kirkiusokn. vorum værr j hiú saum ok heyrðum ú ord ok handabañð þessarú manna Iungkæra Biarnar þorleifssonar Enn af annari alfu. andres Bondú guðmundssonar ok guðmundar bondú andressonar. sonar hans. at sua firir skildu. at adur nefndr Biorn þorleifsson gaf ok aptur lagdj greindum andresi guðmundzsyne ok guðmundi andressyne. arú ok biarña sonum adress Sua heitandj odaljarder ok jarðú eigner sem hier seiger. fyrst gardinn saurbæ er liggur ú raudásandi ok allar þærr jarder er þar til [heyrú ok j þeim hrepp liggidú⁴⁾ er guðmundr arúson attj ok hans kuinnú helliga þorleifsdotter sem gud þeirra sal nadj. ok þar med þær jarder sem liggia j talknúðfirði ok fyrr greindr guðmundr attj. Hier med Nvpp j dyrafirdj ok allar þærjarder er vnder þann gard

¹⁾ Utan á frumritinu með gamalli hendi. ²⁾ [hlaupið yfir XXXIII, 24. ³⁾ b. v. XXXIII, 24. ⁴⁾ [liggia ok j þeim hrepp(!) XXXIII, 24.

lagv til byggingar ok j dyrafirdj væri ok optnefndur gudmundr att hefði. Þar med hest j annundarfirdi ok [þær jarder er þrattnefndur¹⁾] gudmundr attj ok allar þær jarder er liggia firir nordan añarfiord ok hingad at langdnesi ok þrattnefndur gudmundr attj. Suo ok kalladarness ok er liggur j biarñarfirdj med aullum þeim jordum ok jardar eignum er liggia vm strander ok steingrimsfiord ok tittnefndur gudmundur arðson atti ok att hafði. Handlagdj optnefndr Biorñ þorleifsson þessa alla adur greindá peningá vndañ sier ok sinvm erfingium. en vnder adr greindañ andres gudmundzson ok hans erfingia til æfñligrar eignar ok frialls forrædis sua framarligá sem hann matti fremst med laugum gjorá. Hier j mot gaf ok vpplagdi opt nefndr andres gudmundz(son) ok gudmuñdr andresson ok hans brædur are ok biarne synir andres titt nefndum Birne Þorleifssyni Gardin Reykiahola er liggur á Reykiánesi ok allar þær jarder er liggia á Reykianese ok vm kroksfiord ok þoskófiord. ok titt nefndur gudmundr arðson attj ok att hafði. Hier med skaleyjar ok huallatur ok allar þær eyjar er liggia á breidafirdj ok gudmundr arðson attj. sua ok halfá eyrj j kollófirdj. jllugástadj ok uattarness er liggia j skalmarfirdi. ok litló hlið er liggur á bardastraund. sua ok þær jarder er liggia j skautudolum j anarfirdj jnn frá fífustaudum er ligia j selardals kirkiu sokn. ok gudmundur arðson attj. Handlagdj optnefndr Gudmundr andresson ok andres gudmundzson firir sic ok sina sonu ará andresson ok biarñá andresson þa alla adur greindá peninga. vndañ sier ok sinum erfingium. Enn vnder adurgreindañ Biorñ Þorleifsson ok hans erfingia til æfñligrar eignar ok frialls forrædis. sua framarliga sem þeir mattu þat fremst med laugum gjorá. Lystj tittnefndur jungkærinn Biorn Þorleifsson j sama handabandi at hann segdi þessa fyr nefndá peningá aptur unðer opt nefndañ andres gudmundzson ok hans erfingia til friðar ok frellsja firir sic ok sindá foreldra er þá hefði vm lañgá tímá haft ok halldit. Ok til sanninndá hier vm settum vær fyrr

¹⁾ [fyr greinda XXXIII, 24.

nefnder menn vor junsiglj firir þetta bref skrifad var j sama stad degj ok arj sem fyrr seiger.

422.

17. September 1498. á Hallsteinsnesi.

12. Janúar 1499.

undir Felli.

GUDMUNDR Andræsson gefr og geldr Þorþirni Jónssyni frænda sínum jarþirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðarnesskirkju-sókn, að tilgreindum rekum, og lofa þeir hvor öðrum styrk og hjástöðu að halda peningum sínum.

AM. Fasc. XXXIII, 17, frumritið á skinni. Fimm innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en þau eru nú öll dottin frá.

Þat gior¹⁾ ec gudmundr andresson godum monnum uit-urlikt med þessv minu optño brefi. at ec hefui gefith og golldit þorbirnie jonssyne frændóu minvm .ij. jarder er sua heitta kaldbak og kleifar er liggia j kalladarness kirkiu sokn med aullum þeim gaugnum og gædum sem greindum bædum jordum fyllger og fyllgt hefer at fornu og neyu.¹⁾ Epter þui fremsta sem ec hefui eigandi ath uordit. Serligóu med aullum rekkóu jafnuel j ey sem óu meginlandj. fratekit langligum jtaukum er adur tyllger þessum jordum vndan mier og minum erfingivm enn under adur nefndan þorþiorni jonsson og hans erfingia. Skal adurgreindur þorþiorni þessar jarder at sler taka at næstvm fárdaugvm ed kemur og æfniliga eignast. Lofadj huor audrum styrek og hiðstandv og sinv fyllge ath hallda sinum peningum. for þessi giorn-inger fram mañudaginn næstan fyrir Mathens Messo um haustid¹⁾ óu hallsteinsnesi j gufudals kirkiu sokn. Þessum godum monnum hñaueraundvm. andresi bonda gudmundz-syne. Pale bondóu jonssyne. gudmundj eyuinztýne. Pale arasýne. Og til meirj sanninnda hier (vm) set ec gud-mundur andresson mitt innsiglle med adur fyrr greindróu mannóu jansigllum fyrir þetta jardarþref er skrifad uar under

¹⁾ Svo. ²⁾ þ. e. 17. Sept. 1498.

felli j kollafirde langardaginn næstó fyrir geislódag um veturinn. Þæ er lidit nar fra hingadbvrd uors herra jhesu christi þusund. cecc. niutiger og niu ar.

423.

9. Október 1498.

í Flatey.

19. Apríl 1530.

á Ökram.

VITNISBURÐARBRÉF, að Björn Þorleifsson hafi afhent þeim mágum sínum Eyjólf Gíslasyni og Grími Jónasyni, í arf kvenna sinna, jörðina Stærriakra í Blönduhlíð, Eyvindarstaði, Hvallátr og Skáleyjar, og skyldi Björn kvittr um arfskiptið.

AM. Fasc. XLVII, 26, transskript á skinni frá 24. Apr. eða 11. Sept. 1542.

bréf grims og eyolfs gíslasonar vm peninga
biarnar þorleifasonar er hann gallt
þeim latur og skaleyjar.

Þat giorum væR coldfur oddason. jon einarsson og Biorñ jonsson Godum monnum witurligt med þessv voru opnv brefi. arum epter gudz burd. M. cd. og niutiger og atta ar. þridindagin næstan¹⁾ fyrir veturnætur j flatey á breidafirdi. voru vier j hið sáum og heyrðum sa at biorñ þorleifsson fleck þeim eyjólf gíslasýne og grime jonsýne vegna kuenna sinna. helgu þorleifsdottur og gudnyar þorleifsdottur. sýstra sinna. til fullrar eignar med handabande. j arflasan eppter fodor sinn og modur. þorleif biorsson og jngvellði helga-dottur. þessar jarder er suo heita. Stæri akra j blonduhlíd j skagafirdi. Gývindarstadi j blondudal. med þeim jordum sem þar til lægi fyrir hundrad hundrada. hualatur og skal-eyjar á breidafirdi fyrir attatigier hundrada. Hundrat hundrada j jordum vestur j arnarfiardardaulum. xij hundrud faett j. og þa peninga alla at auki adra er þeim systrum Helgv og gudniu voru heimañ gefner adur. þa er þær gipttazt. Hier med skjýlði fyr nefndur biorñ þorleifsson

¹⁾ næstar, transskr.

vera auðdunga kúttur og ókærulaus um aður greintt arf-skipte vit systur einar aður greindar helgu og gudnýv um þann arf sem þeim hafði til fallit eftir faður sinn Þorleif heitin Þiornsson. skyldu þessir aður greindir menn Eyolfur og grimur skipta þessum peningum ein þ millum laugliga. og alldre voru þa stærre akrar eignader ne ónafn-ader helgu Þorleifsdottur af nokkrum manni heildur enn adrer peningar þ þessum þeirra giorninge. var allur þessi giorningur giorn ad ynguelli helgadóttur modur þessara þratnefndra sýskina hia verande og samþýckandi.

Og til sanninda hier um. settum vær fyr nefnder menn vor yngile fyrir þetta giorningsbref er giornit var a stær-um aukrum þ skagafirde. enn þridia dag þ paskum. þd lidit var (fra) guds burd. M. d. og xxx. ar.

424.

11. Október 1498.

í Flatey.

2. Nóvember 1523.

á Reykhólum.

Þjórn Þorleifsson fær Grími Jónssyni jörðina Minniakra í Skagafirði og kvíttar hann um andvirðið.

Eftir afskrípt staðfestri á Hólum í Hjaltadal 6. Júní 1704 af Hal-dóri Þorbergssyni og Jóni Jónssyni.

Þat giorn ec Þiorn Þorleifsson godum monnum kunn-igt med þessu minu opnu brefi. at árum eftir guds burd þusund flogur hundrud nýttjer og atta ár fimttudagin næst-an fyrir veturnætur í flatey á Breidafirde fleck ec grijmi Jonsaine vegna gudnyar þorleifsdottur jordina er heither minni Akrar og liggur þ Skagafirði med ollum þeim gogn-um og gædum. er greindre jordu fylger og filgt hefer at fornu og nýu. og eg oc min mod(e)r fyrir þad fram vrdum fremst eigendur at. thil yzth(r)a ummerckia er adrar jarder eijga thil mothz vid hana. Skilldi greind gudny eignast nefnda jord þessa thil æfinligrar eignar og frials forrædis vndañ mier og minnum Erfingum. Enn vnder greinda Gud-nyu og hennar Erfingia. Suo og medkenunzt (eg) aður

nefndur Biorñ Þorleifason at ec hefer falla og alla peninga vppborit fyrir greinda jord minni Akra so at mier nel a-næger. þni giefr ec adur nefndr Biorñ Þorleifason fyrr greinda Gudnyu knitta og ákærulausa fyrir nefnt jardar verd fyrir mier og ollum minum epterkomendum. Og thil sanninda hier vñ setta eg mitth Jngsigli¹⁾ fyrir þetta jardarþref og knittunar er giortt var a Reykiaholum a reykianesi manadæginñ næstani epter allra heilagra messu. Arum epter guds burd þusund fimm hundrud xx og iij ár.

425.

4. Nóvember 1498.

í Fagradal.

KAUPMÁLABRÉF Hallvarðs Etrikssonar og Þorgerðar Jónsdóttur.

AM. Fasc. XXXIII, 19, frumrit á skinni. Af 4 innsiglium er eitt fyrir bréfinu. — Apogr. 3975.

Kaupmálabref halluardz og þorgerdar 1498.²⁾

Jñ nomine domini.

var suo felldr kaupmali lýstr og stadfestr á brullaupsdeigi millum halluards eirikssonar og þorgerdar jonsdottr. at þau lögdu med ser helmingafelag feingins flar og ofeingins. suo og gaf huort odru fiordvngsgiof ur sinu fe sem leingr lifdi suo framt sem þau etti ecki skilgetin börn sin firir erfingia. for þessi gerningr fram j innara fagradal j saurbæ sunnudaginn næsta epter allra heilagra Messu. Voru þessir brullaupsuottar halldor prestur tyrkingson. jon oddson. oddr sigurdson. jon sueinsson og mörgum odrum godum monnum nærverðndum. og til sanninda her um settum nær fýrgreinder menn vor jncigli fyrir þetta kaupmálabref sem skrifat nær æ huoli j saurbæ arum epter guds burd. M. cccc. xc og viij ar.

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með fornri handi,

426.

6. Nóvember 1498.

í Ósló.

LANDSVISTARBRÉF, útgefið af Hans konungi, handa Guðmundi Andrésyni, er varð Einari Hallssyni óforsynja að skada.

AM. Fasc. XXXIII, 21, frumrit & skinni fúð, en tímt upp. Innsiglið er glatað.

Vij Hans med gudz nadh Norigis Danmarkis Swerikx Wendis och Gotis konung Hertugh j Slesswigh och j holzsten Stormaran och Dyttersken hertugh Greffue j Oldenborgh och Delmenhorst Sendher ollom monnom theim som thetta bref sea ædher heyra Q. g. och sine. Wer williom ath ther witther ath wer haffuom j heidher widdher gudh saker godra manna bönistadher och ephther thy proffua som her fylgher giffuit gudmwnder andresson som einar haltzsson wart ath skada oforsynio landzwisth och fulle quittañ ath han skall ther fore ware quitt. frij. ledugh och lawss och ollungis akærelawss fore oss och huariom manne. Sua ath jnghen fæddher ædher ofæddher skall haffue mackt forscriffuon gudmunder andresson ath hindre ædher hindre latha. platze. medhe. reeke. quellæ ædher j nokre mathe omaghe hedhen aff om thetta mall. Nema huar som af gerar willi hafua forgiort feo och fridi och werda aldra bothamadher sidhen. War thetta breff giort j Oslo tíissdaghen nesth effther helgoñe messo anno domini Mcdxc octauo aa sextonde aare rikis wars Norigis. Herr Jon polsson porosther ath marie kirkio j oslo Cancellar war incigladæ.

427.

13. December 1498.

í Båghúsi.

12. Febrúar 1499.

í Björgvin.

Bætr Hans konungs, þar sem hann leyfir Stepháni biskupi í Skálholti að láta umboðsmann sinn fara með skip Skálhóltsstóls til verzlunar um ríki konungs og lönd.

Blak. Skalh. XVII, 82, frumrit & skinni. Bæði innsiglið eru dottin frá. — — AM. Apogr. 2876 „accuratissimé o: stafrett, bandret, punctrett“ (AM.)

transkript af kong Hans breff ad biskup stephan megi med frif reida sitt skip til Noregs og hafa þar kaupmannskap et cetera.

Wij hans met gudz nadh biscop j beren. ok erlend frack laugmann j bergwin giorwm godum monnom viturlegt met thesso voro opno breffwe. at vier haffwm sied ok yfuer lesith vor nadug herra kong hanses breff met hans oskaundo junsegle suo latande ord efter ord sem hier eftter stendur.

Wii hans met gudz nad Danmarckis Suerikis. Norigis vendes ok gotes konwng hertwg vt j Sleswik ok j hollsten Stormareñ ok Ditmersken hertug. greife j oldenborg ok Delminhorst. Giöre alle viturlegt ath vij af vor swnderlege gunst ok nade haffua vnt ok tillatet ok met thette vort opne breff vnne ok tillate at oss elskulege verduge ffaders her steffans biscops vt j skalholtt j island vmbodzmenn ma ffare hvt j wor ðike ok land met ffornefnde verduge ffaders skip ok voro ok brwka ther kaupmandzskap met. ok kaupa ther ffore j gen hness honwm behoff giorizt. fforbiudande alle ehno the hellzt ero ellur wera kwnna ok serdeillis vora ffloweta ok vmbodzmenn fornefnde verduge ffaders vmbodzmenn hier æ mot at hindra edur hindra lata meyða kuelia deila omaka ellur vt j nauckurn mata at offorætta vnder wor konwnglega heffnd ok vrede. Giffuit vpp æ vort slot bahws. Sancte lucie virginis dagh arwm efter gudz burd m cd xc viij.

vnder vort secret.

Ok til sannenda hier vm heingium vij fyrrnefnður biscop hans. ok erlend frack lagmann j beren vor junsegle firir thetta trañskriftarbræf. skrifat j beren. vppæ erkebiscops gardinn. manvdagenn næsta eftter festum scolastice virginis. anno domini m cdxc. nono.

428.

24. Desember 1498.

á Stöpum.

GUNNAR Bjarnarson fær Þorbirni syni sínum 40 hundraða í Harastöðum, en það er öll jörðin, fyrir kostnað, sem Þor-

björn hefir haft fyrir honum og ómögum hans og til framfæris honum og þeim framvegja.

AM. Apogr. 428, „Ex vidisse facto 1580“, sem Árni kallar Harastaðabréfið stóra.

um Harastade.¹⁾

Það giorum við Amundi gunnarsson og þorsteinn Eyvínzson goðum mönnum viturligt með þessu ockru opnu brefe. þa er lidit var fra hingatburdi vors herra Jesu Christi þusund cccc niutiger og atta ar. a Harastodum i vesturhopi a hvíttdrottinsdag²⁾ vorum við i hia saum og heyrdum a ord og handaband Gunnars biarnarsonar. og þorbjarnar sonar hans. at svo fyrer skildu at fyrrnefndur gunnar gallt og luckti þorbjurne syne sinum tvau hundrud og xx i jörðunne Harastodum. fyrer þau xiiije er hann hafde adur upp bored og utteked af þorbirni og fyrer þann kostnad sem hann hefur haft fyrer hönum og omogum hans uppa fimm dr. Svo og eij sýdur fleck tíjtnefndur gunnar þorbirni til fullrar eignar. og med handabande þau xviije sem obitaulut voru i harastodum sier til framfærslu og sinum omogum. Og til sanninda hier um setium við fyrrnefnder menn ockar innsigle fyrer þetta bref er giort var a Stöpum a vatnsnesi. manudagin næsta fyrer Columba-messu Anno Domini M^o cccc lxxxx octo.³⁾

429.

27. December 1498.

í Tungu.

GUÐMUNDR Andrésson gefr og geldr Þorbirni Jónssyni til æfinlegrar eignar jarðirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðar-nessakirkjusókn.

AM. Fasc. XXXIII, 22, frumrit á skinni. Fjögur innsigli hafa verið fyrir bréfinu, en þau eru nú til dottin frá.

¹⁾ Á spássíu með hendi Árna. ²⁾ Þ. e. 8. Jání. ³⁾ Svo. Dagsætningin er einkennileg því að hana ber uppá aðfangadag jóla sjálfan, þó ekki sé miðað við jól.

Þat giorum vær Andres gudmundzson ok Pall jonsson. Gudmundr eyvindzson. pall aráson godum monnum viturligt með þessu uoru optfðu brefi þú er lidit var fra hingatburd uors herra jesu christi þusund. cccc. nítíger ok attú á. a hallsteinsnesi j gulfudals kirk(i)u sokn maundaginn næsta fyrir Matheus Messo um haustid¹⁾ vorum vær j hia sónum ok heyrdum á ord ok handdúband þessara manna gudmundar bondú andressonar af einne alfu. enn þorbiarnar jonssonar af annarj. Sua fyrir skildu. at adur nefndur gudmundur andresson gaf ok gallt fyrnefndum þorbirne jonssyne jardernar kalldbak ok kleifar er liggia j kalladarness kirkiu sokn til æfnligrar eignar með aullum þeim gaugnum ok gædum. ækvm ok renningvm. huolum ok hafrekstrum. hlutum ok hlunniðum ok aullu þui sem fyrr greindum jordum fyllger ok fyllgt hefer at fornv ok neyiu²⁾ ok aullu þui finnaz kann á jordu ok j jordu. Skilde optnefndur gudmundur andresson þessar fyr nefndar jarder vndañ sier ok sinum erfingium en under optnefndañ þorbiorn jonson [ok hans³⁾] erfingia. honum til æfnligrar eignar ok frialls forrædis fyrir sier ok aullum sinum laugligum epterkomendum. Samþykkti þenna giorning tittz nefst³⁾ gudmundar andressonar andres gudmundzson hans fader ok are andresson. lofadi gudmundr andresson at styrkia ok stydia þorbiorn jonson til at halda fyrr greindar jarder. Ok til sanninda hier um settum vær fyr nefnder menn uor jnsiglli fyrir þetta vitnesburdarbref skrifad j tungu j steingrimsfirdi. þridia dag joldú vpp á jons Messo dag samú are sem fyr seiger.

480.

29. December 1498.

á Núpi.

18. Maí 1506.

á Brandagili.

SNORRI JÓNSSON selr Árna Jónssyni jarðirnar Haug og

¹⁾ þ. e. 15. Sept. ²⁾ Svo. ³⁾ [tvískrifad í frbr.]

Spena í Núpédal fyrir Tannstaðabakka í Hrutafirði og sex hundruð í fullgildispeningum.

AM. Apogr. 899 eptir frumriti, sem 4 innsigli höfðu verið fyrir. „Þetta að vera rietta copiu af gömlu kalfskinnsbrefe, nu innsiglalausu, vottum við aðerskrifadar Arne Magnússon — Páll Hákonarson“.

Þat gíorum nær þorsteinn prestur gudmunzson. jon gudmundzson. eirekur oddzson og olafur einarsson godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi at þa lidit nar fra guds burd þusund flogur hundrut lxxxx og uijj ær fimtadag jola um neturinn a nupi hinum efra j nupédal. uoro uær hia saum og heyrðum ði ord og handaband þessara manna af einni alfu arna jonssonar med fullu samþycki þordisar arnadottur modur sinnar og syskina sinna gudmundar jonssonar. sunifn og herdisar. enn af anuarri alfu snorra jonssonar at so fyrir skildu af fyr nefndum þorsteini presti er forsagnaruottur nar fyrir epterfaranda gíorningi. at snorri selldi greindum arna jordina alla haug iij hundrudum og. xx. og alla jordina spena xij hundrut til fullrar eignar arna. modur hans og syskinum med ollum þeim gógnum og gædum sem greindum jordum fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og hann uard fremst eigandi at. liggia þessar jarder j nupédal j nups kirkiu sokn. hier j mot gaf arni alla iordina tannstadabacka j hrutafirdi [flaugr. c.¹) og xx. i stadar kirkiu sokn greindum snorra til fullrar eignar med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu og hann uard fremst eigandi at. og þar til uj²) hundrut j fullgilldizt³) peningum. skyllði huor um sig fyrr greindra manna snara laga biptingum a þeirri iordu er selldi enn bader halda til laga þeim er keyptu. Og til sanninda her um settu uær fyr nefnder menn uor innsigli fyrir þetta jardarkaupsbref skrifad a brandagili j hrutafirdi manudag-

¹) [„þessi 2. ord eru óskir enn: og xx. er skirt“ (AM). ²) „fyrrer numerus er þust fuenn. kynni hafa vored ij. enn eeki uj. kynni og endilega hafa vored. xij. þó er það eeki vel so stort“ (AM.). ³) Svo.

inn næsta fyrir uppstigningardag. arum efter gudz burd þusund fimm hundrud og vj á. r.

431.

1498.

á Hóskuldstöðum.

VITNISBURÐARNEF um kaupmála og meinbugalansan hjónabandsgerning milli Jóns Sigmundssonar og Bjargar Þorvaldsdóttur.

Eptir Morðbréfabæklingi Guðbrands biskups hinum fyrsta (Apologia), Hólum 1592 og Reykjavík 1902, bls. 81—82, þar tekjö eptir Afbótunar-skrá Jóns Sigmundssonar (Nr. 7) frá 1508. — AM. Apogr. 8961. Sbr. Nr. 362, 363 og 364.

Allum godum Mönnum. sem þetta Brief sia eda heyra senda Sugurdur Dadason. Jon Fusason. Sugurdur Juarson. Sveinn Þorfinnsson. Basse Arason. Jon Þorarensen. Brandur Þorlaksson. Hallgrímur Skulason. Þornardur¹⁾ Þorsteinson og Biörn²⁾ biörnsson. Kuedfu Gudz og sijnna kunnugt giðrande med þessu voru opnu Briefl. ad vier vorum a Hósköldstöðum a Skagaströnd vñ veturenn i þann sama tíjd. er þar var framsgdur og vppreiknadur Kaupmale og Fiekaup þad sem fram hafde fared a mille Jons Sigmundssonar og Biargar Þornalldsdottur³⁾ er Sugurdur Juarson hafde Forsagnar Vottur fyrer vered greindum Kaupmala og Fiekaupe. Enn sera Jon⁴⁾ Officialis heilagrar Hóla Kyrkiu Giptingarmadur greindrar Konu Biargar. epter því Skilorde. sem þetta þeirra Kaupmalabrief vtuijsar. er hier er med fest. þessu voru briefe. Var þa og opinberliga adspurt og epterleitad af greindum sera Jone Officialis Heilagrar Hóla Kyrkiu. huort onguer være þeir þar innan Stofu eda Stadar. sem Meinbuge visse i mille greindra Manna. Jons og Biargar. Frændseme edur Mægder. suo ad þau mætte ei med Lögum eigast. Enn aller þeir Menn sem þar voru saman komner. sögdu Nei fyrer. ad þeir visse nóckra Meinbuge greindra manna [i mille⁵⁾]. Voru þa vñlidnar og vte

¹⁾ Þorvaldur 8961. ²⁾ Biarne 8961. ³⁾ Þorvaldsdottur(!) 8961. ⁴⁾ Þorvalldson b.v. 8961. ⁵⁾ [á millum suo þeir visse 8961.

lysingar í heilagre Kyrkiu títt taldra Manna á millum Jóns og Biargar. eptir þú sem Kristeñ Riettur vtuijsar. og hann giðrer Rad fyrer. og fundust eingen Mein sagdra Manna á mille. Og þar epter med Jayrde Biargar og samþycke Giptingarmanns hennar. sera Jóna. þa feste Jón Sigmundson títt talda Konu Biörgu Þorualldadottur [sier til lögligrar Elginkonu¹⁾ epter öllum þeim Orðum og Adkæðum sem Kristenriettur vtuijsar. og lögligre Festing til heyrer. að²⁾ oss öllum fyrskrifudum Mönnum nærverundum og asiaundum. og að Festingar Vottum tilteknum. sem voru³⁾ vier fyrr greinder menn [Setium vier vor⁴⁾ Jnsigle fyrer þetta Festingarbrieff. er giðrt var í fyrrgreindum stad. þa lided var fra Hingadburð vors Herra Jhesu Christi M. CD XC viij.

482. 28. Janúar 1499. á Skarði í Langadal.

Bæfr, að Hallvarðr prestr Bjarnarson hefði gert Einar Magnússon kvittan um tilkall til Villinganes, og að Sturla Magnússon lúki Salbjörgu Gunnarsdóttur nefnda jörð.

Bisk. Hol. Fasc. III, 5, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá.

Kuittan vñ halft villinganes 1499.⁵⁾

Þat giore eg stulle magnússon godum monnum viturlegt med þessu minu opnu breff. at eg heyrda salbjörgu gunarsdottur. eyolf andresson ok grim þosteinsson lysa þú fyrir mier at halluardur prestur bjarnarson hefði giort med fullu handabande einar Magnússon aullung(i)s kuittan ok ókærlausan um þa akæru ok tilkall sem fyr nefndur halluardur þottizt mega kalla til jardarenar uillinganes.⁶⁾ suo medkennunz eg adan nefndr stulle at eg hefe lukt salbjörgu gunnarsdottur fyrr greinda jörd. halft uillinganes.⁶⁾ sagditz salbjörg þessa jörd uilia hafa í sina peninga af

¹⁾ [al. 8961; ²⁾ af(!) 8961; ³⁾ al(!) 8961; ⁴⁾ [settum(!) 8961. ⁵⁾ Utan á bréðanu með gamalli hendi. ⁶⁾ Svo.

pui at hun sagdizt uita fyrir full sannende at sira halluardur hefde þat kuitt gefit. suo ber eg tit nef(n)dr stulle handaband at þratt nefndum halluarde preste ad hann hafe kuittan gefit einar magnusson. Ok til sannenda hier un setta eg mitt insigle fyrir þetta uittnisburðarþref skrifat a skarde i langadal manudagin næsta fyrir purificacio sancte marie þa lidit uar fra hingathurd uora herra ihesu christi þusund. cccc. nietiger ok nia dár.

488.

1. Marts 1499.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti gefr Sturlu Þórðarson frjálsan og lidugan að gera hjúskaparband við Guðlaugu Finnboga-dóttur.

AM. Fasc. XXXIV, 14, frumritið á skinni, og er innsiglið dottið frá.

vm Hionaband Stulla Þordarsonar (og)
Gudlangar finnbogad(ottur).¹⁾

Vær stephan med guds näd biskup j skalholite giornan godum monnum kunnigt med þessu noru opnu brefi at stulle þordarson kom fyrir oss og sagdizt uilldu fa gudlangar finnbogadottur sier til langligrar eiginkonu suo framt sem þat meinvdv ecki guds laug. enn fyrir saker þess at þar hafde nauckur kuittur upp komit at greindur stulle þordarson hefde leigit skyllda konv fyr nefndum finnboga jons-sýne langmanni fautr adurnefndrar gudlangar þa synde opt nefndr stulle oss Gitt skial og forsuar vnder godra manna jnsiglym lædra og leikra þat sem oss virdizt fulla næiu og magt giora at hrinda þeirri hindran sem uerda mætti ef þat hefde verit satt sem rætt uar þar vm og at suo profudu og fyrir oss komnu þa gefvm uær þrattæfndan stulla fri og fríalsan lausan og lidugan j allan mæta at

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. Með gamalli hendi stendr og á bréfinu: „þesse bref liggja fyrir dalla iondvm“.

giora sitt hivskaparband med greinda gudlangu finnbo-gaddottur. Ok¹⁾ til sanninda hier um settum nær nort jnsigle fyrir þetta bref skrifad j skalholhti ju festo sancti donati episcopi martiris anno domini [M^o cdcxix.²⁾]

484.

26. Marts 1499.

á Svalbarði.

VITNISBURÐUR um máldaga, eignir og ítök Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd.

AM. Apogr. 208, afskript staðfest 8. Aug. 1708 í Skálholti af Magnúsi Markúsasyni, Snorra Jónsýni og Þórði Þórðarsyni, eptir afskript gerðri eptir „áinnum original“ og staðfestri 6. Maí 1708 á Svalbarði á Svalbarðsströnd af Guðmundi Guðmundsýni, Árna Ólafssýni og Þorsteini Eiríkssýni. Þetta bréf er þxi líkt sem það væri falsbréf, og hefir einga stöð í eldri máldögum, sem nú þekkjast.

Það giörum vier Are Sigurdsson og Einar Einarsson godum mönnum kunnugt med þessu ockar opnu brefe. ad vid höfum sied og yferlesid gamla Máldaga Svalbarðskirkju j Þyafirde. eptir oskum Magnusar bonda Thorkelssonar. so láttande. ad adurnefnd kirkia á siöttung j vidreka fyrer hvörre eirne jördu á Svalbarðsströnd utan under Hrand og jan under tvilæku fyrer innan Veigastade. enn áttung j hval of hvalur er ej skiemre enn tvitugur. Svo og fleck Socke prestur það reka jtak til Svalbarðskirkju fyrer legstad under sig og [sina konu³⁾] Þornju. Brikur þær fyrer utan land sem liggia fyrer hiedan Kieflawik med öllam Reka hvals og vida. og flordung þaðan ad klett þeim sem stendur framan á Kialkanese. so og stod j sama máldaga ad hvör buande j takmarke kringum Svalbard. áttu eptir gömlum giörninge med skylldu ad lia Svalbarðsbonda mann til skipsárodra á vor á hafis skip. enn þeir aptur áttu med frelse skiled eirn dag á sumar fiörugögn öll á Svalbarde hvörn þeir villdu. Og til sanns merkis hier um

¹⁾ Svo hér; annars: og. ²⁾ [svo; misskr. fyrir: M^o od xc ix. ³⁾ [Svo(!)]

þrickium¹⁾ við okkar júsíglum hler under ð Svalbarde næsta dag epter Maríumessu ð föstu M cccc ix tígur og viiii ðr.

435.

1. Apríl 1499.

á Helgafelli.

Bróan Þorleifsson selr Haldóri ábóta og klaustrinu á Helgafelli jörðina Máfahlíð milli Ennis og Hófa fyrir Látr í Aðalvík og nokkurt lausafé, sem bréfið greinir.

Eptir skjalabók í Landskjalasafni 94. 4^{to}, bl. 138b, með hendi Jóns lögmanns Sigurðarsonar c. 1600. — Ágrip bréfnis er í AM. 252. 4^{to} bls. 47 (ártal 1599); AM. 430. 4^{to} (ártal 1499); AM. Apogr. 1595; Landsbókasafn 108. 4^{to} bls. 35 (ártal 1499, al. 1509).

Brieff wim Máfahlíð.

Það gíorum vier Einar Þorolfsson. Jon Þordarson. Magnus Halldorsson og Arnor Jngimundarson godum monnum kunnugt með þessu voro opnu bríefe að ð annan dag þaska á Helgafelle j Helgafellzsueit þa líjdit var fra hingadburd vorz herra 1499 vorum vier j hía saum og heyrðum ð ord og handaband þessara manna Halldorz abota á Helgafelli og Biarna(r) Þorleiffssonar að so fyrir skildu að Biorn Þorleiffsson selldi adurskrífudum abota Halldore og klaustrinu á Helgafelle Jordina alla Máfahlíð er liggur j millum hofða og enniss j froður kirkiusokn með ollum þeim gognum og gíædum sem greindre jordu fylger og fylgtt hefur að fornu og nýju og hann varð fremst eigandi að epter fodur sinn Þorleif Biorsson. Hler j mot gaf firskrifadur abote jordina latur j Adalvík er liggur j Stadar kirkiu sochn með ollum þeim gognum og gíædum sem greindre jordu fylger og fylgtt hefur at fornu og nýju og klanstrid varð fremst eigandi (að) og þau kugillde sem þar stodu með fyrir xxx^o og þar til hafði abotinn bitalat

¹⁾ Þetta ord er nær óráekt merki upp á fala. Um 1500 voru menn ekki farnir að „þrykkja“ innsíglum á eða undir bréf, heldr „heingdu“ menn þau eða „setta“ „fyrir“ eða „undir“ bréfin. Flest falsbréf flaska einmitt á þessu eða svipuðu.

fvir hanz brief ij vætтар fiska og xx. gamallt naut fyrir
 ij^o og þar til skilldi abotinn gefa lest fjúka fyrir x^o og
 hann luckti honum þar til þa vppa iijj menn oll thýgie fyrir
 xj^o. lofada huor þeirra at suara lagariftingum a þeirre
 jordu er selldi enn huor hallda thil laga þeirre er keyptti.
 og til sanninda hier vñ et cetera.

436.

[1499].

Björn Þorleifsson kvittar Halðór ábóta á Helgafelli um
 andvirði Máfahljóar.

Eptir skjalabók í Landskjalasafni 94. 4^{to}, með hendi Jóns Bg-
 manns Sigurðssonar c. 1600.

Kuittan fyrir maahljdar anduirde.

Þad giore eg Björn Þorleifsson godum monnum kunn-
 ugt með þessu minnu opnu brieft ad ee meðkiennist ad
 Abotinn Halldor a Helgafelli hefur luckt mier fulla og alla
 peninga sem mier vel anægier og i kaupi ockar var skilid
 fyrir jordina alla Maahljd. Þui gief eg greindan Abota
 Halldor og klaustrid a Helgafelle olldungiss kuittan og a-
 kiarulansañ vñ greintt jardarverd fyrir mier og ollum
 mjunum orfum og epterkomendam.

Og til sannz.

437.

10. Apríl 1499.

í Skálholti.

Ögmundur prestur Pálsson lýsir því, að hann hafi afleyt Jón
 Einarsson af því litla handatiltæki, sem hann veitti Þórkatti
 Gunnarsyni í kirkjugarðinum í Skálholti. (Sbr. Nr. 507).

Bisk. Skalh. XVII, 88 frumrit á skinni með eiginhendi Ögmundar
 biskups. — AM. Apogr. 2877 eptir Skálholtsfrumvritinu „accuratissimé“.

Kvittvarbref jons Einarssonar.

Það giori eg¹⁾ augmundur prestur palson godvm monnum kunnigt med þessv minv opnv brefi aht ek¹⁾ hefi afleyst jon einarsson af þui litla handatiltæki sem hann ueitti þorkalli²⁾ gunarssýne j kirkiugardenvm j skalholkti sem greindur jon einarsson villde sig eigi osekan dæma firir gudi og monnum nær sem til efnis kæme þui baud hann sig audmivkliga til lausnar ok sættar vid heilaga kirkiu eigi firir þa sok ath hann hefði nokra mysþyrming honum veitt j sinu tiltæk(i). helldur firir vareygðar skulld. Suo ok medkændizt greindur þorkell firir mier ath hann hefði haft alla skulld vid greindað jon ok beiddi mig sia suo til ath þeir mætti vnder eins verða vm þau ord sem huor hafði vid annað talatt. Ok til sanninda hier vm setta mitt insigle firir þetta vitnisburðarbrief skrifat j skalholkti feria quarta in secunda ebdomade pasce anno domini M^o CD XCIX.

438.

26. Apríl 1499.

á Víðimýri.

VITNISBURÐAR UM ÚRSKURÐ FINNBOGA LÖGMANNS UM ARF (EINARS ÓLAFSSONAR) DÓTTURSONAR SOLVEIGAR BJÖRNSDÓTTUR.

AM. Fasc. XXXIV, 12, framritið á skinni. Annað inasiglið er dottið frá. — Kriegerssafn 2. 4^{to}, bls. 58—59, með hendi Styrar Þorvaldssonar c. 1700.

Vitnisburðarbrief hver gota Fimbogi hafði urakurðað dottursyni Solveigar.³⁾

Þat giorum við ketill Þorsteinsson og Þorolfur ogmundzson godum monum uiturligt med þessu ockru oppnu brefi ath við heyrðum finboga logman lysa þui fyrir ockur og fleirum monnum odrum at hann hefði aungva peninga aðra urskurðað dottursýne solveigar björnsdóttur uttan þa eina sem hann³⁾ átti og heni hafði matt til erfða falla til med

¹⁾ Svo. ²⁾ Kr. 2. ³⁾ Svo Kr. 2; má eptir frbr. bæði lesa *hann* og *henn*.

reitv¹⁾ Og til saninda hier um settum uid fyr greinder men oekur jncigli fyrir þetta uitnesburðarbréf er giort var æ uidumyri fostudagin næstan fyrir íi postula messo um vorid arum epter gudz burd 00 iij c ix tiger og ix æR.

489.

1. Maí 1499.

á Skinnastöðum.

Þórnæ Brynjólfsson selr, vegna Solveigar Jónsdóttur konu sinnar, Magnúsi Jónsnyni til fullrar eignar jörðina Garð í Þistilsfirði með reka fyrir tíu hundruð í lausafé.

AM. Fasc. XXXIV, 6, framrit á skinni. Bæði innseiglin eru fyrir bréfinu. — Apogr. 8877.

Brief um gard j þistilsfirde.²⁾

Þat giorum vid asgrimr hallzson og jon gvnnarsson godvm monnum kvinnigt med (þessv) oekru brefi at æ skinnastodvm j oxarfirði vorum vid hia savm og heyrðum a at þorðr bryniolfason selldi med handabandi a vegna solveigar jonsdottur kono sinnar magnvsi jonsnyni til fvllrar eignar og frials forræðis jorðina gard j þistilsfirði er liggr j svalbardz kirkin sokn med ollvm þeim gognum og giædvum sem þessari greindri jorðv fylger og fylgt hefði at fornv og nyiv og hann og hans kvinna solveig hofdv fremzt eigandi at ordit. at til skildvm rekaparti fyrir avstan svalbardza er gardzreki er kalladr. hier j mot gaf greindr magnvs nefndvm þorði. x. hvndrvd j fridvm peningum og ofridum. og sagði og greindi j hverivm stad hann skýllði hvert hvndrath taka. en þorðr tok sva hvern skvildarstad sem hann a greindi. þar med sokn og akiærv vpp a hvern sem ei villdi giallda vpp þadan. gaf og giordi opt nefndr þorðr þa j sama handabandi þar magnvs jonson kvittan og akiæru-lavsan vm þetta greint jardar verd. en sagði og³⁾ lýsti solveigv jonsdottr sina eiginkvinnv hafa samþýckt og leyfi til⁴⁾ giefid at þessi jardarsala skilldi halldazt obrigidiliga fyrir

¹⁾ Svo, frbr.; riettu Kr. 2. ²⁾ Utan á bréfinu frá 17. öld. ³⁾ j, frbr. ⁴⁾ tvískr, í frbr.

sier og sinum erfingivm. sagdi hōskolldr bondi Rynolfsson þat satt vera og havd sina borgan vppaa. skýlidi þorðr optnefndr suara lagaríptingum a greindri jordv gardi. en magnvs. til laga hallda. Og til sanninda hier vm settvm vid fyrr nefnder menn ockr juncigli fyrir þetta bref giort á skinnastodum j oxarfirdi a tveggia postula Messo vm vorid. ari epter gvds burd þvshvndrad. fiogr hvndrvd nirtiger og niv ár.

440.

20. Maí 1499.

á Reykhólum.

30. December 1500. í Saurbæ á Rauðasandi.

Björn Þorleifsson selr Helga Gíslasyni jörðina Deildará á Skálmarnesi fyrir xiiij aura silfrfesti, en það, sem jörðin er meira verð, gaf Björn og galt Helga í sín þjónustulaun.

AM. Fasc. XXXIV, 18, frumritið á skinni. Af 5 innsiglum eru nú þrjú fyrir bráðna, og er þó eitt af þeim brákað.

Þat giorum vær þall arunsson. Gindride suartzson. Ormur magnusson. Helgi snartarson godum monnum kunnigt med þessu noru opnu Brefi ad sub anno gracie M^o quadringentesimo nonagesimo nono manudaginn næsta epter huitasunnu æ reykiaholum á reykianesi vorum vær j hia saum ok heyrðum á ord ok handaband þessara manna Biarnar bonda þorleifasonar af einne halfu. en af annari halfu helga gíslasonar at svo fyrir skildu at fyr nefndur bjorn seldi adurnefndum helga jordena alla deillardá er liggur á skálmarnesi j mula kirkiu sokn huer er væri fiorum hundrudum ok .xx. at dyrleika med jayrdi ok samþycki jngibiargar paldottur eiginkuinnu sinnar med þllum þeim gognum ok gædum sem greindri allri jordu fylgdi ok fylgt hefði at fornu ok nygiu epter þui fremsta sem hann hefði eigandi at uordit undan sier og sinum erfingium enn under opt nefndañ helga gíslason ok hans langliga erfingia. Hier j moti feck þrattnefndur helgi optnefndum birne bonda þor-

leifssyni silfurfesti með hleekjum er uo nei þrettan ára er eyiulfar bondi gíslason broder hans hafði gefit honum huer er seldizt ok keyptizt dandi manna j millum fyrir fimtan hundrut. enn þat sem adr nefnd jord deilldarú nar dyrri enn festurin nar verd til þa lysti þratt nefndur biorn fyrir oss. at han gæfi þat ok gilddi tittnefndum helga j sin þionustulann. meðr kenndizt titt skrifadur Biorn bondi þorleifsson þegar samstyndias j sama handabandi at hann hefði fulla ok alla peninga upp borit sem honum vel anægdi af þrattnefndum helga fyrir adr skrifada jord. samþyckta þennan gioraing með j sama handabandi pall bondi jonsson og margret eyiulfsdotter hans eiginkuinna fader og moder hustru jngebiargar paldottur standugan ok obrigdeligan j allan handa mata. atti þratt nefndur biorn bondi þorleifsson at suara lagariftingum æ opt skrifadri jordu enn titt nefndr helgi gíslason halda til laga. af skildu sier adr nefnd eiginhion pall ok margret j sama handabandi fyrir sig ok sina dottur hustru jngebiorgu at eiga nockura tiltolu til opt nefndrar jardar deilldarú upþ þadan. Enn titt nefndur helgi gíslason mega fullilega ok fríalaliga at sier taka titt nefnda jord deilldara at næstum fardogum ok æfnliga eignazt. Ok til meiri stadfestu hier um og sanninda þa setti titt nefndur Biorn bondi þorleifsson sitt inncigli með vorum adr nefndra manna inciglum fyrir þetta jardarkaups bref er skrifat nar j saurbæ ú raudasandi setta daga kneldjola þa er lidit nar fra hingatburde vors herra jhesu (christi) þusund ok fimm hundrut úra.

441.

30. Maí 1499.

á Völlum.

Jón Jónsson lykr heilagri Hólakirkju jörðina alla á Bæ (Ábæ), er liggir í Dölum í Skagafirði, og þrjú hundruð í frídvirðum peningum, og þar með skal Jón og Ragna Finnboga-dóttir kvitt af holdlegum girndum líkamlegrar sambúðar með barngetnaði; en jörðin standi til lausnar um tvö ár fyrir tólf hundruð.

AM. Fasc. XXXIV, 4, frumrit & skinni. Af 5 innsiglium er nú 1 fyrir bréfinu. — Apogr. 8876.

Vm Abæ j dolum.¹⁾

Þeim godum monnum sem þetta bref sia edr heyra senda jon prestur peturson hola biskupsdæmis. hoskolldur rvn-olfason. þorsteinn hakonarson og jon sigmundzson leikmenn sama biskupsdæmis kuEDIU guds og sina kunnigt giorandi med þessu uoru oppnu brefi at þa er lidit war fra hingatburd nors hera jhesu christi iij hundrut ix tiger og niu aR æ dyradag um uorit æ uollum j suarfadardal uorum ver j (hia) saum og heyrdvm æ ord og handaband gudmundar prest(s) jonssonar officiali(s) heilagrar hola kirkiu j þan sama tima og jons jonssonar af anare alfu at suo fyrir skildu at greindr jon gallt og lugti heilagri holakirkiu og nefndum sira gudmundi jordina alla æ bæ er ligur j dolum j skagafirdi alkirkiu jord til fullrar eignar og frials for(r)ædis med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgt hefer at fornu og nyu og greindur jon ward fremz eigandi at undan sier og sinum erfingium og þar til iij hundrut j friduirðingum²⁾ peningum fyrir uttan kapla. skylldi fyrskrifadur jon suara lagaxptingum æ fyr greindri jordu en sira gudmundur hallda til laga. hier æ (moti) handsaladi og kuittan giordi greindr sira gudmundr officialis hola kirkiu sagdan jon jonsson og Rognu finbogadottur frials lidug olldungis kuitt og ækiserulaus uppæ heilagrar kirkiu vegna um þa likamliga samuist sem þau hafa brotlig ordit j holligum girn(d)um likamligrar sambud-ar med barngettnadar³⁾. j suo mata at þau þesser menn hafua jatat sig under skripter sem kirkiunar log tilseig(i)a fyrir anliga frændsemi þeirra æ millum. Skal greindr jon fyrr sagda jord leysa til sin fyrir xij hundrutt j suo logdum friduirðum peningum sem fyrr greiner og hafa leyst jnan ii aza ella jord standi sem skilin er. og til meire audsyningar og sanz uitnisburdar hier um þa setta eg fyrnefndr gudmundur prestur mitt jncigli med þessara greindra

¹⁾ Utan & bréfinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

manna jnciglum fyrir þetta kuittunar kaups og meðkening-
arbréf er giort nar j sama stad dag tima og ari sem fyr
greiner.

442.

31. Maí 1499.

á Staðarfelli.

GUÐFINNA Jónsdóttir gefr Sturlu Þórðarsyni syni sínum
áttatigi hundraða, og kvittar hann af peningameðferð, en
bæði saman ánafna þau Valgerði Þórðardóttur tuttugu
hundruð.

AM. Fasc. XXXIV, 15, frumritið & skinni, og eru bæði innsiglin
dottin frá. — Apogr. 859.

Þat giorum uid baul(u)ar jonsson og jngemundur þorð-
arson godum monnum uturligt med þessu ockru opnu brefi
at þa er lidid nar fra hingadburde uora herra jhesu christi
þusund cccc niutiger ara og niu under stadarfelle a medal-
fellzstrond um uorit á faustudaginn næsta epter festum
corporis christi uorum uid j hia saum og heyrðum á ord
og handaband þessara manna guðfinnu jonsdottur og stulla
þorðarsonar sonar hennar af annare alfu at suo fyrir skildv
at hun gaf honum áttatiger hundrada til¹⁾ fullrar eignar.
nar þar j skiliñ og tileiknuð²⁾ jordiñ kirkiuboll er liggr j
eyrar kirkiu sokn j skutulsfirde fyrir þriatiger hundrada og
þar til fimtiger hvndrada j fridum peningum og ofridum.
suo og j sama giorninge og handabande gaf hun hann kuitt-
añ og akiærulavsañ fyrir sier og aullum sinum avdrum erf-
ingium og eptirkomendum um allañ þann reikningxskap og
medferd a peningum er honum bar henne at suara medan
hann hafdi med hennar peninga farit til þess er þa var
komit j svo dan mata at hann skylde giallda systur sinne
ualgerði .x. c og þar til gallt hun henne aunnur .x. c. og
fieck honum j hendr til umbods þar til syatur hans ualgerdr
þorðardotter uillde ut heimta af honum þessi fyrskrifud
.xx. c. lysti hun þui þa þar suo uid heyrðum at hun hefde

¹⁾ tvískr. í frbr. ²⁾ Svo.

þessu peninga eptir sem svarade¹⁾ uegna dætttra sinna ualgerdar ok gvdþiargar moti þeim peningum sem hun gaf þa fyr nefndum styrlla þordarsyni. uissu uid og þat uel at tiundargjord hennar uar atian hundrud frid og sextan hundrada jord at auki eptir a sama haust. og til sanninda hier vm²⁾ settum uid fyr nefnder menn ockr jnsigli fyrir þetta uitnisburdarbref skrifat j sama stad og are deige sidar emn fyr seiger.

448.

1. Júní 1499.

á Hólum.

KVITTUNARBREF til handa Jóni Sigmundssyni um biskupstíundir.

AM. Fasc. XXXIV, 7, framritið á skinni. Innsiglið er dottið frá. — Apogr. 8878.

Kuittantia gefen Jone Sigmundssyne.³⁾

Þat giori eg gudmandr prestur jonsson officialis heilagrar holakirkju at ec medkenunz at ek hefi giort og gefit jon sigmundzson alþingi: kuitan og sakisærulausan um allar þær biskupstíunder hann hefer att at giallda mier upp æ heilagrar holakirkju uegna fyr nordan oxnadalsheidi af jordum og lausafe nu um næstu vij ar um lidin æ mille þorualldzdalzar og heliardalzheidar og fullt nægilsa upp borit sem mier likar og moguligt er. Og⁴⁾ til saninda hier (vm) setta ek officialis jnnsigli fyrir þetta kuittunarbref er giort war æ holum j hialltadal laugardagiñ næsta efter dyradag um norit arum efter guds burd 9 iij c ix tiger og ix ar.

¹⁾ Svo. ²⁾ tvískr. ³⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld. ⁴⁾ tvískr.

444.

27. Júní 1499.

í Gårðum.

VITNISBURÐUR um lýsing til hjónalags og um festing Bárðar Jónssonar og Sigríðar Jónsdóttur.

AM. Fasc. XXXIV, 11, frumrit á skinni. Innsiglið er fyrir bréfinu.
— Apogt. 8380.

Medklemning Jóns¹⁾ prests um hjónabandslýsingar
bárðar Jónssonar.²⁾

Þat gjore ek bauðnar prestur jónsson godum monnum kunnigt með þessu minn brefi at ek meðkennunzt at ek hef lýst j heilagri kirkju þria drottinsdaga kaupum bárðar jónssonar ok sigrídard jónsdóttur ok þar eptir festi fyr nefndr bárðr jónsson adur nefnda sigrídi jónsdóttur epter þui sem heilagrar kirkju log utvise. Ok til sanninda hier um setta ek mitt jncigli fyrir þetta bref skrifst j gerdum á alftaneal fimtadag næsta eptir jóns Messu baptista. arum eptir³⁾ guds burd þasund flogar hundrvd niutigir ok niu ár.

445.

1. Júlí 1499.

á Oxarárþingi.

ÞÓMRÉ TÓLF manna átnefndr á alþingi af Finsboga lögmanni Jónssyni um stefnu þá, er Brúmann Thomasson í umboði Jóns bónda Björnssonar, vegna Kristínar Sumarliðadóttur, konu Jóns, stefndi Ara Andrésyni um hald á þeim peningum, sem Guðmundr Arason, föðurfaðir Ara, tók fyrir Þorgerði Ólafsdóttur.

AM. Fasc. XXXIV, 8, frumritið á skinni. Af 12 innsiglium eru nú 2 döttin frá. Sum hinna eru brákuð.

Þeim godum monnum sem þetta Bref síðu edr heyra senda añor finsson. jón olafson. oddr sygurdzson. sygurdr juarson. tamas jónson. eyvindr gudmundzson. Bárðr jónson. jugimundr finsson. bárðr olafson. þorleifur orñolfsson. syg-

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með hepd. frá. 17. öld. ³⁾ Tvískrifad.

urdr dadson¹⁾ og jon sigmundzson quædu guds og sina kunigt giorandi at þæ er lidit war fræ hingatburd uors herra jhesu christi þusund iij c^d ix tiger og ix dæ¹⁾ manudagin næstan epter petursmesso og pals um sumarid æ almenniligu auxaraþingi uoru uier j dom nefnder af særligum dandimanni finboga jonsyni logmanni fyrir nordan og næstan æ jslandi a sia yfer at lita og fullkomid doms atkædi d¹⁾ at legia epter logum og uori samuitzku hært afl eda fulla magt ath hafa skyldi su stefna sem þar war birt bockud og fram borin fyrir oss. þar med eigi sidræynd suarin og sonn giorr med ii manna uitne ath dæ andresson uar stefndr j sægdan stad og dag af brummanni tumassyni j logligu umbodi jons bonda biornsonar fyrir þæ ækiæru er greindr jon biornson kiærdi til æa andressonar æ uegna hustru kristinar sumarlidadottur kuinu sinar at fyrrnefndr æai helldi at eigⁿ eda umbodi uegna solueigar gudmundardottur þæ peninga sem gudmundr æason fodr fæder æa tok fyrir þorgerdi olafsdottur og hun hafdi all dri æftur feingit en greindr jon biornson helldr sagdri kristiⁿu nu til eignar fallid hafa enn sier til socknar eignar og epter at kiæra epter þui sem bref og binising godra manna þar um giorr uottar og nu sacker þess þat uar synt suarid af skilnisum uottum at greindr brummadur hafdi umbod tekit af jone biornæyne at stefna sogdum æa sem adr seiger og þui dæmdum wer umbodit logligt og suo stefnuna med ollum sinum greinum ordum attkædum og ærticulis²⁾ jne halldanda og dæa ættliga fyrir kalladan. Enn saker þess at wer greinder domsmenn saum ei ne heyrðum þar neina binising æa þar upp^d at hann ætti neinar heimillder eda lagasuar at greida fyrir sogdu gozi epter gudmund æason og ei uissum uer hueriar heimilldar attek(t)er han hefer haft vppæ þetta greint goz og peninga sem fyrr seiger. Og þui hofum wer dæmt med fullu doms attkædi þessa bada fyrr skrifada menn jon bonda og æa og allan þenna þeirra æskilnad og fiarskacka med ollum þeirra

¹⁾ tvíakr. i; frb. ²⁾ articulus, frbr.

skilríkium j þann stad og dag huern sem logmanen finbogi uill setia á mille þeirra og under þann dom sem logmanen þa þar yfer nefner þessare sögðv akiseru jons til adr nefnz arði og hann skyldugan og þa bada at koma j settan stad og dag sem logman tiluisar. hier med dæmdum wer med fallu doms athkusedi jon bonda med frialsu mega hafa og halda fyrir uttan [a]llt omack og hindran ána og allra þeirra honum jafnfram standa alla þa peninga sem sagdur jon biornson helldur under sinne uend og nardueizlu vtt af gudmundar gozi og peningum til þess at logmadur giorer hier laganeg upp á þeirra á millum adr taldra manna fyrir næsta oxaráþing nu epterkomanda. Suo og uirtiz oss son og loglig farheimta jons bonda upp á sagt goz og peninga gudmundar sáasonar at Rettum adilla og umbodsmanni huer hann kann fyrir at finast med Rettu. Og til meiri stadfestw og audsyningar hier um þa settum wer fyrr greinder domsmenn wer jncigli fyrir þetta domsbref giort og skrifat j sama stad og ar deigi sidar enn fyr greiner²⁾.

446.

1. Júlí 1499.

á Oxaráþingi.

Dóms tólf manna útnefndr á alþingi af Finnþoga lögmanni Jónssyni milli þeirra Björns Guðnasonar og Björns Þorleifssonar um peninga og arf eptir Þorleif og Einar Björnssonu.

AM. Fasc. XXXIV, 1, frumrit á skinni. Öll innsigli eru dottin frá, en 18 innsiglaþvaingir eru fyrir bréfinu.

Domr vñ peninga þolleifs heitens. biornsonar
j millvm þeirra nafna 1499²⁾.

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edr heyra senda Einar odzson. sigvrðvr dadason. arnor finnzson. fvsi þordarson. magnus þorkelson. jngimundur finnzson. jon olaf-

¹⁾ D. e. 2. Júlí. ²⁾ Utan á bréfinu með sömu hendi og dómrinni sjálf.

son. Þolleifur avnólfson. jon magnússon. Þardr jónson. hall-
 dór sigvrdzson og stefan kealelson. kvédív gvds og sína
 kvæmigt giorandi adh þa er lidit var frá gvds býrd tóccccc
 nívtiger og nív ár. sa márvdagin næsta eptér þeír(s)messv
 og páls. sa almennilígv avgjararþingi vorvum vær j dom
 nefnder af ærlígvum mánni fínboga jónsýni lavgmánni nord-
 an og vestan a jíslandi adh skoda og dáma j millvum býarn-
 ar gvdínasonar og býarnar þolleífssonar vum þær sáker og
 sákerúv sem huor þeírra kærði til annara. og huor hafði
 þa auðram þangat fyrir stefnt. hvad fýst var vum þa. pen-
 inga sem fallner vorv eptér þolleíf býrnsson og eínar
 býrnsson og báðir þottutz Ríett títal hafa sagdra peninga
 með auðram þeim fleíram sákvum sem þeírra var j millvum
 og j stefnvavum stódv. Reíknaði býrn þolleífsson síer til
 Ríetta eríða fallna uera og sínaum sýsákenvum alla þa pen-
 inga þolleífur heiten býrnsson atte þa hann auð(ad)ítz eptér
 þui leyfesbrefi sem hann þottetz þar fyrir hafa. Enn býrn
 gvdínason híellt alla þa peninga. sem þolleífar býrnsson og
 eínar býrnsson hanfdu átt. síer fallna vera svma til eígnar
 enn svma til vmbóds. og þeim sem honum stáði jafnfrám
 eptér þeim brefum og bívísing sem hann hafði þar til. j
 fýstv kom þar frám fyrir oss transkriptarþref j noráenv
 vnder godra mánni jnsíglvum. hvért er skrifad var vthaf
 þui leyfesbrefi sem þolleífur býrnsson hafði feíngid af
 Romverskv valldi. hvért svo var latanda adh adr greínður
 máður þolleífr býrnsson og jngvellður helgadóttér skýlldv
 mega binda sínn hínsákap lavglíga fyrir þav fíormennínga
 meín sem sa være með þeim j svodan máta adh þan skýlldi
 taka láun og skrípt af kirkívunnar valldi fyrir þat þav
 havfðv advr líkamlíga saman býit og Ríetta díspenséran
 af heilagðar skalhóllz kirkív formánni og þa skýlldv þav
 með Ríettv þar eptér mega binda sínn hínsákap sínn j millí
 eptér laugum og þav býrn sem þav átte sínn j millvum þar
 eptér skýllde skílgeten vera. j annare greín kom þar fram
 fyrir oss vorv nádvga herra kong kristíerns býref hvért svo
 var latanda adh hans náð til gaf og skípadi af sínnv kong-
 lígv valldi adh sagðer menn þolleífur og jnguélldr skýlldv

med Riettv mega binda sinn hivskap epter þui sem þat romverska breifd uthvisar. jtem j þridiv grein kom þar fram wore nadvga herra kong hans bref med gvds nad hvert svo hliodanda war ad hann stadfeste sins forfavdvrs bref epter þui sem þat romverska brefit hlyddi wn sagt hionaband. Nv saker þess adh þat synditz ecki adh þetta hionaband sagdra manna j milli þolleifs og jngvelldar hefde giort vered sem leyft og skipad war med þat fysta j því leyfseabrefuv og bædi kongs bresin med hlydda. þess annars ad vær ulasvm adh þolleifur og jnguelldar attv eingi bavrn sin i millum sidan hann feste hana. þess hins þridia adh wor lavg badi¹⁾ lavgbok og kristen Riettv bana avllvm mavnavm sinn hivskap saman adh binda med navckrvvm meinvvm eda sifskap. þui fyrir þessar greiner leitv oss eptgreint hionaband þolleifs og jngvelldar eigi lavgligt vera adh þat war hvorke giort epter lavgvvm nis epter þui sem lofad war. þui kvnnvm nær ecki adh dæma birne þolleifs-syni þenna arf og peninga. Enn saker þess adh nær þeink(i)um. adh þessar greiner mvndu ecki suo fullkomliga hafa komid fyrir mins herra kongvms nader og hans nad mvndi suo flutt hafa verit adh þessar þrattskrifader menn þolleifur og jnguelldur mvndi sinn hivskap bvndit hafa og bavrn getid til þessa arfs. sem þat romverska brefit hlyddi. og j sanna trv og j rietta hlydni sem oss ber alltid hans verdvga nad ad veita og fyrir þann skulld adh vær tæystum svo miced gott til hans verduga nader. og sve audmiukliga bidivm adh hans nader mvni hallda oss med lavg og riett. og mvni avngvar skipanea giora upp æ sitt land þegna og fatsekan almvga framar enn laug standa til. ef rietteliga er vnder hans verdvga nad fivtt. þui dæmdvm vær þetta sama bref og þetta mal aptur til mins herra kongvms nada og þenna sama domen med rettri trakttenan. og hirdstioran og lavgmanen skylldvga fram adh skrifa þar med Rietta vndervisan landz laganna lavgbokar og kristenriettz huort hans verdvga nad vill þa helldr giora þar fullan neg og endiligan dom vppæ. epter lavgum med sinv

¹⁾ Svo.

Rade, eda uill hans verdvga nad skipa það jnn hingad aptur j landit. suo hier megi þa giora endiligan dom uppá. Enn vīm þa kugun sem biorn þolleifson klagadi til biarnaR gudinasonar. adh hann hefði giort honum j asgardi j huam-sveit þa leitz oss þat eingin kugun vid hann vera. eda navckvd af hafa og biorn þolleifson þar ecki sakferli á eiga. saker þess adh þat var badi synt med brefvm og svared af vitnvm adh biornu gvdinason hefði lyst þui adr hann kom heim j gardin og svo þa hann kom heim adh hann villdi birne þolleifssyni huorcke skaumm nie skada giora eda lata giora. og ecki syndetz þat adh hann hefði honum giort eda giora lated. Og til saninda hier vīm samþyckte finbogi lavgmadur þenna worn dom og sette sitt jusigli med worvm nefndra domsamanna jnnaiglum fyrir þetta domsbref hvert er skrifad war æ kirkiuboli j laugadal. æ faustudagin næsta fyrir wor frv messv sidare vīm sumaret. æ sama are sem fyr seiger.¹⁾

447.

6. Júlí 14[9]9.

í Kálfanesi.

Jón Jónsson prófastr á millum Geirhólms og Hrutafjarðar-ár kvittar Þorbjörn Jónsson af öllum brotum við heilaga kirkju, þeim er hann má, og leyfir, að hann láti þann prest leysa sig, er hann vill, ef hann verðr brotlegur í nokkru.

AM, Fasc. XXXIV, 16, frumritið á skinni, og er inasiglið fyrir. — Apogr. 777. — Í frumritinu hefr ártalið misakrifast 1409 (M^o od^o nono). Hefr Árni s6ð, að það var rángt og ritað fyrst utan á bréfið 1489, en síðan 1499. Þorbjörn Jónsson er kunnr frá öðrum bréfum um þetta leyti.

Þat giorj. ec Jon prestur Jonsson profastur j millum geirholms ok hrutóflardardár godum monnum kunnigt med þessu minu optnu brefi at ec medkennvmzt at ec hefi kvitt-
að gefit þorbiorn Jonson vm allar sekter ok sakferli smá ok stor leynelig og opinberlig aidañ er hann kom fyrst j steingrimsfiord ok til þess sem nu er komit ok um allt þat

¹⁾ D. e. 6. September.

kuittan uera sem profasti maa til heyra sem ero sex markaa mal ok þar fyrir janna ok hann hefer brotligur at vordit vpp á heilagrar skalhollzkirkiv uegná. þui gefur ec hann aullungis kuittan ok sakserulausan fyrir mier ok aullum minum epterkomuñdum kirkiunar for monnum j skalholti. at aullam sinum brotum sem profastur ma yfer tacá. Jtem gef ec fyrakrifadur jon prestur adr greiñdum þorbirne jons- syne fullt ualld ok lof til þess at latá leysa sig þann prest sem hann vill til kiosá ok þá sindá. menu sem hann vill nær hann kann brotligur at verda edur hans menn at aullu jafnfullu sem ec sialfur medan ec er profastur. Ok til meirj sanniñda hier um setta ek mitt jnsigle fyrir þetta kvittanarbref skrifad j kalfónesi j steingrimsfirði langar- daginn næsta eptur visitacio sancte marie anno domini 10^o cd^o (xc^o) nono.

448. 11. Júlí 1499. í Holti undir Eyjafjöllum.

VITNISBURÐAR tveggja presta um testamentisbréf Árna bónda Guðmundssonar.

AM. Apogr. 2055 „Ex orig. Originalenn eignadist eg einhverstad- ar á Jalandi. og sendi hann Sira Dorsteine Oddssyne í Holte. Ean hvert hann leggur hann medal kirkiu brefanna eða eigi. er ovist. nec multum refert“. (AM.)

Þath giorum vid sira jon jonsson ok sira þorarin ey- olfsson godum monnum vitanligt. med þessu ockru opnu brefi. ath vid vorum j hia ok heyrdum vppæ þa er aarni bondi guðmundzson. sem gud hans sal naedi. giordi sitt testamentum. var hann heill ath samuizku ok vizmunum enn krankur j likama. Fyrst ath hann gáuf sig ok sina sal vnnder valld ok vardveizlu almattigz gudz j himna riki. ok bæna fulltjng allra heilagra manna kiosanndi sinum likama legstad. ath kirkiunni j holti vnnder eyjafjöllum gefandi sadur greindre kirkiu sier til saluhialpar ok sine kuinu steinunne sigurdardottur alla jordina halfa suartzbaeli. er

liggur j steina kirkiu sokn vndan sier ok sinum erfingium. enn kirkiune j hollti til æfinligrar eignar ok fullz forrædis. ok þær med fim kugilldi. med þeim skilmala. at kirkiutiund ok prestz tiund skýlidi lukazt til kirkiunar j steinum. heyrðum vid ædur nefndan arna gudmundzson ecki til leggja þær vm fleire ord. edur leggja nockura þuingan vpp æ kirkiuna j hollti firir ædur greinda jord suartbæli. ok hier epter vilium vid sueria ef þurfa þickir.

Ok til sanninda hier vm settum vid fyrnefndr prestar ockur jnsigli firir þetta vitnisbardarbref huert er skrifad var j hollti vnder eylafollum ia translacione sancti benedicti anno domini. M^o. ed^o. xc^o. nono.

449.

18. August 1499.

á Hoffelli.

KRISTIN Þórarinsdóttir geldr Sigmundi Guðmundsnyri syni sínum hálftréttanda hundrad í jörðunni Sólheimum ytri í Mýdal gegn tíu hundradum í Yztaskála undir Eyjafjöllum, með þeim atvísarðum, sem bréflö greinir.

AM. Fasc. XXXIV, 5, frumritið á skinni. Af 4 innsiglium er eitt fyrir. — Apogr. 3381. — Sumstaðar í bréfabókum er bréf þetta ranglega árfært til 1459.

Gjafarbréf Christijnar Þorarens Dotter.¹⁾

Þat giorvm wier sæmundr jonsson. sigurdvr þiodolfsson. þorstein hallsson. olafur biarnarson godvm monnum kvnigt med þessv worv opnv brefe þæ er lidit war fra guds bvrð þwæsvnd. cccc. ix^{er} ok ix^v sár j krosbæ j hornafirdi svnnvdaginn næsta epter lorencivsmessv²⁾ worvm vier j hia savm ok heyrðvm æ ad kristin þorarensdotter gallt sigmvndi gvd-mvnsæyne syne sinvm halft þrettanda hvndrad j jordinne ytre solheimvnm j mýdal er henne fiell til erfda epter modur siña kristiñv jonsdottvr j þav fim hvndrvd sem ari heittinn kalfsson gaf honum æ deyañda deigi med hentar

¹⁾ Utan á brélinu með hendi frá 17. öld. ²⁾ þ. e. 11. Aug.

sambveki¹⁾ ok j sin þionvstvlavn er hann þionade henne ok fyrir hennar peningvm wppa sex ær. hier til lagdi fyr nefndur sigmvndvr aptvr. x. hvndrvt j yzsta skalaa er hvn hafdi golldit honvm ok gefit advr. skildi þrat nefndur sigmvndvr sier aptur tiv hvndrvd j yzta skala ef solheimar geingi af honvm med logvm. Ok til sanninda hier wm settvm ver fyrnefnder menn wor jucigli²⁾ fyrir þetta bref er skrifad var j hoffelle svnnvdaginn nesta epter assumcio sancte marie a sama æri sem fyr seiger.

450.

27. August 1499.

á Kirkjubóli.

Vígslu og aflátsbréf Kirkjubólskirkju í Langadal, útgefið af Stepháni biskupi Jónssyni.

AM. Apogr. 2845 „Ex originali“ með hendi Árna Magnússonar. „Innsigled er nu í burtu. Eg eignadist þetta bref af syalumannenum Einare Einarssyne, enn gaf það sidan og sende Eggert Snæblórssyne, eiganda Kirkiubols. Þad er ölldungis með sömu hende sem Dispensar-mnarbref Stefans biskups um Hionaband þorleifs Biörnssonar og Yngvelldar Helgadóttur dat. 1495 og stafagiörden allt eins, ad því fratekna, ad i þessu brefe eru nockur þ. ean i hinu alleina. f. . .“ (AM.).

Vígslu og aflatzbref kirkiubolskirkiu í Langadal.³⁾

Ver Steffan med Gudz nad biskup j Skalholti heilsum ollum godum monnum þeim sem þetta wort bref sia edr heyra. kiêrliga med Gudz kuediu oc worri. kunnigt giorandi. ad j heidr wid allzmecktugann Gud jungfru sanctam mariam Guds modr oc hinn heilaga laurencium pijslarvott. hofum wer wigt kirkiuna a kirkiuboli j langadal med þeim maaldaga sem hvn hefer adr haft at fornv oc nyu. hier med hofvm wer j Guds trausti heilagra postula petri oc pauli oc modur worrar heilagrar kirkiu gefit ollum oc sierhuerium rettskriptudum monnum þeim sem vitia greindrar kirkiu med Godfyse fyrer bæna saker eda pilagrimskerda. heyrandi þar messur eda nockur Gudlig embætti. Jtem þeim

¹⁾ Svo. ²⁾ jucigli, frbr. ³⁾ Fyrirsögn Árna.

sem rietta sinar hialparhendr til gagns eda goda vm vpp-
 helldi edr efling. smide eda byggingh. greindri kirkiu. vm
 messvklædi. skruda eda önnur ornamenta. lysingh. wax.
 vid. reykelse. eda adra nytsamliga hluti. xl. daga aflat j
 huert það sinn er þeir giora eitthuert aff fyrrnefdvm hlut-
 um eda öðrum þullikum. Suo oc þeim sem ganga vm
 kirkingardinn oc lesa pater noster eda ane maria firir
 kristnum salum. Jtem þeim sem fëra lios eda watn til
 messv eda þiona til Gudligs embëttis. Skipum wer ad
 kirkiudagurinn se halldinn drottinsdag hinn nęsta firir fest-
 um sancti Laurencij martiris. Oc til sannenda hier vm
 festvm wer wort jnnsigle firir þetta bref skrifad j sama
 stad feria terciã infra octauas assvmpcionis beate marie
 virginis anno domini. M^ocdxcix.

451. 16. September. } 1499. í Ytri-Launguhlíð.
 21 Október. } á Grund.

ÚRSKURÐAR Finnþoga lögmanns Jónssonar um arf eptir Pál
 Brandsson, þar sem hann samkvæmt dómum, er áðr hafa
 þar um geingið, úrskurðar þeim Þorleifi og Benedikt Grims-
 sonum, sonarsonum Páls, allan arfinn.

AM. Fasc. XXXIV, 10, framrit á skinni; öll innsigli (12) glötu-
 nð.¹⁾ — Afskriptir: í Landabókasafni 115. 4^{to} I, 101—104 með hendi
 séra Jóns Haldórssonar í Hitardal. — MSteph. 27. 4^{to} bls. 415—421
 með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar. — Analecta Juridica
 Odds Jónasonar dígra skr. 1668. — Landabókasafn 63. 4^{to}, bl. 322b—
 325b, skr. c. 1640. — Landabókasafn 69. 4^{to} bl. 146a—147 skr. c.
 1640. — AM. Apogr. 550 „ex pagina pergamena“. — Gömul afakript
 (frá c. 1604) er og í dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia eda heyra
 señder finnþogi jónsson laugman nordan og uestan a jalande
 qvediu guds og sina kunnigt giorandi at þa er lidit var
 fra guds burd þusund cccc nirtiger og niv ar a manu-

¹⁾ Niðr í 6 síðustu innsigliþveingfina hefir verið rist eitthvert sam-
 tilða skjal, sem ekki sést glögt um hvað verið hefir.

dagi(n) næsta eptur krossðessu um haustid j ytre laungu-
hlid j haugardal æ almenniligu hieradspingi kom fyrir mig
grimur pallsen beiddi mic og krafde optliga at skipa sinu
male til laga orskurd æ at leggja huort syner hans þor-
leifur og benedict skylldu at langum þat godz eignaz fast
og laust sem þrennar tylfter manna hauðu dæmt þeim til
arfs og eignar efter þal heitin branzson faudrfauður þeirra.
sagðizt grimur nu feingit hafa klagan og akall uppð þat
iardagodz sem þall bondi hafði erft efter sonu sina biarna
og benedict en þeir adr eptur modur sina jngebiaurgu þor-
nardzdottur og þat næri saugd lang j noregi at suodan
fastagodz felle aptur under modralegt at faudrunum fra
faullum. tiede og birte grimur pallsen fyrir mier og fleir-
um godum monnum þessa fyrr sagda doma og beid(d)j mic
og krafde þar laga orskurd yfer ath segja huort þessir
domar skylldu ath lögum halldazt eda ei og med godra
manna yfersyn æ leit skodan og rannsakan æ lagði a fyrr
nefada doma upp æ sierhueria grein sem þeir jnne hallda.
litazt mier og þeim dandi monnum sem ec med mier
til kalladi domarner suarliger logliger og skiallþger j allañ
mata og eptur fornum lanzins langum dæmder giorder og
samsetter suo sem lögbokarinnar texti skipar og skyrer j
rettu erfdatale hefe eg og huorki sied nie heyrt frett ne
fundit doma ne orskurde þar uppa liggja at nauður fle-
skipte og arftaukur hafe hier j lande geingit j langum
huorke at fornu ne at nyiu utan suo at frænde hefer erft
frænda eptur retrri erfdaskipan at faustu godze og lausu.
huern ueg sem under hann hefer borit suo j þessum erfd-
um sem aallum audrum en alldri under oskyllda menn
geingit. huorke fyrr ne sidar. hefer eg og heyrt af skil-
rikra manna saugn mier elldrum og suo nauður bref og
biufsing þar til sied at meir enn fyrir hundrat ara hafe
suodan erfder fallit hier i landit at fader og moder hafa
erft sin börn. þat fasta godz er af faudrlegg og modrleg(g)
er med fyrtu af komit hafa þær fastaeigner fallit fram j
setter og erfder eptur gamlum lanzins lögum til skipud-
um en aunguer adrer akæru ueitt ne feskipte af tekit held-

ur hafa þeir sannliga grein æ giorfa at hustru kristín biörnsdotter hafi med þessare erfd eigandi ordid at þridiungi j iördane maudruvaulum j eygiafirði med andru godzi þar hun atte ath bonda jon guttormson og barn uit honum er þesse þridiungur fiell til arfs og suo hefir eg sied (og) yferleait bref under dande manna jnciglum ath þolleifur arnason selde med upplagi greindrar kristinar adr nefndan þridiung j iördinne maudrunóllum sem fyrr seiger. stendr suo skrifat j fyrsta capitula lögbokarinnar þa er uirduligr herra magnus kongr hakonarson sette og skipade laug og landz rett hjer j islande og þar epter uar suarit og samþykt af almuganum a alþinge þau laug obrigduliga at hallda hier j lande ath erfder þær sem til hefði fallit og óll aunnur lagamal skylldu suo uera sem þa geingi lög i landi er þau mal gerduzt. hefer ec og sannliga spurt at þesse adr nefnd erfdaskipan stendur skrifut j lögbokarinar texta j noregi og þar sie margar laugbækur jnan landz og halldi ecki allar eitt lögmál j maugum hlutum helldr suo sem hueriu fylke til heyrer og lanzius nytsemd þiker þar til vera. true ec fullkomlega ath uor landzlaga bok eige ath standa med sinum texta obrigduliga utan þar sem suo stendr skrifad at kongr skal um laug bæta med beztu manna rade og huortneggia samþycki sem landit byggia. veit ec aunga laugliga skipan hier i lande æ giorua med domum orskurdum eda almugans samþycke um titt nefnda erfd adra en forn texti bokarinar utuisar. Nu fyrir allar þessar fyr skrifadar greinar og at suo prouudu male sem fyrir mic hefer komit og med þeirra beztu manna radi og samþycki sem þa uoru hia mier. sagdi ec greindur finnþogi jonsson lögman ja nomine domini amen med fullum laga orskurdi þessa adr nefnda doma upp æ arf epter þal heitinn branzon sem fyrr greint er og þetta mitt orskurdar-bref er medfest fasta og laugliga og obrigduliga med óllum sinum greinum og articulis sem þar inne standa og adr nefnda brædr þorleif grimsson og benedict grimssøyni laugliga erfingia og eignarmenn ath óllum þeim peningum sem fellu epter þal heitinn branzon faustum og lausum. fridum

og ofridum epter þui sem þrattnefnder domar greina og utskyra epter rettum og settum suórdum og samþycktum lanzins laga rettindum. Og til þess meire stadfestu sanninda og samþycktar hier um settu teitur þolleifason. stulle magnusson. einar oddzson. hachon hallzson. grimur jons-son. bardur jons-son. halldor jons-son. gudmundr þolleifason. brandr olafsson. odde kolbeinsson. arnbiörn arnason og jon kolbeinsson ain jncigle med minu jncigli fyrir þetta orskurdarþref skrifat nar æ grund j eyiafirði in die undecim milium uirginum martirvm a samā aæ sem fyrr seger.

452.

19. September 1499.

á Helgafelli.

STEPHAN biskup í Skálholti skipar hálfkirkju á Fellsenda í Miðdölum.

Bisk. Skalh Fasc. XIII, 1, frumrit á skinni. — AM. Apogr. 2454 „accuraté“.

Maldage hálfkirkjunnar á Fellsenda í Miðdölum¹⁾

Vær stephan med guds náð biskup j skalhollthe giorum godum monnum niturligt med þessu voro opnu þrefi at uær haufum skipat at hálfkirkia skal uera æ fellzenda j miðdölum er liggr j sandafellz kirkiusoku ææuenliga hier efter med þeirre rentu at þar skal takazt heima tollar og tiunder bonda og husfreyiu ok allra þeirra heimamanna er þav halda æ sinum kosti. skulu þar syngiazt florar messur og tuttagu en gialldazt presti j tidaoffr tolf aurar. Jtem skal þorðr arnbiarnarson giallda kirkiune æ sandafelle flogur malnytju kugillde ok eitt hundrad j vadmalum at næstum fardaugum. fyrir sinar tiunder lagde greindr þorðr kirkiune æ fellzenda tiu hundrud j heimalande ok fim hundrud j þarflugum peningvm j hennar heimanfyllgiu jatadi adr greindr þorðr sik under at suara biskups gisting eitt sinn æ hvers biskups ææve fyrir adr nefuda hálfkirkju.

¹⁾ Framan á Apogr. með hendi Árna Magnússonar. „vm hálfkirkju á fellzenda“, stendr utan á frbr.

Ok til sanninda hier vm settum vær uort jneigle fyrir þetta bref er skrifat var æ helgafelle feria quinta ante festum mathee apostoli et ewangeliste. anno domini M^o cccc^o nonagesimo nono.

453. 21. September 1499. í Miklagarði.
10. Apríl 1500. á Hólum.

ÓLAFR Bjarnason fær Gottskalki biskupi og heilagri Hóla-kirkju til fullrar eignar hálfra jörðina Hvassafell í Eyjafróði, en biskup kvittar Ólaf um grópt foreldra hans, Margrétar Ólafsdóttur og Bjarna Ólasonar, er Ólafr hafði grafið að kirkju í forboði biskups.

AM. Fasc. XXXIV, 8, frumrit á skinni. Öll (8) innsiglin eru döttin frá. — Apogr. 8879.

Vm myklagard. huassa(fell) kirkiunne giefed 1499.¹⁾

Þath giorvm vier jon prestur þorgilsson. jon þorgeirsson ok havskaúlldr rvnulfsson leikmenn godvm monnum vitarligt med þessv vorv opnv brefi ath vier uorum þar j hia saum ok heyrdivm æ. æ lavgardagenn j imbrvvikv vm havstid. þa er lidith var fra hingadbvrd vors herra jesv christi. M. cccc. xc. ok niv ar j mycklagarde j eyiafirde. ord ok handaband vors nædvga herra gottskalks med gvds næd biskups æ holvm ok olafs biarnasonar. ath svo fyrir skildv ath olafur biarnason fieck heilagre holakirkiv ok biskupenvm til fullrar eignar hálfra jordena hvassafell er liggur j eyiafirde j mycklagardz kirkiv sokn med ollvm þeim gognvm ok giædvvm. jthavlvvm. hlvrvvm ok hlvnnendvm sem greindre halfre iordv fylger ok fylgt hefer ath fornv ok nýv. ok hann vard fremzt eigande ath. vndan sier ok sinvm erfingivm enn heilagre hola kirkiv til ævenligrar eignar ok frials forrædiss. med svo vordnvm skildaga. ath bisk-

¹⁾ Utan á bréfinu, að sumu leyti með gamalli hendi.

up gotskalk gaf oláf biarnason kvittan ok ækærvlavsan fyrir sier ok ollvm sinvm epterkomendvm heilagrar hola kirkiv formonnum. vm þær saker sem hann kærði til olafs biarnasonar ath hann hefði grafid modur sina margretv olafsdottur j forbodi j kirkivne j hvassafelle fyrir utan biskupsens orlof ok lavn ok olafur kendezt þar sialfur fyrir oss ath hann hefði svo giort. ok beiddizt þar nadar og lavsnar fyrir sig ok svo fyrir kirkiuna j hvassafelli enn modur sinne margretv heitenne frials kirkivlegs ok lavsnar. j annari grein fyrir fodur sinn biarna heittin olason sem grafenn var j banni j myklagardz kirkivgarde j eyiafirde fyrir vtan biskupsens vilia ok orlof. beiddizt olaf þa enn nadar. lausnar ok kirkivlegs fyrir fodur sinn biarna heitenn olason. enn kirkivgardinvm hreinsanar. huat biskupenn liett til fyrir gvdz skýlld ok hans mivkv bæna skvlld. því skvllde hælf jorden hvassafell gialldaz kirkivnni æ holum ok biskupinvm fyrir þessar adurgreindar saker ok adrar fleire þo þær sie eigi hier skrifadar. sem biskup gotskalk hafði þa ath tala til olafs biarnasonar. Ok til sannenda hier vm settvm vier fyrskrifader menn vor incigle fyrir þetta bref er skrifad var æ holvm j hialltadal fostudagenn næsta fyrir palmsunnudag ære síjdar enn fyrr seiger.

454.

13. Nóvember 1499.

á Ökrum.

LAGABODSBREF Arnórs Finnssonar til Kolbeins Þórðarsonar um öll mál Kolbeins og Ólafs Pálssonar, sem Arnór lýsir, að hann hafi tekið umboð á.

Dómasyrpa Jóns Hákonarsonar á Vatnshorni (d. 1748), skr. c. 1608.

Ég Arnor Finnsson. Giori það aullum godum maunnum viturligt. þeim sem þetta mitt bref sia edur heyra lesit. ad eg medkiennunst med þessu minu opnu brefi. at eg hef tekid med vottum og handabandi fullt og laugligt vmbod olafs pallasonar. til allz lauglign forsuaris á þui sama mali

sem Colbeinn Þordarson kærði til adurgreinds olafs vm það naut sem Colbeinn Þordarson sagði að olafur hefði feingit sjer. Suo og hef eg tekið fullt og allt vmbod af greindum olafi þalssýni vpp á Colbein Þordarson vm það sem olafur þalsson ma til hans tala með laugum og Colbeinn Þordarson hefur við hann Brotligur orðið. huort heldur það er j ordum edur verkum. Eða j huorinu helst það kann finnast að olafur ma við hann sauk á gefa. Lysi eg þú adurskrifadur Arnor finnzson fyrer aullum godum monnum að eg uil þetta mal huorki sækia nie veria. nema með aiettum laugum. Þú fyrerbyð ec þier Colbeinn Þordarson at klaga edur kæra optakrifadañ mann olaf þalsson edur nockut omaka vm þetta adurskrifad mal fyrr enn við haufum æynt adur með ockur lang hier vm. huort þetta mitt vmbod verður laugligt edur eij. Þú Bid ec adurskrifadur Arnor finnzson þier colbeinn Þordarson. að vitni allra godra manna sem þetta mitt bref heyra. sattsamliga vndir þann dom sem Ormur Jonsson kongs vmbodsmann j þornesþingi edur hanz vmbodsmadur yfer nefner þeasu adurskrifudu mali. j vor eptir paskana. j moguligan tima. þa þú villt og eg ma. og suara þú mier þa hans vegna sem domur dæmir. Enn eg vil suara þier hans vegna j sama domi verd eg skyldugur gior. Jtem j þridiu grein fyrerbyð eg arnor finnzson aullum og sierhuorium leikum og lærdum. huorrar stiettar edur virðingar huorier eru að lata nockurn dom yfer nefna saugdu mali edur vm að dæma. nema ec sie með laugum fyrer kalladur. þú ec vil sattsamliga til laga koma vm greint mal við Colbein Þordarson þegar hann vill ogeg er lydugur til. Og til sanninda hier vm setta eg mitt jusigli fyrer þetta lagabodsbref. Skrifad á aukrum j hraunhrepp á mirum midaukudæginn næstañ eptir marteinsmessu þa lidit uar fra hingaburd vors herra Jhesu christi. M cccc lxxxx og ix ar.

455. 23. December 1499. í Sauðlauksdal.

Jón Jónsson (Íslendingr) gefr kirkjunni í Sauðlauksdal í Patreksfirði skógarhögg í jörðina Torstansfjörð (Tröstansfjörð).

AM. Apogr. 1826, eptir frumritinu meðal Sauðlauksdalsbréfa, „accurate collatum. Jnnsigled var fyrir breiffinu heflit og læsilegt ad vopninu janan j Briefed sialft ospiallad. og ad öllu vel læsilegt“.

Dath giore eg jon jonsen godum monnum kunnegt med þessv miþv opnv brefi. ath eg medkennvntz at eg hefi gefit bænhvsnv j savdlavksdal j patrefirde er liggur j saurbæiar kirkiu sokn ð raudasande skogarhavgg j jördena torstansford¹⁾ til æfuenligrar eignar. til allra nytsemda þeirra sem greind jord sauðlauksdalur þarf at hafa og þeir sem þar bva. Skulv þeir og havgva skog hvar þeir vilia j greindri jordv torstanfirde¹⁾. her med skulu og þeir menn sem j skogi vinna fyrir greinda jord at osekiu troda gras og hafa beit fyrir eyke sijna medan þeir þvrfva j skoge at vinna at vndan teknum taudum og eingivm og öllu skadræde vid þa sem þar bva. Jtem skulv þeir og sem vinna j skogi j torstansfirde¹⁾ fra dal mega stinga eda raaka jordu til kolabrennu at oseki j tittnefudi jordv torstansfirde¹⁾ at skadalavv þeim sem jordina eigur. Og til sanninda her vm setta eg miþt jnsigle fyrir þetta bref er skrifat var j sauðlavksdal j patrefirde. ð þerlaks Messo fyrir jol. þð er lidet var fra hingatburd vors herra jesv christi. M. cccc. nigivtiger og nigiu ar.

456. 23. December 1499. í Skálholti.

Þar prestar transskribera Odda máldaga frá 1270 (Dipl. Isl. II, Nr. 34).

AM. Fasc XXXIV, 9, frumtranskriptarbréðð & skinni.

¹⁾ Svo.

Það giorum ver asbiorn sygvrdzson. þordur gudmunz-son. augmundur palson prestar skalholtz biskupsdæmis godvm monnvm kunnigt med þessv vorv opuv breff. at ver haufvm sied og yfer lesit gamallt maldaga kuer kyrkiunnar i skalholtti suo latanda ord eptir ord sem hier seiger.

[Hér kemr sjálfir maldaginn.]

Og til sannenda hier vm festar(!) ver firr skrifader prestar vor jnsigilile(!) fyrer þetta (transskriptar bref) skrifad j skalholtti proximam diem ante vigiliam nativitatis domini. anno domini MCDXC nono.

457.

1499.

MALDAGI kirkjunnar á Gilsbakka í Hvítársíðu.

J.Sig. 148. 4to bla. 328—29 á pappir skr. o. 1600 (Garðabók). — Landsbókasafn 108. 4to bla. 422 (séra Jón í Hitardal).

Annar Gíjlsbacka maldagi.¹⁾

Anno m^o. cd^o.²⁾ nonagesimo nono.

Jn primis var þesse m[alda]ge kirkiunnar sa gíjlsbacka stadfestur oc samþycktur af [vi]rdulegum herra biskup stephane med gudz nad biskup j skalholte med rade oc samþycke presta oc annara dandismanna sem þa woru þar nær honum.

Jtem ad siera þordur jousson er þa hieilt stadenn sellde kirkiunne jordena alla kirkiubol er liggur [j Gilsbacka]³⁾ kirkiusokn oc er xije ad dyrleika.

Jtem hier j mot skýl[ldi siera]⁴⁾ þordur hafa hier [j mot⁴⁾ xje af instædu kirkiunnar j suo [virdum]⁵⁾ peningum. ij. kyr. ij. ausandar⁶⁾ kugillde. vje. j [giellðfle⁶⁾ j nautum oc sandum oc hest firir hundrad.

Jtem er nu jn[stæda⁶⁾ kirkiunnar xi kyr. attatijger

¹⁾ Á undan er maldagi frá 1463; ²⁾ xl(!) hdr; ³⁾ [108; fúð úr 148. ⁴⁾ [sl. 148. ⁵⁾ þannig,

asaundar oc atta betur. iiij. hestar. forustusandur oc grid-ungur.

reiknadiet i porcio iiij merkur vppó v ðar er siera þordur hefr halldid stadenn oc lagdi hann kirkiunne hialm er giordur var firir iiij merkur.

458.

[1499—1508].

BRÆF þeirra lögmanna Finnboga Jónssonar og Þorvarðs Erlendssonar, þar sem þeir samþykkja og ítreka, að fylgt sé Launguréttarbót Kristjáns konunga hins fyrsta frá 28. Nóv. 1450 (DI, V, Nr. 55) um landsvist útlægranna, og banna að slíkir menn sé dæmdir ferjandi út af landinu án náveru lögmanna, samkvæmt lögbók.

Add. British Museum 11, 242. to bl. 68b, „Dægadvöl“ síra Gottskálks Jónssonar í Glaumbæ, skr. 1548—1593. — MSteph. 60. 4^{to} bla. 81 með handi síra Eyjólfis Jónssonar á Völlum (d. 1745).

Orskurdr lögmanna finnboga jónssonar ok Þorvarðar
Erlendssonar yfir kong Christierns riettarbota
brief. utan artala.¹⁾

Þeim godum monnum sem þetta brief sia edur heyra sendvm vid finnbogi jónsson ok²⁾ Þorvarðr erlensson logmenn yfer jalandi Q(vediu) G(uds) oc vora.³⁾

Witit þiar goder menn at vit hofvm sied oc yfer lesit vorz nadugazta herra kong kristiernz Rettarbota bref j hucriu oss mætte stor nytsemd at vera ef þat væri svo greint oc articvlerat sem logmonnum oc logrettomonnum þætte landenu oc almvganvm nytsemd. j. vera [et. cetera.⁴⁾

Fyrst þar [at⁴⁾ vor nadvg⁵⁾ herra kongren⁶⁾ fyrirbydr [hirdstioranum. logmonnum⁷⁾ oc syalumonnum æ jalandi at tilstedia at vtlæger menn gange [og fari⁸⁾ sem frialser

¹⁾ 60, og ritar síra Eyjólfur aptan við bréfið: „Requirit hæc dectio accuratum examen ad stateram cronologicam“. Ægin fyrirsögn í 11, 242. ²⁾ 60; sl. 11; 242. ³⁾ 60; sína 11, 242. ⁴⁾ [sl. 60. ⁵⁾ nadugasti 60. ⁶⁾ kongr 60. ⁷⁾ [logmonnum. hirdstiorum 60. ⁸⁾ [b. v. 60.

menn j landit¹⁾ oc at þeir blive stavdvg²⁾ æ kirkiunne til þess at þeir ero skipradner til noregz. Enn ef þeir finnaz vtan kirkiu þa³⁾ fare þeir sem logbok vottar oc svo (akyrer) nor landzlagabok. at huer æ madr sem mane verdr at skada skal vtan fara sem fyrst ma hann epter logmanz rada.⁴⁾

[Og þa sama articvloz samþycktum vid⁵⁾ fvllkomlega firir log at halda oc firirbiodum [aullum sýslumonnun⁶⁾] oc þeirra lenzmonnum nockrum vtlægum manne dag at gefa æ konvngdomzens vegna framar meir en⁷⁾ greind rettarbot vtvisar.⁸⁾

[Svo oc⁹⁾ somuleidiz forbiödum uid at eingen man¹⁰⁾ dæme vtlæga menn ferandi vt af landit¹¹⁾ vtan ockare¹²⁾ naueru [ok eptir því¹³⁾ sem logbok uottar.

459.

[um 1500].

SENDIBRÉF, er Hallr prestur Þórarinsson ritar Birni Guðnasyni í Ögri um Ásgrím frænda sinn.

AM. Fasc. LXIV, 8, frumrit á skinni, komiö frá Láttram að gjöf síra Hjalta Dorsteinsyni. — Apogr. 958 eptir frumritinu.

Ærligum manni birne bonda gudinasyni er brefid sent.¹⁴⁾

Ærligum dandi manni birne bonda gudinasyni. heilsar ek hallur prestur þorarinsson med gudi ok worri fru.

Þackar ek ydr firir allt þat sem þier hafit mier wel giort. þikiunzt ec vita. at ydr mune sagt hafa werith. at steinvór frændkona mjn hafi giort bod epter asgrime frænda mjnum. hejm j huamm wm daginn. ok beitt ordlofs til þess. at hann mætti finna hana heima j hiardarholhti. ok ek senda hann ekki þui aftur til ydar. at nu war suo komit j far-

¹⁾ landinu 60. ²⁾ stodugir 60. ³⁾ [sl. 60. ⁴⁾ Sbr. Launguréttarbót § 12. ⁵⁾ [Og þann sama articula samþykkium ver 60. ⁶⁾ [sýslumonnunum ollum 60. ⁷⁾ sem b. v. 60. ⁸⁾ aavisar. ⁹⁾ [sl. 60. ¹⁰⁾ madr 60. ¹¹⁾ landinu 60. ¹²⁾ ockar 60. ¹³⁾ [b. v. 60. ¹⁴⁾ Utanáskript bréfsins.

dognunum. at þier utid at ek hafdi ecki ydart loford þar wpp a firir mier at hann wæri j ydarn gard at sinne. þo ek hefda þeinkt at þat munde hafa matt til ædra orða koma hier efter sem adr. uil ek giarna þacka ydr ok yd-uarre dandi kuinnu firir allt uel giort til hans. fra fyrsta er hann kom j ydarn gard ok til þess er hann for. þui þat haf þid bædi giort med heidr ok æru ok suo þacka ek ollu dandi folki firir allt uel giort til hans. þui sem j ydarn gard er. bædi ord ok werk.

ei meira wm sinn. hier med geymi ydr gud ok hans modir maria.

460.

[um 1500].

SENDIBRÉF Guðna Jónssonar á Kirkjubóli til Jóns Sigmundssonar um viðgerð á söðli.

AM. Fasc. LXIV, 15, frumritið á skiani með hendi Guðna Jónssonar.

Jone sigmundsnyne er brefit sent.¹⁾

Gud veri med þier minn godi vin jon sigmundsson.

eg gudine jonsson heilsar þig kærliga med gud og hans modr marie.

bidr eg þig vñ kærliga ath þu snerfer upp saudulinn þann eg sendi ydr og siaer suo til ath ecki brotne jarnid vr. skal eg giarna giora þin vilia j gen huad þath er þu villt mic bidia þath eg ma med æru giora. vina uel og lat hann nu uel fara. þar þicki mier æ liggia og lat hann snart buen og skila honum til biarnar gudinasonar. skal hann senda mier hann. þui eg hef aunguann annann saudulin.

hier med gefin þeim g[udi] og sancte petra nu og alla tima.²⁾

¹⁾ Utanaskript bréfsins með sömu hendi og bréfið. ²⁾ í AM. Fasc. LXIV, 18 (frumrit á skinni, skorin meira en helmingr af ofan frá

461.

[um 1500].

MÁLDAGI kirkjunnar á Bessastöðum í Fljótadal.

AM. 914. 4^{to}, afskrift Skriðklaustreskjala staðfest á Berufirði 28. Sept. 1697 af Guðmundi Árnasyni og Brynjólfi Halldórnasyni, og segja þeir máldagann „á kálfskinn með gamla skrift“. — AM. Apogr. 4441 (eptir 914. 4^{to}). Sbr. eldri máldaga: Dipl. Isl. I, Nr. 92; IV, bla. 212. Stofn þessa máldaga er allr forn, en í heild sinni mun hann vera frá þeim tímum, sem hér er sett.

Bessastada kyrkiu Maaldage.

Þesse er maaldage á Bessastöðum að þar skal vera heimilis prestur¹⁾ ef saa vill sem þar byr. og hafa kiðred fiórda dag Pascha og taka heima tíjund og allra heimanna og lysetolla. Reida preste ijc. þar er skylt að syngia huðrn dag helgan og alla ýmbrudaga. midvikudaga alla og friaadaga alla aa lðngaföstu og ij dimbildægur. palmsunnudag og paaskadag. allar tíder. Þar skal annast hundrad alna omaga. edur laata syngia hundrad saalumessna. Reida

og niór úr, og neðan af er skorið óvíst hvað mikið) er svo látandi brot af sendibréfi frá 16. öld, sem ekki verður glögg séð við hvað á:

Heidarsamligum dandemanni og
 alla ydra dygd og velgiornin[ga]
 spurt hafa at taca vt peá[inga]
 fiordungs giofna nær hu
 ofne elligar villða ec aunguan
 his var: en ec nada aungum n
 nei firir. var mier eigi suo micill h
 [ha]ð brugdit af ydrum sae[dum]
 nadr vor at eg lofad
 og annat til . er ec nv ydur þ[ækande]
 hygg ydur j Bettri trv at segia
 kaasti af þeim sem mier voru
 sa jngibiorga dottur minni
 kote þar til er ydur þat nu j
 hafa þa ec vil afleggja
 og rettvissast talað
 at mier lifandis at þáv þ
 sem þau eru. er ek ydur bæ

¹⁾ heimanprestur(!) hdr.

vt ef vill þetta hundrad i vadmöllum. mat. eda klædum¹⁾ þeim faatækum mönnum sem hann vill. og sie að eige log-bodenn²⁾ & hañs fle.

Kyrkiañ & tuo³⁾ hundrud j heimalande og j^o.j metfle xij kugillde og enn v^o ofryd.

Þar er skillt ad veita hus öllum faatækum mönnum huadan sem ad koma huðrt langarkvellid. og fyrer postala messur allar og stærre hatijder.

Hun & tuo skogarparta j Hrafnkelstada jörd. mille buskulækjar og ad læk þeim sem fellur firer framañ Brattagerdeseyre og annan i Glumbhofdum millum lækja tueggia. skogarteig millum Gilsdr og Budlungarvallar aar. vpp ad götum þeim sem liggja fyrer ofañ alla sköga. og þar med allur Skeggiastada huammur. þar med Kaarataanga.⁴⁾

Kyrkiañ er helgud Gude og S(ancte) Thorlace. Hun eigur kóleik ock messuklæde sæmeleg. krossa ij. mariu-skrift. Thorlacks ljuneske. ij^o j bookum og hundradz saltara. alltaress klæde tuð. og annad fornt og dunkar tuejr. eitt steintialld j kór. kluckur iij. glödarkier. elldbere. merke. sacrarium munulaug. ample med tin. paxblad. jarnstikur ij.

Medkienne eg Hañs Gerchen ad Jón Einarsson medtok þennañ maaldag(a) ad Vydevollum laugar-dagenn næstañ firer Huijtasunnu Anno 1599 þessum mönnum hiðverande Biarna Einarssýne og arna Jonssýne. huorier ad skrifa sýnar handskriffter med minne hier nedañ vnder.

Hans Gerken Eh. Biarne Einarsson eigen hand.
arne Jonsson eigen hand.

462.

[um 1500].

Afhending Hálastaðar í Hamarsfirði.

AM. 963. Fol. bl. 11, skr. 1598. — Mældagabók Biskupskjulasafn-
ins hin gamla (= D 12.) bl. 184b, skr. 1601 (= b). Sbr. afhending: 1594.

¹⁾ Svo; ekki: skædum, sem þó er fornara. ²⁾ Svo; ekki: logkom-
inn. ³⁾ Svo. ⁴⁾ Svo; ekki: Kaaratwnga.

Háls [gamall maldage.¹⁾

Andres kirkia vnder halse: atte suo ordna peninga: þa Eyolfur [Eyiolfsson etcetara.²⁾

jn primis : v kyr : og xl asavdar : viij sandi tævetra : hestur tolf vetra : oc annar þrettan³⁾ vetra : hross fullroskíð : oc eirn fole tævetur : ij hross veturgomvi : aller fyrer iij⁴⁾ : þetta jnnan gatta : xxx. skiolna kerald : oc annad xvj skiolur. og eij mathelltt. vj trog : oc vj. vppgiordar kerollð : oc iij skaler : iij spæner : ij diskar : j. kanna : iij borddiskar : eirn tueggia skiolna ketill bættur : ein súgð oc brýne : ein hriþfa : einn reidingur : oc ij einhogldvngar.

463.

[um 1500].

Afhending Hofstaðar í Álftafirði.

AM. 268. Fol. bls. 11, skr. 1598. — Mál dagabók Biskupsskjallasafnans hin gamla (= D 12) bl. 183a—84, skr. 1601 (= b).

Hof [gamall maldage.⁴⁾

Suo mykla peninga afhente Ásmundur Gudmúndsson sira Halli Sigurðzayne : Enn þollakur prestur þorarinason medtok : a Hofvi j Álftafirði.

jn primis ix kyr oc asaudar kugilldi : firir hina tjuvndv : lxxx⁵⁾ asaudar : xij saude tævetra : þrevett navt : iij hesta vonda : iij hross : oc ij gellð : ij sængur med aklæðvm : oc ij dýnur ad avk : og einge rekivvod med : mvn. laug oc vatzkall : dukur hringofinn half vij⁶⁾ alin : vij vppgiordar kerollð vond : loggstockinn og giardlaus : xij trog : og eckj mathellð⁷⁾ : ij stor kerollð. oc er annad med þremur giordvm : oc floar : ij skaler heilar. enn iij rifuar vi spæner : iij diskar vonder : strockur : tueggia fiordunga ketill vondur : vij fiordvnga ketill : ij skiolur vond-

¹⁾ [268; ²⁾ [þa eyiolfsson(1) b. ³⁾ fiortan b. ⁴⁾ [268; ⁵⁾ lxxxx b. ⁶⁾ vj b. ⁷⁾ mathelltt b.

ar : kanna : tinfat lytid : Brithogg : Bryne : jarnkall : smior
x. fiordungar oc einn hamar.

464.

[um 1500].

VIRÐINGARGERÐ á staðnum í Hoffelli í Hornafirði.

AM. 268. Fol. bls. 18, skr. 1598. — Máldagabók Biskupskjalasafnsins hin gamla (= D 12) bl. 182^b 188, skr. 1601 (= b).

Hoffell [gamall maldagi.¹⁾

Þetta greiddi þosteinn Biarnarson með stad j hoffelle:

j metfle ij²⁾ og xij aurar j tioldum : beckiar klædi
ijj. j hundrad. kolar ij j xij aura. ij. merkur j Busgögnum.
iiij kistur oc ij býrdur oc ij net fyrir xvij aura. ix aura j
vidum : pundari fyrir vj aura. iiij merkur reykelis fyrir v
aura oc ij alner betur. vefære³⁾ j xij alner. ij. kambur j
v aura. hestur fyrir hundrad.

Þessir menn voru j virðingu. jlluge þoralfsson.⁴⁾ Grimur jukunnsson.⁴⁾ Hillebrandur arnorsson prestur. þorarenn Helgason. þorlakur Arnorsson. Beinur eyolfsson leikmenn.

465.

[um 1500].

Afhending staðarins í Einholti í Hornafirði, þegar síra Jón garði lét lausan, en síra Magnús Jónsson tók við.

AM. 268. Fol. bl. 12—13, skr. 1598. — Máldagabók Biskupskjalasafnsins hin gamla (= D 12) bl. 188 a—b. skr. 1601 (= b). Síra Magnús Jónsson í Einholti dó 1514; er því síst fjarrí að setja þessa afhendingu að efni til um 1500.

Einholt [Gamall maldage.⁵⁾

So ordna peninga afhendti síra jon Garde stadnum j einhollte enn síra magnus medtok.

¹⁾ [268; ²⁾ vefære b; ³⁾ þoralfsson b; ⁴⁾ jukunnsson (= jokkunnsson) b; 268: jukunnsson(!) ⁵⁾ [268.

jn primis xij kyr. v. asaudar kugillde oc xij saude gamla : scx vetra gamallt naut og [vetar gamallt naut¹⁾] fyrer ij. cc. iiij [veturgomul naut¹⁾] fyrer. c ij naut tuævetur fyrer c. iiij kaplar²⁾ oc veturgamallt naut fyrer c. fimm hestar og ij. hross virdingar goz.

Ëfter frafall sira magnus heitins jonssonar tok vid oddur prestur þorsteinsson so mikla frijda peninga stadarins vegna j einhollte : jn primis viij kyr. vj veturgomul naut oc [veturgamallt naut²⁾] firir c. iiij veturgomul naut firir c. ij naut tuævetur fyrer c. þrevett naut firir³⁾ iiij kalfa oc veturgamallt. naut j. hundrad : jtem v. asandar kugilldi oc xij sauder gamler : er þetta jnstaða : jtem j köplum v. hestar oc iiij hross : jtem portio Ecclesie sem sira magnus heitinn lysti a deyanda deigi voru ij⁴⁾ oc xx er fallit hafði oc batur ad ank : jn primis luckter xij sauder gamler oc iiij asaudar kugilldi. jtem lucktu erfingiar sira magnus heitins jordina hankafell er liggur j einholltz kirkiu sokn firir viij⁵⁾ med ollum gögnum oc gædum. jtem lucktu þeir v⁶⁾ j koplum. xij flordvnga smiors firir c. iiij vætter fiska firir c. ij kier j jörðu firir c. oc onnur ij. kier firir ijc. kom oc eitt⁴⁾ kier firir batenn. Þetta j virdinga gozi sem hier seiger. ij pottar goder : eitt mortiel oc einn kietill steiktr. var þetta fyrer hundrad : jtem ij tinföt. iiij könnur. einn kietill vondr. var þetta firir hundrad. xx vppgierda kieröld med florum skiolum. xx trediskar vonder. xx trog. xxij. ákerbord. xij. skaler oc viij spæner. v. snældur med snudum : j strockr. a vj hesta reip. einer torfkrokar⁷⁾ oc pundari. var þetta allt firir hundrat. jtem iiij bediar dynur. iiij hæginda. iiij reckiu veder. ij. aklæde fyrir c. jtem eitt tialld fyrer hundrad. jtem munnlang oc vattznkall firir hundrad.

466.

[um 1500].

VITNISBURÐ Magnúsar presta Jónssonar um það, hverja peninga hann hafí meðtekið með Einholti í Hornafirði, þá er síra Jón Þórarinnsson afhenti.

¹⁾ v. g. n. b; ²⁾ kalfar b; ³⁾ þannig bæði hfr. ⁴⁾ ij b; ⁵⁾ torfkrokar b.

AM. 259. 4^{te} bl. 40a, skr. um 1600 fyrir Odd biskup.

Einholt.¹⁾

Æg magnus prestur Jonsson medtok so mickla peninga sem hier seiger þá Sera Jon Þorariñsson afhenti kirkiuna j Einholtti og stadinn.

Jñprymis 13 kyr. 7 ær og 20. 9 sauder veturgamler. tuænetur hratur. 12 sauder gamler. sex uetra gamalt naut og veturgamalt fyrir 2^o. Tuo naut tuænetur. og tuænetran gradung. og 4 kalfa og veturgamalt naut fyrir j^o flogra uetra gamalt naut fyrir 2 vet^{er}er smiors. Jtem 5 hundradz hesta og 3 hross med þui er Eijrekur Jonsson lagdi aptur til stadarins.

5 sængur nondar enn eingiñ abreyða. og eingiñ hujluvqd. j pallklædi. og j muñlaug og vatzkall. 2 konnur. og konnubrot. 2 pottar. og var annar botnlaus. 2 katlar nondar og 5 tinfot. 2 sterk e(n) vond 3. 20 diskar. 20 skerbord. 5 spæner. 5 skaler. 5 snældur med snudum. 20 trog og 20 kiorulld god og nond og aull minne enn mæler. Sexæringur nondur.

467.

[um 1500].

MALDAGI Olafskirkju á Kálfafelli í Fellshverfi.

AM. 259. 4^{te} a) bl. 7b—8a, skr. c. 1600; b) bl. 86a—87a, einnig skrifad c. 1600.

kalfafell [j Hornafirdi.²⁾ [Gamall maldagi.³⁾

Olafs kirkia á kalfafelli j fellshuerfi á heimaland allt med gægnum og giædum. skogum og rekum. hun á xvlij^o floru er liggur fyrir stadnum. hun á flöru er liggur fyrir Steinajordu og eru reiknud florumorckin fyrir austan ad bera skýlidi tyndinn yfer kallardal j mitt skardit j Riupnnadal. Enn fyrir vestan stadarflöruna⁴⁾ og steinaflöru rædur ur uestan verdri⁵⁾ nausttoptt

¹⁾ með hendi Odds biskups. ²⁾ bætt við í a með hendi Odds biskups. ³⁾ [b. v. í b með hendi Odds biskups. ⁴⁾ b; floranu a. ⁵⁾ vestri(!) a, b.

þeirri er stendur j Steina jordu og j vordu þá er stendur á [felsinu¹⁾] fyrir austan Steinagotu. er inn er ridid á dalinn. hun á x auxa²⁾ beit á borgarhafnnarheidi vñ sumar. vidarhögg j holaland og³⁾ xxx hesta.

vij kyr og l asandar. gelldflar hundrad. halftt fimta hundrad j hrossum. vj^o j metfle og hundrad vadmala.

hun á fyrir innan sig ij^o j tioldum. skrin og mariu- skriptt. krossar ij. glergluggi. brijk yfer alltari. kluckur ij. kistur ij. kertastikur ij fyrir hundrad og þar med glodar- ker. kaleikar tueir. fernn messuklædi. allttarisklædi iij. dukar iij. kapur ij. sloppar ij. messufatastökur. fonz vñ- buningur. mercki eitt. muñlaug.⁴⁾ lysikola. lectarar tueir. elldberi og þelahögg. ij^o j bokum.

Þangat liggur tíjund og lýsitollur af vij þæium.

Þangad liggur kirkian j borgarhöfn og misser sönga hinn florda huernn helgann. þar skal sjngia þria ýmbru- daga. halfkirkia á breidabolstad .c. önnur á reinivellum⁵⁾ og iij bænhus. takast vj aurar af iij. Enn af einu v aurar. takast vj aurar og hundrad af borgarhofnn. enn hundrad af huorru hinna.

Þar er tueggia presta skýllda og diakna.

Jtem lagdi herra Oddgeir⁶⁾ vj ær og kw

Jtem gaf hinrich Arnason⁷⁾ j Testamentisgief flöru er att hafa vppsaler er liggur uid Smijrlabiargarflöru sancti Olafi og kalfafells stad er liggur j fellshuerfl. er það flord- ungur ur öllum rekum.

hun á skög allann j breidabolstadarfialli er uid risa breckur. hun á skog allann j þni fialli er fyrir innan gia er og alltt ad steinbogagili sem kallad er. árhalsa skog fyrir inn- an birnndá. hun á laufatungur hinar innri sem standa i kalfafells landi hinu ytra.

þetta er maldagi greindrar kirkiu.

¹⁾ a, b. ²⁾ axa b. ³⁾ Svo a, b; rétt mun: á. ⁴⁾ b; munlag a. ⁵⁾ a; Reinivollum b. ⁶⁾ d. 1881. ⁷⁾ Kemr við bréf i Hornaárði 1490 og sýnist þá hafa verið gamall maðr (DI, VI, bla. 304).

468.

[um 1500].

AFHENDING staðarins í Kálfholti í Rangárþingi, þá er síra Þórðr Ólafsson afhenti, en síra Ásmundr Jónsson tók við.

Add. British Museum 11, 245. 4^{to} bl. 224b (FM. 402), tekið upp í máldagabók Odds biskups eptir mjög rotinni skrá kirkjunnar í Kálfholti

Kalfholt.¹⁾

Suo mikid gotz var lokid stadnum j kalfholiti er sera Ásmundur jónason med tok. enn sera þordur olafsson afhenti.

Jn primis tuenn messuklædi. sloppur .ij. alltarisklædi med tueidur dukum .ij. kaleikar .iij. kluckur .ij. biollur. fontz vmbunadr. Mariuskriptt. Olafs skriptt. kross yfer alltari med lijkseskium og brijk og ij krossar adrer. kann. alltarisbok. glodaker. sacrarium. munnlaug. kista olæst. lectari. stoll. kirkiukola.

Jtem .x. kyr .lx. asaudar. þriu hundradz hross. iij. ær firir halfann fiordung vax .v. merkur vax. iij^o j metfle. lxxx. alner j hafnarvodum. j stadarspioll er sæmundur p[restr] lauk.

[þad sem hier er skrifad vm bækurnar eda huersu margar þær hafa þa verid. þad verdur ecki lesid.²⁾

469.

[um 1500].

MÁLDAGI kirkjunnar í Gaulverjabæ í Flóa.

AMagn. Apogr. 1896, afskript gerð 23. Aug. 1712 í Skálholti og staðfest af Árna Magnússyni, Gísla Bjarnassyni, Dorgils Sigurðessyni og Páli Hákonarsyni, eptir afskript með hendi síra Vigfúsar Oddssonar (d. 1650), og hafði síra Oddr Stephánsson (d. 1641) skrifað á máldagann: „þetta er sa Bæjarkirkju máldagi sem eg hef epter hallded og miner forverarar fyrer mig. Oddur Stephansson med eigin hendi“; hafði hann látið þinglessa máldagann á Bæjarþingi 7. Maí 1686, og votta það Vigfús Gíslason, Vigfús Jónsson, Magnús Guðmundsson, Guðmundr Jóns-

¹⁾ með hendi Odds biskups. ²⁾ [Athugas., er Oddr biskup lætr af skrifarann setja.

son, Snorri Jónsson og Þórólfur Guðmundsson. — AMagn. Apogr. 1897, afskript gerð í Skálholti 28. Aug. 1712 og staðfest af Árna Magnússyni og ádrnefndum mönnum, eptir afskript gerðri 16. Október 1646 í Odda á Rangárvöllum og staðfestri af Markúsi Snæbjörnssyni, síra Birni Höskuldsyni, Jón Vigfússyni og Benteini Ólafssyni, en þeir rituðu eptir bréfabók síra Stepháns Gíslasonar (d. $\frac{20}{3}$ 1615). — AMagn. Apogr. 1898, sem hér er fylgt; er afskript sú gerð í Skálholti sama ár og dag sem fyrr segir og staðfest af sömu mönnum, eptir transcripto með hendi síra Jóns Erlendssonar staðfestu af honum, Guðmundi presti Bjarnassyni, Nikulási Oddassyni, Valda Guðlaugssyni, Hannesi Helgassyni og Ormi Jónssyni, en transcriptum þetta var gert eptir vídlæse Magnúsar Guðmundssonar, Bjarna Sigurðssonar, Gísla Guðmundssonar, Sveins Gíslasonar, Jóns Jónssonar og Ógmundar Sigvatssonar, sem votta að sín afskript „sæ ad öllu samhlöða eiginn handskript saluga syra Guðmundar Gíslasonar“ (d. 1605). Gíslamáldagi nefnir ekki akriand, og er því þessi máldagi efnast snögt um eldri. Drjár síðustu kirkjujardirnar standa ekki hjá Vilchni né Gísla, og mun Gíslí hafa skrifað eptir Vilchni.

Gaulverjabæjar kirkju máldage.¹⁾

Kirkian í Gaulverjabæ²⁾ á heimaland allt með gögnum og giædum.

Hun á þessar jarder.

Hellur. leigd fyrrer hundrad.

Haug³⁾ leigd fyrrer hundrad.

Gierdur⁴⁾ leigd fyrrer hundrad.

Nedra voll⁵⁾ leigd fyrrer hundrad.

Hamar leigd fyrrer hundrad.

Snogznes⁶⁾ leigd fyrrer hundrad.

Kirkian á akurland under sælðing kornz á loptatodum arlega oc þara með sem nægest.

Gaulveriar eiga vetrar beit í loptatada land verkhestum tveimur. folöldum. unghrossum og saudum fyrrer vestann gautu.⁷⁾ skal beit þessæ hefiazt er saudur geingur fra riettum og til þess lomb [fara⁸⁾ fra saudum. nautabeit unst vj. vikur ero af sumre.

halfan hvalreka um allar flödur eiga Gaulveriar vid

¹⁾ 1896; Máldage Gaulveriar Bæjar stadar kirkju í Flóa 1897; eingin fyrrisögn 1898; ²⁾ Gaulveriarbæ 1897, 1898; ³⁾ Hangur 1896; ⁴⁾ Gierdur 1896; ⁵⁾ Nedre vollur 1896; ⁶⁾ 1896, 1898; Snogznes 1897; ⁷⁾ gautur 1896; ⁸⁾ [eru tekin 1896.

loptstada menn oc suo ad fara ad veidum. enn fara skipt-
 izt ad veturnottum. oc eiga adrer austar fra enn adrer
 vestar vidreka. Enn fiskreke skiptizt ad kasaskiere oc eiga
 Gaulveriar sin missere hvorar florar.

Gaulveriar eiga allann þara vestar fra husum unnst
 iij vikur ero af samre. þa eiga loptstadamenn þara allann
 til föstudagsinz j fardogum & þeim hluta föru er þeir haft
 hafa annad sumarid ädur.

Solvanam eiga Gaulveriar oc þangakurd. þeir eiga
 skipstödu naust oc flos anda¹⁾ skipverium oc korngard &
 loptstodum arlega.

þeir skulu ræda firir beit er a Gaulveria²⁾ bæ bua &
 allre myre. og & Vollur vid þa er sambeit eiga. lata finna
 hreidur oll hvar sem finnast j Galtastada lande oc Vallar
 lande.

Selför a nedra voll og skal þar þeim fa er a Bæ bua
 hross stodul oc kvijar.

fertegan kost j Gjerdaland.

aller þeir menn sem sambeit eiga upp i woll. skulu
 hafa j trod fienad sinn upp fra olafe messo.

Eitt trie skal fara til bruar & Gjerdalsk.

J Nese er stodhrossa beit. enn a Hamre tveggja giell-
 hrossa³⁾ beit. tveggja gielldhesta beit a Galtastodum j äldgum.

470.

[fyrir 1500].

SKRÁ um eignir Snæfuglsstaðakirkju i Grímsnesi, þá er Ey-
 steinn Guðmundsson afhenti, en Eilífr Guðmundsson meðtók.

Máldagabók Biskupskjallasafnans hin forna (= D12) bl. 187b, skr.
 1601.

Snæfuglstadur.

Jtem voru suo mycklir frijdir penjnga(r) med kirkia a
 snævoxstodum þa er eysteinn (gudmundsson) afvennte enn
 eiljff[ur] gudmundsson (medtok).

¹⁾ handa 1896; ²⁾ Gaulveriar 1897, 1898; ³⁾ gielldhesta 1896, 1897.

Jn þrymis vj asaudar kugillde oc iiij kyr. xij sandir gamlir j ij. hundrud. iiij vetra gamallt naut og ij hundrud j koplum. hier med afvennte eysteinn gudmundzson allt ornaementum kirkiunnar suo sem þad stod j maldaganum.

suo mic[id] j busgagune. ij kerolld. ij trog. ij hujlvodir. ij skalir. iiij hurdir oc iiij rumstockar oc eitt hundrad j koplum.

471.

[um 1500].

REIKNINGSSKAPR á Snæfuglsstöðum í Grímsnesi.

Máldagabók Biskupsakjallasafnsins hin forna (= D 12) bl. 187b—188a, skr. 1601.

Snæfogs Stadur.

Suo felldar kirkiu reiknnijngur a snæfogsstodum sem hier seigir.

messuklædi ad aullu oc eirnn hokull vonndur. þar til alltarissklædi med brun oc fordukuð. kðlekur brakadvr. de sanctis gradall oc de sanctis ottu saunngua Bok oc de tempore missale fra þskudeige oc til passionem domini oc de sanctis med legenndur iiij oc einnginn alfær. ottu saunngua bok á sumarid. de tempore ýmñarijus alfær. sequencijubok oc salltari vonndur. þriar kluckur oc eru ij brðkadar og korbialla þar til. þijslarmark med alabastrum og annad med tre. mariuskriptir ij. margretarskriptir tuær smðr. lijka-kross brðkadar. mariuskript med vppkast. Jtem tok eg sijra gudlogur stadinn miqg hrðrligann oc kirkiuna oc tuniñ orgeinngiñ. tok eg med stadnum j matbord oc ij flalir oc ij hurdir vonndar ij keraulld ij trog oc ij skiolur oc ij hujlvodir. ein kyr oc eirñ hestur og j hross. A eg fyrrgreiñdur sijra gudlogur ad giallda kirkiunni xvj hundrud. iiij kyr oc fiogra vetra gamallt naut og vj asaudar kugillde. ij hesta og eitt hross og ij hundrud þar til j fridu.¹⁾

¹⁾ Hér kemr í máldagabókinni á eptir skrá um landamerki Snæfuglsstaða.

472.

[um 1500].

Lítarne Guðlaugs prests um landamerki Snæfuglsstaða í Grímnesi eptir frásögn Arnórs prests Haldórssonar, er staðinn hélt (um 1460).

Máldagabók Biskupskjalasafnsins hin forna (= D 12) bl. 188a, skr. 1601.

Snæfuglsstaða landamerke.¹⁾

Sagde mier síjra arñor halldórsson.²⁾ er staðinn hieilt. og jngvellður eiregsdottir. Eijolfur kolbeinson oc einar magnússon þesse landamerke á snæfogsstöðum.

vr feruhamri og j kām̄b. vr kām̄bi oc j kolgrafarhol. vr kolgrafarhol oc j þufuna á finnaheide oc j steinahofdenn j miofa farinu. rædur þá farid j fagraholinn. fyrir austan farbotna. vr holnum oc j norðaúrverðan kerholinn. vpp yfir tiorñinne. oc j holinn vñdir markabreckvr. þaðan oc j kiolinn þar er vid rija. rædur þá kiolurinn j garðinn er liggur fram̄ ad anne þar sem endar kiolinn.

473.

[um 1500].

SKRA um landamerki milli Voga og Grindavíkr.

á Hofi.

Bæf Stepháns biskups í Skálholti um innstæðu kirkjunnar
á Hofi í Vopnafrói.

Eptir frumritinu á skinni í Landsakjalasafni, komnu sumarið 1901
frá Hofakirkju í Vopnafrói. Innsiglið er dottið frá.

Tilskipan Stefans biskups um Jn-
stæðu á Hofi anno M^o.)

Vær Stephan med Gudz naad biskup j skalholtti giorn-
um godum monnum kvinnigt med þessv vorv opnv brefi ad
vær haufum skipat suodan jnstædy allra heilagra kirkiu aa

¹⁾ D. s. 15. ág. ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 18. öld.

hofi i vopnafirde ad kirkian þar skal eiga tolf kyr. lx a-sandar. xv. kapla klyfbæra. gamallt navt og annat tvævett og hid þridia veturgamallt. en ofritt goz jnnan gardz standi med þeirri virdingv sem adr hefer verit. Og til sanenda hier vm festvm vær vort jnsigle firir þetta bref skrifat aa hofi j alptafirde jn festo sancti bartholomei apostoli anno domini Mllesimo quingentesimo.

510. 13. September 1500. í Fells múla.

ÓLAFR Oddsson selr Sigurði Filippussyni jörðina Breiðagerði & Vatnsleysuströnd fyrir tólf hundruð í lausafé.

AM. 288. 4^{to} bl. 5—6, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Annat bref vm Breidagerdi.

Þat giorvm vid Jon Jonsson ok Helligi Broddason godvm monnvm vitrligtt med þessv okrv brefi þa lidit var fra hingadbýrd vors herra jesv christi m d ær æ Vtskaalvm æ Roshvalanese þridindeiginn næsta fyrir pvrificacio Marie¹⁾ vorvm vier j hia savm ok heyrdvm æ ord ok handaband þessara manna Olafs Oddzsonar af eine alfv enn Sygvrðar Philippvssonar af annari. skilldizt þat ok faldizt vnder þessv þeirra handabandi at fyrnefndr Olafr Oddzson selldi j vmbodi Arna Brandssonar Sigvrði Filipvssyni jordina alla Breidagerdi er liggr æ Strönd j Kalfatiarnar kirkiv soknn med avllvm þeim gognvm ok giædvm sem greindre jordv fyllger ok fyllgtt hefir at fornv ok nyiv ok Orny kvinna hans hafdi fremst eigandi at ordit. Hier j moti gaf greindr Sigvrðr Filippvsson iij^e j silfre. vj^e j klædi. þriv hvndrvd j avllvm þarfligvm peningvm þeim sem Olafi Oddzsyni vell sanægir at taka. skyllde optnefndr Sigvrðr Filippvsson halda adr greindri jordv Breidagerdi til laga. Sampyckti adrnefndr Arne Branson ok Orny Arnadottir kvinna hans þetta sama jardarkavp stodvgtt ok myndvgtt med þrattnefndvm monnvm Olaf. Oddzsyni ok Sigvrði Filifssyni.

¹⁾ D. e. 28. Jantar.

Ok til sanninda hier vm settu fyrnefnder menn Arne Brandsson ok Olafur Oddsson sin insigle med ockrvum insiglvum fyrir þetta jardarkavpsbref hvert er skrifad var æ Felldzmvla æ Landi svnnvdagenn næstan fyrir krossmesso vm havstid æ sama ari ok fyr seigir.

511. 16. September 1500. í Hvammi.

Bær, að Ólafur Filippusson hafi gefið Birni Guðnasyni eignarumboð til aðtöku, halds og löglegrar sóknar á öllum þeim peningum í Vestfjörðum, er Einari syni Ólafa höfðu til erfða fallið eptir Solveigu heitina Björnsdóttur móðurmóður sína.

Kriegers safn 2. 4^{to} bls. 11—17, með hendi Styrs Dorvaldssonar c. 1700. Frambréfið hefur ekki orðið lesið á köfnum, og eru því eyður hér og hvar í afakrípti Styra.

Umboðs Bref Biarnar Guðnasonar af Olafi philippussyni.

Það giorum við Asmundur Clemisson og Helge Sigurdsson godum mönnum kunnigt með þessu ockru opnu brefi. að við medkennunst. að við vorum þar í hið saum og heyrdum á Audkulustandum í Svijnadal þridindaginn næstan fyrir krossmesso um haustit¹). Þá lidid var fra hingadburd vorz herra Jesu Christi M. og d^o. dra. ord og handaband þessara manna. af eirne ölfu Biarnar Guðnasonar enn annari Olafz Philippussonar að svo undertoludu og fyrir skildu. að greindur Olafur gaf og fleck greindum Bijrne Guðnasyni sitt fullt (og) allt eignar umboð til attauku og haldz og löglegrar soknar og Eptirkæru a öllum þeim gotzum og peningum fostum og lausum. kvikum og daudum. frijðum og ofrijðum. sem á Vestfjordum væri og ádurgreindur Olafur hieilt fallna vera Einari Olafzsyni syne sijnum til riettra Erfda eptir Solveigu heitina Björnsdóttur modurmodur sijna eptir því sem domar og urskurder þar um

1) D. a. 8. Sept.

giorder utvijsa. þar fyrst tilgreind jordiñ Vatzfiordur. er liggur i Jaafyrði og þeir peningar fastir og lauser. kviker og davder. frijdir og ofrijdir þar under liggia og med standa. og Olafur helldur ad Solveig heitiñ Biórnsdottir hafñ feingid hann eptir fodur sinn Biörn Þorleifsson ad giðf. sem bref og domur þar um gior utvijsar. J annari grein Bær ð Raudasandi med ollum þeim eignum er þar under liggia. hvoriar er halldnar hafa verid. iij^o. hundrada edur meijra og Olafur helldur Einar Biornason ðtt hafa ad erfdum eptir fodur sinn. J þridiu grein Stadur i adalvijk med¹⁾) og allt mitt gotz fast og laust. kvikt og dautt. frijdt og ofrijdt jarder og kugilldi er Þorleifur heitinn Biornsson hefur att. og optnefndur Olafur helldur greindum Einari heitnum Biórnsyni til erfdar fallit (hafa) eptir brodur sinn Þorleif. enn Solveigu eptir brodur sinn Einar. og nu helldur tijdtgreindur Olafur ðll þesse gotz komin og falliñ undir adur greindañ Einar son sinn epter því sem arfar hafa adur til fallid fram fyrir²⁾) og vort erfdatal vottar. og lög ganga. at i vorum lögum. logbok og kristin ætettur. skal greindur Biorn Gudnason oll þesse gotz sekta og sækia. og allt sakfelli a eiga. hvor þessum peningum helldur edur hefur halldid ranglega. edur hafa þeir verid rängelega teknir og gripnir. rænter edur reyfader þa skal hann þar alla sokn og sakfelli ð eiga. hvar hann kann þa upp ad spyria. og allir þesser fyrgreinder menn hafa ðtt. og þeir hafa ei ðdur löglegt ráð fyrir giðrt. Skal og optnefndur Biörn allt lagasvar fyrir þessum peningum hafa. og giallda allar löglegar skulldir þeim sem med lögum leida sig til af sveinsins gotzi. kann og svo ad vera. ad þesser peningar sækist af kini med lögmal. edur sie þeir gripner og tekner og halldner med ofrijki. fyrir utañ vilia Biornz so hann kunne þeim ecki ad nd. og fð þar ecki ad giort. þð skal tijttnefndur Biorn edur hans peningar þar j augri klagan fyrir vera. skal þrattnefndur. Biorn Gudnason þetta umþod hafa

1) Hér er eyða i hdr. fyrir hér um bil þrem línum. 2) Svo.

iiij tolf manudi. nema hann vilie fyr vid skiliast. og eignazt leigur og landakyllder. og allañ annañ ðvðxt og ðbata ð ollum þessum gotzum. So og kunne nockurer hvalir edur höpp at koma þar er þesse gots liggia. þð skal þad not Biarnar. og skal þad ecki jnnstædu vexa. Hier til skal Biorn Gudnason hafa fyrir starf aitt. so hann sie vel sæmdur af og¹⁾ semur. enn ef honum semur ei. þð skal hann hafa²⁾ sem vj dandimenn giðra. og hvad Biörn kostar sijnum peningum til uppa þetta gotz þad skal af sveinsins gotzum bitalast. skal Biörn Gudnason þessum gotzum og peningum so haga. skjicka og skipta sem honum best bijhagar. so skulu þeir allir kvittir sem hann kvitta giorir. sveininum ad skadlausu. Og til sanninda hier um settum vid fyrnefnder menn ockur Jnsigli fyrir þetta umbodsbref skrifad i Hvammi j Hvamasveit. midvikudagin næsta fyrir festum Lanberti episcopi ð sama ðri og fyr seigir.

512. 18. September 1500. á Mððruvöllum.

Ólafur bóndi Pálsson lykr Gottskalki biskupi á Hólum tuttugu og fimm hundruð upp i jörðina Hvassafell i Eyjafirði i reikningsskap þann, er hann og Páll Brandsson faðir hans urðu skyldugir biskupinum.

AM. Fasc. XXXIV, 20, frumrit & skinni. Öll (4) innsglin eru dottin frá. — AM. Apogr. 3884.

Vm huassafell 1500.³⁾

Þath giorvm vier nicvlas prestur þormodsson. guttormur nicvlasson ok jon þorgeirsson leikmenn godum monnum viturligt med þessu voru opnv brefi. ath sub anno gracie. M^o. quingentesimo. æ modrvuollvm j eyjafirði midvikvdagenn j imbrvvikv um havstid⁴⁾ uorum vier j hia sa-

¹⁾ eyða i hdr. fyrir svo sem tveim línum. ²⁾ eyða fyrir svo sem ¼ úr línu. ³⁾ Utan á breðnu með hendi frá 16. öld öndverðri. ⁴⁾ D. e. 16. Sept.

vm ok heyrðvm æ. ord ok handaband vors virðvligs herra herra gottskalks með guds náð biskups ath holum af einne halfv. enn grims bonda palsonar af annarri. ath svo fyrir skildv ath grimur bondi lvekti biskupenvm fiortan hundrud j hvassafelle j gamlan reikningskap uegna fodur síns páls brandzsonar. enn ellefv hvndrud j somv fyrrskrifadre jordv j sialfs síns reikningskap er hann var skýlldvgur biskupen- um. reiknast þetta fim hundrud ok tvitvju j adur greindre jordu hvassafelle j eyafirde er liggur j myklagarz kirkiv sokn. lvekte grimvr bondi palsson þenna fyrrskrifadañ jard- arpart biskupinvm til fvlrrar eignar með ollum þeim gogn- vm ok gæðvm sem greindum jardarparte fylger og fylgt hefer ath fornu ok nýv. ok pall brandzson ok þorleifur ok benedikt syner grims vrdv fremzt eigande ath. skýlldi bisk- upenn halda til laga tit nefndum jardar parte. enn grimur bonde svara lagaríptingvm ef með logvm kynni af at ganga. Ok til meire avðayningar og stadfestv hier vm. setur ec grimur palsson mitt inncigle með þessvm fyrrskrifadra manna innciglvv fyrir þetta bref skrifad j myklagardi j eyafirdi fostudagenn j imbruvikv vm haustid. a sama are sem fyrr seger.

513.

23. September 1500.

í Miklagarði.

GOTTSKALK biskup á Hólum samþykkir löglega alla dóma og úrskurði um Möðruvallamál.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol., bl. 201_b, skr. c. 1604 (= a) „Wr Breffa Bok Eggertz Hannessonar“. — Landsbóka- safn 789. 4^{to} bls. 394, skr. c. 1620. — Landsbókasafn 63. 4^{to} bl. 828 a—b, skr. c. 1640. — Landsbókasafn 69. 4^{to} bl. 148 a—b, skr. c. 1640. — *Analecta juridica* Odds Jónssonar digra 1663. — MSteph. 27. 4^{to} bl. 421—422 með hendi Benedikts lögmanns Dorsteinssonar c. 1780. — Landsbókasafn 115^{to} I, 106, með hendi síra Jóns Haldórssonar í Hit- ardal c. 1780.

Byskups Brief.

Vier Gottskalk með Gudz náð Biskup æ holum giorum

godum monnum witurligt með þessu woru opnu brefe. ad uier haufum sied og yferlesid þa doma og vrskurdi sem dæmder hafa werid um þann arf og peninga. sem sonum Grijms Pálssonar Þorleifi og Benedict fiellu til erfda ad riettu erfdatali. j faustum peningum og lausum. epter Pal Brandzson faundurfaundur sinn. Enn Pale Brandzsyni fiell til erfda epter sonu sjna Biarna og Benedict. Enn þeir haufdu erft epter modur sjna Jngibiaurgu Þoruardzdottur. Samþycktu¹⁾ wier þa doma og urskurdi fyrir oss og uora kyrkiu logliga. þui oss hjtast²⁾ þeir epter laugum og erfdatali dæmdir werid hafa. Og til sanninda hier um heing(i)um wier vort secretum fyrir þetta bref. skrifad j mycklagardi j eyafirde midukudaginn næstañ epter festum Matthei Apostoli et Euangeliste. anno domini [1500 ára.³⁾

514. 24 September 1500. í Gufudal.
 Скопунавеннæ Jóns Haldórssonar, prófaste og almennilegs dómara milli Gilsfjarðar og Langaness, og fimm manna annara á kirkjunni í Saurbæ á Raudasandi.

Blak. Skalh. Fasc. XIII, 8, frumrit á skinni. Af 6 innsiglium eru 2 fyrir. — AM. Apogr. 2461.

Virding kirkiunnar ad Bæ a Raudasandi.⁴⁾

Þat giorum ver jon prestur halldorsson profastur og almennelegur domare j mille gilsfiardar og langanes. eyiolfur prestur sigurdzson. eyiolfur gislason. helge gislason. jatgeir morteinson og arne hermundzson godum (mönnum) kunnigt með þessu uoru opnu brefe at j saurbæ æ Raudasande beidde andres bonde gudmundzson oss er þa hieilt og atte greindan gard at skoda sina eigin kirkiu þar. huer at helgut var enum blezada johannes postula. nu saker þess at oss leizt greind kirkia noten og at nidurfalle komen og faer vider j henne hæfer. eþ torf eingen. þa giordum ver

¹⁾ a; samþykktum, *hín*. ²⁾ virðttust 789. ³⁾ [Millesimo quadringentesimo (l) 789. ⁴⁾ Utan á frbr. með hendi Árna Magnússonar.

fyrir greinda kirkiu fyrir sio hundrvd. til kaups med ollum sinum vidum. Ok til sannenda hier vñ settum ver fyrir nefndur menn vor jnsigle fyrir þetta bref skrifad j gufudal j gufufirde fimtudagij næsta epter Mattens Messu. þa er lidit var fra hingadburd uors herra jhesv christi þusund. eccc. og tiutiger ara.

515. 8. Október 1500. í Hvammi.

Bræf, að Björn Guðnason bygði Jóni Eiríkssyni jörðina Hvamm í Hvammsveit, og fleiri jarðir, til ábýlis um þrenna næstu tólf mánuði, með því skilorði, er í bréfinu greinir.

AM. Fasc. XXXIV, 80, framrit á skinni með hendi Björns Guðnasonar; er eitt innsigli fyrir bréfinu; hin eru döttin frá. — AM. Apogr. 5698.

Bref ad stjra Jone Eirekssyni bygdi Biorn
Hvamm 1500.¹⁾

Þad giorvm vær einar þordarson jon bvason og þor-
modr sveinsson godum monnum vitrligt med þessv worv
opnv (brefi) ad vær medkennvnt ad vær vorvm þar j hia
savn og heyrðvm aa skerdingstavðvm j hvammsveit fimtu-
daginn næsta fyrir caligxtusmesso þa lidit var fra gvds
bvrð M. og w^c ara ord og handaband þessara manna af
einne alfu biarnar gvðinasonar enn annare jons eirekssonar,
ad so vnder tavludv og fyrir skildu ad greindr biorn bygdi
greindvm joni jordina hvamm j buammsveit til abyliis og
þar med. xx. kuilldi heima a gardinvm vm næstv þriv ar
þar epterfarandi og þar med vnte hann honum þær jarðer
aðrar. sem honum heyrði þar til j sveitenni og þav kvilldi
med þeim stædi. skylldi jon þessa penninga hafa alla vm
næstv þrenna tolf manvðv til medferdar og abata leigvm
og landskyllðvm skila þa aptur avllvm þessvm peningvm
jordvm og kvillðvm jafngodvm og gordvm med sodan land-
skyllðvm þeim nv være.²⁾ Enn hier jgen skildi biorn a jon ad svara

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá c. 1700. ²⁾ Svo.

avllvm lavgskilvm fyrir þessa peninga medan hann helldi þa preste kapp og mautv og biskupsgisting. Byggja gardinn vpp adh avllvm nyvm torfvm og nyvm vidvm þeim biörn villdi nya vera lata. skyldi biörn fa sialfvr vidinn til [eigi firr enn j trekyllisvík¹). enn jon ad gradinv²) draga og allt annad ad giora vpp a sialfs sins kost. enn ef biörn gæte eeki vidin til feingit. sem honum þætte þavrf vinna þa skyldi jon fa hann ef hann gæte helldr. enn ef hvorgi þeirra gæte vidinn feingit. þa skyldi so miced ganga aptur af þessvm peningvm sem jon bygde eeki. worv þesse hvs til skilin. badstof(a). stora stofa med avnd. skali og býr med avnd og fram adh vthidyra avndinne. og skemma.

Og til sanninda hier vm settvm vær fyrr nefuder meðan wor jnsigli fyrir þetta vitnisvrdarbref hvert er skrifad war j hvammi j hvammsveit a sama dag og ar sem fyrir seiger.

516.

[3. Október 1500].

í Saurbæ.

15. Febrúar 1501.

undir Felli.

ANDRÉS Guðmundsson og Þorbjörg Ólafsdóttir leggja hvort í annars vald þær löggjafir, sem hvort þeirra hafði gefið öðru, og gefa Guðmundi syni sínum fjórðungsgjafir sínar og löggjafir, og lögðu þar í Saurbæ á Rauðasandi.

AM. Fasc. LXVII, 1, transskript frá 11. Marts 1508. — Apogr. 1174 og 1857 (eptir Bæjarbréfum á Rauðasandi „accurate collata“).

Þat giorum vid Guðmundur eyvintson ok Guðmundr Jonsson godum monnum kunnigt med þessu Ockru opnu brefi. ath þar vorum vid j hia j litllá stofunne j Saurbæ æ Rauda Sandj Langar Daginn næstan epter Michelsmessu vm haustid Sæum ok heyrdum á ord og handáband þessara manna. af einne alfu andres Guðmundzson. Enn af annari alfu þorbiorg Olafs Dotter hans eigin kviunda. ath sua fyrir skildu ath greind hion andress ok þorbiorg langdu

¹) [á spásinu, og vísað inn. ²) Svo.

aptur med handbábandi huortt j annarss valld þær fiordungsgiafer. Sem huortt sagdizt audru gefit hafú. Ok huortt vm sigh skylld megú gefú. sindú fiordungsgiof, ok allar langgiafer huerium sem þau vilde þær epter. Hier epter gafu fyr greind hion andres gudmúndztson ok Þorbiorg Olafs Dotter. Gudmúndj Syne sinum med fullu handbábandj. þessar sinar fiordungsgiafer ok allar langhiafer. þær þau mætti framazt med langum gefú. hvortt vr sinum peningum. þeim sem þau hefði att og eigandj ath ýrdj. Hier med skildu til ok ú greindu opt nefnd hion andres ok þorbiorg þessar sinar langgiafer vpp j jordinú. Saurbæ ú Raudú Sandj til æfinligrar eignar vndañ sier ok sinum erfingium. enn vnder þrattnefndan Gudmund ok hans erfingidú. Leystu¹⁾ þau þui titt nefnd hion. andres Gudmanztson ok þorbiorg Olafs Dotter ath þau hefði aunguar giafer fyrre gefit enn þessú. Ok þau yntte honum sinna langgiafú bezt ath niota. Ok til meiri Stadfestu ok sanninda hier (vm) setur andres gudmúndztson sitt jnsiglli med fyr greindrú (manna) jnsigillum fyrir þetta vitnesburdarbref er skrifad var under felli j kollafirde Þridiu Daginn fyrir Simonsmessu vm veturinn. þæ er lidit var fra þingat burde vors herrú jhesu christi M. fimm hundrud ok eitt aa.

517.

8. Október 1500.

í Vatnsfirði.

BRÉF (Björns Þorleifssonar) til Jóns (dans) Björnssonar, þá er Jón vildi ríða í Vatnsfjörð með Birni Guðnasyni.

AM. Fasc. XXXIV. 28, frumrit á skioni, og eru öll (3) iunsiglin fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 5697.

bref er jon bjornson villde rida j vasfiord med birne
gvdnasyne²⁾ 1500⁴⁾.

Witurligt vil eg ydur giora jon bjornsson. ath yduartt bref kom til min. j hueriu suo stod. ath þier mundu reida j uazfiord med birne gudinasyni. weit eg. ath þat hlytur

¹⁾ Svo = Lýstu. ²⁾ Utan á bréfinu með forri hendi. ³⁾ með hendi Arna.

suo ath standa sem þier vilit gior(t) hafa. Enn þuertoku þier á reikholun. ath þier mundut suo giora. Enn huar þier æjfdit med frid og god heit vit mic. edr mina. þá þiki mier þath vel wera. Og þath þigg eg giarna. Enn ef þier. vilit annars. edr adrirmenn. til vonda vit mig edur omaks þá byd eg mitt mál til riettra laga til auxararþings. vnder laugriettvmanna dom og laugmanzina. finnoga. vtnefning. huad hellztt þier edr adrer mega til min tala. wín þá peninga. sem eg hefe ath mier tekit. Suo og fyrir mina menn. Byd eg sljkt hid sama. Og fridhelga eg mig og mitt má. þier med til riettz doms. Og allra þeirra sem mier ath fylgia. Enn eg fyrirbyd ydr og aullum þeim sem ydr at fylgia ologligar atgiorder allar. Og leg eg þá sektt uit sem fremst má med langum werda. huort helldr þath snerttur kongdom edr kirkiu. Og alla þá peninga sem biorn þorleifsson hiellt. og þorleifur biornsson. og einar biornsson toku eptter fyr greindan biorn þeirra fodr. og sina modur. olofu loptzdottur. þá lyser eg vnder kongsins láds. Og vnder hans vmbodsmann. ath forsuara til riettra laga.

Medkennumzt wær jon prestur marteinason og jon sueinsson og þornalldur þorsteinsson. at wær vorum þar nær j uazfirde j isafirde. morgum godum monnum hia wer-aundum. fimtudaginn næsta eptter franciskus dag. ad suo latanda bref war lesit ord eptter ord. sem hier fyrir stendr skrifat. arum eptter gudsburd. M. cccce hundrud.

Og til sanninda hier wín. heingum wær uor insigli fyrir þetta vittnisburdar bref. er skrifat war j sama stad deigi og ari sem fyrr seiger.

518.

18. Október 1500.

á Mællifelli.

VITNISBURÐAR um landamerki Bergsstaða, Eiriksstaða og Fjósa í Svartárdal.

Biskupsakjalasafn Íslands, Hol. Fasc. II, 8, frumritið á skinni, og er eitt innsigli fyrir. Prentað í Timarití Jóns Péturssonar II, 46—47 „eptir pappírbréfi með þekktanlegri hendi Guðbrands biskups“.

landamerki a millum Bergstada og Eireksstada¹⁾

Þat giorer eg sygurdr prestur þorlaksson godum monnum viturlegt með þessu minu brefi upp á. xvij. uetur sem eg hiellt bergstad(i). voru þesse landamerki hallden millum bergstada ok eireksstada ath garz enda þeim er ligur ofan í á. er girtar er af gelldingagerdi. er ligur ut epter hlidenne. sogdu mier ok gamler menn. er suo heitu. steinn gudmunzson ok ion geirsson. ath þessi landamerki hefði halldin uerit laungu adur enn eg kom þar. enn nokk-urum uetrum seinna. þa eg var i burt bar þeim til a-greiningur. þorkalle prest þordarsyne. er þa heillt berg- stadi ok andrese bauuarsyne. er bio á eirexstodum uegna²⁾ þorleifs biornsonar. þa kom þeim saman adur nefndum þor- leifi ok þorkalle prest. ath þeir skyldu lata rida á landa- merki. skyllði eiell grimsson ok þorualldur ionsson uera uegna³⁾ þorleifs. enn uegna sira þorkels þesser prestar. sygurdr þorlaksson ok kar jonsson ok þat giordum uær. fundu uær lyr(i)ta upp i fiallinu rettsyne af fyrnefndum garzenda ok nordu ok adra nordur a sletta fiallenu. stodu þesse merke rett- syne huert af audru. heilldum vær þesser fyrgreinder menn þesse landamerke uera⁴⁾ ok uerit hafa. i annari grein heyrdá eg mier elldre menn seiga at þesse væri landamerki millum fiosa ok eir(e)ksstada. at gardi þeim er geingur of- an ur eirexstada tiorn utanuerdre ok rettsyne af honum ok nordr a fiall. Ok til sanninda hier um setta eg mitt insigle firir þetta bref er giort var a mælefellzstad i tungusneit þridindag næsta firir ealigtusmessu þa lidit uar fra burd krist(s). þusund. cccc. tigetige ara⁴⁾.

519.

18. Október 1500.

í Glaumbæ.

TRANSEKRIPTABRÉF.

Eptir afskript með hendi Gísla Konráðssonar. — Afskript með hendi Benedikts lögmanns Dorsteinssonar er i MSteph. 27. 4to bls. 81—82.

¹⁾ Utan á bréfinu. ²⁾ uegn, frbr. ³⁾ verit, frbr. ⁴⁾ Jón Péturson segir að ártalið sé "1490", en það er rangt.

Þath giðrum vier Teitr Þorleifsson. Hakon Hallason. Jon Þorarinsson goðnum monnum vitrligt með þessu voru opnu bréfi. að vier hófum eieð oc yfirlesit dandimanna bréf með þeirra hángundum jnsiglum suo látandi orð eptir orð sem hier eptir stendr scrifat.

[Hér kemr kaupbréf um Lýtingsstaði og Hofjarðir 4. Júní 1877, Dipl. Isl. III, Nr. 264.]

Oc til sannenda hér um setium vér fyrrnefndir menn vor innsigli fyrir þetta transskriptarbréf skrifað í Glámbæ í Skagafirði in festo luce euangeliste árum eptir guðs burð M. d. ára.

520.

21. Október 1500.

á Grund.

FINNBØGI lögmaðr Jónsson selr Gottskalk biskupi á Holum jörðina Sævarland í Laxárdal og þrjátíu og þrjú hundruð og tvö ágildi betr í Hvassafelli í Eyjafirði fyrir Krossanesin bæði í Kræklingahlíð.

Bisk. Hol. Fasc. III, 6, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá. — AM. Apogr. 8808.

Kaupbref fyrir sævarlande 1500.

Þath giorer ek finboge ionsson langmann godvm monnum witurlighth með þessv mínv optnu breffe að swb anno gracie. M. d. a þridivdagin næsta eppter jonsmessw holabiskups¹⁾ wim worid a widewollvm j skagafirde æ almenneligri prestastefnu sellda ek með handabande wurdvligvm herra herra gotskalk með gudz nad biskup æ holwim iardernar sævarland er ligger j huams kirkiu sokn j skagafirde ok. xii. hundrud ok .xx. ok tuaw agillde betur j iordenne huasafelle er ligger j myklagardz kirkiu sokn j eyafirde til fullrar eignar ok frials forrædis. með ollum þe'm gognum ok gædwim eignum og jtaukum til fiallz ok fiuru sem greindum jordvm hefr fylgth ath fornu (ok) nju ok ek hefe fremztt eigande ath ordid. en hier j mote j sama handa-

1) D. e. 28. April.

bande gaf ok selde greindr biskup gotskalk mier iardernar krossanesin þede er liggia j hliðarkirkju sokn j eýafirde med aullum þeim gognum ok gæðum eignum ok ýtokum til fiallz ok fioru sem nefndwm jordvm hefur fylgth ath fornu ok nýv ok hann hefur fremzt eigande ath ordid a heilagrar holakirkju vegna ok sinna. skyllde sa ockar hallda til laga greindvm iordvm sem keypt hafde enn sa suara laga-riptingvm er sellt hafde. Og til sannenda hier vm setta ek mitt incigle fyrir þetta iardakaupsbref skrifad a grund j eýafirde a festvm wndecim miliwm wirginvm a sama are sem fyrr seger.

521.

22. Október 1500.

á Skriðu.

ÞORVARÐE Bjarnason lýsir því, að hann og Ingibjörg Ormsdóttir kona sín, guð hennar sál náði, hafi gefið guði, jungfrú Mariu og helga blóð á Skriðuklaustri jarðirnar allan Hríót og hálfan Hamragarð i Hjaltastaðapínghá, sér og henni til eilífrar sáluhjálp.

AM. Fasc. XXXIV, 28, framrit á skinni, og er innsiglið fyrir. — AM. Apogr. 2881.

Bref vñ jordina hriot og hamragard j hiallta-
stadar kirkjusokn.¹⁾

Þat giore eig þoruardur biarnason godum monnum viturlegt med þessu minu opnu brefui at eig medkennunzt at eg hefui gefuit og ingebjorg ormsdotter husfreyia min gud hennar sal nade gude juncfru mariu og helga blod a skriduklaustre henne og mier til eilifrar saluhialpar jordena alla hriot fyrir atta hundrud og halfuan hamragard fyrir ije er liggur j hialltastadar kirkjusokn med aullum þeim gognum og gæðum sem greindre iordu fylgir og fylgt hefuer at fornu og nyiu. og til sanninda hier vm setta eig mitt insigle fyrir þetta bref er skrifuat var a skridu j

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá c. 1600.

flotzdal arum eftir gudz burd þusund og fimm hundrut næsta dag eftir festum sancte vrsule virginis et martiris.

522.

4. Nóvember 1500. á Hrafnseyri.

Bær, að Björn Guðnason frelsti Þorbjörgu Ólafsdóttur, konu Andrésar Guðmundssonar, garðinn Saurbæ á Rauðasandi, vegna greinds Andrésar, til aðsetu og ábýlis til næstu fardaga, gegn því að Andrés stæði upp af garðinum í næstu fardögum, nema þeim Birni semdi öðruvis eða lagavegr geingi á með þeim „í þessum tímanum“.

AM. Apogr. 1178, eptir framriti. — AM. Apogr. 1856 (eptir sama framriti). Öll (8) innsigliu voru dottin frá. — AM. Apogr. 5827 eptir sama framriti (vantar niðrlag).

Þat giorum uier jon Bjornsson. thomas jonsson og þoleifvr aurnolfssoñ godum monnum kunnigt met þessu uoru opnu breff. at uier metkennunzt at uier norum þar j hia saum og heyrðum ð j saurbæ ð raudasande. ð sunnudaginn næsta fyrir símons(Þesso.¹⁾ þa lidit uar fra gudz burd. 0. og u. c. ara ord og handaband þessara manna. af einne alfu biarnar gudunasonar. en annare þorbiargar olafsdottur kuiuunnu andres gudmundzsonar. at so under tauludu og fyrir skildu. at greindr bjorn gudunason frelsti greindri þorbiorgu olafsdottur uegna greindz andress bonda hennar gardin saurbæ ð raudasande til abýlis og aðsetu fyrir utan allt hindr og omak honum og hans peningum til næstu fardaga epter komande med soddan skilmala. at fyrrgreind þorbiorg lofadi og j borgan geck upp ð uegna andress bonda sins at hann skyllde j burt af gardinum med sic og sina peninga at næstum fardangum. utan þeim birne semde audruuis. eða lagauegur geingi ð met þeim j þessum tímanum. so þessi gardr uæri dæmdr andressi met rettu laugmali. og ecki bulldr edur omak skyllde hann giora upp ð þessa peninga er bæ heyrdu til og þar under liggia og andres gud-

¹⁾ D. e. 25. Okt.

mundz(son) hafde adr halldit enn biorn gudunason þottizt þa rettiliga til kominn at hallda epter þeim brefum og skilrikium. domum og urakurdum er hann hafdi fyrir sier. lýsti optt greind þorbjorg þui þar þa og tueir menn adrer henni samsinnande ad hun beiddiz þessa giornings og giorde hann at forlagi og uilia bonda hennar optt greindz adress. lofadi biorn gudunason so framarliga hallda þenna giorning sem þrattnefndur adress hielldi þann giorning sem titt greind þorbjorg kunnna hans giordi uid optt nefndan biorn gudunason. Og til sanninda hier um settum uier fyrrnefnder menn uor jnsigli fyrir þetta bref skrifat a hrafns-eyri j anarfirdi midvikudaginn næsta fyrir festum martini episcopi á sama ari og fyrr seigir.

523.

16. Nóvember 1500. }

14. Maí 1501. }

í Hoffelli.

SÆMUNDR Jónsson selr Sigmundi Guðmundssyni alla jordina Brú Jökulsdal fyrir hált þrettánda hundrad í Ytri-Sólheimum í Mýdal og þar með sök og sókn á Sólheimum í hendr Pétri Arasyni.

AN. Fasc. XXXIV, 25, frumrit á skinni frá síra Skúla Dorláksyni. Öll (3) innsiglin dottin frá. — AM. Apogr. 4889.

Þath giormv wier jon jonsson sigvrður þiodolfsson þordur jaleifsson teittur jonsson godvm monnum vitturligtt med þessv vorv opnv brefi ath þa er lidit var fra gvds burd þvssvnd. cecc. ok tietiger ara sa mañvdaginn nesta epter martini episcopi j Hoffelli j hornafirdi vorvm vier j hia. savm ok heyrdvm a. ath sæmundur jonsson selldi sigmundi gvdmvnszýne med handabandi til fvllrar eignar ok frials forrædis alla jordina brv j iokulsdal er liggvr i modrvdals kirkivsokn hver er Reiknadizt adh dyrleika tvttvgv hvndrada med ollvm þeim gognvm og giædvm sem greindre jorðv fylger ok fylkt hefer ad fornv ok nýiv. hier j mote gaf adur nefndur sigmundur gvdmvnszon fyrnefndvm sæmundi

Jonssýne halft þrettanda hvndrada¹⁾ j iordine ytre solheim-
vm j mydal med avllvm þeim gognvm ok gædvm sem
greindum jardar parte fylger ok fylkt hefer at fornv ok
nyiv ok han vard fremzt eigandi at. hier til setti adur
nefndur sigmundur gudmvszson fyrr nefndvm sæmvndi jons-
syne sok ok sokn æ jordine solheimvm er pettur arason
hielt fyrir honum vm tvo ar j avngv hans frelsi. skildi
hvor svara lagaríptingv æ þeiri jorðv er selldi en halda
þeire til laga er hvor keypti. Ok til sanninda hier vm
settum ver fyrnefndir menn vor jnciglle fyrir þetta bref
skrifad j hoeffelli j hornafirdi fostvdaginn næsta fyrir hall-
vardzæðesso ari seina enn fyr seger.

524.

23. Nóvember 1500.

á Kambi.

Bróan Þorleifsson fær Páli Aronssyni til fullrar eignar
jördina Látr á Ströndum í Aðalvírkirkjusókn.

AM. Fasc. LXVI, 22, frumrit á skinni. Innsiglið er dottið frá.
Frumritið var frá Bæ & Rauðasandi. — Apogr, 1171.

bref um latúr.²⁾

Þath giori eg biorn þorleifsson godvm monnvm kvnn-
igt med þessu minv opnv brefi. ath eg medkennvnnzt ath
eg hefi feingit til fyllrar eignar ok frials forrædis pali
aronssyni jördina alla latúr er liggr æ ströndum. j adal-
víkur kirkia sokn. Med allum þeim gognvm ok gædvm
sem greindri jorðu fylger ok fylgt hefer ath fornv ok nyu
ok eg ward fræmst eigañndi ath vñdan mier og minum
erfingivm enn vñder hann ok hans erfingia. Skal hann ath
frialsv mega ath sier taka fyrr greinda jorð latúr ok þath
af giora sem honum vel likar. Medkennvnnzt eg adrnefndr
biorn þorleifsson at eg skal svara laga Ríptiñg æ titt
nefndri jorðv latævm. enn pall halldi til laga. ok til sann-
inda hier vm setta eg mitt insigle fyrir þetta jardarbref

¹⁾ Svo. ²⁾ Utan á bréfinu með gamalli hendi.

en skrifat var æ kambe j krogafinde j Reykhola kirkivsockn manudagenn næsta efter setseliumessv. þæ er lidit var fra hingatburd vora herra jhesv christi þvsvind flogr hvndrvd ok tiu tiger ara.

525.

25. Nóvember 1500.

20. Marts 1501.

á Espihóll.

Þorsteinn Jónsson selr Jóni Ásgrímssyni til fullrar eignar hálfu jörðina Fagrabæ a Svalbarðsströnd fyrir fimtán hundruð í lausafé.

AM. Fasc. XXXIV, 88, frumrit á skinni. Bæði innsgiltin eru döttin frá.

kaupbref um hálfað fagrabæ¹⁾

Þat gjorvm vid halldor jónsson og jon þordarson godvm monnum viturligt med þessv ockrv opnv brefi at þat²⁾ er lidit var fra hifgadburd vora herra jhesv christi þvshvndrvt ccccc ara at þar voro vid j hia a eophole j eyiafirdj a katrinarmessvdag fyrer jolafaustu savm og heyrdvm a ord og handaband þorgrims jónssonar af einne halfu en jons asgrímssonar af annare ad suo fyrer skildv at adr greindur þorgrimur selldi jone asgrímssyne til fullrar eignar hálfu jörðina fagrabæ er liggur æ svalbuardzströnd³⁾ j laufas kirkivsockn med sullvm þeim gognum og gædvum hlvtvm og hlunendum sem greindri halfri jordw hefur fylgt at fornv og nyiu og titt nefndur þorgrimur vard fremst eigandi ad hier j mott gaf fyr nefndr jon asgrímsson fimttan hvndrvd med svo dan peninga. tye fyrer flogur hvndrvd. æida fyrer halt annat hvndrad. fim hvndrvd j koplvm. gamallt navt fyrer tavo⁴⁾ hvndrvd. eina kv og eitt hvndrad þar til tlaura.⁵⁾ skyllði opt nefndur þorgrimur svara laga-riptingvm a fyr greindri halfri jordw fagrabæ. en jon hallda

¹⁾ Utan á bréfinu með góðum handi. Súmu orð standa þar og með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo = þæ. ³⁾ Svo. ⁴⁾ Svo = tvau. ⁵⁾ Svo = tíu ára.

til laga. og til sanenda hier vm settvm vid fyr nefnder menn oekur jusigle fyrer þetta bref er gjort var a esphole j eyiafirði fastvtdagin næsta efter gvdmvndardag are sidar en fyr seger.

526.

13. December 1500.

í Skálholti.

STEPHÁN biskup í Skálholti úrskurðar, samkvæmt dispenseranarbréfi páfans og leyfisbréfi Noregskonungs, að börn Þorleifs Björnssonar og Ingvildar Helgadóttur sé skilgetin og arfgeng til allra arfa.

AM. Apogr. 789 „Ex originali“ með hendi Jóns Magnússonar, bróður Árna. — AM. Fasc. LXXII, 2a, stórt transskript á skinni frá c. 1528 (orðrétt samhljóða).

Uer steffan með guds nad biskup í skalhollte heilsvm ávllum godum monnum þeim sem þetta uort bref sia edr he(y)ra með guds kuediv ok vorre. kvnnigt giorandi að biorn þorleifsson hefer komed fyrir oss beitt ok kraft uppa rettlætisens vegna að wer villdvu seigia endaligt alýgtarord vm hann ok hans sysken. hvort þav ætte að vera arfgeing eda eigi. Nu af þui að wer haufum sied ok innvirdulega skodat dispenseranarbref þat sem þorleifur biornsson godrar minningar ok jngvelldur helgadóttur hafa feingid af romverskre curia vm hionaband sin a millum. Jtem haufum wer ok saumuleidis sied ok ýferlesid opid bref með hanganda innsigle noregs konungs j hveriu hann hefer skipað ok tillated með konvnglegv valde að born greindra manna þorleifs ok jngvelldar skyldu alla arfa taka svo sem skilgetin ok meinalaus born. þui. in nomine domini amen. að so profandu ok fyrir oss komnu seigium wer með fullu domsatkuedi ok laga orskurdi hionaband þorleifs ok ingvelldar laugligt og skiallegt ok þeirra born geten fyrir festing eda epter skilgeten og arfgeing epter fódur ok modur ok svo til allra annara arfa epter þui sem guds lang vtalsa.

Ok til sannenda hier um festum uer vort innsigle fyrir þetta orskurdar bref skrifad j skalhollte in festo sancte lucia virginis. anno domini millesimo quingentesimo.

527.

1500.

á Okrum.

11. Maí 1506.

í Glæsibæ.

TYLFTARDÓMR útnefndr af Jóni Þorgeirssyni, kongs umboðsmanni í Hegranessþingi, um kæru Jóns til Sigurðar Magnússonar, að hann hafi verið í styrk og aðför til Hóls á Skaga með Þorsteini Bessasyni, þá er Þórálfr heitinn Guðmundsson var í hel alegginn.

AM. Fasc. XXXIV, 85, frumrit á skiani frá Staðarhöli. Af 19 innsiglum eru át fjögur ein fyrir bréfinn. — AM. Apogr. 1496.

Anno 1500.¹⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra. senda hakon hallsson. guðmundr þorleifsson. ion þorarinson. magnus helgason logrettmenn. þorarinn ionsson. oddi kolbeinsson. petur helgason. markús illhugason. sigurdr hallsson. kolbeinn oddason. þorolfur þorfinnsson. ok gvdbrandr arnórsson. kvediv gvds ok sína. kvnnigt giorandi at þa er lidit var fra hingatbvrð vors herra jesv christi þvsvnd ok fim hvndrvth ara. a avkrvm j skagafirdi j blondvhlid. a þingstad rettv. vorvm vier j dom nefnder af jone þorgeirssyni. er þa hafdi mins herra kongains sýslv ok vmbod j hegranesþingi at skoda ok ransaka ok fvlfnadardom a at leggja vm þær sakargipter sem adrnefndr jon þorgeirsson kærði til sigvrðar magnússonar at hann hefði verit i styrk ok atfor til hols a skaga með þorsteini bessasyni. þa er þorálfr heitinn gvdmundsson var j hel aleiginn. meðkenndizt fyrnefndr sigurdr þar fyrir oss ok odrvm monnum at hann uar þangat stefndr fyrir adrgreindar saker. þui j fyrstv grein dæmdvm vier fyrrgreinder domsmenn stefavnva

¹⁾ Utan á bréfinu með handi frá 17. öld.

logliga ok sigurd magnusson rettliga fyrir kallaðan. nu af þui at svo stendr i landzlaga bokinne at þeir menn er veita lid til eda forvneyti ok samþycki at taka mann af lifi. svari alikv fyrir kongdominvm ok erfingium hins dauda sem rettari kongans ok adrer skynsamer menn med honum dæma epter atvikv̄m. sagdi nefndr sigurdr hier nei fyrir at hann hefdi ecki med verit. þa þoralfr heitinn var j hel aleginn. ok þui dæmdvm vier tit nefndañ sigurd skylldvgañ at sveria settareid innan halfs manadar at heyrðum dominvm fyrir Jone þorgeirssyni edur hans logligvm umbodsmanni. at hann reid ecki med þann hug heiman med þorsteini þessasyni til hols a skaga at hann villdi at þoralfur gvdmundzson veri lifi sinv at firr eda nockurri akomm at nærr ok hvorki var hann þar i styrk ne atfavr. radvm ne samþycki. uilia ne uitordi. enn at vnnvm eidinvm dæmdvm vier sigurd magnusson saklavsan ok vidskilinn vera ok verit hafa um adrgreint mal. enn ef hann felliz a þessvm eidi þa dæmdvm vier hann alikañ mann sem logbok vottar. Sor sigurdr magnusson svo felldan bokareid þar fyrir oss þegar a þinginu ok sex skynsamer menn med honum. at hann reid eigi med þann hug heim til hols a skaga. at þoralfr gvdmundzson veri lifi sinv at firr eda akomm at nærr. ok hann kom ecki heim til hols a skaga fyrr enn hann var særdr sinv banasári.

Ok til sanninnda her vm settvm vier fyrrskrifader menn vor jnnzcigli fyrir þetta domsbref. akrifat j glæsibæ j krækl-ingahljfd manvdagenn næsta fyrir halluardzmessv. arvm efter gvds byrd. þvsvnd fim hvndrvth ok sex ar.

528.

[1500].

Bæfr frá Birni Guðnasyni til Stepháns biskups i Skálholti um þá frændr sína Björn Þorleifsson og Þorstein bróður hans, og áhlaup það, er þeir hafi gert i Vatnsfirði „þetta árið“, að þeir hafi „biryktað“ sig við biskup, um fylgi biskups við þá og fleira.

AM. Fasc. LXXIV, 19, skinnskrá með hendi Björns Guðnasonar. —
AM. Apogr. 955 (eptir þessu frumriti).

Virdvligan herra stefan með gvd's nad biskup j skal-
hollte heilsar eg biorn gvdinason kærliga með gvd og
wora frv.

Witvrligt skal ydari nad adh mic er sagt. adh frændr
miner biorn þolleifason og þosteinn broder hans hafi bi-
ryktad mic vid ydr og gefi mic þat adh sak. adh ec hafi
rangliga adh mic tekit gardinn j vazfirði og gardzins pen-
inga og ec hafi bored og lated bera navekra peninga þar j
byrtt vr kirkivnni. er þeir kallatz att hafa. hvat ec villda
ecki reynditz svo ef mic skyldi riett skei. weit ec mig
avngva peninga þadan hafa bored ne lated bera nema þa
eina sem min fvllkomen eign er. og þangat worv borner
fyrer vtan minn eigin villa. oc mic þotte avnnr herbergi
jafnheyrelig til adh þat være j sem kirkian. Er so hvævm vared
j vazfirði adh betur worv til falliñ ad heingia vpp j alatr
roted og fved. enn kirkiv skoted þar. weit ec eigi annad
sannara fyrer gvdi og monnvm enn eg fvlla og alla heim-
illd hafi¹⁾ fyrer mic til vazfiardar og þeirra peninga er þar.
med fylgia til adtavkv hallz og meðferdar efter því vmbodi
sem ec hef af olafi philpvssyne vppa greindan gard vaz-
fiord og alla adra peninga er vnder mitt vmbod erv skilder
og einare olafssyne syne hans til heyrer. og honum hefr til
erfda fallit epter modr modr sina solveigv biornsdotr epter
þvi sem dandi manna domr þar vm gior vtvisar og jnne
helldr og vrskvrdr finnboga lavgmanz hvern hann hefur
vrskvrdad lavgligan med avllvm sinvm greinvm og articvlis
og obrigidiliga standa skvli og ydvar sialfs vrskvrdr styrk-
er og stadfester hionaband olafe philpvssonar og vigdisar
jonsdottr og þeirra bavrn lavgliga geten til allra arfa²⁾. og
med þessv skæli og avdrv meira er finnatz kann ef þavrf
gioretz þa bertz eg þat fyrer með gvd's villa og godra manna
hialp adh ganga alldre af vazfirði hvorcke fyrer blidv nie

1). Detta orð vantar i frumritið, An efa af ógáti. 2) Úrskurðr
Stopháns biskups er útgefinn 28. Júní 1498, Nr. 408.

stríðv so leingi sem mitt vmbod vtvisar. nema hann sie sottr af mig med landz lagvum ríettvum. Skyt eg minv mali avllv því sem wor j millvum hefr fared fra vpphafi og til þess ad nv er komed vnder lagv og landzins ríett því sem ecki er adr fvllkomen lagavegr a fallinn med dandimanna domi og lagvmanzins vrakvrði. enn því ma ec ecki nídr þryckia sem adr er (med) lagvum og dome og laga vrakvrði nídr sett. Enn hvat sem þa finntz med lagvum adh ec er brotligr hvort þat er helldr vid kong eda kall þa vil ec giarna bæta hverivm fyrir sig sem lagv segia mig a hendr. Enn ec veit eigi annad sannara enn biorn og þosteinn eigi avngva tiltavlv til vazfiardar nie neinna peninga þeirra þar med erv. Sannatz fornmælit fyrer þeim frændvum minvum. huester so mællir adh því bregdr heimskvr madvr avdrvum er hann veit sig sialfan sekan. Skal so finntatz med skæli ef til þarf adh taka. adh þeir og þeirra folk hafi meire hneyking og forsmæelse gjort heilagri kirkiv enn ec. hvad eg þacka gvði fyrer þo so sie. þar þeir lietv sina kvinnv og barn og annad þeirra folk liggia þar j kirkivinni fyrer vtan alla þavrf edr navdsyn giorandi þar allar sinar navdsyniar epter maunligv edli og bvksens vidrþurft. þicki mic þeir havggva sem hlifa skylldv j vorvum vidskiptvum. ræga mic og asaka rangliga fyrer ydr og avdævm dandimonnvum. enn ec helld adh biorn og þosteinn og þeirra fylgiarar hafi gjort mig bvs vpptavkv j vazfirði. gripit bv og lod og alla peninga þa a gardinvum worv kvika og davda og bvrтт flvтт mina peninga vr kirkivinni og annarstadar af gardinvum med rane og hernadi og lyse eg fvllre savk og hefi lyst fyrer kongs vmbodsmanni vppa adr greinda menn biorn og þostein og þeirra fylgiara og vid lagt slika savk og sekt sem landz lagvin framatz vtvisa og þa hvorcke sækendr nie verivndr sinna mala fyrer þessa adr greinda ransavk og adrar þær fleire saker sem a þeim standa og þeir erv ecki adr med lagvum vr geingner. Hefe ec nv navckvd vndirvisad ydr af vorvum malaferllvum sem eg hygg med gvds hialp ad satt skal reynatz og bidr eg ydr nv kærliga adh þier fallit ecki vpp a mic med þessvum dandimonnvum eda giora mic navckra þving-

an fyrer þeirra jlla forræging. Þvi slíker hlvtter erv miog ovorkvnliger. adh vilia so fyrerkoma einum manni med sin-vm osannendvm og fvlkonnvm rangindvm. enn þar skal hafa travsted sem nog er fyrer þat er hia wovvm herra og mvn þat meira mega enn þeirra rangt vppløst. Er þat svmra manna mal ed vestra þeirra ecke erv miog svinner adh biorn og þosteinn mvni hafa þar miced travst til sem þier erud og þeir mvni þar vppa hafa sinar tiltekter. Enn mavrgvm hygnvm monnvm þicer þat otrvligt adh þier mvn-vd vilia styrkia sodan omillda menn adh ravngv mali. og þar er ec ydr vinliga vmbidiandi adh þier lated þa eigi styrkiatz af ydari nad til þess adh þeir giore heilagre kirkiv j vaz-firdi sodan ahlavp og skada sem þeir hafa þetta axit giortt og ec vil vitna med dandimenn. hvern ec helld hana einn mestan hafa feingit j þvi adh allt þat ec hafda til hennar lated draga og eg hafda þeinkt adh hafa lated adh henni byggia þat ydare nad þotte afatt vera j sitz. þat vard nv allt adh avngv þar epter eg war omakadr. Enn villdi gvd og sancte olaf adh ec mætte med mak blifa þa skal ec giarna þar vppa þeinkia ad heilagri kirkiv til heyner. hvn mætte sinn bata fa. Wonar eg þar vpp a. kære herra. ad ydr vordvga nad mvni mig avngva stridv syna hier vppa. fyst þier vited sannindin. Enn allar ydrar godar tillavgr þa vil ec giarna þeckiatz og allre ydvare mavgvligre vmvandan þa vil eg livffiga taka og ydvare nad alla hlydni veita vm þa hlvtte sem mig ber ydvr adh veita enn ydr heyrer med riettv vmvondvn a adh hafa. Enn vili þier frammar meir leggiatz a mic enn so sem riett er. þvi margar erv sagnernar. og veit eg eigi hvad satt er. og syna mig navckra stridv fyrer þessara manna skvild og þeirra rangan dñavstur. þa þeinke ec þat. godi herra. þesser menn dragi ecki fleire goda vini ad ydr enn eg hygg þier missed þar jgen. af þvi þar þicer won a. þat megi fleire snerta enn mig. og vil ec seigia ydr vissvliga fyrer minn partt og enn margra dandi manna vilia annara þeirra æ vestfiordvm erv og sier mega meira gott eun ec. ad vær vilivm avngva þvingan. stridv eda navckrar

1) arv, frbr.

nyvngar hafa æ oss framar meir enn wor gavmvl lavg erv til kirkivnar vegna og landzina. og worer forfedr hafa mig og oss vnder svared og þat hygg ec heltz til fridarens nada og nytta fyrer avllvm ad ver megvvm þeirra niota.

Skrifa eg ecke ydare nad meira til adh sinni vtan ec vil giarna j allan mata gods af ydvare verdvgv nad bidiatz ef þess er kostvr ad eg megi þat fa og þat giarna forþiena med ydr j avllv þvi adh vel er. og ec ma med ærv¹⁾ epter minvm fatækvm mandom og giarna j allre avdmivkri hlydni blifa vid gvd heilaga kirkiv og ydr vm alla þa hlvtē sem (eg) veit mic vid heilaga kirkiv og ydr brotligr verda.

Bidr eg ydr. kære herra. adh skrifa mig aptvr til þat gott ea.

Hier med bifalar eg ydr allmektvgvm gvdi j valld jvmfrv mariv og sanctvs thorlacvs nv og alltid.

anno et cetera.

529.

[1500].

Bætr frá Birni Guðnasyni til Stepháns biskups í Skálholti, þar sem hann biðr biskup að gera sér og kirkjunni í Hvammi (í Hvammssveit) rétt af Andréasi Guðmundssyni og Guðmundi syni hans, er haldið hafi Hvalsárreka fyrir Hvammskirkju í þrjátígi vetr eða meir.

AM. Fasc. LXIV, 19, skinnskrá með hendi Björns Guðnasonar. — AM. Apogr. 955 (eptir þessu frumriti).

Vite þier sialfver vel kære herra adh þier hañt mic adr litenn wilia synt og litenn niett viliad mig giora þar eg hefi komit fyrer ydr vpp æ þria tima eða optar beitt ydvr og krapt. vppæ (vegna) heilagaar kirkiv j hvammi adh giora mig lavg og niett af andresi gvdmvndzsyne og gvdmvnde syne hans fyrer þa savk adh þeir nangeliga halda og hafa halldit hvalsar reka fyrer kirkivni þar. og slíkt þicer mavrgvm miog vndarligt adh þier lated slíka hlvtē vid gangatz og þolatz. ætla eg þa ecke hafa j soknvnvm ef niетtr laga-vegr geingr æ med oss. Hefe eg advæ synt ydr mitt skæl

¹⁾ arv, frbr.

og vite þær þat sialfer adh þær liggur bade fjær kirkivunnar maldagi og svo bref. og því bidvur ec ydr enn og svo kref eg ydr einn tíð annað og þriðja tíð. adh gvd's vitni ad þær gíored heilagri kirkiv j hvammi og mic lavg og riett af þessvm fyrrgreindvm fedgvm. andresi gvdmvndzsyne og gvd-myndi andressyne firir þessa adr greinda savk. adh þær nængliga hallda og hafa halldit halfan hvalsæa reka fyrir kirkivnni j hvammi vpp æ þriatigi vetur eða leingr hvern ec heild allan kirkivnnæa eign vera og vered hafa. abyrgi eg ydr enn afseigi mig. hvat þær hlytz af ef eg fæ hier ecki riett vpp æ heilagnar kirkiv vegna.

Er þat hvortveggia eg ber þær ecke storan vana til adh bera fle j doma sem adrer plaga adh giora. enda er þat ecki min ahyggia adh vinna hvorcke þessi mal nie avnnr med fleiglöfvm. heildivr bid ec gvd og sancte olaf skipta mig sem riett er. setla ec þat ecki stoma vanvirdv fyrir mic þo hann dragitz vndan heilagri kirkiv ef þær viled lata þat þolatz. eigi meir.

anno et cetera.

530.

[1500].

Bætr Jóns (dans) Björnssonar, Guðna Jónssonar og átta manna annara á Vestfjörðum, þær á meðal Björns Guðnasonar, til Finnboga lögmans Jónssonar, þær sem þær mótmæla harðlega alþingiadómi þeim, er feldr var á þessu ári, og dæmir Björn Þorleifsson skilgetinn og lögkominn til arfs eftir Þorleif Björnsson föður sinn.

AM. Fasc. LXIV, 19, skinnskrá með hendi Björns Guðnasonar, sem aldrei hefir verið innsigluð, og er annaðhvort að þetta er uppkast Björns að bréfinu eða afskrípt, sem hann hefir haldið hjá sér af því. þegar það var sent norðr til Finnboga lögmans. — AM. Apogr. 956, eftir þessu framriti. Sbr. Nr. 498 og Vestfirðingaskrá frá 8. Júní 1501.

Heiðrsamligvm dandiman finnboga bonda jónssyni lavgmann nordan og vestan æ jalandi ydr heilævm vær jon biorfsson. gvdini jonsson.

ormvr jónsson. jón óðsson.

are gvdínason. þorólfur avgmvndsson.

tómas jónsson. jónríði jónsson.

þolleifvr avnnólfsson. og bíorn gvdínason.

kærliga með gvd og hans mildv modrjvmfrv mariv. þavckvm vær ýdr kærliga firir avll ýdr hæversk heit alltid til wor.

Wita skvly þier adh ver hafvum heyrt og svo spvrt navckvr þav tidendi j svmar af þinginv sem oss þicir navckvr nylvnda j vera hvat eina var vm þann dóð þar var dæmdr vegna bíarnar þolleifssonar og systra hans. adh þav skyldi vera ekta og skilgetin til allra arfa sem avnnr ekta boren þavrn. hvat oss þicia slíker hlvtér miog ganga j mote vavrvum lavgvum og svodan domar miog vndarlíga til koma þar sem þier vissvd sialfer ad bíorn þolleifsson stefndi þessv malinv j fyrra svmar til þings og klagadi sig þar þa firir ýdr og þier nefndvd þa dom ýfer hans malvm og satvd þar sialfer j. og traktiervdvd hann sem skælligt var með avdrvm dandimónnvum. og kann vera adh þat eina var þa ad giort þessvm malvm adh dandimónnvum litetz þa helldr o-lavgligt þeirra hionaband þolleifa og jngvelldar enn lavgligt og savgdvtz þa hvorcke dæma bírne arf nie peninga firir þær greiner þeir fvndv þar þa til sem synatz ma j þeirra dome og vær þeinkivm ad enn skvli svo standa adh þær sie ecki afbatadar. og þat var þa almæli af avllvm adh þat mvndi allðri ske adh landz lavgvum ríettvm. adh bíorn þolleifsson være skilgeten dæmdr. Enn skvly þeir dandimenn hafa vered sier einhliter sem þar hafa nv vm dæmt j svmar an ydara navckra tillagna sem flestvm mvn miog vndarligt þicia. hvad vær þeinktv̄m adh slíkt lavgmal edr annad þvilíkt¹⁾ þat ecki þefur fyrr vered j landi woru mvndi ecke eiga jnn adh setiatz vtan með lavgmanana og lavgríettvnar og allz landzins almvgans samþycke. þat sem landinv og almvganvm mætte til nytta og bata verda og leida svo j lavg og halldatz lata þar epter firir alla alna og oborna annars ecki. Enn (vær) vitvm eigi hver nytte edr bate

¹⁾ stíykad út í fibr.

adh worv landi og almganvm ma j alikv vera. heldr virditz oss slíker hlvtar mega giora storañ vñsnvning a worv lagmali sydzlv og nidvrfall dñ worv landi ef vær skvlvm taka vpp nyvngar binar og adrar sem ymser menn kvnna adh beidatz firir agirndar sinnar saker enn giora nidrfall a þeim lagvm sem af riectvm gvds astvinvm hafa sett vered. og worer forfedr hafa sig og oss vnder svaret. havfv vær saman komed vm talad vid marga dandimenn hier vñ vestur j landit. hvad þeim litetz hier vt j. eda hvort þeir villdv þessv samþyckiatz edr eigi firir sig og sina epterkomendr. enn vær havfv þat eina fornvmad adh vær þeinkivm alika hlvtar ovinsæla verda af almganvm. til þess adh þeir jate sig vnder alikv lagv. og því bidiv vær ydr kærliga adh þier giorit vppa gvds vegna og laganna vegna og ept-er því valldi sem þier ervd til setter. og styrked oss so til vær mættvm niota wor(s) gamals lagvmals sem stendr j lagvbok og kristiñriett. Enn vær vilivm j allan mata ydr og ydart valld styrkia til allra riettra mala sem oss ber. og kann svo ake adh þiorn þorleifsson finni ydr og vili fa af ydr navckra styrcking samþykt edr vrakvrd vpp dñ sinn dom. þa giorod svo vel ad þier haft gvð firir avgvm ydr og leggid þar hvorcke samþycki nie vrakvrd vpp a því oss virdetz þesse domr heldr hvatskeytliga giordr hafa vered. því þier vited sialfer vel hvad wor lagv seigia vm þann mann sem a tveim tvngvm leikvr. hvort hann er arfgeingr eda ei hveria laga atferd hann skal hafa eda hversv hann skal sig til arfs leida. þeink(i)vm vær adh alikt mvndi litt ransakad eda skodad hafa vered edr adrar þær fleire greiner sem ver vitvm fvllkomliga þar j mote mæla. Wiliv vær einskes dandimannz dom straffa enn þo virditz oss svo adh nv mvne ecki mart hafa j mote mællt þeirra vilia sem j hlvt hafa att. Enn kann þar annad vth j vera en skælligt er þa finna lagvñ þat vel. því ef gvð vill þa vilium vær þetta til endiligrá lykta leida a alþingi ad svmri komanda og niota þar adh ydar og annara dandimanna ad sodan nyvngar og oworkvnligrá vpptekter gengitz ecki vid. og þat mvni jafnskælligt ad almgvin radi hier meira vm med ydrv

radi helldr enn þeir xij dandimenn einer sem þar hafa j svmar vm dæmt firir vinskap og flegirne sinnar saker sem openbert er. adh þeir hafa fle til þegit. kvnnv vær j avngan mata þat hier vth j ad finna vm navckvn hlvt adh worv landi og almvganvm sie hier navckvr nytæmd vt j. þelldr þeink(i)vm vær þetta avka bvildvr vig og vandrædi heimreider og oheyreligar fiar vpptekter. og er hitt betra adh stemma fyrre j bekvvm enn j anni og lata all dri þeim tavm na. ad sliker hlvtér gangitz vid. þeink(i)vm vær helldr þann kost betra adh standa faster a worvm gavnlvm lagvm med fvllri vizkv þo einavrd og havrckv. enn ad lata formælatz til slikra oheyreligra vpptekta. Wiliv (vær) endiliga hier fvllan veg og almenniliga samþykt vm (giora) vestar j landit og fylgia svo vorre samþykt fram ef gvd vill. adh vær vilivm j avngan mata¹⁾ oss vnder alik lagv jata edr wora epterkomendr. þvi bidiv vær ydr kærliga adh þier skrifit oss aptur til hvat gott þier villit hier til leggja med oss.

Giored nv hier vm vpp æ worra vegna landzins og²⁾ almvgans ed betza. sem vær þeinkivm og hofvm til allz gods travtz til ydvar þat oss kann a adh liggja og til bata mega koma vppa lagana vegna. og oss virditz sem oss heyre firir ydr adh klaga. þat oss þicer afatt vera. og hia ydr vmbotena adh taka med gvds hialp og godra manna tillavgvvm.

Skrifv vær ydr eigi meira til adh sinni wtan ydra sal og lif bifavlv vær jesv christi j valld jvmfrv mariv og sancte olaf nv og alltid.

Anno et cetera.

581.

[1500].

STEFNA Björns Guðnasonar til Ólafs Filippussonar til Staðarhóls í Saurbæ fyrir Narfa Sigurðsson kong sumboðsmann milli Gilafjarðar og Gljúfrár um hald á arfi eptir Solveigu Björnsdóttur.

¹⁾ tvískrifad. ²⁾ tvískrifad í frbr.

AM. Fasc. LXIV, 12 (recto) á frumritaðri skinnrollu með hendi Björns Guðnasonar. Fer Árne (Apogr. 959) þar um svo faldum orðum: „Ex membrana Oddi Jonasonar i Gröf. accuratissimá. Dease membrana, hvar á stendar stefna Blörns Guðnasonar til Olafa Philippussonar. er miög afaugt pergamentsblad ferhyrnt akrifað yfir um þvert á mioddina. eins og rotali eru akrifaðer. ritad með þeirre sömu hendi sem leidarholmasamþykta er eg feck af Magnuse Magnussyne. Mier þyker ei oliklegt ad það hafi átt ad passera fyrer original. og munu stefnur i þa daga eeki öðruvis giörðar hafa vered enn upp á þvilkar pergaments chartaquer. því sakargipternar komu sidan inn i domana og þotte þá. kamahe. eeki frammar rida á stefnubrafanum. So foru og vottarner alltid til þinga og sorn stefnuna. Copiar hafa. oefað. modpartarner allðri feingid. eða þott þurfa. Þad er um þetta blad ad seigia. ad hreinskriðad document er það. Enn hverki er hier innsigle nie arstal. hefr það. i þá daga. eeki observerad vered in hoc passu. Lagafækjur hafa og eeki þá i brukun vered. eins og á aidare eða vorum tímum i Islande. hvar allmæled verdur optast um stefnustilenn. Eg á nu sialfur pergamentsbladed“. Stefna þessi mun vera frá árinu 1500 og þó elðri en bréfið frá 16. Sept. (Nr. 511).

Eg biörn gyðinason stefni þier olafur þhilpusson stvnd- ar stefnv til stadarhols j savrbæ á þingstad riettan á favstvdagin næsta fyrir calixtus messu nv næstv er kemvr fyrir narfa sigvrdson kongs vmbodsmann jmillvm gilsfiard- ar og glivfrar eðr þann annan kongs vmbodsmann sem þar á með riettv lavgdoma adh nefna vnder þann dom sem hann þar yfir nefner eða seiger hvera svara eða sekta þu verdur mier þar skyldvgr fyrir þa savk og sakæsv adh ec kære það til þin adh þv sitvr olavgliga j þeim arfi gozi og peningvm sem ec helled mier og minvm broðr og frænd- vm avdrvm hafa fallit til erfðar og jsetv epter einar biörnsson og solveigv biörnædottur hans systur epter því sem j lavgvnm kann adh finnatz epter hvort vm sig. svo og stefni ec þier olafur p(h)ilpusson þa adra savk ad þv hefur rofit ii. doma en mier hefur verid dæmdr þesse arfur goz og peningar til halldz og meðferðar og isetv. jtem stefne ec þier fyrir þa þridiv savk adh þv hefr þennan dæmda af þv og peninga. kvi(k)tt goz og davtt fritt og ofritt gæpid og teked haft og halldit bygt og bælt yakt og vned. vpp á þriv af eða leingr j avngv minv frelse og san navekbar lavgligar atferðar vid mie sem lavg giora

rad fyrir. j flordv grein stefni ec þier olafur philpusson fyrir þa savk ad þv villt þryckia og nidrbriota og ecki hallda mins herra kongsins brieft sem hans verdvga nad hafvr mic gefit vpp æ þenna fya greinda ærf goz og peninga hvad eg gefur svo hafa savk vpp æ sem hætz ma finnatz j lagvnmv adh ec mega þar vpp æ gefa. efter riettv lagmali. og þvi fyrir þessar fya greindar saker og þær fleire sem ec ma þar med lagvnm til þin tala stefni ec þier j adurgreindan stad og dag med avllv þinv profi og skilrike sem þier ma til gagns og bata verda j adr greindv mali. vert komin fyrir midian dag. sit svo leingi stefnvna sem endi (legur) vegur fellur æ þetta þitt mal. stefni ec þier adh ordfvllv og lagfvllv og lagvmali riettv adh vitni þinv |o-| |o-| son og þinv |o-| |o-| son og allra þeirra er ord min heyra.

532.

[1500].

STEFNA Björns Guðnasonar til Björns Þorleifssonar til alþingis um aðtekt og lætu arfs eftir Solveigu Björnsdóttur.

AM. Fasc. LXIV, 12 (verso) & frumritaðri skinnrollu með hendi Björns Guðnasonar. Fer Árniþum hana þessum orðum: „Ex membrana Oddz Jonssonar i Gröf accuratissime. membrana þesse er su sama sem öðrumegin æ stendur stefna Biörns Gudnasonar til Olafs Philppussonar. Er þetta ritad aptan æ sömu pergamentaleingiu með sömu hendi (o: þeirre sem er æ leidarholmassamþyktenne) ean miklu verr. þvi þetta er i flyter skrifad. og mun oefad vera ei nema uppkast til stefnu. þvi hier synest ad vanta vid endann. og hefr þesse skrift allðri leingre vered. Eg æ nu sialfur pergamentsbladid“ (AM. Apogr. 960).

Eg biorn g(vdina)son st(efni) þier biorn þorleifsson stvndar st(efnv) til næsta avgxararþings nv j svmar ed kemvr manvdagin næsta er kemur epter peturs messo og pals fyrir flinnboga jonsson lagvmann nordan og vestan a jslandi edur þan annan þar a lagvdoma ad nefna vnder þan dom sem hann nefner hverra svara eda sekta þv verð-

ur mier þar skyldvgvr fyrir þa savk og akærv eg kære þad til þin ad þv hafer ad þier tekit og j setz og eignar þier þa peninga en ec hafda adr lyst mic lavgarfa til ept-er solveigv biORNS dottur modursystur mina og mier ber lavgligan abata og jsetv sem dandimanna domar þar vm glorder vt visa. og þvi fyrir þessar saker og þæa fleire adr-ar sem ec ma þar med lavgvm til þin tala.¹⁾

533.

16. Janúar 1501.

á Reykhólum.

KAUPMÁL þeirra Björns Þorleifssonar og Ingibjargar Pálsdóttur konu hans um jörðina Flatey á Breiðafirði.

AM. Apogr. 1898 með hendi Árna Magnússonar eptir frumritinu, sem 7 innsigli höfðu verið fyrir, en voru þá öll döttin frá. Lýsir Ární frumritinu: „Originalbref þetta var skrifað upp á uppakafning, sem so grant var skafinn aptan á brefinu, ad eckert vard samstædt lesed. Synd-est sem þad munde vered hafa einhver materia Ecclesiastica, kannske heilagt æfintyr i Jslensku. Originalbrefed gaf mier Systumadanniu Ormur Dadason 1727, og hafð þad feinged i Flatey. Var so meirt og fuéd, ad eige vard conserverad, og er nu eydilagt“. — Góð afskrípt af þessu bréfi er og i Landsbókasafni 389. 4to bls. 188—190 með hendi síra Markúsar Snæbjörnssonar i Flatey, 1757.

Kaupmalabref med þeim Birne Þorleifssyne
og Ingebiorgu Pálsdóttur.²⁾

Þath giorum vær Snæbioru Gíslason. Gíslu Jonsson. Arnbiorn Jngemvndarson. Þorleifr Gamlason. Oddr úrason. Einar Jonsson godvm monnvm kvnngt med þessv vorv opnv brefi, ad arvm epter gvðz byrd þvsvnd fim hvndrvd og eitt ár. æ Reykiaholum æ Reykianese. lavgardagenn næstan fyrir antonivsmessv vīm veturen. vorvm vær j hia. sævīm og heyrðvm æ ord og handaband þessaræ manna.

¹⁾ Hér stendr ekki meira af stefnunni. ²⁾ Stóð utan á frumritinu með „gamalle hende“. „Kavpmäl ium Flatey á Breiðafirði milli Biarnar Þorleifssonar (ens seinna) og Ingibiargar Pals Dottr konu hans“ 389.

Biarnar Þorleifssonar af einne alfv. enn Palls Jonssonar af annare. ad so fyrir skildv sem hier seiger. ad greindvr Biorn Þorleifsson fleck Jngebiorgv Palsdottvr kvinnv sinne jordena flatey er liggr æ Breidafirde med avllvm þeim gognvm og gædvvm sem greindre jordv fylger og fylgt hefer ad fornv og nýv og hann vard fremst eigande med lavgvvm. thil evinligrar eignar. so framth sem þav eiga bavrn eptar sigh. hvorth helldr ad þav mega notande verda til ar[fs eda] gialldz eda giavar. En ef miedavde þeirra yrde so ad hvn lifde hann. og være ecki barn thil þeirra j mi[llvm]. þa skyllde hon hafa adrgreinda jord flatey thil fulltz halldz og medferdar medan hvn lifde. Enn eptar [hennar dagja¹⁾ skilde optnefndr Biorn Þorleifson jordina²⁾ aptvr vnder sina erfingia. ef þeir vilia fyrir sodan peninga sem adrgreindr Pall Jonsson og Margret Eyiolfsdotter hans eiginkona gæfv dottvr sinne³⁾ adrgreindre Jngebiorgv j heimanfylgiv til motz vid Biorn Þorleifson. og hann medkendizt ad hann hefde medtekit. og hier standa skrifader. Jn primis tolf hvndrvd og xx. j malnytv kvgilldvm. og tiv gelldfar hvndrvd. flmtan hvndrvd j silfre. xiiij. hvndrvd [j k]avplvm. xx. hvndrvd i þarflugum peningum. j sængvm og elldzgognvm og busgagne. sex hvndrvd j smiore. jordena deildara er var forvm hvndrvdvm og xx. nv ef so kann thil ath bera ath thittnefndr Biorn Þorleifsson lifdi optnefnda Jngebiorgv konv sina. þa skyllde adrnefnd jorden flatey hans eign med sama skilorde sem fyrr seiger.

Samþyckte Jngveldr Helgadóttir. moder Biarnar Þorleifssonar. þennan þeira giorningh.⁴⁾

Og til sanenda hier vñ sette thittnefndr Biorn Þorleifsson sith jnsigle med vorvm jnsiglvvm fyrer þetta giorningsbref. er skrifvat var j adrgreindvm stad æ sama ære og deige sem fyr seiger.

¹⁾ hana lidna 889. ²⁾ þetta orð vantaði í frumritið. AM. b. v.

³⁾ „Hier er utskafed i Originalnum so mikid sem svara kann frekre linu i þessarre Copiu. Synest það gjort vera strax i fyrstu. og er líkast ad eitthvad haf þar ofakrifast“ (AM.)

Dóms klerka útnefndr af Gottakalk biskupi á Hólum um ákætur síra Eiríks Einarssonar til Símonar Þorsteinssonar um jörðina Kálfskinn á Árakógarströnd og um títundahald.

AM. Fasc. XXXV, 5, framrit á skinni. Af 8 innslögum eru nú 6 fyrir bréfin. — AM. Apogr. 8886.

1501.

Domur um Simon Þorsteinsson.¹⁾

Þat giorum vier síra eiríkur sumarlidason. nikulas uilialmsson. olafur klæn(g)sson. gunnar þordarson. halluandr biarnarson. bessi ionsson. jon sygurdason prestar. og gudmundur olafsson diakn. godum monnum uiturliggt med þessu noru opnu brefi at subb anno gracie Millesimo quingentesimo primo miduikudagin næstan efter páske²⁾. j uiduik j uiduikursneit. Worum ueir³⁾ j dom nefnder af uirduligum herra og andarligum faudr herra gottskalk biskup á holum j hialttadal at dæma um þa akiæru er síra eiríkur einarsson kíerdi til simonar þorsteinssonar. War þat j fyrstu uor domur at uier dæmdum stefnuva laugliga og simun þar laugliga fyrir kalladan. uar stefnan suarin af tueimur uottum. þui dæmdu uier morkk j stefnufall nema simon syni loglig forfaull at hann haf ei matt koma. Jtem j annarj grein dæmdum uier um þa akiæru er eiríkur einarsson kíerdi til simonar uppa jordina kálfskin er liggur j askogss kirkin sokn. Nu af þui at huorkki kom simun og eingi hans umbodsmadur en oss uar sagtt at hann hefði bref fyrir jorduni. kunnu uier þui ecki fullan dom a leggja og fyrir þann skulld dæmdum vier þa bada síra eirik og simon skylduga at koma j næstu prestastefnu huor med síh bref under skodan og dom dandi presta. en um þau tíundar hauuld er síra eiríkur einarsson kíerdi til simonar þa dæmdum (uier) simon skyldugan under fulla hlydni ath afbata þetta sitt mal

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld, nema ártalið er frá 16. öld. ²⁾ þ. e. 27. Janúar. ³⁾ Svo

um þer biskupstiunder sem honum ber at luka sira eiriki einarsýni en um þer sem hann getur ei afbatat þa demdum uier simon þorsteinsson skyllidugan ath giallda alika seggt sem laugin ut uisa jnnan halfs manadar ath heyrdu dominum heima æ holum biskupinum sialfum eðr hãnas umbodsmanni. og til sanninda hier um setiu uier uor jnsigli fyrir þetta bref skrifat æ holum j hialltadal faustudagin næstan efter palasDesso æ sama ari sem fyr segir.

535.

30. Janúar 1501.

í Meðaldal.

Dóma útnefndr af Guðna Jónsýni, kongs umbodsmanni milli Geirhólms og Langaness, um skatthald Jóns Nikulás-sonar um þrjú næstliðin ár.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol., bl. 219—220, skr. c. 1604 (= a). — Landsbókasafn 789. 4^{to}, bla. 56—58, skr. c. 1620. — Landsbókasafn 68. 4^{to} bl. 9^b 10^b, skr. c. 1640. — Landsbókasafn 65. 4^{to} II, bl. 84 a—b með hendi Jóns dans Magnússonar, c. 1640. — Ny kgl. saml. 1945. 4^{to} bl. 47 a-b, með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Beykjarfirði 1666. Örstutt ágríp af dómi þessum er í AM. 460. 12^{mo}, bl. 99^b, skr. fyrir 1667.

Domur wm skattgialld¹⁾

Ollum maunnum þeim sem þetta brief sia edur heyra senda kietill þorsteinsson²⁾. Pietur fusason. Gudmundur fusason. Hrolfur pieturason. hialmur halfdanarson og Gjalyi Jons-son kuediu gudz og sjna kunnigt giaurandi med þessu woru brefi ad æ laugardaginn næstan fyrir purificationem sancte marie þa lidit war fra hingadburd wora herra Jesu Christi 0 d og eitt ðr j medaldal j dyrafirdi æ almenniligu hier- adþyngi worum wier j hia og heyrdu æ widdal³⁾ þeirra Gudna Jonssonar kongs vmbodsmanns j millum geirholms og langaness. og Jons Nichulassonar er þa war bufastur og

¹⁾ skatthald 65, 789, 1945. ²⁾ Þorkjellsson 68 (mun rangt). ³⁾ vid- ortal 65, 789. ⁴⁾ vidortal 65, 789.

leingi hafði verið j adurgreindu medaldalsþyngi. kærði greindur Gudne það til adurgreinds¹⁾ Jons að honum þætti²⁾ hann eiga að gjalda skatt á næstum iij drum hier fyrir farandi. Enn greindur Jon gaf það svar fyrir sig að hann bauð sig og þessa mjna sauk þar vnder dom að leggja og gaf sig þar vnder ríettinn með handsaulum og lofadi að hallda sem laugliga stefndur þann dom sem sýlumadurinn þar wu vtnefndi. og worum wier þui fyrgreinder menn tilnefnder af áðurnefndum Gudna Jonsyni. kongs vmbodsmanni j adurgreindu takmarki. að að ljíta. raansaka. skoda og dæma. huad oss litist ríettast og sannast j þessu mali. huert optnefndur Jon Nichulasson [atti skatt³⁾ að gjalda edur eij. að þessum vmlidnum iij drum. Sagdist hann hafa tíjundad x^o að þui fyrsta ári. xj^o á andru. xij^o á hinu þridia ári. Saunnudu hreppstíorar hans með⁴⁾ honum [með sinne⁵⁾ framsangu [þessa hans fyrr skrifada⁶⁾ tíjundargiaurd. og meðkiendust að⁷⁾ hann hefði so þarfamanna tíjand lukt að hueriu ari sem til kom með fyrrgreindum⁸⁾ fleverti. Medkiendust fyrir oss hreppstíorar j adurgreindu medaldalsþyngi. að optnefndur Jon Nichulasson hafi optliga beitt sig að koma og⁹⁾ sía að sinum peningum og laugliga wírding að leggja. Þui leist oss meir hafa ollad þeirra forsömun enn hans wíllaleysi edur þríoska. Og dæmdum wier þessa hans tíjundargiaurd laugliga að slerhueriu ári sem fyrrskrifad stendur. Taldi þratt nefndur Jon fyrir oss síjna skyllduomaga þa sem hann ætti¹⁰⁾ skylldungliga fram að færa. huad oss leist hann eij ferdugur edur fulluedia fyrir að winna so maurgum omaga. og so micklum peningum sem fyrir þeim að standa að logum. Wtíjjsar¹¹⁾ so wor landzlaga bok. að sa skal skatt gjalda er hann að ku edur kugilldi fyrir huerñ sinn omaga og huertt sitt skulldahin og vmfram eyk edur vxa. skip edur not. og alla þa buhluti er það bu ma eij þarfnast. og það wæri allt hans skulldahion.

¹⁾ b. v. 65, 789. ²⁾ þætti 65,789. ³⁾ [hafði skatt átt 65,789, 1945; sítte 68. ⁴⁾ b. v. 68, 65, 789 1945. ⁵⁾ [þessa hans 68. ⁶⁾ [og 68. ⁷⁾ b. v. 65,789, 1945. ⁸⁾ Ríettgreiðadam 65, 789, 1945. ⁹⁾ að 65, 789, 1945. ¹⁰⁾ átti 789. ¹¹⁾ Ártíjsar 789.

sem þar þurfa. [að skyldu¹⁾ fyrir að vinna. og þú leist²⁾ oss hann þurfa að hafa íij³⁾ verkamenn⁴⁾ með sialfum sier. karla og konur. fyrir að vinna þessum fyrrgreindum omaugum. Og þú dæmdum wíer fyrrgreinder domsmenn tjttnefndan Jon Nichulasson aungnan skatt hafa att að giallda af þessum peningum og fleuexti vppa þessi vmlidiñ íij ðr. sem fyrr skrifud standa. Nu saker þess að eij hefur werid aðsied peningum tjttnefndz Jon Nikulassonar⁵⁾ vppa langan tíjma að laugum. þú dæmdum wíer hann skyldugañ nu fram að reikna sjna peninga fyrir oss vnder wora wírding og af að telia sjnar ríettgíaurdar wítaskullder vnder sinn suarinn bokar-eid fyrir hreppatíorum [vm fle og skyldur að⁶⁾ hafa hann vnnid fyrir j⁷⁾ næstan tíundardag. Wírdtíet oss hans peningar werid mundu hafa 15⁸⁾ j wor ed war. að aftauldum aullum skulldum og þú dæmdum wíer hann j skattí j wor ed war alagalaust og skyldugan nu að giallda kongs vmbodzmanni j þeim peningum er hann líeti sier wel að nægía að taka. þó eij wæri skíleyrer.

[Samþykkt þennañ vorn dom greindur sýalumann⁹⁾.

Og til sanninda hier vm s(etium) w(íer) et cetera.

586.

10. Febrúar 1501.

á Hólum.

PRÓFENTUSAMNINGUR Gunnlaugs Helgasonar fyrir hönd Ingileifar Kolladóttur, konu sinnar, við Gottskálk biskup á Hólum.

AM. Fasc. XXXV, 8, frumrit á skiani. Öll (5) innsiglin eru döttin frá. — AM. Apogr. 8889.

1501.

Profentubrief Jngleifar Kolladóttur.¹⁾

Þat gíorum wíer guttormur níkulasson. Grímur jonsson. fínur þornalldzsson. hjalltí arnkelsson ok þornardr jonsson

¹⁾ [b. v. 65, 789, 1945. ²⁾ líest, JM; hín: leist; ³⁾ mætti þó eiss lea „íij (=íjð“) í JM; 68 og 1945 lea: „íjóra“; íij, 65, 789. ⁴⁾ verk-menn 68, 65, 789, 1945 ⁵⁾ b. v. 789. ⁶⁾ og 789. ⁷⁾ a (=fyrsta); sl. lók. ⁸⁾ [b. v. 68. ⁹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld, nema ártalíð er eíðra.

godum mönnum úturlígt með þessu uoru opnu brefi. Árum eftir guds burd. 10. d. ok eitt ár. á holum í hialltadal miduikudagin næstan eftir enn þrettanda [dag íola¹]. Worm vier j hia saum ok heyrðum ypp á ord ok handaband worm virðvligss herra ok andarlígs fandr gottakalks með gudz náð biskups ath holum af eirni alfu. en gunlaugss helgasonar af annari. ath suo fyrir skildu ath adr nefndr gunlaugur fleek fyrgreindum herra biskup gottakalki til fullrar eignar ok sefnlígrar alla þá peninga fríða ok ofríða kuika ok dauda er jngileif kolladotter kuina hanss gaf til stadarinnss at holum sier til framfæris ok prouentu. Suo ath hun skyllði til þeirra peninga ok prouentu aungua tiltaulu né tilkall eiga þar eftir. Suo ok ei sídr skyllðu þeir peningar aller er gunlaugr helgason hafði uernd eða umbod yfer haftt eða borit yfer at hafa uegna fyr greindrar ingileifar kuinnu sinnar. Enn síra joni kollasyni brodr hennar hafði til eignar og erfða fallid eftir favdr sin ok modrbædr ok brodrbauru ok alla sína frændr adra þá sem honum bar at erfa at laugum. Vera lauglig ok obrígdulig eign biskups gottskalks hier eftir bæði faster og lauser fríder ok ofríder kvíker ok dauder smaer ok storir huar hellzt j íslandi sem þeir ueri nídr komner fyrir utan þá peninga er gunlaugr hafði þá heima á sínu bve þeir skyllðu allir vera hanss eign ok hanss kuinu ingileifar huort sem þeir ueri mikler eða lítler fríder eða ofríder. ok ath þessu aulla haulldnu þá gaf optt nefndr herra biskup gottakalk þrattnefndan gunlaug aullungis kuittan ok akiærulausan. Þeillagrarr hola kirku uegna ok sína. um allar þer sakir er hann matti til hans tala ok hann uar þá brotligar ad ordinn. Ok til sanninda hier um settum uier fyr nefnder menn uor jnsigli fyrir þetta gíorningss bref er skrifat uar at holum j hialltadal skolastice uirginis á sama ari sem fyr segier.

¹) [b. v. þvi þess þarf; vantar í frb.; þ. e. 18. Janúar.

537.

1. Mars 1501.

á Grund.

FIMBOGI JÓNSSON lögmaðr norðan og vestan á Íslandi biðr og býður þeim Birni Þorleifssyni, Jóni Björnsyni, Birni Guðnasyni og Andrési Guðmundssyni til næsta alþingis með öll sín próf og skilríki í erfðaprætum þeirra eftir Þorleif Björnsson.

Kriegera safn 2. 4te, bls. 56—57, með hendi Styrz Þorvaldssonar c. 1700.

Brief Fimboga Lögmans um klögun Biorns Þorleifssonar. Biorns Guðnasonar. Jóns dans og Andreas Guðmundssonar um arf eftir Þorleif Björnsson.

Eg Fimbogi Jonasson Lögman nordan og vestan á Jslandi heilsar alla goda menn þa sem þetta mitt bref sia edur heyra. Vil eg yður viturligt giðra. að Biorn bondi Þorleifsson hefer komid fyrir mic. tied og bijrt fyrir mier þann tolf manna dom sem honum var til dæmdur arfur eptir Þorleif heitinn Björnsson fôður sinn og han(s) systrum til eignar og attekta hvar þeir stædi i fôstum peningum edur lausum þeim Þorleifur Björnsson hafdi átt og halldid. kiserdi og klagadi greindur Biorn fyrir mier. að þessir nefndir peningar voru gripner og teknir á moti sijnum vilia og ordlofe. epter það er hann hafdi að sier tekid sagda peninga. hönd at haft og lög fyrir lægit¹⁾ eptir sögdum domi. enn þeir veri nú án allra lagasokna. undan sijnu valldi burt teknir. Svo og hefer komid fyrir mic Jon bondi Björnsson. Biorn bondi Guðnason. og fleijri goder menn adrer. sem er Andres bondi Guðmundsson og hans synir. og þess er aller sagder menn j sierhverri grein vilia klaga uppa þessa peninga til eignar edur umboda. sem att og halldid hefur Þorleifur Björnsson edur Guðmundur Arason og fleijrum peningum ôðrum þar meðfilgundum. vænast þar uppa domum. brefum. vitnum og skilríkjium og ôðrum lagaskipunum um fyrnefndt gotz og peninga. Þyke mier þviljkar

¹⁾ lægie, hðr.

málakísarur j domum edur profunleidslum¹⁾ auka meiga dandi manna j milli storafi vanda. ológligt framferdi j gripdeilldum. og síðr upptektum. hvad er lógmalid sierliga forbannar ad nockur gripi annars undafi lógligu heimildartaki dn riettra lagasokna. Enn fyrir þann skulld at þessir fyrnefndir menn hafa ei under einz med sijna doma fyrir mig komid. edur adrar profaleidsalur um sagdt efni. Beid²⁾ eg og bydur öllum títtnefndum monnum til næsta Öxardrþings med alla sijna doma. bref og skilríjke uppa adurnefndt gotz þad greindri málakísaru tilheyrir under lógríettumanna skodan og yfirsyn. hvad er þar listst þa med bestu manna raadi og tillógum svarligast og lógligast j sierhvoru máli og ákísaru optnefndra manna at lógum standa eiga eptir þeim greinum og Articulis er þar jnni standa. svo og eptir hverium brefum. vitnum edur skilríjkium. ad þráttnefnder domar hafa dæmder verid. Enn eg fyrirbyd öllum þráttnefndum mönnum griipa. taka. edur nockrar síðr adtektir ad hafa j moti lógum á fyrnefndu gotzi. til þess ad þeirra bref. domar og skilríjki eru framlógd under³⁾ lógríettumanna skodan og mijna yfirsyn sem fyrakrifad er. Hefer Biorn Þorleifsson og Biorn Gudnason lofad sig til alþingis med sijn bref og skilríjki uppá sagda peninga. svo og bydur eg greindum Byrni Þorleifssyni at hann lese eda lesa lati þetta mitt bref fyrir þeim öðrum mönnum er greindt tilkall villia hafa uppa optaefnda peninga epter því sem hann kann vid komast. Og til sanninda hier um setta eg mitt jnsigli fyrir þetta bref. giórt dn Grund i Eyyiafjrdi laugardægin næsta fyrir Jons messo biskups j föstu. Anno Domini M de. primo.

538.

9. Apríl 1501.

í Síðumála.

Orma Jónsson geldr og selr „bróður einum“ Sturlu Þórðarsyni jörðina Kjariaksstaði á Skarðsátrönd með fjórum kúgildum fyrir þá peninga, er Sturla og Guðlang kona hans höfðu feingið Ormi, og kvittar Ormr þau um andvirðið.

¹⁾ Svo, hdr. ²⁾ Svo. ³⁾ Jundan, hdr.

AM. Fasc. XXXV, 18, frumrit á skiani. Fyrir bréfinu hafa aldrei verið nema þrjú innsigli, og eru þau nú öll dottin frá.

Bref fyrir kjarlagxstodum og Ormzastodum.

Bref Rotur firer Kjarlagxstodum a Skardzströnd¹⁾.

Það giorvm vid asmvundur klemenzson. ion gjalason. gvnlagvvr jonson. Einar Olafzson godum monnum kvnigt med þessv vorv oppnv breff. at vier vorvm hia savm og heyrðvm æ at ormur jonson gallt og stielldi²⁾ svo og af greiddi brodur sinum stvlla þordarsyni jordina kjarlagxstadi æ skardströnd j stadarfellzs kirkiu sonkn³⁾ med aullum þeim gognum og gisæðvm eignum og jtokvm. til fialz og fiörv og hann vard fremzst eigandi. ath ollv til eingvðv. og til skvjlldv enn avngu fra. og þar med iiii kviilldi. fyrir þa kvicka peninga og davda. er stvlli þordarson og hanz kvinna gvðlavg hofdu honum feingit. og oppt nefndvr ormur jonson medkendizst ath hann hefði fvlla og alla peninga vpp borit fyrir advr nefnda jord kjarlagxstadi. og fiögur kviilldi sem sier vel lickadi af brodur sinum stvlla. þvi hann sagðizst hafa vt teckit x. kviilldi og .x.° j gellðum savdum og notum. atta hvndravð j smiorum og vadmali. þvi skvilldi oppt nefndur ormur jonson þessa jord og kviilldi vndan sier og sinum erfingium enn vnder stvlla þordarson og hanz erfingia. hier med lofadi oppt nefndur ormur jonson ath svvara laga niptingu æ þessari jord enn stvlli hallda til laga. og kyni þessi jord af ath gañga med logum. þa lofadi titt nefndur ormur jonson brodur sinum stvlla med hafðabafidi ad hann og siner erfingiar skvilldi honum appttur svvara og giallda jafngoda jord edvr peningum⁴⁾ epptter þvi þeim vel semdi. Og til saninda hier vm siættvm⁵⁾ vær vor jnsigli fyrir þetta þeirra bref og giorning huortt er skrifad var j sidumula j borgarfjrdi æ pasionem a langafostv. anno M. d eit az.

¹⁾ Utan á bréfinu, fyrri línan með gamalli hendi, en síðari línan með hendi frá 17. öld. ²⁾ Svo.

539. 18. Apríl 1501 eða síðar. á Mðóruvöllum.

TRANSSKRIFTARBRÉF.

Landsbókanna 789. 4te bla. 888 og 893, skr. c. 1690.

Dómar og úrskurður wppa Maudruwelle.

Það Giorum wíer Stulle Magnusson. Jon asgrímsson. Þorlakur Þorsteinsson. Petur Loftsson. Simon Þorsteinsson. Jon Jonsson. Kietill Arnason. Sæmundur Jonsson. Einar Olaffsson. Audun Jonsson. Narffe Benedicktsson. Stephan Einarsson og Gunnlogur Helgason. gðdum monnum kunnigt med þessu opnu Breffe. ad vær hofum yfferlesed og heyrddt yfferlesin opin Breff med heilum og oskoddudum hðngande nnsiglum swo lðtande ord effter ord sem hier seiger.

[Hér koma þessi bréf um Mðóruvallamál:

1. Spjaldhagadómr frá 19. Júní 1495. DI, VII, Nr. 815.
2. Alþingisdómr frá 30. Júní 1495. DI, VII, Nr. 819.
3. Úrskurður Finnþoga lögmanns frá 16. Sept.—21. Okt. 1499. DI, VII, Nr. 451.
4. Alþingisdómr frá 1. Júlí 1500. DI, VII, Nr. 501.
- [5. Úrskurður Benedikts Hersteins hirðstjóra frá 1. Júlí 1500. DI, VII, Nr. 502.
7. Samþykktarbréf Gottakálks biskups frá 23. Sept. 1500. DI, VII, Nr. 518.]

Ög til sanninda hier vm settum vær fyrrneffnder menn vor jnnsigli fyrir þetta Tranakrifftarbreff er skrifad var a Maudruwelle j Eyafirde ð þridia dag þðska. þð er lided var frá hijngadburd vorss herra Jesu Christi 1500 ára²⁾.

540.

2. Maí 1501.

á Hrafnseyri.

Jón Björnsson gefr, með ráði og samþykki Kristínar Sumarliðadóttur konu sinnar, Guðna Jónssyni alla sókn, eptirkæru og ábata á Gvendarpeningum þeim, sem Einar heitinn

²⁾ Þessi tvö síðustu bréf standa að visu á eptir niðrslagi transskriptans í handritinu, sem mun koma af vangsælu, því þau hafa án efa í transskriptinu staðið í öndverðu. ³⁾ Svo stendr í handritinu, en ártalið hlýtr að vera rangt, því að Alþingisdómurinn frá 1. Júlí 1500 er yngri en þetta transskript, ef það er árfært til 1500, því að dagsetning þess yrði þá 21. Apríl (1500), en dómr þessi hefr með vissu í því staðið. Ártalið verður að vera 1501 eða nokkrum árum þar eptir.

Björnsson og Solveig systir hans héldu ranglega sinna vegna og Björns Þorleifssonar föður síns.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol., bl. 190^a, skr. c. 1604 (=a). — Kriegers safn 2, 4^{to} bla. 282—284, með hendi Styrks Þorvaldssonar c. 1700. — Landsbókasafn 115. 4^{to}, I, 146—149 með hendi síra Jóns Halldórssonar í Hitardal c. 1780.

Bref Jóns Dans er hann gaf Gudna Jónssyni laga-
sokn uppá nokkra peninga. sem Einar
Biörnsson og Solveig höfðu að halda¹⁾.

Það giori eg Jon Biörnsson godum monnum viturligt með þessu minnu opnu brefi að eg meðkiennist²⁾ að³⁾ eg hefði [unt og⁴⁾] gefit ærligum manni Gudna Jónssyni. með radi og samþykki og upplægi kúinnu minnar kristinar sumarlídadóttur. til fullrar eignar. soknar og löglígar⁵⁾ epterkíæru. alla þá sok og sokn og loglígañ abata er einar heitinnu biörnsson og Solveig biörnsson dotter hans systir attu að suara sinna vegna og sjns fodurs Biarnar Þorleifssonar æ meðan hann og þau ranglíga hiełđu þá peninga er kalladír hafa werid guendarpeningar⁶⁾ og Joni Biörnssyni og hans kúinnu Kristínu⁷⁾ hafa nú⁸⁾ werid til dæmder fyrir rangligt halld og ologlígar adtekter a⁹⁾ peningum Þorgerdar Olafsdóttur og Olufar Aradóttur. enn nu ber að suara Olafi philippusyni vegna sonar sjns Einars Olafssonar. skal greindur gudni þessa akiæru eiga. [setia og æmia¹⁰⁾]. sækta og sækia og allt ríettarfar a¹¹⁾ eiga. eptér þui fremsta. sem mic¹²⁾ og minne kúinnu ber eptér logum. skil eg alla þessa sok og sokn og ríettarfar vnder greindan gudna og hans erfingia. Og til sanninda hier vm setta eg [greindur Jon Biörnsson¹³⁾] mitt innögli fyrir þetta opid bref [hvert¹⁴⁾] er skrifad war æ Hrafseyri j arnarfyrdi sunnudaginn næst-

¹⁾ Kr.; Gjörningsbréf Jóns Björnssonar við Guðna Jónsson um þetta góðz Anno 1501, 115; eingin fyrirsögu í a. ²⁾ meðkiennust, Kr. ³⁾ al. a; b. v. hin. ⁴⁾ [b. v. Kr. ⁵⁾ [b. v. Kr. ⁶⁾ Gudmundarpeningar, Kr. ⁷⁾ b. v. Kr. ⁸⁾ al. a; b. v. hin. ⁹⁾ [söna og setia, Kr. ¹⁰⁾ mér, 115. ¹¹⁾ [b. v. Kr. ¹²⁾ b. v. Kr.; sl. a

an fyrir krossmessu um worid. [þa er lidit war fra guds¹⁾ hingadburd²⁾] 0 d og eitt dr.

541.

13. Maí 1501.

á Víðivöllum.

Dómr klerka útnefndr af Gottskálki biskupi á Hólum, að biskupi leggist í eitt ár kirkjutíundir af öllum alkirkjum í Hólabiskupsdæmi fyrir „sína reisu og armæðu til og frá“, „meðan hann var utanlands“.

Bisk. 8. Fol. bls. 853—854, skr. 1641—1642. Af því að ártalið er rangt skrifað hér í þessari bók, finst bréf þetta allvíða í bréfabókum með ártalinu 1451, sem er rangt. Allar afskriftir bréfsins, sem nú eru til, stafa frá þessari bók.

Tjunder dæmdar Biskup Gottskalk meðan
hann var vtañ lands j eitt dr.

Það giorum vier Aboti Çinar a Mukapnera. og Broder Jon Aboti a Þijugeýrum. Nicholas Þormodsson. Çirekur Çinarason. Gudmundur Jonsson. Gudmundur Skulason. Jon Þorgeijrason. Eirekur Samarlidason. Jon Fimþogason. Nichulas Wiliamsson. Þorsteirn Gudmundsson. Olafur Klængsson. Gunnar Þordarson. Fimþoge Çinarason. Jon Finnþogason. Hallvardur Biarnason. Jon Jonsson. Besse Jonason og Jon petursson. prestar Hóla Biskupsdæmis godum monnum viturligt með þessu voru opnu Brefe að sub anno gratiæ M. [d. qvingentesimo³⁾ primo. a fimtudaginn næstañ fyrer Hallvardsmessu vñ sumarid a almennelegre prestastefnu a Videvöllum j Skagafirde. vorum vier til samþicktar og doms nefnder af vorum verdugum herra og andaligum fodur Gottskalk með Guds nað Biskup a Holum j Hialltadal að vanaþaka og fullt doms atkuædi a að leggja vñ þann kosnad sem hann hafdi meðan hann var vtañ lands sem kallast j kyrk(i)unnar logum Contributiones og Catedraticum. og þui j Guds nafne amen dæmdum vier honum kyrkintjunder vñ eitt dr af öllum ðlkkirk(i)um sem til þeirra leggiast j Hóla

¹⁾ 115; sl. a; ²⁾burð 115; [sl. Kr. ³⁾ [ed. qvingvatesimo, hdr. Árni Magnússon ritar á spásslu ártalið, 1501^a, sem og er það rétta, og því er ártalið lagfært hér í bréfinu, að ekki er bréfið frá 1451.

Biskupsdæmi til fullrar eignar fyrer sjna Reisu og ðrnsædi til og fra. Og til sanninda hier vñ setium vier vor innsigle fyrnefnder lærder menn fyrer þetta Bref. er akrifad var j sama stad. dag og ðr sem fyr seiger.

542.

18. Maí 1501.

á Viðivöllum.

SAMÞYKT Gottakálks biskups og klerka á prestastefnu, að í biskupstíundir skyldi lúkast eyrir af öllum jörðum samám og stórum, þeim sem undir kirkjuna væri nú komnar, en af þeim, sem síðar kæmi, skyldi lúkast tíundir eins og lög stæði til.

AM. Fasc. XXXV, 7, framrit á skinni. Af 18 innsiglium eru nú 10 fyrir bréfinn. — AM. Apogr. 888.

Wm biskupstíunder af klausturjörðum 1501¹⁾.

Þat giorum wer. broder einar aboti ðá muñickapuerá. broder jon aboti á þingeyrum. nicklas þormodzson. eirekur einarson. gudmundr jonson. gvdmundr skulason. jon þorgilason. eirekur sumarlidason. jon finbogason. nicklas vilialmson. þorsteinn gudmundson. olafur klængson. gunar þordarson. finbogi einarsson. jon finbogason. hallvardr biarnason. jon jonson. bease jonsson. jon peturson presta(r) hola biskups dæmis godum monnum niturligt med þessu woru oppnu breff at sub ano gracie millesimo quing(ent)esimo primo á fimtadagin næsta fyrir hallvardzmeaso wm sumarid á uiduollum j skagafirdi á almenniligri prestastefnu woro wer til bednir af worum werduga herra og andaliga faudur gottakalck med gudz nad biskup á holum á at lita wm biskups tíunder af ollum þeim jörðum. sem ligia unðer klaustur og beneficium og þui j guds nafni amen. samþycktum wer og jatudum at lucka eyri af ollum jörðum bygðum samam og storum. sem nu eru unðer kirkju(r)nar komnar. En hinar sem nu hier epter kuna unðer at koma. þa luckiz af þeim tíunder. sem log til standð og kristinrettur wtt uisðr. Og til saninda hier um settum wer greinder prestar wor jncigli fyrir þetta

¹⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld, nema ártalið er eldra.

(bref) er giort (var) j sama stad dag og an sem adr greiner.

543.

13. Maí 1501.

á Víðivöllum.

TYLFTARDÓMA klerka útnefndr á prestastefnu af Gottskálk biskupi á Hólum um ákæru síra Eiríks Einarssonar til Simonar Þorsteinssonar um jörðina Kálfakinn á Árskógarströnd.

AM. Fasc. XXXV, 6, framrit á skinni. Af 11 innsiglium eru 9 enn fyrir. — AM. Apogr. 8387.

Domur vm kalfskinne.¹⁾

Kalfakinn á Árskógs strönd.²⁾

Þat giorum uier Einar aboti á munkapuera og aboti jon á þingeyrum. Bessi jonsson. gudmundr akulason. gudmundr jonsson. jon finbogason. þorsteirn gudmundsson. jon gjalason. nikulas uilliamsson. olafur klængsson. jon jonsson og jon petursson. prestar holabiskupsdæmiss giorum (!) godum monnum kunigt med þessu uoru opnu brefi at þa lidit uar fra gudz byrd þusund fimhundrut og eitt ar. Woru uier til doms nef(n)der af uorum andarligum fandur og herra biskup gottskalk at dæma um þa akæru er síra eirækur einarsson kiærði til simonar þorsteinssonar. j fyrstu grein at eiríkur einarsson kiærði til simonar þorsteinssonar at hann hefði ath sier tekit haft og halld(it) jordina kalfakinn er liggur j askógsakirkju söku og hann reiknadi sier til erfða fallid hafa epter þorleif son sinn. þui epter þeim domi sem dæmdir uar j uiduik uar þar suarin stefnan lauglig og þeir dæmdir til næstu prestastefnu badir. kom þar fram fyrir oss beggia þeira skial en þau bref sem simon hafði lituzst oss aungua magtt hafa um þa profuenttugiof sem margret magnusdotter skyldi hafa gefid þorsteini jonsyni fyrir þers sakir at hun uar omagi fiar sínas og sionlæms. þui dæmdum uier profuentuna onyta og þau bref sem simon hafði at hallda fyrir þann skulld at fyr greind mar-

¹⁾ Utan á bréfinu með fornri hendi (um 1501). ²⁾ Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

gret atti skilgetin brodr til en þau bref sem eirakur einarson birtti fyrir oss dæmdum uier fullmegtug og síra eiriki jordina kalfskin til fullrar eignar. xx. hundrud j fyr greindri iordu en tíu hundrud til halz þar til at laugliggt ransak geingr uppa huad fyrir hefer komid þennan partin þui at margretu magnusdottur uar skiptt allri iorduni kalfskinni j lagaskiptti efter fautr og modr. En fyrir þau komad er adr greindr þorsteinn jonsson hafdi fyrir margretu skylldi þar fyrir koma afgialld af jordunni. en fyrir þat barnid sem hun atti skylldi koma til rez reikningskapar uid erfingia þorsteins jonssonar ef fadren hefer aungua fulgu med þui gefid. uar þessi vor domur dæmdr og upp sagdr æ almenniligri prestastefnu fimtudagin næstan fyrir haluwardzmessu a uidiuollum j skagafirdi. Og til saninda hier um setium uier fyrnefndir domsmean prestar og prelatar uor jusigli fyrir þetta domsbref skrifat j sama stad og ari deigi sidar en fyr segir.

544.

14. Maf 1501.

á Viðivöllum.

Dóma klerka útnefndr af Gottskálki biskupi á Hólum um fjárrekstr á Viðidalstunguheiði, lambeldi Viðidalstungukirkju, lambatolla, veiðar og aðrar eignir kirkjuunar.

AM. Apogr. 3876 „Ex orig. vicoelögmanssens Pals J(ons)sonar Widalins“ (AM.). Ární lýsir innsiglianum. — Apogr. 3874 a—b, afskrípt eptir sama frumriti.

Skilríki tungukirkju¹⁾.

Þeim godum²⁾ monnum sem þetta Bref síð eddú heyra Sendæ Broder jon aboti æ þingeyrum. Broder Einar abote a munka³⁾þuerú. Níkulas þormodzson. eirakur einarson. jon finbogason. Eirakur sumarlidason. jon gialason. jon finn-

¹⁾ „er ritad utan a breffid manú cosvát“ (AM.); ²⁾ tvískritað í frumritinu. ³⁾ „vacuum spatium in originali. inseratur Munka“ (AM.)

bogason. rickulas vilialmson. gunar þordarson. hallu-
 uardr biarnason. gudmundur skulason. þorsteinn gudmund-
 son. jon jonson. Besse jonson. olafur klængsson. finboge Ein-
 arsson. gudmundr jonson og jon peturason. quedin guds og
 sina. kunigt giorandi. ath sub ano gracie millesimo quin-
 gentesimo primo á fostudagin næstan fyrer halluarcz Oesso
 um sumarit æ uiduollum j blondublid æ almenniligri prestæ
 stefnu woro wer j dom nefnder af worum uerdugum fodr
 Gottakalck med gudz nad biskup æ holum at ransacka æ
 lita og fullt doma attkuæde æ at legia um þa ækiseru. Er
 jon sigmundzson kiarde til grima jonssonar uegna kirkiun-
 ar j uidudalstungu. wm þær attekter og ologligar medferder
 sem grimr og fader hans jon gudmundzson hefði sig
 inn sett j fasta eigner kirkiunar j uidudalstungu. haft
 og halldit med fullri langri hefð. ræne og ofricke j
 mote maldogum domkirkiunar a holum. sem war wm
 almenniligen gamlan fiarrestur æ tungu heide þær wm
 allan hreppin. lamba elde. lambatolla. ueidar. landar
 eigner. holmar og eyiar sem ligia fyrer uestan fornan
 farueg vidudalsæ æ sem stefnan jne hellt og domkirkiunar
 ægistrum vttuisar og þat jneheldur og greindr grimur jon-
 son war fyrer nu fyrer stefndr. þui j fyrstu war þat wor allra
 alit fyr greindra abota og presta med fullu doma attkuæde.
 at grimur wæri logliga fyrer kalladur. j anare grein bæmd-
 um wer ath kirkian j uidudalstungu skal æfnliga att hafua
 hingat til og svo eiga skulu nu obrigduliga hjer epter sem
 hingat til alla landar eign. holma. eyiar. Recka. at ollu til
 teknu sem ægistrum kirkiunar æ holum og tungu kirkiu
 ini hallda og grimur war nu fyrer stefndr og gogn og vitne
 þær wm baru og allar adrar fasta eigner tungu kirkiu sud-
 ur. austur. nordur sem vestur. huar þær eru til ýztu endi-
 marcka uid asara mana lond og eigner. Ei sidr nu hed-
 an af sem epter og fyrer faranda werid hefer og wera skal
 nu og æ sidan wera fiarrestur a kirkiunar heidi j tungu
 eigi sidr lambatollar. lamba elde med alickre grein sem¹⁾
 ægistrum greiner og þau²⁾ æ nefner. utan hreps sem jnan

¹⁾lg. framritið, AM. leiðrétti. ²⁾ svo; rétt: þær?

þá skal nu hier epter og hingad til gialldazt att hafa og gialldaz skulu nu upp hedan suo og um adra tolla og tiunder sem at kirkiune til greiner. Enn um askilnad þeirra adr greindra mana jons og grims wm audunarstada kirkiu sem domkirkiunar registrum oll greina ath heiti kirkiu og jon gaf sock sa at grimur opt nefndr hefði og hans fader dregit under sig alla henar tolla og tiunder. þa war þat wor domur at hun skal nu sem registrum greiner heita og heitið hafua kirkiu med slikri rentu sem biskupin uill dukuoda og skipa wm henar tolla og tiunder. huad hun skal eiga eda att hafa mier til upphelldis. En um seekter og sackfelle sem oss leiz d. grim og hans faudr fallid hafu fyrer þetta þeirra rangligt halld. attekt og ofrickis medferder sa fasta eignum heilagrar tungu kirkiu þa dæmdum wer ei sa hæd ne seekt domkirkiunar og ei tungw kirkiu sem oss leizt til standu. sacker þess wor nadug herra biskupin fyrer sæna stad godra mana gaf þat til og suo jon slikt) ed sama fyrer biskupsins skulld kirkiunar seekter j tungu sem hann mætti med logum giora. Og til meiri styrckingar stadfestu nitnesburdar og obrigidligrar d. hræringar þa styrckti stadfesti og fullkomliga samþyckte wor werdugi¹⁾ herra og ellakuligur fader biskup gottakalk med oss þenan worn dom. Og til meire andsyningar og sanrar medkeningar setti hann sitt incigli med uorum adur greindra abota og presta jnciglum fyrer þetta domsbref er gior(t) war j gellingaholli a sama sæi deigi sidar (enn fyr seiger.²⁾)

545.

30. Maí 1501.

í Viðey.

SIEVARE Filippusson selr Árna abóta og klaustrinu í Viðey alla jörðina Breiðagerði á Strönd fyrir lausafé.

AM. 288. 4^{to} bl. 6, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref fyrir Breiðagerði.

Þat giorv vier Jon Gellisson. Gissur Þolleifsson. Arn-

¹⁾ w'ude, frb. ²⁾ p. e. 15. Maí.

þor Olafsson ok Olafr Jonsøn godvm monnvm vitvrligt med þessv vorv opnv brefi ad ver vorum þar j hia savm ok heyrðvm æ j klavstrinv j Videy med Svndvm manvdaginn næsta fyrir festvm Bonifacii episcopi þa er lidit var fra hingat býrd vors herra Jesv Christi m d j ar. ord ok handaband þessara manna broðvr Arna med gvdz nad abota j Videy af einne alfv en Sigvrðar Filipvssonar af annari. skilldist þat ok falzt vnder þeirra handa bandi at fyr greindr Sigvrðr Filipsson selldi adr nefndvm herra Abota Arna j Videy jordena alla Breidagerdi x^o at dyrleika er liggr æ Strond j Kalfatiarnar kirkiv sokn til æfnligrar eignar ok frials forrædis med ollvm þeim gognvm ok gisæðvm sem greindre jordv fyllger ok fylgtt hefir at fornv ok nyiv ok hann vard fremst eigandi at til ytztv vmmerkia vid adrar jarðer. Hier j mote skyllde abote Arne gefa ok giallda Sigvrðe Filipvssyni vj malnavtv¹⁾ kvgillde ok iijc j²⁾ avllvm fridvirtvm peningvm. Skyllde optnefndr Sigvrðr Filippvsson ok hanns erfingiar sværa laga riptingv æ adr greindre jordv Breidagerdi en abote Arne hallda til laga. ok ef jordin geinge af honum med logvm þa skyllde han ganga domlavst aptr at sinvm penningvm med svo vordnvm fridleika sem jnn kvomv.

Ok til sanninda hier vm settvm vier fyrgreinder menn vor insigle fyrir þetta jardarkavps bref skrifad j sama stad æ deige ok are sem fyr seigir.

546. 3. Júní 1501. í Breiðadal í Öundurafirði.

Samtök og áskorun Vestfirðinga til Finnþoga lögmanns Jónssonar, að hann haldi gömul lög og íslenskan rétt, einkum í erfðamálinu eptir Þorleif Björnsson.

AM. Fasc. XXXV, 1, frumritið & skinni. Fyrir bréfinu hafa verið 24 innsigil, en nú eru þau öll döttin frá, nema níu, sem enn eru fyrir bréfinu. — Fasc. XXXV, 2, transskript & skinni frá 8. Maí 1550 gert í Saarbæ & Raubásandi. Nokkrar afakriptir eru til af bréfi þessu & papp-

¹⁾svø ²⁾oc, hðr.

ir, svo sem í Bibl. Bodl. Oxford FMagn. Collect. 55. 4to bl. 228—29 með hendi Guðbrands prófests í Vatnsfirði c. 1680; Landsbókasafn 115. 4to I, 162—166 með hendi séra Jóns Halldórssonar í Hitardal c. 1780, og er ártalinu þar bætt við síðar, og því ritar séra Jón þetta um aldur skrárinnar: „Þetta er samantekið eptir að Stephán biskup útgaf einn úrskurð um arftöku Björns Dorleifssonar og hans systra og eptir þann tólf manna dóm, sem Finnbogi lögmaður útnefndi á alþingi um það ártak hér um Anno“ (ártal vantar); ÍBfél. 126. 4to bls. 96—100. Skrá þessi er prentuð í morðbréfabæklingi Guðbrands biskups hinum fyrsta. (Apologia) Hólum 1592 bl. d2b — d5 og útg. í Reykjavík 1902 bls 51—57 (eptir sama frumriti og hér. Sbr. morðbréfabæklinginn þriðja, Hólum 1608 bl. A5). Séra Guðbrandr kallar skrá þessa: „Supplicatia Vestfirðinga til Finnboga lögmanns að halda gömul lög íalensk“. Enn séra Jón kallar skrána „Supplicatia eður þó protestatia Vestfirðinga til Finnboga Jónssonar lögmanns um arftöku Björns Dorleifssonar og systra hans“. Sumir kalla skrá þessa *Vestfirðingaskrá*. Frumrit skrárinnar er með hendi Björns Guðnasonar.

Motstaudubref þeirra vestfirðinga til finnboga Langmans vm skilgiettning Biorns Polleifssonar og hans systkina.¹⁾

Ollum monnum þeim þetta bref sia edr heyra senda
 jon biornsson. Gvdini jonsson.
 ormvr jonsson. jon ellingason.
 jon odzson. are gvdinason.
 þorolfur avgmvndzson. jon fvsason.
 jon jonsson. þolleifr avnnolfason.
 tyvas jonsson. odr sigrdzson.
 jndridi jonsson. narfi jonsson.
 olafur gvdmvndzson. sigmvndur branzson.
 nikvlas jonsson. petur fvsason.
 þorbiorn nikvlasson. steinmodr konradson.
 ketell þosteinnsson. jon þordarson.
 snorre helgason. og biorn gvdinason

kvediv gvds og sina kvnningt giorandi með þessv worv opnv brefe ath vær fyrrgreinder menn klavgvm og kærvm worra vegna og allz almva a vestflordvm firir gvdi og sancte olaf konvng. og ydr finbogi jonsson lavgman nordan og vest-

¹⁾ Utan á XXXV, 1, með hendi Eggerts Hannessonar, og utan á XXXV, 2, er nær orðrétt samhljóða áskript með sömu hendi.

an a jalandi. (Er af gvdi er¹⁾ til kioren oss ad hallda vnga og gamla j ydru lavgmanzdæmi med lavg og landzins riett þad lavgmal er wort forelldri hefer sig og oss vnder svar- ed og vær hyggivm adh þier mvnvd med ydrvm svardaga sem ydr ber og lavgmanz eide til heyrer oss ydvr a hendi falit hafa til allra riettra mala. væntandi af ydr vmbota vm allt þad oss þicker afatt vera vppa laganna vegna og so til ad sia ad ver mættim fastliga a standa og niotande verda vors gamla lavgmals sem sancte olafur og hans ept- erkomenr hafa oss adh avndverdv vth gefed oss til riett- inda styrks og frelsis og nada. Enn oss þiker nv wort lavg- mal fast rívfatz og til baka ganga. enn jnn leidatz j stadin nyvngar lavgleyvur og lavgvillvr. hvat oss þickir haskaligt bædi firir gvdi og monnum jnn ad leida j wort land vnder ath bva samþycker ad verda firir oss og wort afspringi soð- an laga rof og ríettinda ran og fottroða svo og nidr briota wort gamla lavgmal lavgbok og kristen riett. so sem vñ xij mana dom sem vpp a hlyder arftak biarnar þolleifsson- ar og systra hans epter þolleif biornsson favdr sinn og alla adra sina frændr so sem skilgetenar²⁾ eiginar konv bavn. En vær vitum aller. ad fyrrnefnd sysken biorn og hans systvr allar erv getnar j fríllvlið og frændæmisspellvm. Hvæt vær þeink(i)vum adh navckvr vanga og vmbugsvnr- leyse hafa þeim dandimavnvm til handa komed. er sodan menn hafa med dome jnnsett j vort erfdatal fram firir skil- getna þa sem j lavgligvm hivskap erv getner. þvert j mote worum landz lavgvm sem med marghattudvm greinum j mote talar. stendr so j vorre landz lagabok ad þad uarde miclv þeim til arfana kalla ad þeir sie j lavgligvm hivskap getn- er. þad annat er so seiger j worvm lavgvm. Hvervetna þar er madur fester sier mey eda konv ad gvds lavgvm og samþykt beggia þeirra þa erv þeirra bavn lavgliga til arfa komen hvort þav erv geten firir festing eda epter. wtan þad stædi þa navckud firir þav gatv þav bavn ad hann mætte þa konv ecke med lavgvm eiga. þad þridia er so mæler. ad sv er ein lavglig festing enn eingin avnnr epter

¹⁾ b. v. 115 og Apol. ²⁾ skilgetnar XXX, 2.

Þvi sem forn lagv seigia er madur tekvr j havnd mey eda konv nær verande skilrikvm vitnvm og fester hann bana med þeim ordvm er þar til heyra. (Enn hver¹) sem annann veg binda sinn hiuskap þa skvlv þeirra bavn eigi lavglig til arfs. þad hid fiorda er so hlyder. Nv leikur a tveim tvngvm. hvort madur er arfgeingr eda eigi. stefni þeim þing er honvm stendr firir arfe þa skal niota votta sinna ad hann stefndi honvm þangad. nv skvlv vottar hans þad bera so mælandi. wer vorvm þar j hia er moder hans var lavgliga fest og anefni stadin þa eigv þingmenn honvm arf ad dæma. j fimtv grein er so seiger. h̄vervetna þar sem madur vill sig til arfs færa leidi hann votta sina til og stefni þeim til avdrvm er arfve er nærstr. enn ef hann stefner eigi til. þa er vottvm hans fyrer skoted. þicker oss þad avdsyneligatz ad ef sodan nyungar lavgmal skal hier vid gangatz og junleidatz j landid verdi helldr til bvlldrs og osamþykkis landinv til avdnar og nidrfallz. enn þeim dandimonnum sem landid byggia til marghattadra vandræda og meingiorda og ranganva so og vmtvrna avllv worv gamla lavgmali ad skafa vth ena skilgetnv enn leida jnn hin v meingetnv. hvat vær vilivm avngaleidis vid lata gangatz vpp adh gefa vora arfa þa vnder oss eda wort afspringi kynnv ad falla fyrer þeim monnum sem so eru til komner og jnn leiddur o-lavgliga j wort erfdatai. stendur j þessvm fyrr nefndvm xij manna dome þessar greiner sem þeir hafa sinn dom epter tracterad. þan fyrsta ad þeir savgdv ad fram hefdi komed fyrer sig bref af pavaligv valdi vthgefit ad torleifur biornsson og jngvelldr helgadotter. skyllde lavgliga binda sinn hivskap og sidan rettliga mega saman blifa og þeirra bavn lavgliga til arfs komin epter þav ad tekinni dispenseran. af kirkivnnar formanni sem skipad var j savgdv breff. so og j annare grein savgdv þeir fram hafa komed wora kære nadvga herra kong kristens bref fyrer sig hvers sal gyd nadi. j hveriv hans nad hefdi skylldvliga skipad og tilgef-it sinna vegna og kravnar j noregi ad avll bavn fyrr greindra manna torleifs og jngvelldar skylldv skilgeten til

¹)þannig bæði; huerier, Apolog.

allz arfs eptir faðr sinn og modr. wænditz þeir og j sinvm dome adh fram hefði komed wora kæra naðvga herra kong hans bref. erkibiskupsens bref j nidarose og mavrg bref avnur. stravffvm vær j avngan mata fyrrneft. dra verðvgra herra bref. havldvm vær þav j allan mata ærlig of þav erv riettaliga vndirstadin. þavfvm vær og sialfer lesed og yfer fared og heyrt yfer lesen þesse adr skrifvd bref og vitvm vær vel og vndirstavndvm. hvat þav jnni hallda. erv þav avll eptir env romverska brefinv þvi samþyckiandi ecki annat frekara nie fvllara enn so sem þad vt visar. þaufvm vær og sied þetta adrskrifad bref hid romverska vnder godra manna jnsiglvv vth þytt j norsenv mali j hveriv sv grein stendr adh sidan þesser adr greinder menn torleifvr biornsson og jngvelldr helgadóttir þav erv afleyst af brotvmm og frændsems spellvm og þar eptir setetz hvora þeirra eptir hafum brotvm theirres heilsamligv bod og annat hvat þeim ber eptir lavgvv setiandi vm sider. ei forhindrandi eda fortreyfandi fyrr sagt¹⁾ frændsems meinþvgi ad þav megi hionalag frialsliga sin j millvm ad samanteingia og thei sidaan thaz er saman teingt lofliga j blifa steder til eptir lavg og riett so ad hvn fyrrnefnd kvinna er ecki hier fyrer af navckrvv valld takan. Bavn þav hier eptir fædatz dæmanditz lavgliga og ekta vera. þicker oss þav bavn ecki hægt adh setia jnn j erfdennar sem hvorcke erv geten nie fædd. wituvm vær til sanz ad optnefnder menn torleifur og jngvelldr hafa eingin bavn att sin j milli sidan þav worv leyst fyrer oleyfliga sambvd j frillvlfnade og frændsems spellvm. vnderstavndvn²⁾ vær adh þesse domr hefir meir vered trakteradr og samsettur firir uinskap mvtvr og peninga enn fyrer rietta vndirstadning lagana. wituvm vær þar eingi ravk til eda lavgmal ad navckur maður leikvr eda lærdr megi navckud nyngar lavgmal jnn leida j wort land þad sem eigi hefer adr vered og vid geingitz einvm manni til bata. enn avllv landinv til skada vtan þess sie med skynseme beitz adr j burtt af landinv med allz almvganss samþycktt avllv landinv til nytsemda og almvganvna til bata adu avka wor lavg

¹⁾ Svo, frumritið; fyr sagða, Apologia. ²⁾ Svo.

Þat giorvm vier Gissur þolleifsson. Fúse Andresson ok Pall Jngemvndarson godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opnv brefi arvm eptir gvdz byrd m^o d^o iij ar j Grofvm j Mosfelzaveit ok j Mosfellz kirkiv soknn jn festo de-collacio(nis) Johannis baptiste¹) vorum vier j hia savm ok heyrðvm æ ord ok handaband þessara manna broðvr Arna med gvdz nad abota j Videy af einne alfv enn af annari Gvdmvndar Þórarinssonar ok Jngebiargar Jonsdottvr konv hans. skilldizt þat ok falzt vnder þeirra handabandi at fyr-greind hion Gvdmvndr ok Jngebiorg selldv adr nefndvm herra abota Arna jordena alla Grafir til æfnligrar eignar ok frials forrædis xije at dyrleika er liggv j Mosfelltz þingvm med ollvm þeim gognvm ok giæðvm sem greindra jordv fyllger ok fylggt hefir at fornv ok nyiv ok Gvdmvndr ok Jngebiorg höfðv fremsteigandi at ordit til ytzt(r)a vmmerkia vid adrar jardir. Hier j mot skylldi optt nefndr aboti Arni gefa ok giallda adr greindvm hionvm Gvdmvndi ok Jngebiorgv xiiije med svo vordnvm fridleika sem hier seiger. x

1) þ. c. 29. Aug.

malnytv kvigillde. je j amiori. navt gamallt j ije ok fridvirtt hundrat. skyllde optt nefnd Ingebiorg eignast hier af je fyrir sitt vplag. Vorv þessir fyrgreindir peningar aller adr vtlvcter. medkiendizt tit greindr Gvdmvndr þar þa fyrir oss at han hefði vpp borit heilan penning ok halfan ok alla þar j milli fyrir adr greinda jord Grafir svo sem þeirra kavpbref vtvisar ok adr skrifat stendr. Þvi gaf þratt skrifadr Gvdmvndr med samþycki ok vplagi Ingibiargar konv sinnar j sama handabandi titt nefndan abota Arna ollvngis kvittan vm alla fyrskrifada peninga ok jardarverd ok sakisravlavsan fyrir sier ok ollvm sinvm erfingvm ok eptirkomendvm. skyllde titt nefndr Gvdmvndr ok Ingebiorg svara lagariptingv æ adr greindre jordv en abote Arne halldi til laga.

ok til sanninda hier vm settvm vier fyrnefndir menn vor insiglle fyrir þetta jardarkavps bref ok kvittannar skrifat j Videy med Svadvn vij dogvm sidar enn fyr seigr.

614. 20. Oktober 1503. í Víðidalstungu. Dóma útnefndr af Finnboga lögmanni Jónssyni um afl og gildi útlúkningarbréfa Narfa Sigurðssonar og Sigurðar Narfasonar um Ásgeirsár, Lækjamót og fjórar jarðir á Ströndum til Finnboga lögmans og Teits Þorleifssonar.

AM. Fasc. XXXVI, 14. frumritlð á skinni, frá tíra Skúla Þorláka-syni. Öll (6) innsiglin eru dottin frá. — AM. Apogr. 556. Frumritlð mun vera með hendi Jóns Sigmundssonar.

Domur vm teits peninga¹⁾.

Ollum godum monnum þeim sem þetta bref sia eddu heyra. senddu jon sigmundzson. jon olafson. hauskollur runolfason. brandur einarsson. gudmundur indridason og sueinn þorfiasson. quediu guds og sina kunigt giorandi ath æ þridiudagin næstan eptir calixtusmessu²⁾ æ sveinstodum j uazdal

1) Utan á bréfinn með forrari hendi. 2) þ. e. 17. okt.

æ almenniligu hieradsþingi. worum wer j dom nefnder æf ærligum dandi manni finbogæ jonsyni Logmani fyrir nordan og westan æ islande at ransacka skoda og fullt doms athkæði æ ath leggja hwert afl eda fullkomna magt oss wirtiz at hafa skyllde þau uttluckningabref og medkenningar sem þar voru fyrir oss Birt wnder nafni narfa bonda sygurdzsonar Og sygurdar sonar hans med þeirra heilum hangandi jnciglum og fleire godræ manna anara bref um medkening og naueru sem æ greindi vm gialld og luckningdr wid greindan finboga og teit bonda þorleifason¹⁾ ð jordunum asgeirsam læckiamoti florum jordum ð strondum melum krosnese norðfirde og selianes med ollum þeim lausagozum þar med fylgia og adr greiner. Ok þui j fyrstu war þath vor domur ath wer dæmdum [med fullu²⁾] doms athkæde finboga logmanni (þter lukningu vttgialldi og medkeningu sagdra manna narfa og sygurddr ei sidr j fiarskacka og ærf sinn ðuskilnad sagdra manna æ millum narfa og sygurdar uid teit. þa dæmdum wer þridiung wæ ollum adr greindum peningum og jordum asgeirsam læckiamoti og fyrnefndum jordum æ strondum finboga logmanni til fullrar eignar wera og werid hafa og hann sagdar jardeæ lucka hafa matt giallda eda gefa huerium han hefer uiliat. ath jafn heimilu sem onur sín odul og eigneæ at suo profudu sem þa kom fyrir oss. wtan titt taldr teitur syni med logligum witnum at annar giorningur haf j giorzt sidar æ mille sagdra manna finboga og teizt wm fyrr greindar jardeæ og feskipti og leidizt þa sogd witni og aansackizt fyrir sogdum logmanni med skýnsamra mana sade og naueru.

samþyckti þenan worn dom þratt nefndr finbogi logmadr og alleæ þingmenn þar saman komner.

Og til saninda hier wm og meiri audsýningar þa³⁾ settum wer fyr nefnder menn wór jncigli fyrir þetta domsbref er giort war j tungu j uidudal fostudagin næstan eþter calixtus messo aæum eþter gudz burd 00 v hundrut og lif ææ.

1) þorleifssonar, frbr. 2) [medum med fullun (l) frbr. 3) tvískrif-
að i frbr.

615. 31. Október 1503. undir Staðarfelli.
 ÚTSKURÐARBRÉF Finnboga lögmanns Jónssonar um landamerki milli Staðarfells og Arastada (Harastada) á Fellsströnd.

AM. Fasc. XXXVI, 17, frumrit á skinni með innaiglinu fyrir, en bréfið er ekki með hendi Finnboga lögmanns, þó að innsiglið sé hans. — AM. Apogr. 1592.

Vrskurdur finnboga lögmannz vīm landamerke
 mille staðarfells oc harastada 1503.

þetta eru iardarkaupsbreffu hierastada.

J þessum backa¹⁾ erv kaupmalabref fodur minz og mitt
 og þorsteinz þorleifzsonar og staðarfelzbreff og þav
 breff er ligia fyrir kiarlagxstodum og ormz-
 stodum og eru þau ýst vtan á.
 næst þessu breff.²⁾

Ég finbogi jonsson langmann hordan og uestan á jelande giorer góðum monnum viturligt med þessu minv opnu breff. ath þá er lidit var fra hingatburd uora herra jhesu christi. þnsund fim³⁾ hundrud og þriu á. á manudagin næstan fyrir allra heilagra messu⁴⁾ vnder staðarfelle. á medalfellzstrond kuomu fyrir mig. Stulli þordarson og asmundr klemensson med sin breff og skilzsjki sem á hrerer um jardareign og landamerkj millum staðarfellz og arastada⁵⁾ eptter þui sem þeirra huoru tueggju breff og áskilnadr var til min dæmt. og domurin vt vijsar. Birtti stulli fyrir mier jardakaups breff. huer⁶⁾ er jordin staðarfell war selld med þessum vñmerkium. j millum staðarfellz og arastada⁶⁾ ath hagagardr er nedan geingur vr súbijnuvjšk skal móda vpp j á. giordizt þetta jardakaup á audru ári áljkis uirduligs herra olafs⁷⁾ med guds næd noriges dana. gota konvngs⁸⁾. Suo og birtti stulli þordarson annat breff ath arastader⁸⁾ voru sellder og keypter med þessum aukuednum landamerkinum j

1) Þ. e. bagga. 2) Utan á bréfinu með þrennslags hendi frá 16. öld. 3) fyrst ritað: *fimmtan*. en síðan máð yfir *tan* að mestu, og má þó enn lesa það. 4) Þ. e. 80. Okt. 5) Svo hér. 6) Svo. 7) á spássiu og vísað inn. 8) Þ. e. 1868, sjá DL, III, Nr. 818.

millum fyrr greindra jarda. Þíer j mot birte asmundr klemensson bref vpp á eins mannz sogn og lysing. at hann sagdizt hafa verit vinnumadr á arastodum¹⁾ hia klemens pálassyni og þessi landamerki voru halldin millum stadarfellz og arastada¹⁾. gardur ur sabinuvíjk og upp j hamrana. þa aiede hid nedra en¹⁾ gardur vr myrinni og upp epter skog-invm. þeim sem liggur vpp j hamarinn hid efra. Sagdizt hann þó uitat hafa ath þordur boñdi helgason liet hogua iij hundrud timburs fyrir utañ þann gard. Sagde hann og at þeir þordr og klemens hefde giort þessi landamerkj sin j mille. Jtem birtte stulli þordarson fyrir mier. ija. manna bref at þordur fader hans hefde optliga um talat og sier eignat land og skog. af¹⁾ garde þeim sem vr sabinuvíjk gengr vpp á hamar og þadañ aietyni vpp j á. Hv fyrir þann skulld ath greindr stulli þordarson hefer fyrir mier tied og birt adrnefnd skilríjke vm kaup og solu optt nefndra jarda med sogdum landamerkium og suo þat ath þordr helgason fa(d)er hans hefde sier eignat þa hann lifde þessi somu landamerke. En þat sama bref sem asmundr klemensson fram lagde vider mína skodan leizt mier ecke lagauitne inne hallda j mótt greindri ákiseru stulla þordarsonar og þeim skilríjkium sem hann hafde fram lagt og fyrskrifat er. Þui j brefi asmundar stod huorke lauglig hefð nie eignaruitne vpp á hans ákiseru vm titt nefnd landamerkj. vtan eins mannz sogn og herming. þui med þeirra bezttu manna aade er þá voru hia mier. Og at suo profudu mále sem nu er fyrir mig komit. Sagda eg finnbugi jonasson laugman j gudz nafni amen. med fullum laga urskurde þesse optt nefnd bref og skilríjki stulla þordarsonar lauglig og fullmegtug. vm fyrsagda landareign og jordina stadarfel(l) eiga og att hafa land og jord at garde þeim sem geingr vr sabinuvíjk. og brefn til seigia og af gardinum og upp á bergit og aiettsyni af berginu vpp j ana. vtan þat synizt med logum vndan geingit greindri jordu stadarfelle. fyrir ofan hamra og nedan. Og til saninda hier um sett. eg

1) Svo.

mitt insigle fyrir þetta vskurdarbref er skrifat var j sama stad og ari. Deigi síðdar en fyr seiger.

616. 18. Nóvember 1508. á Reykhólum.
 VITNISBURÐARBRÉF um viðtal þeirra Björns Þorleifssonar og Jóns dans Björnssonar um Reykhóla, og um yfirgang Jóns á Reykhólum.

AM. Fasc. XXXVI, 21, frumrit á skinni, og eru bæði innaiglin dotti frá. — AM. Apogr. 5717.

Brief vñ heimreid Jonns dðns Bjornssonar
 til Reykhhóla¹).

Svo felldan vitnisbvrð berum vid bergr ingimvndarson og jon jonsson godvm monnum á heyranda med þessv vorv opnv brefe at vid vorvm á raeykiaholvm²) á reykianese midvikvdagenn næstán epter kalixtusmessv³) þá lidit var fra hingatbvrð vors herra ihesv christi þvsvnd fim. c. og þriv ár. ath gisle philippusson jon fvsason og petur fvsason komv til reykiahola og tokv feligan dag j mille biarnar þorleifssonar og jons biornssonar og þeirra manna thil vidrtala vm þeirra akærv sem jon biornson kallade thil reykiahola á vegna konv sinnar kristinar svmarlidadottur. Enn biorn þorleifson hieiltt og þottezt eiga j sina loggiof edr erfd eft-er sinn favdr þorleif biornson efter þeim brefvm og skilrik-(l)vm sem þar fyrir liggia. var það og j þeirra handabande thil skilit ath huorer skyllde med frid j byrtt rida ohindrader j allan matha og þeirra þing j byrtt hafa hvortt sem þeim kæme saman eda eigi. Enn vñ morgvhen næstán efter ath þeir thavldvnt⁴) vid greindr biorn þorleifson og jon biornson vñ sin malaferle og þeim kom ecki saman því at huorer tveggiv eignvðv sier garden og allt það sem þar saman stod. var þeirra thal eigi langt adr en fyrr nefndr jon biornson hastade fyrr nefndan⁵) biorn þor-

1) Utan á bréfinu með hendi frá c. 1580. 2) Svo. 3) þ. e. 18. Okt. 4) Svo. 5) á spásau.

le(i)fsón vth af sínu mále með fyllvum hvígarðmótis orðvum og vísagningvum¹⁾ svo að hann matte avngv svare fyrir sig eðr sitt gíefa og með þessvum hætte skipaðe thitt nefndur jón sínuv monnum að thaka thil sín skalann og stáðenn allan og svo thil sía að ecki neitt skyllde j þvrtt mega berast sem þeir og gíorðv og gírv þá vopn og tyge bíarnar þorleifssonar og hans manna eftir jóns skipvum j fyrr sávgðvum deige. hie með hotaðe opt nefndur jón bírne og hans monnum afarkostvum eðr skamfæringv ef þeir fære ecki svo snart vth af gáðenvum sem hann villde enn týgeð vorv svum aftur lavgd með dáðde manna thillagnad enn ein hafvðv þeir j þvrtt með síer þá er snæbíorn gíslason greip enn jón samþyckte með honum og með þessv mote vart thitt nefndur bíorn²⁾ og hans fylgíarar j þvrtt að ríða j svartre híd mote nott. enn þall jónsson vart eftir. J annare grein lýste fyrr nefndur þall jónsson og aðrer fleire þar á stáðvum fyrir ockr fyrr greíndvum monnum berge og jone að þegar eftir að þrattnefndur bíorn var j þvrtt ríðin. gíeck jón thil og hans fylgíarar og þvrttv vpp hvs og herberge og þárv þvrtt vr þeim hvertt er þeir villdv enn hravcktv þá j þvrtt með jllvum orðvum sem aðr vorv fyrir setter. enn setto sína menn fyrir aftur j stáðenn og með þessvum navdvngarkostvum og thiltekívm sem jón gíorde og hans menn þá lýste thitt nefndur³⁾ þall jónsson [og að sá sínn kost ei vænna enn að lofáde gíalda vth sex hvndrvd fyrir þennan skada óþætelígan sem sá á liggía avllvum þeim peníngvum sem þar var kvíkv⁴⁾ enn skomm bæde á síer og avllv því folke sem þeir hafvðv að síer tékít. enn allt það sem júnán gatta var þá var það af honum halldít með ofríke og thaksetningv og því lýste hann bæde þá og síðar að hann lete þessa penínga vth fyrir þennan navdvngarkost en eí annars. J þríðv grein heyrðv víð og lýsing bíarnar þorle(i)fsónar að hann gaf jone bíornsíni þá sávk að hann hef-er veítt síer tvénnar heimreíðer með flock manna fyrst þá hann reíð j vafzíorð og veítte líð og styrck til að hans

1) Svo. Sbr. á dönsku: undsigelse. 2) bí | bíorn, frbr. 3) hér stendur „ath“ í frbr., en í það strykð sem ófaukið. 4) [Svo.

peningar vorv bæde tekner vr kirkiv og so vr stadnvm enn sialfr vard (hann) ath flyia og hans menn fyrir ofrike saker. adra heimsokn lyste bion a jon og alla hans fylgiara sem fremst mæ hann þad med logvm giora vthan þessa sem hier erv thalder gisle philipsson jon fvsason petur fvsason og bion jonson. vilivm vid þennan vitnis(bvrd) bæde bera og sveria ef þurfa þycker.

Ög thil sanninnda hier vñ settvm vær fyrr nefnder menn (ockur jnnsigle) fyrir þetta vitnisbvrdarbref skrifat æ reykhaholm æ reykhianese lavgardagen næstan fyrir presentacionis sancte Marie æ sama are sem fyrr seiger.

617.

19. Nóvember 1503.

í Gufudal.

Dómr Rafns officialis Oddssonar um ákæru sira Jóns Halldórssonar til eigenda Húsavíkr, að þeir hefði haldið ranglega frá Gröf, jörð kirkjunnar í Tungu í Steingrímsfirði, ey þá, er kend er Hrófey, og hólma og sker, sem liggja fyrir landi greindrar Grafar.

AM. 262. 4to, bls. 26—28, skrifað 1598. „So latandi bref ord fyrir ord liggur j Tungu j Steingrímsfirði med vj Jnsiglum A° 98“.

Vm Tunguskier.

Þad giorum vier Rafn prestur Oddzson officialis heilagrar Schalholtzkirkju j milli Geirholms og Hrutaflardar-ðr. Jon palason. Halldor Jonsson. Eyolfur Sigurdzson prestar Schalholttz biskupsdæmis. Havardur Olafason og Jon petursson leikmenn godum monnum kunnugt med þessu voru opnu breff. að þa er lidit var fra hingadburd vors herra Jhesu christi þusund fimm hundrud og þriu ðr j tungu j Steingrímsfirði kalladi nefndur sira Rafn Oddsson oss til med sler fyrrnefnda presta og leikmenn að dæma vñ þa ðkæru sem Sira Jon halldorason kærði til þeirra manna sem bluggu j husavíyk og hafði þa einum stefntt vt af þeim sem þá ðtti j greindri husavíyk fyrir ðdur greindan Sira Rafn eptir bodi og skipan herra Stephans med gudz nad

biskup(s) j Schalholtiti. ad þeir hefði haft og halldit rangliga fra Gróf jordu kirkiunnar j nefndri tungu ey þa er kend er hrofeý og holma og skier. þa sem liggia fyrir landi greindrar grafar. Nu af þui ad stefnan var suariñ og madurinn dæmdur logliga fyrir kalladur. er Þordur Jonsson hiet. og þa helltt og hafði viije j nefndri hvsavijk. vegna sinnar kuinnu. So og ridu vier fyrrakrifadir prestar og leikmenn med morgum dandimonnum ódrum a landamercki milli ódur greindra jarda husavijkur og Grafar. huor ad suarin voru. af ij skilvjsum vottum og borin af hinum ellstu mómnum þeim sem þar voru j sueit. ad lækur sa hefði verid halldinn landamerkie j millum oftgreindra jarda husavijkur og Grafar. er hrolfsmýrarlækur er kalladur. Enn sakir þess ad oss leist fyrrgreind ey. holmar og skier liggia fyrir greindri grof optir bokarinar ordum¹⁾. Þui ad heilax anda nðd tilkalladre. ad suo profudu og fyrir oss komna dæmdum vier fyrrnefndir prestar og leikmenn adur greinda ey. holma og skier tjttnefndri jord Grof til sœfnligrar eignar vtan Þordur Jonsson leiddi ij loglig vitne fyrir aira Rafni Oddzsyne heima a Stad j Steingrimsfirði. jnnan tueggia manada ad heyrðum dominu ad þessi þrdtt greind ey. holmar og skier hefði annad huort verid gefnar. gollðnar edur selldar af riettum eignarmanne burtt fra optnefndri Gróf eda ódruvjs med logum fra komid. Og til sanninda hier vñ setium vier fyrrnefndir prestar og leikmenn vor jnnsigli fyrir þetta domsbref. skrifad j Gufudal j Gufufirði sunnudagin næstan fyrir Ceciliumesso ó sama óre sem fyrr seigir.

618. 22. Nóvember 1503. í Víðidalstungu.
 URSKURÐAR Finnþoga lógmanns Jónssonar um ágreining Jóns Sigmundasonar og Guðmundar Ólafssonar út af kaupum og ásetu á jörðunum Reykjum í Miðfirði, Aðalbóli í Austrárdal og Haukabergi í Vatnsdal.

1) grófum (!), hdr.

AM. Apogr. 389, eptir transskripti frá 1509 eða síðar (sjá konungsbréf 10. Dec. 1508).

Ollum goduð monnum þeim sem þetta Bref síð edr heyræ sender finbogi jonson Logmann fyrir nordan og vestan æ Jslandi. Quediu gudz og sinæ. kunigt giorandi. at sub anno gracie millesimo quing(ent)esimo tercio. a fostudaginn næstan fyrir marteinsmessu um ueturin¹⁾ a þorkelsholi j uidudal æ almenniligu hieradsþingi kom fyrir mic jon sigmundzson. oppinberliga Birti og fram bar fyrer mig kaupBref. med heilum hangandi inciglum e: giort uar epter kaupi þeirra gudmundar olafssonar. suo latanda. at greindr gudmundr hafdi sellt nefndum joni halfa adra jord er suo heita. halfer reycker j midfirði fyrir .xxx. hundrut. j mels kirkiu sockn. og adalból j austurardal j nups kirkiu sockn fyrir onnor xxxc. hier a moti hafdi jon sellt og gefd gudmundi jordina hauckagil j uazdal. fyrir floritiger. c. Og þar til .xx. c. j suo greindum peningum sem þeirra greindra manna uitni um Bar og uottadi. sem fyrer sagt kaupBref skrifader noru. Og swarid hofdu epter sinum inciglum utt gefnum. fyrir mier og mitt opid Bref med fest fyrrsogdu kaup Brefi greindra manna a milli giort vtt uisar og inne helldur. J anare grein kom fyrir mig uitnisburdr illuga gudmundzsonar huer at greinda jord hauckagil hafdi nu til leigu af gudmundi olafssyni Hæstu ij ar haft. suo hlydandi at gudmundr hefði lyst fyrir illuga og medkenzt fyrir joni aŋgeiræsyni. at gudmundur ætti hauckagil og gudmundr hefði keypt hana at jone sigmundzsyni og gefit fyrir halfa Reycki j midfirði. Og þar fyrir sagdizt illugi sagda jord hauckagil til leigu teckit hafæ af gudmundi. Suo og kom fyrir mig Bref under nafni Biarnar jonsonar. huer at þæ hafdi j þena sama tima. er þessi jarda kaup giorduz. adal Bol til leigu og áBudar. af gudmundi j þan samæ tima hefði sagdr gudmundr olafsson lyst og medkenz fyrir Birni at gudmundr hefði sellt opptnefndum joni sigmundzsyni jordina adalból og halfar²⁾ reycki og tekid fyrir hauckagil j uazdal og þar til xx hundrut. Og

1) þ. e. 10. Nóv. 2) Svo.

gudmundr hefði sagt sier ath Biorn mætti greinda jord adalBol tackæ til leigu af joni. og hun uærl af sier ad næstum fardogum. og epter þessari medkening hefði Biorn teckid adalBol til leigu af joni til um iij tolmanudu¹⁾ Hier til medkendiz jon Bardarson hann hefði afent j umbodi jons sigmundzsonar. gudmundi jordina haukægil fyrir uottum nærwerondum. og þar med iij kugilldi. Eí sidr vændiz jon sigmundzson fleirum nitnum fyrir mler. greindum logmani. at gudmundr hefði afent sagda jord reycki. negna jons. og hun hefði leigd uerit at joni ij. xij manudu. Ok sacker þess so landzlogin (utuisa) j kaupabæiki at þar sem men kaupa jarder eda skipta husum eda odrum gripum. þa skal kaupa med hansolum og med uottum ij. edr fleirum og med heimildartockum. En oll onor kaup skulu halldaz. þegar uottar uita og hansolod ero og þeir menn kaupaz uid. sem kaupum eiga at radæ nema men seli oheimillt eda se fals j. þa skal þat kaup aptur gangæ. En hinn hafi anduirdi sitt. Bioda og login. j odrum stodum um skilord j kuesæ giftingum. suo og þar og en. ef men kaupa jarder. þa skulu huertuegi. giora Bref med inciglum. epter caupi sino. Ella giora cirrografum. og her þat þa uitni kaupi þeirra. ef ei ero uottar til kaupins. J iij grein seiger Bocin. Oll handsolud mal skulu halldaz. þau uitni uita. og Boc mælr ei j moti. at halldaz megi en hun seigir þat megi ei halldazt ef hann selur odrum þat er odrum hefer hann adr sellt. Enn ef sæ hefer hend at: (er) sidar keypti. þa ma han hallda kaupi sinu til logmans urskurdar. Skipa og login hier til ath sæ skal kaup hafa. er fyrr keypti ef hinum fullnaz uitni at skiladomi. Er þeim þa kaupfox. er sidar keypti. Su er styrking laganna. at þar sem madur uill selia land sitt med uerdi. þa skulu þeir i heñdr tackaz og kaupi med uottum. ij. eda fleirum. Nu þo land se ei uid uotta hañdsalat þa se sem okeypt se. En annar huor skal ript hafa jnan xij manada. ella se fast kaup þeirra. Jtem j annare grein syudi ion fyrir oss opid Bref med hangandi. heilum jnciglum sueins gudmundzsonar. jons ormsonar. og fleiri manna annara. suo latanda. at greind-

1) Svo.

er men hefði hía werit j uidey heyrt og sed. at þorleifur oddzson gaf joni sigmundzsyni sitt fullt oz logligt umbod æ ollum þeim peningum sem han reicnadi sier til umbodz fallit hafa j huuauazþingi æ uegna gudrunar jonsdottur. skilgetiuar systurdottur þorleifs og hun hafdi erft epter faudr sinn og modr og onor syskin sin skilgetin. sem er iordin uindæle æ skagastrond. Enne i langadal. med odrum jordum. Epter ollum þeim laga orduñ og attquædum. sem giort wmbodzBref inne heildur. Jtem j annari grein. kom fyrir mic Doms Bref hwer dæmdr hafdi werid æ uindæli wm greint umbod æ millum Brandz ionssonar og jons sigmundzsonar. huor þeirra at hafa skyldi greint fiarhalld gudrunar ionsdottur og þessir greinder menn hefði domlagt med hañða Bandi. sem j dominum hermer wm fiarhalld og huali. sem æ woru komner greindæ jord gudrunar. hwor eignaz skyldi. stod j greindum domi at Brandr war fræ dæmdr og uidakildir umbod og huali og þau fiarforrædi. þar til heyra. Stod og eeki j greindum domi sem fyrir mic kom ath jon hefði ei uid fleiri men domlagt um greind umBod þan dag. og eigi heildur stefndr werit. Enn war þo dæmdur under suar uid adra menn. Var suo latandi fyrr nefndr domur ok fyrnefndar gotskalck þorualldz(son) war og fra dæmdr greindu umbodi og hann hefði afsagt sier þat ath hafa og þar epter war sogduñ joni dæmt umbod gudrunar æ uegnæ Biargar kufno sinar. Suo og stod j greindum domi at jon hefði nænz þessu umbodzbrefi. sem nu kom fyrir oss. ok fyrir þan skulld at greint Bref war eeki þar. og fyrir þan skulld war þu forskotid. jtem stod suo j fyrsogdum domi. at þesser xij menn sem woro j sogduñ domi uissu jon Bezt til fallin sagdra wmbodæ fyrir margra hluta sacer. vorslu. forsuar og f(fe)muna. Stod og j sogduñ domi. at jon skyldi laust lata sagt fiarhalld med lagadomi vid þa sem Biorgu stædi jafnæri. Enn þar war eingin med nafni ægreindr. og nu ollum þessum sinum brefum sem fyr nefndum domi med gognum uitnum og kaupum. hañsolum og heimilldar tokum. wttlyctum afendingam uitordum og uottasogñ um greind kaup æ titt toldum jordum. Reyctum. adal Boli og haukagili.

Efi sidr a uindæli med ollum þeim socnar nefnum. sem þar til heyræ og greint umbodz Bref inehelldr. sem nu woro fyrir mier opin Berut. og odrum godum monnum mier nær-uerandum. þa Beiddi þratt nefndur jon sigmundzson mic og krafdi hier epter logum urskurd (æ) ath legiæ. hwert afl at hafa skylldi hans þessi Bref med ollum þeim anefndum mala tilBunadi. þau inehallda. sem hier fyrir hermer. og inne stendur. Efi sidr um sagdar jarder Reycki og adalBol. huert hann skylldi þær eigæ eda att hafæ epter kaupi sinu og afending. edr skylldi hann eignaz aptur þa peningæ sem han hafdi gudmundi fyrir gefit. Efi sidr krafdi jon mig med samæ hætti lagædom æ ath legiæ. huert hann skylldi umbod gudrunar hallda eiga og hafæ. Epter domi þeim sem honum war þar dæmt. uegna quino sinar sem han Beiddizt all dri doms æ. edæ epter þui vmbodi sem þorleifur logligr erfingi gudrunar hafdi utt gefit. Og nu ath þeim Beztum monnum mier nærweröndum. Hoskolldi Runolfsyni. þorsteini finnBogðsyni. sueini þorfinsyni. þordi clemenssyni. joni filipusyni. ok sygardi grimsyni. hweriæ ek tilnefndi med mier at dæma huersu fullkomna magt hafa skylldu þau skyrd skilriki er jon framlagde fyrir mic greindan finnboaga laugmann og tilnefnda domsmenn. Og nu saker þess at suo bydr syslumonnum og audrum uallzmonnum kongsins bref at lykta so huers mannz mal sem þeirra bref til hlyda. Jtem seiger suo j brefi magnus kongs. j fyrstu sem bokina byriar um erfder þær og landabrigde og uigafarli. og aull aunnr laga-mal vnder huerium laugum þau giorduz. þú bydr þau skulu aull epter þui fara sem þa geingu laug j lande er þau mal giorduz og eigi er adr laugligr sattmale æ gior. Jtem seiger og suo j texta bokarinar at epter gaugnum og uitnum skal huert mal dæma. enn eigi epter eins mannz saugnum. Og nu fyrir þan skulld at uier fundum eigi ne understodum at neitt fals væri j neinum þessum brefum jons um kaup edur umbodatauku. helldr uoro hans Bref efter flestum aullum laugbokarinnar ordum gior. þar sem hun talar um hand-saul á iardakaupum. og þui epter æuisun birting bokarinnar og skyrligri skipun laganna og fyrir liosan tilbunad mala-

ferla. at so profudu sem fyrir mic kom greindan logman med fyrrnefndum domsmonnum þá dæmdu uier med fullu alycktar doms atkuæde aull þessi fyrrnefnd bref jons myndug og fri og frials og fullmektug og jon eiga og att hafa obrigduliga þrattnef(n)dar jarder halfa reyki og adalbol epter þui sem greind kaupbref notta og frialsliga mega at sier taka greindar jarder til frials forrædis og fullrar eignar. vtan þeir sem hallda. eins huerir uænz laga heimilddum at giof. lani. byggingv edur umbode þá syne hann þat fyrir mier greindum laugmanni. Enn jon dæmdu uier þó met rettu mega sækia huorn hann uill þann sellt hefer fyr sagdar jarder Reyke og adalbol. vindæle ein met þeim iordun þar met fylgia undan hans eign edur umbode edur hinn sem keypt hefer. Þui so seigia laugin og bida at fara skal ef madur lier edur selur þat honum er lied og misfer hinn met. þá skal hin heimta út huorum hann uill hinum er selde edur þeim er keypte. og suo bida laugin fara skulu¹⁾ allzstadar þar sem madur lier edur selr annara eign. Enn sem þar jon beidde mic optnefndan finnoga laugmann og krafði laga utskurd¹⁾ æ. huort hann skýllde helldr epter laugum eiga og att hafa umbod gudrunar jonsdottur epter þeim domi sem dæmdur uar æ uindæle og nu kom fyrir oss epter þui skilorde sem hann inne helldr. Eða skýllde jon hafa þat epter umbods Brei Þolleifs sem adr uar forskotit og nu kom fyrir oss met suardum eidum epter greindu umbodsbrefi. og þat framar at huorcki uar Þorleifur²⁾ dumba ne daufur j þann tima er greint umbod uar utgefit og hann heyrði þat sem adr(er) menn. Var og gotskalk fra dæmdr greindu umbode og med aullu uid skildir j fyrsaugdum uindæladomi¹⁾. Og fyrir allar þessar greinir gagna og uitna dæmdu uier med fullu doms atkuæde þat umbod statt og standugt og og med aullu fullmektugt. sem jon af þorleife tekít hefer med aullum þeim greinum þat juxhelldr. og jon med rettu mega at sier taka nær hann uill greint omagagoz jarder og lausafe og allan úbata og anauxt epter at kiera sem laugligur eignarmadur met aullu slíku skilorde sem fyrir

1) Svo. 2) Hér stendr „uar“ í Apogr., en því er ofaukið.

greinir um lagasokner á reykium og ádalþole sæke hueria hann uill þann sellt hefer edur hina sem keypt hafa sagt goz. Og þui reiknaz gudrun bræd(r)ungx barn gotskalkx j ix erfd þeirra anara jafnskyllder ero. og þeir j niundu erfd ero. Enn Þorleifur modrbroder j fimtu erfd. Og þui haufum uier fyrir allar þessar greinir og samiofnun laganna met ályktar doms atkuæde dæmt þat umbod og allir af þeirri ættkuialine og þat sem jon sigmundzson hefer æ uegna Biargar konu sinnar á titt talt umbod gudrunar onýtt og ecki afl hafa skulu og jon uid aungan skulu greindu farhallde edur fe sleppa sem biorgu standa iafnframmi. og af þessi ættkuisl ero. og uid aunguan annan enn greindan Þorleif og þá sem honum jafnfram standa met fullum uaurzlum at fe og frændeami.

Og til meire audsyningar og sanz uitnisburdar. þa saumdu og samþycktu og dæmdu met fullu doms atkuæde fyrgreindir domsmenn (med) mier optt skrifudum finnþoga jonssyni langmanni og eg met þeim og settu sin jnsigle med minu jnsigle fyrir þetta domsbref er giort uar j tungu j uidedal a midnikudagin næsta fyrir clemensmessu um ueturinn æ sama are og fyr seigia.

619. 10. December 1503. í Viðey.
SKIPTABREF þeirra Árna ábóta í Viðey og Halðórs Brynjólfs-sonar á jörðunum á Strönd í Hvolhrepp og Gröf í Mosfells-veit.

AM. 238. 4^{to} bl. 10, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref vm Grof.

Þat giorvm vier Jon Gellisson. Gisevr Þolleifsson. Jon Jonsson. Niklas Oddzson ok Olafur Jonsson godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opuv brefi heima i Viðey med Svndvm jn festo sancti Andree apostoli vorum vier j hia savm og heyrðvm æ at aboti Arne j Viðey af einne alfv en Halðors Brynjólfssonar (!) af annari at þeir skipttv ok keyptv

til safnligrar eignar með samþykki broðvr Helliga Petrussonar, broðvr Asbiarnar Hrafnssonar, broðvr Jóns Þósteinssonar, broður Sigvrðar Jónssonar, broðvr Páls Bardarsonar conventubræðra, svo heitandi jorðvm: Álströnd¹⁾ er liggr j Hvolrøp j Hvøls kirkiv sokn ok j Grof er liggr j Mosfelltz sveit ok j Mosfelltz kirkiv sokn með a(v)llvm þeim gognvm ok gjæðvm sem greindvm jorðvm fyllger ok fylgtt hefir at fornv ok nyiv til ytztv vmmerkia vid adrar jarðer ok hvor þeirra vard fremst eigandi at, skal sa halda til laga er keypti en hinn svara laga ríptingvm er selldi sa hvorri jorðvnm vm sig.

Ok til meire staðfestv ok avdsýningar hier vm settvm vier broder Arne með gudz nað aboti i Videy vort conventv insigle með adr nefndra manna innsigllvm fyrir þetta jarða kavps bref skrifad j sama stad x dogvm sidar enn fyr seigir, arvm eptir gudz byrd m d iij ar.

620.

19. December 1503.

á Grund.

VITNISBURÐARBRÉF um umboð Jóns Finnbogasonar á fjám Ólöfar Jónsdóttur haustið næsta eptir pláguna (1495) með þeim greinum, er bréfið hermir.

AM. Fasc. XXXVI, 19, frumrit á skinni frá Staðarhóli, og eru bæði innsiglin döttin frá. — AM. Apogr. 1497.

Þat giorum uid hiallti þorfinsson og olafur gudmundzson godum monnum aiturligt með þessu okkru opna brefi at uid vorum þar hia saum og heyrðum sa um haustid næsta efter plaguna¹⁾ at olof jónsdotter flekk joni finbogasýni með handabandi sitt fullt og lavglígt vmboð ýfer sínv peningvm favstvm og lavsvm fridum og ofridum með þeim skil-daga at jon skýlði at sier taka þa peninga fyrst sem þa stodu saman a holi, skýlði hann þar aungu fyrir suara huæd af þeim kynne at fargazst til næstu fardaga, en skýlði rada folk til þionvzstu sem honum þætte þurfa og giallda kaup

1) = á Strönd. 2) p. e. 1495.

af fyrr greindum peningum. Suo heyrdur uid at nefndr jon skyldi ser kaup sem audrum. skyldi þetta hans umbod standa til næstu fardaga og tuo ar upp þadan ef hann uilldi so sialfur. skyldi þa jon suara rettum reikningskap af aullum þeim peningum sem honum j hendr kiæmi. Skyldi jon eignazst a(f)gang og auqxstu af aullum þessvm fyr greindum peningum. en ef jon legdi þangad nokkra sina peninga þa skyldi hann hafa þar adra peninga jgen. Og til sanninda hier um settu uid okkur jnsigli fyrir þetta bref skrifad æ grund j eyiafirdi þridiadagin næsta fyrir thomasOesso postula þa lidid var fra gudz burd .M. d. og iij. ar.

621.

1508.

31. Maí og 2. Júní 1536.

SKRÁ um eignir kirkjunnar í Haffjarðarey.

Bisk. Skalh. Fasc. XII, 9, skinnblað, og er alt með einni hendi ritad um 1536, og er minnisblað; er það nú mjög máð og götugt. — AM. Apogr. 2450; hefir Árni haft við höndina eldri afskrift (frá c. 1680) með hendi séra Bjarna Hællgrímssonar í Odda, hefir Árni fyllt eyðurnar „ept-er gata“.

anno domini .M. d. iij.

Jtem luckte sira helge jonson kirkiunne j haffjarðarey suo micla peninga sem hier seiger enn guttormur oláfsson med tok.

jn primis .ix. kyr. og .vj. asaudar kugillde.

ij. hundrud j gelldum saudum.

iiij. hundrud j koplum og .xij. aura j porcío.

Jtem innan gætta. iij. merkur. uar þar j .ij. bord. lijka-krakur. jarnkall j. ker ærulaust og litill lær fuinn .ij. tin-faut. loklaus kanna j. trediskur og iij. skerbord .iiij. trog j. strockur ærulaus. kistuhrof fornt. sængarleppur nondur og einge reckiuvodin med j. fat. og eitt uppgiordar kierallid. armt dukalitre.

anno domini .M. d. xxxvj.

ad minnast upp æ Oiduikudagin fyrir huitasu[önnu']

1) þ. e. 31. Maí.

lysti¹⁾ síra eysteinn fyrir mer snorra preste jonssynne að hann hefde tekit uth af g[uttorme] oláfssynne suo hættada peninga kuika og dauda sem hier fyrir ædur stendur [skrifat] fyrir uthan at hann gallt eitt gamallt navt j porcio.

Var presturinn síra eysteinn heitinn olíjadur nær midmunda og þionustadur faustudaginn fyrir huitasunnv²⁾ en gud kallade hann til sinna næda um k(u)av(l)dit nær solar hujld.

622.

1508.

SKRÁ um eignir kirkjunnar í Hólum í Hrunamannahrepp, þá er síra Þórðr Guðmundsson afhenti, en síra Einar Ingi-mundarson tók við.

AM. 262. 4^{te}, bls. 4, með hendi síra Jóns Egilssonar (?) c. 1600. — AM. 66A 8^{vo}, bls. 8—9, skr. c. 1600.

Tiunde mældagi kyrkiunnar.

Anno Domini 1503. voru suo mikler peningar j holum þa síra Þordur gudmundzson afvente Enn síra Einar ingimundzson med tok.

kyr xv og lx asaudar. iiij hestar. og ij hross. vj sand-er veturgamlar. Gamall sandur og tuzæ(vetur) fyrir v kalfa. item pottur og panna litid huorttæggia og bædi vont³⁾ v smakerold. og tuo trog. j strockur. ein halfkanna gomul. vondur dukur. ij diakar vonder. ij skaler vondar. ij spæner. ij borddiskar. ein sæng vond. ij liaer. eitt brini. ein auxi.

J kyrkiunne ein messuklædi. ij hoklar⁴⁾ lauser. vj corporalar. ij kaleikar. hofudhjn. handhjn⁵⁾. [stolur. tuzæ⁶⁾ cantar. capur. dalmadika vond. ij dukaslitri. Eitt altaris-klædi med brun og fordukum. ij kluckur og ein bialla. baxturjarñ.

1) hér hafði séra Bjarni sett „stefndi“, „hvad auðsynilega rængt er“ (AM.). 2) þ. e. 2. Júní. 3) nond, 66. 4) 66; holkar (!) 262. 5) b. v. 66. 6) [stolur. ij. 66.

623.

1503.

Skrá af ein-fjórnum Reykjaholtakirkju, þegar síra Haldór Jónsson slepti, en síra Þóror Jónsson meðtók.

AM. Apogr. Nr. 2320 með hendi Árna Magnússonar „ex authentica membrana templi Reykholtenensis“. „Membrana þessi er síðasta síða af bláa aptanaf forna messusaungsbok in fol. skriften er auðsýnlega coeva anno 1503 og er silt þetta með eldri hendi“ (AM.).

Anno domini 1503 d° 11j° uar suo micit¹⁾ ornamentum kirkiunnar j reykhollte þa síra halldor jónsson²⁾ slepte enn síra þordur jónsson meðtok oc suo adra peninga sam hler epter standa skrifader.

Jtem 10ariu likneske. peturs likneske. barbaru likneske. katerina. kristóforus. kross med understandum. ij krossar smelther. oc lika kross oc skrin med helgum domum.

Jtem fern manna 10esaoklaedi gamul alfær. 11ij haunkar at auki oc aller gamler oc vond(e)r. fonszymbuningur vondur. ij korkapur [oc onnur vond³⁾] oc ij sloppar oc annar nondur. tvenn alltarisklaedi a haffaltarinu. oc ein af 10ariu alltari. kalekur brokadur⁴⁾ oc annat kaleks brot. 11ij klvckur oc er þar af tuser rifnar.

Jtem j bokum grallari med sequencium kringum arit oc kiriall vondur. ottusaungua bækur tuser kring um arit. lesbok fra aduentu de tempore kringvm arit. lesbok de sanctis kring vm arit. 10issale med pistlum oc gudspiollum oc oracionibus de sanctis kring vm arit samsett. laga saunga bækur ij oc onnur gomul oc 10essudaga kuer. paska brefver oc capitularius oc orda oc vantar j kuerit sidarza processionalar ij uondir. bakstur iarn oc metaskaler oc merke.

Jtem voru þesser dande men j uirdingum at meta kirkiuna j reykhollte staden oc staderens⁵⁾ peninga frida oc ofrida kuika oc danda. helge prestur jónsson officialis heilagrar skalholltz kirkiu. sigurdur prestur jónsson. þordur prest-

1) micis, skb. 2) „jo verdr nockurn vegen lesed. fyrre leggrann af n. ex öldangis burts. hina sidare er skir“ (AM.); 3) [þessi ord eru sett med annars hendi i stadenn einhvers sem hler hefur vered utakafed. þo er þessi hönd alika gömul“ (AM). 4) = brákaðr. 5) Sve,

ur jónsson. magnus prestar bardason. salomon einarson. halldor þorgeirson. jngemundur finsson. leikmenn. kirkian fyrir u. c. stofan fyrir x. c. skalenn fyrir uij. c. forstofan oc onden oc allðaskalenn fyrir iij. c. buret oc skemman fyrir c. enn oll. utihus fyrir c. og x. aurar betur. badstefan oc gonguen oc þarbohus fyrir iij. c.¹⁾

624.

1508.

SKRÁ um þau fé, er síra Haldór Jónsson' luktí í hendr síra Þórði Jónssyni, er hann afhenti staðinn í Reykjaholti.

AM. Apogr. Nr. 2290 með hendi Árna Magnússonar „ex membrana authentica templi Reykholtensis“, er varðsemdasta blað úr gamalli messabók í folio.

Anno domini M^o D^o iij

luktizt í reykiabollte af síra halldori xj kyr oc [vj c^o] j gældum nautum [oc halft betur^o]. xiiij c j asaud oc ij gældfiar c oc þar til vij^o kugilldi að leigustandum. huerbustein fyrir c. hialmur fyrir c. sæng fyrir c oc. hrestar aklædit med þeim hesti er eg tok hia erllendi vegna síra halldora.

Jtem vj c j metfe tiundarvirt en atian c til solu oc uantar a xij aura oc [xviiij j^o] kauplum oc p[a^o] fyrir c. oc^o) er einar heiten gaf oc hestur vr bruhollte.

625.

[1508].

SKRÁ um aflát og syndalaun.

AM. Fasc. LXV, 18, framrit á skinni. Neðst í faldi bréfsins eru

1) Hér eptir kemr skrá um þau fé, er síra Haldór Jónsson greiddi síra Þórði. 2) [„er nockud oskirt. þo les eg það so, heldr enn íjeda íj“. (AM.). 3) [„þesse ord eru med annarre hendi eins gamalli sett uppi yfir lianane oc hier innboduð“ (AM.). 4) „er sett med öðru bleke í staðenn eins hvers, sem utakafed hefur vered. Synest það gamallt. að vera“ (AM.). 5) [„Er sömuleidis med annarre hende sett í stað þess sem hier hefur utakafed vered. Do synest þetta af gamalli hende“. (AM.). 6) [fóð úr.

tvö kringlótt göt, fyrir Innsiglið þveingjum, en Innsiglið var glatað þegar Árni fékk skrá þessa til eignar. — AM. Apogr. 5518, tvær afskriptir, og er önnur þeirra með hendi Árna Magnússonar. Um skrána fer Árni þessum orðum: „Exscriptum ex originali charta pergamenæ, exarata, quantum ex scriptura et membrana dijudicare potui, circa vel paulo post ann. 1500. Eam mihi communicavit Chr. Wormius P. Hsfr. Est autem absque dubio scripta in Islandia, uti ex literatura evidenter patet. Under þessare *Indulgentzskrá* hefur fyrrum innsigle vered än efa þess sem hana hefur saman teked, hvert sem það nu hefur vered sialfur Stefan biskup eda og (hvad liklegra synest) einhver annar aflatz-præco. J biskups Stefans tid var ad visu einn med aflat & Jslande, teste sira Jone Egidiasyne, og sinnte Stefan biskup honum eigi mikid¹⁾. Kynne so sä hafa latad einn hvern Jalendekaann — því & Jslande er þetta document eflaust skrifað, sem af malfærenu er ad siä, jtem hendenne: Vide qvæ alibi de hac manu annotata sunt — concipera þessa informationem til ad hvætia folk til ad kaupa þessar afgipter“.

Skrá þessi er ad visu frá dögum Stepháns biskups í Skálholti, en ad öðru leyti er ekki fullvist um ártal hennar. Bréf koma fyrir með sömu hendi 15. Júní og 4. Júlí 1504. Hins vegar segir sira Jón Egidiason, ad sendimaðr páfans hafi komið með aflatbréfi Skálholt „anno 1518 edur þar um“, og er honum því ekki handvist ártalið. Af skjölum vita menn, ad Johannes Angelus de Arcimboldis var í aflausnar sendiförum páfa um Norðrlönd á árabílinu 1516—1520 (Dipl. Norv. VI, bls. 691—700, 703—704; VII. bls. 534—536, 708—712). Hefir því Finnur biskup (Hist. Eccl. Isl. II, 502—508) og eptir honum Espólín (Árb. III, 44) heimfært frásögn sira Jóns Egidiasonar til 1517; setti þessi skrá eptir því ad vera frá þeim tíma, en yngri getr hún heldr ekki verið, því ad Stephán biskup deyr um haustið 1518. En sä er galli á þessu, ad eingin rök eru til þess ad Arcimbold hafi nokkurn tíma til Íslands komið með aflat sin. Hins vegar er það fullvist af bréfi frá 18. Júlí 1504, ad þá er Atzerus Iguari priór búinn ad safna miklum aflatþeningum um Skálholtsbiskupsdæmi, og hefir hann því verið í þeim erindum á Íslandi 1508, og frá þeim tíma má þessi skrá vera. Ártalið 1518 hjá séra Jóni Egidiasyni má því vera ritvilla fyrir 1503. — Hjá Finni biskupi er prentaðr stuttr aflausnarformáli á latínu, sem latínu er eiga við þessa frásögn, og er sami formáli prentaðr í íslenzkri þýðingu hjá Espólín.

In nomine domini amen.

Þo ad eg se favis til ad segia huersu mikit aflat er af sancti Augustinus klaustrum. þui það er meira en menn kunna ad telia edr skrifa. en þo fyrir þeirra margra manna skulld er þar vita ecki ut af þiker eigi miog virðiligt yfer

1) Sjá Safn til sögu Íslands I, bls. 50.

alikum hlutum að þegia þúiat eigi ber til að geyma suo dyrt gull eða liggianda fe j jordu eð lios það sem einginn hefer gagn af eða fögnod. því se það vitanda að suo segist og finzt skrifat j þeirra bokum og priuilegifs. að j ollum þeim klanstrum sem eru af sancto avgustino huar sem þau eru. siev fra auskudegi og fram yfer paschaviku huern dag sian þusunder aara aflat og suo margar karinur. suo og eð sama aflat er æ joladag. vppstigningardag. huitasunnudag. vij mariuQessur. sancti avgustinus dag um hausted og alla þa actano a sömu leid. vij þusunder aara aflat. og suo margar karinur fyrir hvern þenna dag. Enn vñ Þariu-messu þa sem verdr æ föstu optast þa er en meira aflat. þui þa er fiortan þusunder ara aflat og þe er það en meira en hier verdi greimdt.¹⁾ Nu fyrir þaa skulld að faauiser menn vnderstanda eigi huersu mikit aflatid megi manningna til salvhialpar eða huersu hann skal það faa eða forþiena það getur mann eigi allt skrifat sem til ber. Enn þo skrifa suo lærifedr heilagrar kristne. að nær sem nockur madur hefer jdran og vidrkomning fyrir sinar synder og geingr til skripta med þeirre huxan og fullkomnum vilia að falla eigi

1) Í skinnbókinni Isenzku í Ríkisbókaasafninu í Stokkhólmi 26. 4^{to} stendr þetta ritað um aflat með hendi frá hér um bil 1500 eða fyrri:

„Ef madur les mariusaltara þann sem tomas erkibyskup hefer diktat og aue porta er upphaf at. þa gefast honum i aflat flogar og xx ar og þar med þriar vikur og þrir dagar j likn skriptborina synda. og ef madur og les allan mariusaltara sio daga þig(g)ur hundrad ara og sio-tiger og tuo ar og at auk fim og tuttugu vikur j likn sinna skrip(t)borinna synda“.

Í sömu bók á spássiu (bl. 22b — 23a) við 88. kap. í Kristinrétti Árna biskups (N. gl. L. V.) stendr þessi klausa einnig ritað með hendi frá því um 1500 eða fyrri:

„Du heiter kirkiumadr. kufsmadr. kormadr. bliðmadr. husmadr. hrifsmadr. skrafmadr. skeggmadr. hofmadr. hormadr. uatzmadr. danzmadr. dryskiumadr. biargmadr. bogmadr. kpsmadr. kanpsmadr. garp-madr. geipsmadr. farmadr. frumadr. skialmadr. skrummadr. ualsmadr. uolsmadr. lýdmadr. liðmadr. liosmadr. lusmadr. sundmadr. særdmadr. stríðmadr. stulldmadr. kluckare kaatligur karlmadr minn. Nu er vte slæmurenn einný. og er ei vjst að þu kueder hann allan. geime þijn gud alltíjd.

huer sem kuedur slæmen bide firir gamla j drapuhljð til guds“.

aptur. j daudligar synder. niðfulliande heildur betra. sitt vñ
 lidit líf. þa fær sa madur aflated of hann søker þa stadi
 sem aflated er til gefit. þo ad hann skylde pinast æfinlega
 j heluite. þa vill gud gefa sina naad til og svaa þeirre æfin-
 legre pinv j stundlega pinu hueria þeir fa sem rett giöra
 sin skriptamal. Na af þui ad eingin prestur plagar ad
 setia nockrum manni suo mykla script sem honum ber ad
 hafa fyrir sinar daudligar synder. þeðad j huert sinn sem
 madur giorer eina af þeim. þa bæri honum ad setiazt siau
 ara skript fyrir hueria eina daudliga synd. Nu af þui ad
 syndugun man getur. eige þesse skript vpphældit þa hialp-
 ar honum aflated þar fyrir of hann søker þa stadi sem þad
 er til gefit med settri huzan ad betra sig. þui suo mikit
 stytter hans þiao sem hann søker aflated til og eingin er
 sa lifande ad kunne ad greina. vnderstanda eða vita. huad
 dygd aflated hefer. eða huersu dyrt og gott ad þad er fyr
 enn epter daudann og hann kemur j hreinsunareldinn og
 hann fer þadan. þa reyner hann huad aflated duger og huad
 hann hefer aflat. Þad skulu þier og víst vita ad þeir sem
 eru j daudligum syndum eirne eða fleirvm suo lefage sem
 einn huer er j henne staddur og vill sig ecki betra og
 leidretta. eða hefer þad j hug ad giora en framar syndina.
 þa hialpar honum eigi aflated og ónguer godgiorningar suo
 ad hann fæ þar fyrir himnarikis gledi. Enn þo fyrir þui
 ad eingin god verk eru fyrir vtan verðlaun og einginn god-
 giorningur er olaunadur. þa þann godgiorning sem madur
 giorer j daudligum syndum staddur eða med þeirre ætlan
 ad drygja daudliga synd framvegiss. þeim sem suo er háttad
 hann tekur j verðlaun godra verka. veralldligan framgang
 og farsælu epter sinum vilia a margar lyndir. rikdom. langt
 líff. epterlæti. veralldliga vegsemd og annat þuilikt. suo og
 maa hann andlazt fyrir sin god verk. minne þiav j heluite
 epter sinn danda. adrer af þeim taka þier j versuðidonne
 verðlaun j fleirum veralldarinar vækilegum hlutum suo ad
 þa þeir koma fyrir gudz dom faa þeir einge ónur laun en
 heluitis pinu fyrir sinar veralldligar girnder er þeir toku
 fyrir sina velgiorninga. þad allt er þeir giorda. gott þa

glöfðu þeir með rangre hærnan og j dauðligum syndum stöðdar. En þanfu önguan villa til að bæta við gud og sine samkrístna sem þeir höfðu j meti giort og höfðu aunguan kiserleika eða astandan að leita að þiona. epter guds villa og bodordum. eða skilla sig fra dauðligum (syndum) með sannre synda jdran. jatning og yferbot. En þeir og sumer að eigi spyria epter himneskri födurleifd ef þeir fa að hafa alla sine girnd og hueria hier j veröldinne og þvi velia þeir sier það fyrir himnaríkis gleði. Og þeir sem j þuilikum (syndum) enda sine lifdaga. taka hier j verauldinne öll sin verdlaun j hegomlligre gleði. þvi verr að þar fyrir missir margr himnaríkisgleði. þar við forði oss almattigr gud. fader og sonur og heilagur. ande sa er lifer og rik-er vm allar allder j sinne dyrd og almætti. einn Gud j þrenningv. amen.

624.

[um 1503].

SERÁ um landamerki Hurðarbaks, Deildartungu, Gullsmíða-Reykja og Skáneyjar í Reykholtsdal.

AM. Apogr. Nr. 2214 a—b „riett ritad epter gamalli kalfskinns-akrá, sine þar sem hvi sa tvísvær stendur“; eru báðar afskriftirnar staðfestar af Árna Magnússyni o.fl., a, í Reykholti 1711; sa b í Skálholti 1712.

Þetta eru landamerki eptir þvi sem sira jör stalláson afhente sira þorde gudmundssyne amille hurðarbaks oc deildartungu. gullsmíða reykja oc skáneyjar.

Klettur sa sem stendur sa halsenvm j mille hurðarbaks oc deildartungu. vr klettsam sionhending j barnadal. vr barnadal j midsaptan[s] vordu fra hurðarbaki þa sem stendvt j stöpvnum. vr vordune sionhending j grofna þa sem geisgur fram j hvi sa.

Vr fyr sögðum klett sionhending vppa fellit sem vottum hallar oc avstur epter fellenv ollv j grastein sem stendur austur j sökvm. sionhending vr steinenvm j læk þann sem fellvr fjadr. austan me la skard vt j hvi sa.

627. 16. Janúar 1504. á Eyri í Skutulsfirði.
 Dómur útnefndr af Birni Guðnasyni, kongs umbodsmanni milli Geirhólms og Langaness, um grip Ólafs Filippussonar á þrem vættum smjörð fyrir Guðna Jónssyni með þeim greinum, er bréfið hermir.

Dómabók Jóns skrifstofustjóra Magnússonar í Fol., bl. 229 a—b, skr. c. 1604 (= a). — Landsbókasafn 67. 4to bls. 81—82, skr. c. 1620. — Landsbókasafn 65. 4to II 56b—57b, með hendi Jóns dans Magnússonar c. 1640. — Ny kgl. saml. 1945. 4to bl. 285 a—b, með hendi Hanne-ar Gunnlaugssonar í Reykjarfirði 1686. — Landsbókasafn 790. 4to bls. 205—208, skr. c. 1690.

Domur um grip æ þrim vættum smiaurs.
 er Olafur Philippusson tok fyrir Guðna
 Jónssyni.

Ollum godum monnum þeim sem þetta Bref sia edur heyra. senda Þorleifur aurnolfson. Nafi Jonsson. Þorgautur Olafsson. Snorri helgason. Jon helgason og Snorri¹⁾ Jons-son kuediu gudz og sjna kunnigt giaurandi æ þridiudag-inn næstan epter geisladag þa lidit war fra hingaburd wors herra Jesu christi 10 d og 11ij ðr æ Eyri j skutulsfirði æ almenniligu hieradzþjngi worum wier [J dom²⁾] nefnder af ærligum manni [Birne Guidnasyne.³⁾] er þa hafdi mijns herra kongsins sylu og vmbod j millum geirholms og langaness æ ad lyta. ransaka. skoda og fullnadardom æ ad leggja þa sauk og akieru er Gudni Jonsson þar frambar og doms æ beiddist fyrir hueria er hann hafdi þangad stefntt j nefnd-an stad og dag Olafi philippussyni. fyrir þa sauk ad hann hefði gripit og rænt fra honum fiordungi midur enn þriar wættet smiors. og wildi eij aptur leggja⁴⁾ er hann aptur heimti. huad er suarid war af ij logligum witnum. ad greind-ur Olafur war so nær. þa stefnan war upp lesiñ ad⁵⁾ hann mætti wel heyra ef hann wildi. þui dæmdum wier hana logliga med ollum synum greinum og Articulis. og greindan

1) a, 67, 790; Sveinn 65, 1945. 2) [67, 790, 1945; til a, 65.
 3) [al. óvart a, en á spásafu er ritað með forari hendi: „wantar yferdomarann. eg meina werid haf Biorn Guðnason“. Hin handritin öll hafa hér nafnið. 4) skila 67, 790. 5) b. v. 65, 790.

Olaf logliga stefndan og riettiliga fyrirfalladan fyrir fyrrgreinda akisæru. Enn saker þess að optnefndur Olafur kom eij j logligan stefnudag og einginn af hans hendi sa er lagsuar hefði fyrir hann. þa dæmdum wier æ hann j¹⁾ mork j stefnufall wid kongdominn. birti Gudni þar fyrir oss testamentisbref solueigar biornsdottur vnder hennar heilu og oskoddudu hangandi jncigli so latandi millum annara orða að greind solueig gaf sonum sijnum og páls heitins Jonssonar Þorleifi og Joni þessar jarðer og kugilldi sem adurgreint smior war (tekid²⁾ j leigur og landskyllder. J annari grein kom þar fram fyrir oss annað bref vnder godra³⁾ manna jnciglum lærðra og leikra. þeirra er wurduligur herra biskup stephan til nefndi med sier j middal⁴⁾ æ almenniligri prestastefnu [að bon Gudna Jonssonar og Orms Jonssonar ð að lijta greint Testamentum bref nefndrar⁵⁾ Solueigar og þær gjafer þar inne stodur er hun hafði gefid sonum sijnum fyrrgreindum Þorleifi og Jone. huert afl að hafa skyllði. eða huad halldast skule af þeim að lögum. huert er Biskup Stephan⁶⁾ samþykkti med þeim og setti sitt jncigli med fyrr nefndra manna jnciglum. j hueriu er so stod að þeir dæmdu optnefndum bræðrum Þorleifi og Joni til æfinligrar eignar vj^c hundrada af þeim gíofum sem j greindu testamentisbrefi solueigar jnnistodu. Enn þær gjafer sem meiri eru enn tjttnefnt testamentisbref jnnihelldur dæmdu þeir greindum bræðrum Gudna og Ormi til halldz og meðferdar so leingi sem⁷⁾ þeir [[være ei⁸⁾ af þeim sökter⁹⁾ med [logum og¹⁰⁾ dome. og þui leist oss offtnefndur Gudne fulla heimilld¹¹⁾ hafa og eiga epter sijnn breff til þess þessar peningar eru sokter af honum med logum og domi sem fyrr seiger og so fullan riett og söknn aa þeim eiga sem sialfs hans peningar wæri fyrir honum tekner. vtuijsar so wor landzlaga bök að hun fyrirbydur allar gripdeillder og ologligar fiar upptecker. Enn

1) a, 65; hálfá 1945; sl. 67, 790. 2) [af golldid 790. 3) [67, 790; serlegra 65, 1945; annara, a. 4) mydal 67, 65, 1945. 5) b. v. 790. 6) [67, 65, 790, 1945; óvart fallið úr í a. 7) b. v. 65. 8) sl. 67. 9) sl. 67. 10) [logligum 67. 11) [[wærij, a (l), og fallir setninguna að öðru leyti úr.

